14
Bændur áhugasamir um jarðrækt og betri nýtingu áburðar

28
Plöntur, heilsa og hugur – Michael Pollan tekinn tali

30
Smáforrit sem mælir kolefnisbindingu trjáa



Bændablaðið

2. tölublað 2023 • Fimmtudagur 26. janúar • Blað nr. 626 • 29. árg. • Upplag 33.000 • Vefur: bbl.is

Urðunarbann á lífúrgangi

Bann við urðun á niðurbrjótanlegum úrgangi tók gildi hér á landi 1. janúar síðastliðinn, með gildistöku laga þess efnis.

Í nýju lögunum er hugtakið „lífúrgangur“ notað um þann lífræna úrgang sem flokka þarf sérstaklega til moltugerðar. Enn hafa fá sveitarfélög innleitt löggjöfina í sína sorphirðu, þótt almenningi og lögaðilum hafi verið skylt að flokka lífúrgang sérstaklega frá áramótum og engar undanþágur verið veittar. Jóhannes B. Urbancic Tómasson, sérfræðingur á sviði loftslagsmála og græns samfélags hjá Umhverfisstofnun, segir að flest sveitarfélög séu í innleiðingarferli og með nýjar flokkunartunnur í pöntun.

„Það er skylda sveitarfélaganna að ákveða fyrirkomulagið á söfnun úrgangsins í sveitarfélaginu og sjá um flutning heimilisúrgangs. Sveitarfélögin hafa sömuleiðis skyldu til að ná tölulegum markmiðum í úrgangsmálum, til dæmis hvað varðar að lágmarka urðun lífræns úrgangs og urðun heimilisúrgangs.“

Innleiðing á hringrásarhagkerfi

Jóhannes segir að forsendan fyrir lagabreytingunum sé að greiða fyrir innleiðingu hringrásarhagkerfis. Breytingarnar hafi ýmsa aðra snertifleti, eins og að minnka losun gróðurhúsalofttegunda og vinna að sjálfbærni Íslands.

Með því að farga úrgangi í stað þess að endurnýta hann tapist auðlindir sem annars væri hægt að nota. /*smh*

Sjá nánar á bls. 20-21.



Björgvin Þór Harðarson, svínabóndi í Laxárdal, hefur þurft að byggja og breyta miklu á búi fjölskyldu sinnar undanfarin misseri. Svínarækt er búgrein sem stendur á tímamótum þar sem ný reglugerð um aðbúnað tekur gildi eftir tvö ár. Með því munu íslenskir svínabændur vera í fararbroddi á heimsvísu hvað dýravelferð varðar. ***– Sjá nánar bls. 36–37.***

Mynd/ Ástvaldur Lárusson

Að eldast með reisn

Öll skulum við ganga með sæmd og veita öðrum af visku okkar svo lengi sem við drögum andann.

Svo hljóðar fyrsta málsgrein reglugerðar indjánaættflokks nokkurs sem búsettur er í Washington-ríki Bandaríkjanna. Að bera höfuðið hátt og finna lífi sínu tilgang á jafnt við á öllum æviskeiðum eins og kemur fram á vefsíðu Landlæknisembættisins og skal ekki gleyma því að leggja áherslu á þau lífsgæði – og tækifæri er fylgja efri árum.

Samkvæmt Dýrleifu Guðjónsdóttur, framkvæmdastjóra Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, er orðasambandið eldri borgari oft og tíðum bendlað við minnkandi virkni sem þjóðfélagsþegn, auk þess sem þeir lenda í því að vel dregur úr réttindum þeirra.

Dýrleif bendir á að alls telji höfuðborgarbúar, sextíu ára og eldri, um 26 þúsund og því brýn nauðsyn til þess að standa keikur í hagsmunabaráttunni, en með samvinnu félaga eldri borgara á landsvísu við Landssamband eldri borgara njóta þau baráttumál töluverðs velfarnaðar.

Kemur fram að auk hagsmuna og kjara gætir samþættrar félags- og heilbrigðisþjónustu auk þess sem leitast er við að eldri borgarar njóti öflugs félagslífs. Telur sitjandi formaður Landssambandsins árið sem nú er í startholunum lofa góðu og mikið verði um að vera á öllum sviðum. /*SP*

Sjá nánar á bls. 7 og 26–27.

Ullarinnlegg dregst saman en sala eykst

– Eftirspurn eftir prjónabandi mun meiri en framboð

Ullarsala Ístex í byrjun Covid-19 faraldursins var nánast engin og ull úr sumum flokkum hefði ekki einu sinni verið hægt að gefa á þeim tíma. Starfsemin hefur hins vegar tekið stakkaskiptum á síðustu tveimur árum og annar fyrirtækið nú ekki eftirspurn eftir prjónabandi sínu.

Rekstrarhagnaðurinn árið 2021 var rúmlega 93 milljónir króna eftir skatta og fyrir síðasta ár stefnir hann í 60 milljónir. Söluandvirði handprjónabands á síðasta ári var rúmar 800 milljónir króna, þar af um 500 milljónir vegna sölu út fyrir landsteinana.

Talsverðar fjárfestingar til að mæta aukinni eftirspurn

Til að mæta aukinni eftirspurn eftir prjónabandinu Lopa, með aukinni bandframleiðslu, hefur Ístex ráðist í talsverðar fjárfestingar í tækjabúnaði á undanförnum misserum. „Við settum upp dokkuvél og mötunarkerfi fyrir kembivélar í Mosfellsbæ. Ný spunavél er nú í smíðum á Ítalíu. Það er áætlað að hún verði tilbúin í haust. Næsta verkefni er svo ný kembilína sem gæfi þann möguleika að auka framleiðslu um þriðjung.

Þá er handprjónabandið að fá OEKOTEX 100-viðurkenningu, sem þýðir að það inniheldur engin hættuleg efni. Umhverfismál og sjálfbærni eru að verða sífellt mikilvægari. Allt kostar þetta sitt, en tækifærin eru til staðar til að sækja á,“ segir Sigurður Sævar Gunnarsson, framkvæmdastjóri Ístex.

„Það hefur háð okkur talsvert að hafa ekki undan í bandframleiðslu, sem hefur valdið skorti á handprjónabandi og verðarvoðum. Við höfum aukið framleiðsluna eins og unnt er miðað við tæki og tól. Hún gekk í raun ágætlega á síðastliðnu ári, þrátt fyrir svolítið af bilunum. Starfsfólki hefur fjölgað, en um 70 manns starfa nú hjá Ístex. Ljóst er að fjölga þarf enn meira starfsfólki og bæta við tækjabúnaði,“ segir hann.

Sala síðustu tveggja ára numið 1.200 milljónum króna

Sigurður segir að salan á vörum Ístex síðustu tvö ár hafi numið meira en 1.200 milljónum króna. Á síðustu fimm árum hefur ullarmagnið, sem Ístex hefur úr að spila, minnkað um 25 prósent. Á sama tíma hefur sala aukist um 50 prósent, sem hann þakkar handprjónabandinu og þróunarvinnu.

Ístex er að langmestu leyti í eigu íslenskra sauðfjárbænda og tekur við um 98–99 prósentum af allri íslenskri ull frá bændum um allt land til að standa straum af sinni vöruframleiðslu og -þróun. Í dag eru alls 2.473 hluthafar skráðir í félaginu, þar af eru Landssamtök sauðfjárbænda með stærsta einstaka hlutann, en síðan einstaklingar og félög. Sigurður telur að margt sé fram undan hjá félaginu sem mikilvægt sé að styðja við og því ekki ólíklegt að frekari eignarhaldsbreytingar muni eiga sér stað til að tryggja fjármagn í frekari fjárfestingar. /*smh*



Sigurður S. Gunnarsson framkvæmdastjóri við nýju dokkuvélina. Mynd / smh

Sjá nánari umfjöllun um Ístex á blaðsíðum 44–45.

FRÉTTIR

Skýrsluhald mjólkurframleiðenda fyrir árið 2022:

Stakkhamar 2 skýst upp á toppinn yfir afurðahæstu kúabúin miðað við meðalnyt

Stakkhamar 2 í Eyja- og Miklaholtshreppi á Snæfellsnesi hefur skotist á toppinn yfir afurðahæstu kúabúin á Íslandi samkvæmt nýju uppgjöri Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins úr skýrsluhaldi síðasta árs. Árið 2021 var búið í 13. sæti sama lista.

Ábúendur á Stakkhamri 2 eru þau Laufey Bjarnadóttir og Þröstur Aðalbjarnarson. Árskýr þar eru 57,4 og skiluðu þær að meðaltali 8.910 kílóum hver, sem er tveimur kílóum meira en var á Búrfelli í Svarfaðardal þegar það var á toppi listans árið 2021. Það ár voru árskýr á Stakkhamri 58,1.

Búrfell fellur niður í sjötta sæti

Búrfell, sem var í efsta sæti listans fyrir árin 2020 og 2021, fellur niður í sjötta sæti með 8.374 kíló mjólkur eftir hverja árskú. Á síðasta ári fjölgaði þar árskúm úr 39,7 í 43,7.

Annað afurðahæsta kúabú landsins er Dalbær 1 í Hrunamannahreppi, en það var fjórða árið 2021. Á síðasta ári skilaði búið 8.672 kílóum að meðaltali á hverja árskú, en þeim fækkaði á milli ára úr 65 í 60,3. Göngustaðir í Svarfaðardal stökkva einnig hátt á listanum, frá 16. sæti árið 2021 í þriðja sætið í fyrra.

Að meðaltali skilaði búið 8.596 kílóum mjólkur að meðaltali á hverja árskú, sem voru 61,6 í fyrra en 60,9 árið 2021.

Fata mjólkaði mest

Fata 2106 var nythæsta kýr landsins árið 2022 en hún er á búi Gunnbjörns ehf. í Gunnbjarnarholti í Eystrihreppi, undan Sjarma 12090, og móðurfaðir hennar er Þrymur 02042. Hún mjólkaði 14.739 kg en hún bar sínum fimmta kálfi 29. janúar á síðasta ári.

Hæsta dagsnyt Fötu á árinu var 55,6 kg, en Fata er fædd í júní 2015.

Meðalinnlegg jókst nokkuð en búum fækkar

Kúabúum fækkaði um sextán á síðasta ári og voru í árslok 496 sem leggja inn mjólk. Fjögur bú til viðbótar hættu framleiðslu í byrjun þessa árs.

Meðalbústærð á síðasta ári var 51,2 árskýr, var árið á undan 50 árskýr. Meðalinnlegg á bú jókst nokkuð á milli ára og var 298.655 kg á síðasta ári, samanborið við 288.088 árið á undan.

Af núlifandi kúm hefur Gullbrá 357 á Hóli við Dalvík skilað mestum æviafurðum, eða 102.557 kg við síðustu áramót. Hún er fædd 9. apríl 2004 og hefur borið 11 sinnum. Bleik 995 á Gautsstöðum á Svalbarðsströnd er þar næst á eftir með 100.097 kg við nýliðin áramót. Hún er fædd 14. ágúst 2009 og hefur borið 10 sinnum. */smh*




Stakkhamar 2 í Eyja- og Miklaholtshreppi á Snæfellsnesi. Mynd / Aðsendar

Sjá nánari umfjöllun um uppgjör skýrsluhaldsins í mjólkurframleiðslu á blaðsíðum 56-57.



Þröstur Aðalbjarnarson og Laufey Bjarnadóttir á Stakkhamri 2.



Fata, á búi Gunnbjörns ehf. í Gunnbjarnarholti, mjólkaði mest.

Afurðahæstu kúabúin á Íslandi 2022 - meðalnyt á hverja kú

Bú	Skýrsluhaldarar	Árskýr	Mjólk á árskú	Fita á árskú %	Prótein á árskú %
370132 Stakkhamar 2	Laufey og Þröstur	57,4	8.910	4,27	3,4
871077 Dalbær 1	Dalbær 1 ehf.	60,3	8.672	3,83	3,45
650228 Göngustaðir	Göngustaðir ehf.	61,6	8.596	4,19	3,4
870624 Stóru-Reykir	Gísli og Jónína	53,9	8.507	4,14	3,36
370179 Hraunháls	Guðlaug og Eyberg	26	8.477	4,41	3,34
650221 Búrfell	Guðrún og Gunnar	43,7	8.374	4,23	3,56
570508 Daufá	Efemía og Egill, Daufá	51,2	8.264	4,07	3,45
861037 Syðri-Hamrar 3	Guðjón og Helga	41,1	8.250	4	3,53
871024 Skipholt 3	Sæludalur ehf.	54,7	8.245	4,25	3,37
860292 Stóra-Mörk 1	Merkurbúið sf	39,9	8.146	4,1	3,44

Nythæstu kýrnar á Íslandi 2022

Kýr	Faðir	Ársafurðir	Prót. yfir árið %	Fita yfir árið %	Bú	Félag
1665491-2106 Fata	12090 Sjarmi	14.739	3,29	3,4	870909 Skáldabúðir 2	Skeiða- og Gnúpverjahr.
0797 Stella	1441011-0494 Bessi	13.651	3,19	4,04	550104 Tannstaðabakki	V-Hún.
1112	11051 Roði	13.578	3,3	3,49	871058 Hrepphólar	Hrunamanna
0273 Snotra	08041 Sigurfari	13.569	3,23	4,49	651150 Ytri-Villingadalur	Saurbæjarhr.
1639761-0882 Ófeig	11023 Skalli	13.485	3,52	3,58	870650 Stóra-Ármót	Hraungerðishr. og Ölfuss

Heimild: Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins



Nautakjötsframleiðslan 2022:

Innflutningur erfðaefnis skilar góðum árangri

Samkvæmt niðurstöðum Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins (RML) úr skýrsluhaldi nautakjötsframleiðslunnar fyrir síðasta ár var þyngsta ungneytið sem slátrað var á árinu 502,2 kg, naut nr. 1204 í Nýjabæ undir Eyjafjöllum.

Sama naut náði einnig hröðustum vexti ársins, eða 729,5 grömm á dag sem þykir afar hraður vöxtur.

Skýrsluhaldið nær til 126 búa og þar af holdakýr af erlendu kyni á 96 búum. Heildarframleiðslan á þessum búum nam um 885 tonnum, sem er 201 tonni meira en árið 2021. Þessi bú framleiða nálægt 18 prósenta alls nautgripakjöts á landinu, en yfirlitið nær ekki yfir þær holdakýr sem eru á búum þar sem mjólkurframleiðsla er.

„Segja má að stærstu tíðindin í kjötframleiðslunni séu þau hve innflutningur erfðaefnis úr Angus frá Noregi er að skila góðu. Það má best sjá á því að synir þeirra nauta raða sér á toppinn, bæði hvað varðar fallþunga og vaxtarhraða. Notkun þessa erfðaefnis býður því upp á áður óþekkt tækifæri fyrir íslenska nautakjötsframleiðslu," segir Guðmundur Jóhannesson, ábyrgðarmaður í nautgriparækt hjá RML. Nautið númer 1204 í Nýjabæ var holdablendingur, 63 prósent Angus, 33 prósent íslenskur og 4 prósent Limousine, undan Vísi-ET 18400 en honum var slátrað við 22 mánaða aldur og flokkaðist hann í UN U+3-.

Í yfirlitinu kemur fram hversu holdablendingarnir skara fram úr hvað varðar þyngd og vaxtarhraða, einkum og sér í lagi synir yngri Angus-nautanna frá einangrunarstöðinni á Stóra-Ármóti. „Það er mjög eðlilegt að gripir af kynjum sem hafa verið ræktuð m.t.t. vaxtar og kjötgæða, taki þeim gripum sem eingöngu eru ræktaðir til mjólkurframleiðslu fram. Þetta ætti hins vegar að vera þeim sem stunda framleiðslu nautakjöts mikil hvatning til þess að nýta það erfðaefni sem nú stendur til boða úr gripum fæddum á einangrunarstöðinni á Stóra-Ármóti. Þetta eru gripir sem hafa til að bera meiri vaxtargetu og kjötgæði en gömlu Angus- og Limousine-gripirnir, auk þess sem þeir voru valdir m.t.t. mæðraeiginleika.

Þeir sem halda holdakýr ættu því eindregið að notfæra sér sæðingar ef nokkur kostur er," segir í yfirliti Guðmundar og Sigurðar Kristjáns sonar, starfsmanna RML. */smh*

Sjá nánari umfjöllun um niðurstöður skýrsluhalds RML í nautakjötsframleiðslunni á blaðsíðum 58–59.



Verðlækkun á einkorna Yara áburði

Hinni fullkomnu pakkalausn

Hvert einkorna áburðarkorn er einsleitt sem er forsenda jafnari dreifingar, þannig að hver planta fái sama aðgang að öllum áburðarefnum.

Frekari upplýsingar um einkorna áburð er að finna á yara.is



Verðskrá 2023

Upplýsingar á yara.is og hjá sölumönnum.

SS var stofnað árið 1907 og er samvinnufélag búvöruframleiðanda. Það er markmið SS að selja bændum hágæða einkorna áburð á eins hagstæðu verði og mögulegt er. Með því stuðlum við að samkeppnishæfi innlendrar búvöruframleiðslu og úrvals afurðum neytendum til hagsbóta.

Sláturfélag Suðurlands
Fosshálsi 1, Reykjavík - 575 6070
yara@yara.is - www.yara.is

FRÉTTIR



Auk þess sem 35 kindur drápust í eldinum, brunnu útihús, hey og rúlluvél.
Mynd / Aðsend

Syðri-Hamrar í Ásahreppi:

35 kindur drápust í bruna

„Aðkoman var óhugnanleg og þetta er mikið áfall," segir Guðjón Björnsson, bóndi að Syðri-Hömrum II, sem missti 35 kindur í bruna 23. janúar síðastliðinn. Auk þess sem útihús, rúlluvél og hlaða brunnu.

„Húsin, sem voru gamalt fjós, tvö samliggjandi fjárhús og hlaða, eru að mestu ónýt. Við ætlum að reyna að endurreisa nýrra fjárhúsið en hin húsin eru ónýt og ekkert annað að gera en að rífa þau.

Við gerðum allt sem var hægt að gera og fjöldi slökkviliðsmanna kom okkur til aðstoðar og það náðist að bjarga fé nágrana míns en allur okkar fjárstofn, 35 kindur, drapst í brunanum. Í hlöðunni var eitthvað af gömlu heyi í rúllum og þær brunnu og ég var með rúlluvél í geymslu og hún brann líka."

Eldur kom líklega upp í dráttarvél

Guðjón segir að konan sín, Helga Björk Helgadóttir, hafi fyrst orðið vör við eldinn um klukka níu um kvöldið og að henni hafi sýnst að það hafi kviknað í út frá dráttarvél sem var sett í hús fyrr um daginn eftir notkun.

Ég geri mér ekki grein fyrir því hversu mikill fjárhagslegur skaði varð af brunanum en hann er talsverður. Bara rúlluvélin kostar á fimmtu milljón og svo á eftir að meta húsin og féð."

/VH

KJARNAGLUGGAR

GLUGGI Í GLUGGA

- TILVALIÐ VIÐ ENDURNÝJUN GLUGGA
- ENDINGAGÓÐIR PLASTGLUGGAR



Kjarnagluggar ehf. | Roðamói 9 | 626 1011
sala@kjarnagluggar.is | www.kjarnagluggar.is

www.bbl.is

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins:

Enn versnar rekstrarafkoma skuldsettra kúabúa

– Kúabændur sækja í aðra starfsemi samhliða mjólkurframleiðslu

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML) hefur lokið við greiningu á rekstri 154 kúabúa sem tóku þátt í verkefninu „Rekstur kúabúa 2019–2021" og birt helstu meðaltöl á vef sínum.

Staðan er viðkvæm miðað við nýjar tölur um rekstrarárið 2021 og útlit fyrir verri niðurstöður vegna ársins 2022, sérstaklega fyrir þau bú sem eru mikið skuldsett og með háan breytilegan kostnað.

Vegna mikilla breytinga í rekstrarumhverfi síðasta árs er ætlun RML nú að birta milliuppgjör, í síðasta lagi í apríl, út frá gögnum 50 kúabúa að lágmarki.



Útlit er fyrir enn verri rekstrarniðurstöður kúabúa fyrir síðasta ár en var árið 2021.
Mynd / MÞÞ

Miklar aðfanga- og stýrivaxtahækkanir

Kristján Óttar Eymundsson, verkefnisstjóri hjá RML, segir að skuldahlutfall búanna hafi heldur lækkað á árinu 2021 og einnig vaxtagjöld sem hlutfall af heildartekjum. Ljóst sé hins vegar að það verði breytingar á þessum þáttum til hins verra fyrir árið 2022 – og vænta megi meiri tíðinda fyrir það ár en árið á undan.

„Árið 2022 einkenndist af miklum aðfangahækkunum og stýrivaxtahækkunum sem hækkuðu breytilega óverðtryggða vexti, ásamt mikilli verðbólgu. Á móti hækkaði verðlagsnefnd búvara grundvallarverð mjólkur þrisvar sinnum á árinu. Í ársbyrjun 2022 var verðið tæpar 105 krónur á lítrann, en var komið í tæpar 120 krónur á lítrann þann 1. desember. Einnig komu viðbótargreiðslur frá ríkissjóði; fyrst vegna hækkana á áburðarverði og svo komu greiðslur eftir tillögum frá svokölluðum spretthópi.

Síðan má ekki gleyma því að það komu mjög jákvæðar fréttir frá stjórn Auðhumlu og Mjólkursamsölunni í apríl síðastliðnum þar sem tilkynnt var að borgað yrði fullt verð fyrir fituhluta umframmjólkur ársins 2021 og að greidd yrði 5,5 króna uppbót á hvern lítra umframmjólkur ársins 2020," segir Kristján.

Jákvæðar fréttir efldu framleiðsluviljann

Kristján segir að í framhaldinu hafi fylgt jákvæðar tilkynningar um hækkanir á verði umframmjólkur ársins 2022, sem efldi framleiðsluvilja bænda þar sem að aðstæður voru fyrir hendi heima á búum. Hann segir að eftir standi þó að rekstrarafkoma búa sem eru með hlutfallslega mikinn breytilegan kostnað á bak við framleiddan mjólkurlítra – og eru jafnframt mikið skuldsett – hafi líklega versnað töluvert á árinu 2022. Meira geti hann ekki sagt um síðasta ár í bili.

Framlegðarstig afurðatekna lækkar áfram

Að sögn Kristjáns gefa meðaltöl gagnasafnsins fyrir árið 2021 ekki til kynna miklar breytingar á rekstrarárinu miðað við árið á undan. „Þó vekur athygli að framlegðarstig afurðatekna heldur áfram að lækka, sem skýrist af því að afurðatekjurnar hafa hlutfallslega ekki náð að fylgja eftir hækkunum á aðföngum og aðkeyptri þjónustu. Síðan er umhugsunarefni að afurðasemi búanna, mælt í innlagðri mjólk eftir árskú, skuli nánast standa í stað á tímabilinu.

Það má tengja að einhverju leyti lágu afurðaverði fyrir umframmjólk og mögulega lakari heygæðum. Bundnar eru vonir við þá umbyltingu í kynbótastarfinu sem nú er hafin með notkun á erfðamengisúrvali til að hraða erfðaframförum í stofninum.

Athygli vekur að aðrar tekjur fara hlutfallslega vaxandi á þátttökubúunum sem bendir til þess að bændur séu farnir að sækja í aðra starfsemi samhliða mjólkurframleiðslu," segir Kristján.

Búrekstrarlegum þáttum stöðugt bætt við

Verkefnið Rekstur kúabúa 2019–2021 hófst á árinu 2020, en þá tóku 90 kúabú þátt. Kristján segir að stöðugt sé verið að bæta við búrekstrarlegum þáttum inn í greiningarvinnuna og leggja meiri áherslu á ráðgjöf um betri bókhaldsvinnu til að fá sem skýrust gögn til úrvinnslu.

/smh

Grágæs:

Ekkert veiðibann á döfinni

Veiðibann á grágæs hefur ekki tekið gildi á Íslandi og ekki stendur til að banna slíkar veiðar, þrátt fyrir alþjóðlegt veiðibann sem gekk í gildi þann 1. janúar í gegnum alþjóðasamning sem Ísland er aðili að.

Samkvæmt upplýsingum úr umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu þá gerðu Íslendingar og Bretar fyrirvara við þá breytingu á flokkun tegundarinnar í verndarflokk, sem leiddi til veiðibannsins. Aukinheldur er tegundin stjörnumerkt í samningnum, sem þýðir að þrátt fyrir veiðibann þá eru veiðar heimilaðar svo framarlega sem þær eru sjálfbærar og í samræmi við alþjóðlega stjórnunar- og verndaráætlun.



Alþjóðlegt veiðibann á grágæs hefur tekið gildi, en veiðar verða þó áfram leyfðar á Íslandi.

Vinna við áætlunargerð að hefjast

Í ráðuneytinu er að hefjast vinna við gerð slíkrar áætlunar í samstarfi við Breta. Til að tryggja að veiðar séu áfram heimilaðar meðan á gerð áætlunarinnar stendur var gerður fyrirvari við breytinguna og með því veittur meiri sveigjanleiki.

Umræddur alþjóðasamningur, Agreement on the Conservation of African-Eurasian Migratory Waterbirds (AEWA), er ætlað að vernda afrísk-evrasíska vatnafugla sem eru farfuglar.

Á fundi AEWA síðastliðið haust lögðu fulltrúar Bretlands til að grágæsin yrði stjörnumerkt og fulltrúar Íslands studdu það ásamt Evrópusambandinu.

/smh

Innri ró

© Inter IKEA Systems BV 2023

PAX/TYSSEDAL fataskápur
B175×D60, H236 cm
Lýsing og höldur eru seldar sér

110.100,-

Skoðaðu
PAX úrvalið hér!

Skannaðu

Verslun opin 11-20 alla daga – IKEA.is

IKEA

Bændablaðið
– Málgagn bænda og landsbyggðar –

Bændablaðið kemur út 23 sinnum á ári.
Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu burðargjalds. Árgangurinn (23. tölublöð) kostar þá kr. 14.900 með vsk. (innheimt í tvennu lagi).
Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar 11.900 með vsk.

Heimilisfang: Bændablaðið, Borgartúni 25, 4. hæð - 105 Reykjavík.
Sími: 563 0300 – **Kt:** 631294–2279
Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

Ritstjóri: Guðrún Hulda Pálsdóttir (ábm.) gudrunhulda@bondi.is – **Sími:** 563 0339 – **Blaðamenn:** – Ástvaldur Lárusson astvaldur@bondi.is – Margrét Þóra Þórsdóttir mth@bondi.is
Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is
Auglýsingastjóri: Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – **Sími:** 563 0303
Netfang auglýsinga: thordis@bondi.is – **Vefur blaðsins: www.bbl.is** – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is**
Frágangur fyrir prentun: Sigrún Pétursdóttir – **Prentun:** Landsprent ehf. – **Upplag:** sjá forsíðu – **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

LEIÐARI

Áþreifanleikinn

Ánægjulegt er að sjá afrakstur prentmiðlakönnunar Gallup sem birt var í síðustu viku. Í henni er mældur lestur síðasta ársfjórðungs 2022. Niðurstöðurnar sýna að Bændablaðið heldur sinni sterku stöðu sem langmest lesni fjölmiðill landsbyggðarinnar og á höfuðborgarsvæðinu eflist blaðið jafnt og þétt.

Þegar rýnt er í tölurnar má m.a. sjá að Bændablaðið hefur tekið fram úr dagblöðum landsins að ýmsu leyti, því þrátt fyrir að lestur prentmiðla sé almennt að minnka heldur miðillinn sínum trausta lesendahópi. Yngri lesendur eru að bætast í hóp dyggra og er það ekki síst vegna tilkomu Bændablaðsins á samfélagsmiðlum.

Á undanförnum sex mánuðum hefur lestur á efni Bændablaðsins á vef þess, bbl.is, stóraukist. Heildarfjöldi lesninga (smella) á einstakar greinar hvern mánuð, miðað við birtingardag, hefur ríflega tvöfaldast. Endurgjöfin birtist einnig í mörg þúsund áhorfum á myndbönd sem við deilum gegnum samfélagsmiðla okkar – yngri landsmenn kunna greinilega að meta þá innsýn sem þeir fá í íslenskan landbúnað á þennan hátt.

Sterkasta vígi okkar er þó eftir sem áður prentútgáfan því enn hafa þeir, sem lesa blöðin að jafnaði, þörf fyrir áþreifanlegt eintak. Miðað við niðurstöður prentmiðlakönnunarinnar eru að meðaltali þrír lesendur um hvert eintak Bændablaðsins. Efnistökin eru að stórum hluta tímalausir svo blaðið liggur lengi frammi á borðum landsmanna sem fletta því mörgum sinnum.

Reynsla okkar er sú að upplag prentútgáfu blaðsins, sem kemur alla jafna út annan hvern fimmtudag, sé vanalega uppurið áður en helgin er liðin. Rúm 33.000 eintök rata um allt land á um 420 dreifingarstaði, í hvern einasta þéttbýliskjarna, á hvert lögbýli landsins og auk þess til áskrifenda.

Við hyggjumst viðhalda dreifikerfi okkar á árinu, styrkja það og bæta í upplag ef þurfa þykir. Þeir sem vilja tryggja sér eintak er bent á að skrá sig í áskrift, en í því felst að greiða fyrir póstsendingu þótt eintakið sé frítt.

Hærra póstburðargjald og hækkanir á pappírsverði sliga prentmiðla nú sem aldrei fyrr og endurspeglast það í fregnum af samdrætti í prentun og dreifingu annarra blaða. Það verður að teljast nokkuð skynsamlegt að fara yfir í dreifingarmódel keimlíkt því sem Bændablaðið hefur lagt upp með undanfarin ár. Þótt dreifingarstaðir séu þrjú hundruð færri en Bændablaðsins gefur útgáfufélag það út að slíkt dreifikerfi hafi snertiflöt við 85% þjóðarinnar. Sem er vel.

Við túlkum aukinn lestur blaðsins á jákvæðan hátt, að umfjöllunarefni Bændablaðsins sé til þess fallin að landsmenn velji að viða að sér upplýsingar og þekkingu gegnum málgagnið. Snertiflöturinn er augljós; landbúnaður sem undirstöðuatvinnugrein landsins og afleidd starfsemi henni tengdri. Við byggjum á uppbyggilegum, innihaldsríkum skýringum og áhugaverðri fræðslu sem auðgar skilning lesenda á lífi og starfi víðs vegar um landið.

Fjölbreytni er líka eitt af okkar meginstefi, enda er úr ótrúlegri flóru manna og málefna að moða þegar litið er undir yfirborðið. Í þessu tölublaði má t.d. lesa sér til um svínarækt, mjólkurframleiðslu, lífrænan úrgang, félagsstarf eldri borgara, hugvíkkandi efni, nautakjötsframleiðslu, kræklinga, veiruskitu, fiskiroðsleður, áhugaleikhús, örplast, gráþröst og skógarfuru, skyggnar konur, bjór, tómata, fiskeldi, Moldavíu og Nígeríu, höfrung, rafmagnsbíl, byggðasafn og bambusvörur svo fátt eitt sé nefnt. Njótið.

Guðrún Hulda Pálsdóttir, *ritstjóri.*

Út fyrir sviga

Gunnar Þorgeirsson
formaður Bændasamtaka Íslands
gunnar@bondi.is



Bændasamtök Íslands eru hagsmunasamtök sem rekin eru í þágu félagsmanna sinna, íslenskra bænda. Hlutverk þeirra er að gæta hagsmuna atvinnugreinarinnar og fylgjast grannt með afkomu bænda og rekstrarskilyrðum íslensks landbúnaðar.


Á vettvangi samtakanna er alla jafna rætt almennt um fyrirætlanir stjórnvalda um að leggja íþyngjandi kvaðir á atvinnugreinina, svo sem hertar kröfur um aðbúnað, gjaldtöku og leyfisveitingar, enda hafa slíkar ákvarðanir óhjákvæmilega áhrif á framleiðslukostnað þegar til lengri tíma er litið. Þá skal á það bent að bændur eru í langflestum tilvikum verðþegar, enda hafa þeir sem hrávöruframleiðendur engin áhrif á verð á markaði. Bændur, líkt og aðrir atvinnurekendur og launafólk, hafa mikla hagsmuni af því að verðhækkanir séu með þeim hætti að verðstöðugleika sé ekki ógnað. Þannig er það mikilvægt að fram fari upplýst umræða um áhrifaþætti sem geta leitt til áskorana innan atvinnugreinarinnar, séu þeir til staðar.

Það sætir því ákveðinni furðu þegar hagsmunasamtök stórkaupmanna berja sér á brjóst með forkólfum verkalýðshreyfinga þar sem óskað er eftir því að stjórnvöld beiti sér fyrir einhliða lækkun eða niðurfellingu tolla í þágu neytenda og launafólks þegar tollverndin er hluti af starfsskilyrðum landbúnaðarins og takmarkalaus innflutningur gæti vel kaffært þeirri starfsemi sem nú er stunduð úti um allt land.

Þyngri róður og aukin fjárfesting

Á vef Hagstofu Íslands má sjá að 2.987 manns eru starfandi í landbúnaði. Afleidd störf eru ívið fleiri. Á Hagstofuvefnum eru einnig birt rekstrar- og efnahagsyfirlit búa sem byggja á skattgögnum. Þar má sjá t.a.m. að launaliðurinn vegur minna í búfjárræktargreinunum, um 19-20%, en í viðskiptahagkerfinu í heild, þar sem hann nemur 23%, en mun þyngra í garðyrkju, eða um 36%. Annar rekstrarkostnaður vegur þyngra í landbúnaði en í öðrum atvinnugreinum, en þar fellur undir sölukostnaður, stjórnunarkostnaður, húsnæðiskostnaður, viðhald og fleira.

Þá verður ekki framhjá því litið að ýmsar ákvarðanir stjórnvalda hafa gert það að verkum að bændur hafa þurft að leggjast í viðamiklar breytingar á búrekstri sínum. Þannig má til dæmis nefna að samkvæmt skýrslu Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins hefur kostnaður við endurnýjun húsa í svínarækt haft í för með sér aukinn kostnað upp á allt að 3 milljarða fyrir búgreinina og er þá ótalinn sá kostnaður sem fylgir töfum í regluverkinu, þ.e. í tengslum við umhverfimat, skipulagsmál og aðkeypta aðstoð sérfræðinga. Regluverkið og einföldun þess hefur þó í raun einungis verið slagorð sem gripið hefur verið til í aðdraganda kosninga, í öllu falli er undirrituðum ekki kunnugt um að slík vinna sé í farvatninu eða að það dragi brátt til tíðinda í þeim efnum.



Það sem Sigmar Vilhjálmsson sagði

En það er ýmislegt annað sem hægt er að gera til að efla atvinnugreinina. Leyfi ég mér hér að vísa til áhugaverðrar greinar frá Sigmari Vilhjálmssyni, samfélagsrýni og forstjóra Munnbitans, undir yfirskriftinni „Ríkisstjórnin á leik“ sem birtist í Morgunblaðinu föstudaginn 20. janúar sl. Í grein sinni fer Sigmar yfir það hvernig hugsanlega væri hægt að koma í veg fyrir að launahækkanir skili sér út í hærra verðlag. Þannig leggur Sigmar til að ákjósanlegur kostur sem vert væri að staldra við væri leiðrétting á tryggingargjaldi, sem væri góð ráðstöfun og kæmi til móts við fyrirtækin í landinu ásamt því að sporna gegn verðhækkunum. Ég verð að segja að þetta telur undirritaður álitlegri og skynsamari leið, sem sannanlega myndi skila ábatanum beint til neytenda og launþega – án þess að fórna viðskiptahagsmunum Íslands þegar kemur að gerð tolla- og fríverslunarsamninga.

Sami aðili hefur talað mikið um lítil og meðalstór fyrirtæki, sem ég tel að séu burðarásinn í atvinnulífinu á Íslandi. Lítil og meðalstór fyrirtæki eru skilgreind sem fyrirtæki með færri en 250 starfsmenn með innan við 6,5 milljarða í ársveltu. Talið er að um 90% af öllum fyrirtækjum landsins, að einyrkjum meðtöldum, falli undir þessa skilgreiningu og þar á meðal eru bændur. Því sætir það ákveðinni furðu, líkt og ég minntist á hér í upphafi þessa leiðara, að verkalýðshreyfingin taki skortstöðu gegn einni atvinnugrein umfram aðrar.

Er pláss fyrir fleiri?

Áhugi ungs fólks á landbúnaði hefur aukist síðustu ár, og þá hefur meðbyr með landbúnaði aldrei verið meiri. Bændum hefur eftir sem áður farið fækkandi. Kjör bænda hafa mikið verið í umræðunni síðustu ár og sérstaklega í tengslum við fordæmalausar hækkanir á aðföngum og áburði sem nú ætti að sjá jöfnun á. En þá velti ég því fyrir mér hvort landbúnaðarframleiðslan eigi eingöngu að fullnægja innlendum þörfum? Við hljótum að vera öll sammála um það að svo sé ekki. Því vitanlega er og verður ekki pláss í greininni ef það er einungis markmiðið að fullnægja innanlandsþörfum. Nauðsyn er á að fjölga störfum í landbúnaði, bú þurfa að stækka og eiga blönduð bú mesta möguleika til þess að auka við tekjur sínar. Það er okkar tækifæri til þess að sporna gegn því að atvinnugreinin þurfi að sæta því ítrekað að vera tekin út fyrir sviga.

GAMLA MYNDIN



Guðmundur Benediktsson, frá Breiðabóli á Svalbarðsströnd plægir með International dráttarvél. Myndin er tekin árið 1930. Mynd / Myndasafn BÍ

LÍF & STARF



Jólabingóstjórarnir frá Dalvíkurbyggð, þau Herdís Geirsdóttir og Sigurjón Pálsson.



Hér má sjá félagskonur í Félagi eldri borgara Eyjafjarðarsveitar. Sitjandi er Guðrún Finnsdóttir, Elísabet Skarphéðinsdóttir, Helga Björg Haraldsdóttir, Hanna Jóhannedóttir og Sveinbjörg Helgadóttir. Þær stöllur eru staddar uppi á Helguhóli við Grund í Eyjafirði í einni af gönguferðum félagsmanna.



Það er glatt á hjalla í Húnaþingi vestra. Meistararnir Guðmundur Jóhannesson, Haraldur Pétursson og Ásbjörn Guðmundsson leika fyrir dansi á 120 manna þorrablóti Félags eldri borgara í Húnaþingi vestra þann 21. janúar sl.



Joachim B. Schmidt, höfundur bókarinnar Kalmann, kynnir verk sitt í Breiðabliki, félagsheimili þeirra eldri borgara Raufarhafnar. Hlustað er af athygli enda gerist sögusvið Kalmanns í Raufarhöfn.



Stöllurnar Erna, Lóa, Heiða og Dóra sitja við spilamennsku í Strandasýslunni.



Garðabæjarskvísur í leikfimi eins og þeim einum er lagið.

Félagsstarf landshorna á milli

Þeir eru heldur betur hressir öðlingarnir hér á myndunum, en félagsstarf þeirra er lokið hafa lífskafla sínum á vinnumarkaði er afar virkt víða um landið. Til dæmis eru heil fimmtíu og fimm félög einungis ætluð þeim er orðnir eru sextíu ára og þar yfir. Ferðalög, lestur bóka, líkamsrækt, kórastarf, dansleikir og ýmiss konar vinna handverks er meðal þess sem hægt er að taka sér fyrir hendur enda nauðsynlegt að hafa eitthvað fyrir stafni og njóta (félags)lífsins. Hér fáum við að líta á brot af starfsemi félaga eldri borgaranna okkar landshorna á milli – og má með sanni segja að þeim leiðist síður en svo! */SP*



Snæfellsbæjarrokkararnir, þeir Páll Mortensen, Reynir Rúnar Reynisson og Magnús Höskuldsson spila á jólahlaðborði Félags eldri borgara þar í bæ í desember sl. við taumlausa gleði og aðdáun viðstaddra.



Einbeitingin er nauðsynleg í henni Reykjavík, enda getur eitt skref í vitlausa átt orðið til falls. Ljósmyndari myndarinnar, Einar S. Einarsson, fangar einbeitingu augnabliksins með miklum sóma.



Í Rangárvallasýslu er upplagt að spila svolítið golf og ræða heimsmálin þar í bland.



Á Ísafirði er gengið hægt um gleðinnar dyr, enda óþarfi að vera með nokkurn asa.



Þau Jóhann Þ. Bjarnason á Auðólfsstöðum og Ásgerður Pálsdóttir á Geitaskarði sitja hér við kvöldverð á Hótel Ísafirði er félagið var í skemmtiferð um Vestfirðina á dögunum.



Hveragerðisdömurnar Þyrnirósir, þær stöllur Anna Jórunn Stefánsdóttir, Jóna Einarsdóttir og Hólmfríður Kristín Kristjánsdóttir, standa fyrir skemmtun á árshátíð eldri borgara við ákafann fögnuð gesta.

MÆLT AF MUNNI FRAM

Úr Vísnakveri **Rósbergs Guðnasonar Snædal**, sem ég kynnti lesendum í síðasta vísnaþætti, verða næstu stökur teknar. Sumar þeirra hef ég örugglega ekki birt áður. Vísurnar einkennir sá knappi stíll, fá orð en falleg samfella sem einkenndi flestar vísur skáldsins úr Laxárdalnum. Vísurnar bera yfirskrift frá hendi skáldsins:

Upp og ofan:
Oft hef ég notið yndis hér,
yfir flotið skerin.
Oft hef ég brotið illa' af mér,
oft hefur hnotið merin.

Manvísa:
Lýsa hvarmaleiftrin blá,
léttir harmi mínum.
Lífsins varma leggur frá
ljósum barmi þínum.

Eftirköst:
Herðalotinn, haldinn geig,
heim í kotið fer ég.
Nú er þrotin nautnaveig,
niðurbrotinn er ég.

Glæður:
Sæll í móðu Sónar-víns
syng ég óð til kvenna.
Inn í hlóðum hjarta míns
heitar glóðir brenna.

Bisnessmaður:
Innilegið aurabý
aðra flegið hefur.
Svikatreyju sýslar í,
sápuþveginn refur.

Kvöld:
Voga strýkur blíður blær,
burtu víkur tregi.
Friður ríkir fjær og nær,
fögrum lýkur degi.

Sigling:
Bátur þekkir bólstað sinn,
blys þótt ekki logi.
Litli hrekkjalómurinn
lenti í Snekkjuvogi.

Heimilið:
Konan öllu illu hótar,
undir tekur sifjalið.
Karlinn dauðadrukkinn blótar.
Drottinn blessi heimilið.-

Slys:
Detta hlýt eg, Drottinn, hér,
dyggða- þrýtur -veginn.
Syndin ýtir eftir mér
inn á vítateiginn.

Í sveita þíns andlits....:
Meðan eitruð Mammonsþý
moða í reitum sínum,
brauðsins neyti' ég aðeins í
andlitssveita mínum.

Um gengið skáld, Svein Hannesson:
Yfir hrjóstur oft þig bar,
ýmsa slóstu brýnu.
Stífur gjóstur stökunnar
stóð frá brjósti þínu.

Staka:
Sárið grær, en svíður þó,
sorgir ljær og kvíða.
Tækifæri í tímans sjó
tapast ærið víða.

Örlög:
Réðu fornar rúnir þar,
reiði norna hlaut ég.
Öll á morgni ævinnar
af mér hornin braut ég.

Neisti í ösku:
Þennan fund ég muna má,
mæddur stundar sorgum.
Lítil tundur logað fá
lengi í hrundum borgum.

Leikslok:
Varð mér heldur dropinn dýr,
dómsins hrelldur bíð ég.
Eftir kveldsins ævintýr
undir feldinn skríð ég.

Umsjón:
Árni Geirhjörtur Jónsson
kotabyggd1@gmail.com



FRÉTTIR

Áburður:

Verðskrá Skeljungs og Fóðurblöndunnar

Skeljungur og Fóðurblandan hafa birt verðskrá fyrir þær tegundir af áburði sem fyrirtækin hafa í boði 2023. Meðalhækkun á áburði hjá Skeljungi er 3,3% en 1,8% hjá Fóðurblöndunni, mest munar um hækkun á köfnunarefni hjá báðum fyrirtækjum.

Lúðvík Bergmann sölustjóri segir að meðalhækkunin á áburði milli ára sé 3,3% en að köfnunarefnisáburður hækki mest, eða um 6,4%.

Dæmi um verð á þremur algengum tegundum hjá Skeljungi eru Sprettur N27, sem núna kostar 127.600 krónur tonnið en var 119.900 krónur á síðasta ári, Sprettur 25-5, sem kostar í ár 129.900 krónur sem er sama verð og á síðasta ári og Verð á Spretti 20-10-10+Selen sem er í ár 141.900 krónur en var á síðasta ári 135.900 krónur tonnið.

Allt verð er án virðisaukaskatts og miðast við að greitt sé fyrir 15. maí og þá með 3% afslætti.

Að sögn Úlfars Blandon, sölu- og markaðsstjóra hjá Fóðurblöndunni, er meðalhækkun á áburði milli ára 1,8%, mest er hækkun á köfnunarefni.

Verð á Magna I N27 Ca er 128.400 en var 119.502 fyrir tonn og nemur hækkunin 7,4%, verð á Græði 9 27-6-6 + SE er 137.200 en var 132.918, hækkun um 3,2%, og verð á Fjölmóði 4 24-9 Ca + Se er 136.800 en var 133.511 og nemur hækkunin 2,5%.

Allt verð er án virðisaukaskatts og miðast við greiðslu 15. apríl og þá með 3% afslætti.

/VH

Búsetudreifing:

Langflestir íbúar á höfuðborgarsvæðinu

Samkvæmt tölum Byggðastofnunar fyrir árið 2022 var íbúafjöldi landsins 376.248. Þar af bjuggu rúm 240 þúsund á höfuðborgarsvæðinu og um 136 þúsund á landsbyggðinni. Sveitarfélög á landinu eru 64.

Þrátt fyrir að landsmönnum hafi fjölgað undanfarna áratugi er fjölgunin misjöfn milli landshluta. Mest fjölgun var á Suðvesturlandi en fólksfækkun var á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra. Mest hlutfallsleg breyting var í Mosfellsbæ, 148,3% og í Garðabæ 100,1%. Sé horft í landshluta er mest fólksfjölgun á Suðurnesjum, 85,2% og á höfuðborgarsvæðinu, 46,3%.

Störf óháð staðsetningu

Á byggðaáætlun 2018 til 2024 er aðgerð sem kallast Störf án staðsetningar. Markmið verkefnisins er að 10% allra auglýstra starfa í ráðuneytum og stofnunum þeirra verði óháð staðsetningu árið 2024 þannig að búseta hafi ekki áhrif við val á starfsfólki.

Byggðastofnun hefur tekið saman upplýsingar um mögulegt húsnæði fyrir óstaðbundin störf. Samkvæmt þeim upplýsingum eru yfir 100 starfsstöðvar fyrir einstaklinga og landsbyggðin því vel í stakk búin til að taka á móti þessum störfum.

Skipting húsnæðisins eftir landshlutum er 4 á Suðurnesjum, 14 á Vesturlandi, 15 á Vestfjörðum, 19 á Norðurlandi vestra, 29 á Norðurlandi eystra, 17 á Austurlandi og 14 á Suðurlandi.

55 þúsund með erlent ríkisfang

Af þeim þeim rúmum 376 þúsund sem Íslendingar telja eru um 55 þúsund, eða 14,6%, með erlent ríkisfang. Þar af eru karlmenn tæplega 32 þúsund og konur rúmlega 23 þúsund og flestir eru á aldrinum 30 til 39 ára.

Séu íbúar svæða flokkaðir eftir ríkisfangi sést að hlutfallslega flestir íbúar með erlent ríkisfang búa í Mýrdalshreppi, eða 51,5%, í Skaftárhreppi 33,4% og í Súðavíkurhreppi 32,1%. Samkvæmt mælaborði Byggðastofnunar búa flestir íbúar landsins með erlent ríkisfang í Reykjavík, rúmlega 24 þúsund, en fæstir í Árnes- og Skorradalshreppi, eða tveir í hvorum hreppi.

/VH



VEIÐIFÉLAGAR
FISHPARTNER

VEIÐISVÆÐI ÓSKAST

Vegna mikilla eftirspurna þá köllum við eftir nýjum veiðisvæðum í flóru félagsins. Bæði stöðuvötn og rennandi vatn. Skoðum einnig veiðisvæði á afskektum stöðum.

Veiðifélagið Fish Partner er í stöðugum vexti og leitast eftir fleiri samstarfsaðilum um land allt óháð fisktegund og tegund vatnasvæðis.

Vinsamlegast hafið samband við Kristján í síma 898 3946 eða á netfangið kristjan@fishpartner.com.



Jóhanna Sigurðsson



Frú Lára Ágústsdóttir (38 ára).



Margrét frá Öxnafelli.

Þrjár skyggnar konur í Íslandssögunni, Margrét frá Öxnafelli, Lára Ágústsdóttir og Jóhanna Sigurðsson, eru meðal viðfangsefna Dalrúnar.

Sagnfræði:

Rannsakar skyggnar konur

Dr. Dalrún Kaldakvísl Eygerðardóttir sagnfræðingur rannsakar sögu skyggnra kvenna á uppgangstíma spíritismans á Íslandi.

Hún leitar nú að viðmælendum sem búa yfir upplýsingum og/eða höfðu kynni af konum sem lögðu stund á miðilsstörf allt frá upphafi 20. aldar og fram yfir miðja öldina.

Færði alþýðukonum aukið vald

„Það er einstaklega fróðlegt að skoða sögu kvenmiðla á þessum uppgangs- og hnignunartíma spíritismans. Þetta tímabil í sögunni er líka áhugavert í kvennasögulegu ljósi, því það einkennist af miklum væringum í íslensku þjóðfélagi vegna málefna kvenna. Heimildir um skyggnar konur á Íslandi sýna að þar fóru sögulegar konur. Í rannsókn minni skoða ég líf, störf og ímyndir þessara margbrotnu kvenna. Hluti af þeirri nálgun felst í því að skoða hvernig spíritisminn færði konum, ekki síst alþýðukonum, ný tækifæri til starfa og jafnvel aukið vald," segir Dalrún en hún hefur lagt áherslu á að rannsaka sögu kvenna á Íslandi.

Hún styðst alltaf við viðtalsformið í þeim tilgangi að skrá raddir og reynslu Íslendinga.

Greinir hugverk kvennanna

Dalrún útskrifaðist með doktorspróf í sagnfræði sl. sumar en í doktorsrannsókn sinni fjallaði hún um ráðskonur sem störfuðu á íslenskum sveitaheimilum á síðari hluta 20. aldar.



Dr. Dalrún Kaldakvísl Eygerðardóttir.

Í þessari nýju rannsókn beinir hún hins vegar sjónum sínum að félagslegri og menningarlegri stöðu kvenna sem höfðu miðilsstörf að atvinnu frá öndverðri 20. öld til loka sjötta áratugarins.

Í rannsóknninni tekur Dalrún einnig til skoðunar sköpunarkraft skyggnra kvenna, þar sem hún greinir hugverk kvennanna sem hún segir að spanni allt frá myndrænum sýnum til tónverka.

Hallar á konur í Íslandssögunni

„Árið 2021 skrifaði ég grein um íslenska kvenmiðla á Hugrás – vefrit Hugvísindasviðs, en sú athugun kveikti áhuga minn á að kafa mun dýpra í sögu kvenna sem titluðu sig sem sjáendur. Saga íslenskra kvenmiðla hefur verið afskipt á vettvangi fræðanna.

Mikilvægt er að gera sögu þessara kvenna góð skil enda einstök kvennasaga, svo ekki sé meira sagt. Í Íslandssögunni hefur hallað mikið á konur vegna þess að saga þeirra var hlutfallslega lítið skráð samanborið við sögu karla. Það er ein af ástæðunum að baki því að ég hef beitt mér fyrir því að taka viðtöl við fólk um líf kvenna í sagnfræðirannsóknum mínum; skrá minningar um konur sem ellegar hefðu fallið í gleymsku."

Dalrún hefur nú einsett sér að taka viðtöl við aðila sem búa að upplýsingum um og/eða reynslu af miðilsstörfum kvenna á því tímabili sem rannsóknin tekur til (1905-1960). Hún hvetur því fólk sem býr að vitneskju um skyggnar konur til að hafa samband við hana í s. 664-7083 eða gegnum netfangið dalrunsaga@gmail.com

„Sagan er samansett úr ótal minningabrotum og hvert brot skiptir máli ef skapa skal heildarfrásögn – skapa kvennasögu," segir dr. Dalrún .

/ghp

Innlend fóðurframleiðsla gæti nýtt jarðhita sem fer til spillis

Fjárfestingafélag Þingeyinga hf. hefur unnið að skýrslu í samstarfi við verkfræðistofuna Eflu um fýsileika graskögglaverksmiðju í nágrenni Húsavíkur.

Við þurrkun á grasinu er miðað við að nýta glatvarma sem verður til þegar kæla þarf 120 °C heitt vatn niður í 80 °C áður en það nýtist í hitaveitu. Þessi skýrsla var kynnt starfsfólki Bændasamtakanna á dögunum. Aðdragandi verkefnisins er sá að áðurnefnd verkfræðistofa og fjárfestingafélag, ásamt Búnaðarsambandi Suður-Þingeyinga, fóru síðasta vetur yfir hvað leyndist af vannýttum náttúruauðlindum í Þingeyjarsýslum.

Sú vinna leiddi í ljós að annars vegar færi mikill varmi til spillis þegar kæla þarf hitaveituvatn og hins vegar væri mikið ræktarland ónýtt. Báðar þessar auðlindir væri hægt að nýta í graskögglaverksmiðju. Með því að koma upp þurrkunarinnviðum opnast líka möguleikar á ýmissi annarri nýtingu.



Jón Heiðar Ríkarðsson, vélaverkfræðingur C.S. / MBA hjá Eflu.

Mynd / ÁL

Í samantekt skýrslunnar segir: „Meginmarkmið verkefnisins er að auka fæðuöryggi Íslands og að sjálfbærni innlendrar matvælaframleiðslu verði tryggt með samkeppnishæfni þeirrar fóðurframleiðslu sem lagt er upp með hér." Markaðssvæði verksmiðjunnar er allt Norðurland, frá Hrútafirði til Langaness. Heildarstærð þessa markaðar er metin vera 50.400 tonn af hreinum graskögglum, og 14.000 tonn af graskögglum sem blandaðir eru með öðrum fóðurtegundum, eins og byggi.

Til þess að graskögglarnir verði samkeppnishæfir við innflutt fóður annars vegar og heimaaflað gróffóður hins vegar, meta skýrsluhöfundar sem svo að miðast ætti við að hreinir graskögglar verði seldir á 68 kr/kg, á meðan þeir fóðurbættu ættu að seljast á 83 kr/kg. Hráefniskostnaður á grasi er áætlaður á bilinu 37,1 til 47,5 kr/kg þe háð vegalengd frá verksmiðju. „Stofnkostnaður fullbyggðrar verksmiðju á 10. rekstrarári er metinn 2.160 mkr," segir í skýrslunni.

/ÁL

LANDSHÚS

Erum að taka niður pantanir núna fyrir sumarið

ÍSLENSK HÚS - SÉRHÖNNUÐ FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR

KLETTAR HEILSÁRSHÚS

- **Klettar** eru sterkbyggð hús – sérhönnuð af Eflu verkfræðistofu.
- Húsin eru hefðbundin timburgrindarhús sem eru Íslandi að góðu kunn.
- Húsin afhendast ósamsett, að hluta í forsmíðuðum einingum og að hluta sem forsniðið efni.
- Uppsetning húsanna er afar fljótleg.
- Klettar eru með rúmgóðu svefnlofti (hæð 2,1m) sem eykur notagildi hússins umtalsvert.

EFLA

Efla verkfræðistofa sér um tæknilega hönnun á öllum húsunum okkar samkvæmt íslenskri byggingar-löggjöf.

EININGAKERFIÐ - *Með hagkvæmni að leiðarljósi*

Öll húsin okkar eru útfærð í einingakerfi Landshúsa, sem er íslensk hönnun. Einingakerfið okkar hefur undanfarin ár fengið afar góðar viðtökur og hafa húsin okkar risið um allt land með góðum árangri.

*Húsið á myndinni er af gerðinni **Klettar 80** sem reist var 2019 á Vesturlandi.*

REITIR RAÐHÚS

Stærð hverrar íbúðar er 84fm. Hægt er að stækka hverja íbúð ef óskað er. Fjöldi íbúða í hverri raðhúsalengju er valkvæður.



Raðhúsið á myndinni er með þremur íbúðum



Hver íbúð er 84 fm

FOSSAR EINBÝLISHÚS

Uppfylla alla staðla sem íbúðarhús í þéttbýli og dreifbýli. Húsin koma í 5 grunnstærðum, frá 101fm – 210fm, með eða án bílskúrs. Allar gerðirnar eru stækkanlegar að vild.



***Foss nr. 4** – Einbýlishús (180fm)*

JÖKLAR GESTAHÚS

Henta vel sem gestahús, starfsmannahús, auka herbergi, heimaskrifstofa eða sem útleigueining í ferðaþjónustu. Grunnstærð er 24,3fm og er stækkanleg að vild.



Jöklar Flat



Jöklar Burst



Jöklar íslensku húsin

STYRKUR - HAGKVÆMNI - HÖNNUN

Landshús - Sími **553 1550** - landshus@landshus.is **www.landshus.is**

Öll verð má finna á heimasíðu okkar

LANDSHÚS

FRÉTTIR

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins:

Tíu ára starfsafmæli

Tíu ár eru síðan Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML) var sett á laggirnar. Af tilefni starfsafmælisins munu starfsmenn hennar standa fyrir ýmsum viðburðum á árinu.

Áramótin 2012–13 var RML stofnað við sameiningu ráðgjafarþjónustu búnaðarsambanda kringum landið og ráðgjafarsviðs Bændasamtaka Íslands.

„Ljóst var að verkefni hins nýja fyrirtækis voru nokkuð frábrugðin þeim verkefnum sem áður voru vistuð innan búnaðarsambandanna og Bændasamtakanna.

Þau verkefni er sneru að hagsmunagæslu, eftirliti og öðrum verkefnum en þeim sem tilheyrðu beint ráðgjafarþjónustu, skýrsluhaldi eða kynbótastarfi, fluttust ekki yfir í hið nýja fyrirtæki. RML hefur því haft það meginhlutverk að vera ráðgjafarfyrirtæki í landbúnaði og er að fullu í eigu Bændasamtakanna og þar af leiðandi bænda en hefur sem slíkt ansi víðtækt hluverk. Auk þess að veita bændum hlutlausa og óháða ráðgjöf sinnir RML ráðgjöf til ýmissa hagaðila svo sem ríkisstofnana, ráðuneyta og einkaaðila. Við sameininguna varð til öflugt sameinað fyrirtæki sem er í stakk búið til þess að takast á við verkefni nútímans," segir Karvel L. Karvelsson, framkvæmdastjóri RML. Á þessu afmælisári vilji starfsmenn fyrirtækisins blása til sóknar og vekja athygli á því starfi sem RML sinnir í samvinnu við bændur.

„Stefnt er að því að halda ráðstefnu í haust þar sem bændur og fræðafólk kemur saman og fer yfir það helsta í nýjungum í landbúnaði. Að auki verða viðburðir, fundir og kynningar umfram það sem gerist á venjulegu ári hjá RML. Við búumst því við spennandi ári þar sem áhersla verður lögð á hvernig við í sameiningu förum inn í næsta áratug í íslenskum landbúnaði. Viðburðirnir verða rækilega auglýstir í Bændablaðinu, á rml.is og samfélagsmiðlum.

Við hlökkum til þess að hitta bændur sem oftast á þessum tímamótum," segir Karvel.

/ghp

Matvælaráðuneytið:

Úrskurður MAST felldur úr gildi

Matvælaráðuneytið hefur fellt úr gildi úrskurð Matvælastofnunar sem hafði stöðvað innflutning á trjábolum.

Málavöxtu má rekja til þess er MAST hafnaði beðni PCC BakkaSilicon hf. um heimild fyrir innflutningi á trjábolum með berki, frá Póllandi, með þeim rökum að varningurinn samanstæði af villtum plöntum sem safnað væri á víðavangi.

Stofnunin hélt því fram að nytjaskógur teldist ekki sem ræktun við sýrðar aðstæður og því fengist ekki fullkomin vitneskja um möguleg sníkjudýr, veirur, sveppi og bakteríur sem gætu fylgt sendingunum.

PCC BakkiSilicon hf. kærði túlkun MAST til matvælaráðuneytisins þar sem heilbrigðisvottorð fylgdu sendingunni og að ekki væri hægt að skilgreina trjábolina sem „villtar plöntur sem safnað væri á víðavangi".



MAST verður nú að taka aftur til meðferðar heimild til innflutnings á trjábolum. Mynd / Mathias Reding

Ráðuneytið felldi úr gildi úrskurð MAST og hefur falið stofnuninni að taka málið til meðferðar að nýju þar sem heilbrigðisvottorð væru til staðar og að ekkert hafi komið fram sem gæti bent til að þau uppfylli ekki kröfur.

/ÁL





„Hestastopp" á Brú er mjög vinsælt, bæði hjá ferðaþjónustunni og ferðamönnum á eigin vegum. Á góðum degi eru oft um 30-40 rútur sem stoppa á planinu, ásamt 200 bílaleigubílum. Hestarnir eru mikið myndaðir og margir kaupa hestaköggla og gefa þeim, þó það séu alltaf einhverjir innan um sem gefa alls konar óþverra. Myndir / Aðsendar

Bláskógabyggð:

Of algengt að hestunum sé gefinn óþverri

Margeir Ingólfsson og Sigríður Jóhanna Guðmundsdóttir, bændur á bænum Brú í Bláskógabyggð, sem er staðsettur rétt við veginn upp að Gullfossi, eru með bílaplan við veginn þar sem ferðamenn geta stoppað til að klappa nokkrum hrossum, tekið myndir af þeim og gefið þeim hestaköggla, sem fást í sjálfsala á planinu.

Það eru þó ekki allir sem virða það, því mörgum dettur í hug að gefa hestunum alls kyns draslmat líka.

„Það er með ólíkindum hvað fólki dettur í hug að reyna að koma í hrossin. Þá erum við ekki bara að tala um brauð, kökur, kex, epli og gulrætur, heldur einnig hnetur, snakk, egg, kjöt, roast beef samlokur og í rauninni allt sem það finnur í bílunum hjá sér. Það eru ekki bara erlendir ferðamenn sem haga sér svona, Íslendingar eru oft ekkert skárri," segir Margeir óhress.

Hann segir að hrossin hafi ekki vit á því hvað sé gott fyrir þau og hvað ekki en sumt af því sem verið er að gefa þeim getur beinlínis verið þeim lífshættulegt.

Margeir segir að hann geti gefið einum hesti 4-5 brauðsneiðar, honum að meinalausu, en ef t.d. 100 manns koma með eina brauðsneið og gefa, þá sé hesturinn dauður.



Margeir Ingólfsson, bóndi á Brú í Bláskógabyggð, en um 100.000 ferðamenn stoppa hjá þeim á ári hverju.



Sjálfsalinn á Brú er mjög vel merktur, en þar er hægt að kaupa hestaköggla til að gefa hestunum.

„Meltingarvegur hrossa getur auðveldlega stíflast ef þau éta eitthvað óhollt eða í óhóflegu magni en það getur dregið þau til dauða á nokkrum klukkutímum.

Með því að bjóða upp á hestaköggla til sölu og vona að það sé ekki verið að gefa þeim neitt annað, þá eru hrossin að fá fóður sem er þeim ætlað og við höfum yfirsýn yfir það magn sem þau fá," segir Margeir og bætir við:

„Það er þó allt of algengt að hestunum sé gefinn alls konar óþverri með tilheyrandi hættu fyrir þau."

/mhh

Nýsköpun:

Arabískt fyrirtæki fjárfestir í Atmonia

Efnafyrirtækið Sabic Agri-Nutrients hefur keypt einkarétt á notkun tækni Atmonia til framleiðslu á sjálfbæru ammóníaki í nokkrum löndum á Arabíuskaganum.

Í fréttatilkynningu frá Atmonia er haft eftir Munif- Al Munif, yfirmanni tækniþróunar og nýsköpunar hjá Sabic An, að fyrirtækið sé sannfært um að Atmonia muni nái að koma vöru sinni á markað.

Sprotafyrirtækið Atmonia er að þróa efnahvata og tæknibúnað sem framleiðir ammóníak úr lofti og vatni án þess að losa gróðurhúsalofttegundir. Segir í til kynningunni að núverandi ammóníakframleiðsluaðferð sé ábyrg fyrir 1-2% af koltvísýringslosun af mannavöldum í heiminum.



Guðbjörg Rist, framkvæmdastjóri Atmonia. Mynd /smh

Með sölu sprotafyrirtækisins á einkaréttinum, sem nær til landanna Sádi-Arabíu, Bahrein, Kúveit og Óman, eykst fjárhagslegt svigrúm fyrirtækisins til frekari þróunarvinnu.

Guðbjörg Rist, framkvæmdastjóri Atmonia, segir í tilkynningunni að fyrirtækið sé að hefja fjármögnunarferli til að hraða vöruþróun enn frekar, en fyrirtækið finni fyrir mjög mikilli eftirspurn eftir vörunni, þrátt fyrir að hún sé enn í þróun.

Sabic er alþjóðlegt efnafyrirtæki sem framleiðir efnavörur, málma og plastvörur ásamt næringarefnum til landbúnaðar á stórum skala. Höfuðstöðvar þess eru í Sádi-Arabíu.

/ghp

Verum vel klædd í vetur



N1 Vefverslun
Skoðaðu úrvalið og skráðu þig á vefverslun.n1.is



Vattfóðraður kuldagalli

Vandaður kuldagalli með cordura-efni á álagsflötum. Rennilásar á skálmum, hnjápúðavasar, hægt að taka hettuna af.

Stærðir: XS-6XL.



Fóðraður regnkuldagalli

Lillehammer regnkuldagalli úr endingargóðu og lipru efni sem hindrar ekki hreyfingar. Hetta er falin í kraga.

Stærðir: S-3XL.



Vatteraður kuldagalli

Vandaður, vatteraður kuldagalli frá Dimex. Stórir brjóstvasar og hliðarvasar. Með vatnsþéttu efni á álagsflötum og áfastri hettu.

Stærðir: S-3XL.



Portwest kuldasokkar

Mjúkir og þægilegir sokkar sem halda fótunum þurrum og hlýjum.

Stærðir: 39-43.



Nítrildýfðir vetrarhanskar

Góðir fóðraðir vetrarhanskar, liprir og með góðu gripi.

Stærðir: 9-11.



Prjónavettlingar

Þykkir prjónavettlingar úr ull og nælon. Góðir vetrarvettlingar.

Tvær stærðir.

Verslanir N1 um land allt

Akureyri S. 440 1420 • **Blönduós** S. 440 1339 • **Húsavík** S. 440 1448
Höfn S. 440 1462 • **Ísafjörður** S. 456 3574 • **Klettagarðar** S. 440 1330
Ólafsvík S. 436 1581 • **Patreksfjörður** S. 456 1245 • **Reyðarfjörður** s. 474 1293
Reykjanesbær S. 421 4980 • **Vestmannaeyjar** S. 481 1127

440 1000 **n1.is**

N1 ALLA LEIÐ

FRÉTTIR

Landbúnaðarháskóli Íslands:

Skordýr sem fóður og fæða

Við Landbúnaðarháskóla Íslands er unnið verkefni sem snýr að því að koma upp skordýraræktun hérlendis og skapa með því ný tækifæri í framleiðslu á fóðurhráefnum, áburðarefnum og jafnvel framtíðarfæðu. Verkefnisstjóri er Rúna Þrastardóttir, doktorsnemi við skólann.

Síðastliðið ár hefur Rúna framkvæmt grunnathuganir á möguleika skordýraræktunar hérlendis með áherslu á mjölorma og hermannaflugur. Prófaðar hafa verið mismunandi fóðurtegundir. Á vef LbhÍ segir að niðurstöður athugana séu jákvæðar og á þessu ári verði gerðar nákvæmari mælingar á hverju þroskastigi skordýranna fyrir sig. Þá er einnig ráðgert að bæta ræktunaraðstöðuna hjá Landbúnaðarháskólanum í samvinnu við iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild Háskóla Íslands.



Rúna Þrastardóttir.

Matvælaframleiðsla alþjóðleg áskorun

Rúna segir að hluti verkefnisins hafi verið að skoða samfélagslega vitund og viðhorf Íslendinga gagnvart skordýrum sem matvæli og fóður fyrir dýr verið kannað og verða niðurstöður birtar í grein á vormánuðum.

„Matvælaframleiðsla framtíðar er alþjóðleg áskorun þar sem íbúafjöldi heimsins fer ört vaxandi og yfir 10% af íbúum heimsins þjást af vannæringu. Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO, áætlar að til að mæta vaxandi þörf mannkyns þurfi matvælaframleiðsla að tvöfaldast fyrir árið 2050. Ein leið til þess að sporna gegn hungri og matarsóun er að framleiða skordýr með því að fóðra þau með lífrænum afgöngum sem falla til og koma þannig upp hringrásarframleiðslu. Rannsóknir hafa sýnt fram á að margar tegundir skordýra, meðal annars hermannaflugur og mjölormar, eru góð í að brjóta niður lífræn efni og mynda prótein og þar með endurnýta annars glatað næringarefni til framleiðslu á próteinum.

Mjölormar og hermannaflugulirfur eru jafnframt gott fóðurefni fyrir dýr þar sem næringargildi þeirra líkist mest þeim próteingjöfum sem notaðir eru í dag, soja- og fiskimjöli. Einnig hefur framleiðsla skordýramjöls minni umhverfisáhrif en aðrir hefðbundnir próteingjafar.“

Spennandi viðfangsefni

Að sögn Rúnu er því afar spennandi viðfangsefni að koma upp framleiðslu á skordýrum og nokkur fyrirtæki hafa þegar litið dagsins ljós í Evrópu sem eru ekki einungis að huga að fóðurhráefnum fyrir dýr heldur einnig sem matvæli. Auk þess sem Evrópusambandið lítur á skordýr sem umhverfisvæna framleiðslu á próteinum og hefur stutt við fjölda verkefna á því sviði.

Landbúnaðarháskóli Íslands hefur fengið úthlutaðan framhaldsstyrk upp á 1.500 þúsund krónur frá Uppbyggingarsjóði Vesturlands fyrir verkefnið og verkefnið hefur einnig hlotið styrk frá Orkurannsóknasjóði Landsvirkjunar. */VH*


Hermannafluga í eldi.




Ferska lambakjötið sem var kynnt á Skál. Mynd / Kristinn Magnússon

Brákarey:

Markaðssetning utan hefðbundins sláturtíma

Nýlega var Sláturhúsi Vesturlands í Borgarnesi veittur styrkur úr markaðssjóði sauðfjárafurða til markaðssetningar á fersku kindakjöti utan hefðbundins sláturtíma. Ferska kjötið er markaðssett undir vörumerkinu Brákarey.

Samstarfsaðilar í verkefninu eru, auk bænda og veitingamanna, Landbúnaðarháskóli Íslands og Material Nord ehf. Að sögn Eiríks Blöndal, stjórnarformanns sláturhússins, hefur þetta verkefni verið í undirbúningi í nokkurn tíma – en með þessum styrk sé ætlunin að auka enn frekar markaðssetninguna fyrir ferska kjötið.


Frá kynningu á ferska lambakjötinu á síðasta ári á veitingastaðnum Skál á Hlemmi. Eiríkur Blöndal, stjórnarformaður Sláturhúss Vesturlands, er hér á milli þeirra Guðrúnar Sigurjónsdóttur, bónda á Glitstöðum í Norðurárdal, og Gísla Matthíasar Auðunssonar, veitingamanns á Skál. Mynd / Kristinn Magnússon

Veitingahús í föstum viðskiptum

„Það má segja að þetta tilraunaverkefni hafi farið fyrir alvöru af stað síðasta vetur og við settum tvisvar ferskt lambakjöt á markað. Það reyndist bara frekar vel og hvatti okkur til að halda þessu áfram – og reyna að auka jafnvel framboðið til veitingahúsanna. Við höfum verið með valin veitingahús í föstum viðskiptum við okkur og reiknum með að halda því áfram, en veitingahúsin sækjast eftir því að fá lambakjöt í sérstökum gæðaflokki.

En þá þurfum við að markaðssetja vöruna betur og því sóttum við um þennan styrk,“ segir Eiríkur og reiknar með að það verði slátrað einu sinni í mánuði í vetur fyrir þennan markað.

Vel hangið kjöt

„Við vitum að veitingamennirnir vilja fá kjötið fullmeyrnað og því látum við það hanga vel hjá okkur eftir slátrun. Þetta kjöt stendur svo kröfuhörðum viðskiptavinum veitingahúsanna til boða og við fáum ágætlega greitt fyrir þessar afurðir okkar. En styrkurinn er sem fyrr segir hugsaður til að þróa frekari markaðssetningu á afurðunum. Þar erum við að hugsa um upprunatengingar líka svo sagan skili sér alla leið frá bænum þaðan sem kjötafurðin er komin,“ segir Eiríkur.

Hann segir að markmiðið sé ekki að stækka þetta verkefni mjög mikið, en samt sé vilji til að fá fleiri bændur og veitingamenn inn í það.


Sláturhús Vesturlands í Brákarey í Borgarnesi. Mynd / smh

Ekki bein samkeppni við „hefðbundið lambakjöt“

Að sögn Eiríks er þetta verkefni einhvers konar viðbragð við umræðunni um skort á þessari vöru og þörfinni á aukinni verðmætasköpun í landbúnaði.

„Eins hafa rannsóknir hjá Matís sýnt fram á sérstöðu slíkrar ferskvöru. Íslenskt lambakjöt hefur mjög verðmæta sérstöðu og í þessu verkefni er verið að nálgast afmarkaðan markhóp sem vill enn meiri sérstöðu. Það er mikilvægt að finna og þjónusta verðmætan hluta markaðarins,“ segir hann.

Þegar hann er spurður hvernig Brákarey muni fara að því að geta reglulega boðið upp á þessa vöru, hvort ekki þurfi að breyta framleiðslukerfinu með fleiri burðartímum, segir hann svo ekki vera. „Í raun erum við bara að lengja í tímabilinu. Við búum svo vel hér að við höfum lítið sláturhús sem við rekum í Borgarnesi, mannað með úrvals fólki sem býr hér í nágrenninu – og getum því slátrað hvenær sem er ársins.

Við þurfum hins vegar að semja við þá bændur sem taka þátt í þessu verkefni með okkur, að geyma gimbrar úr sláturtíðinni fram á veturinn og fóðra þær vel við góðar aðstæður.

Svo reynum við líka að flýta slátrun á sumrin fyrir hefðbundna sláturtíð – og lengja í þeim enda líka,“ segir Eiríkur Blöndal. */smh*

Taktu sprettinn með okkur

Sprettur
ÁBURÐUR

VERÐSKRÁ 2023

Áburðartegund	Kg CO2 pr. kg	N	P	K	Ca	Mg	S	Se	Na	B	Vatns uppl. P	Greitt fyrir 15. maí 3% afsl.	Greitt fyrir 15. okt
Sprettur N27	0,66	27			4,3	1,8						127.600	131.546
Sprettur+OEN N42+S+Selen	1,03	42					2	0,002				158.900	163.814
Sprettur 23-5+Sweet-Grass+Selen	055	23	2,2		3,0	1,2	2	0,0015	3,7		92%	130.900	134.948
Sprettur 25-5	0,66	25	2,2				2,5				92%	129.900	133.918
Sprettur 25-5+Avail+Selen	0,59	25	2,2		3,3	1,4	2,5	0,002			92%	135.900	140.103
Sprettur+OEN 38-8+Selen	0,97	38	4,0				3,0	0,0020			92%	163.900	168.969
Sprettur 23-6-6+Selen	0,56	23	2,6	4,9	3,0	1,2	2,0	0,0020			92%	136.900	141.134
Sprettur 22-6-3+Avail+Selen+Sweet Grass	0,61	22	2,6	2,5	2,8	1,2	2	0,0015	3		92%	136.900	141.134
Sprettur 20-5-13+Avail+Selen	0,61	20	2,2	11	2,4	1,2	2,5	0,0020			92%	142.900	147.320
Sprettur 20-6-7+Avail+Selen+Sweet Grass	0,58	20	2,6	5,8	2,5	1,2	2	0,0015	3		92%	135.900	140.103
Sprettur 20-10-10+Selen	0,67	20	4,4	8,3	2,2	1,2	2,5	0,0015			92%	141.900	146.289
Sprettur+ OEN 25-12-12+Polysulphate+Selen	0,76	25	5,2	10	1,6	0,5	3	0,0015			92%	154.900	159.691
Sprettur 27-6-6	0,94	27	2,6	4,9			2				92%	137.900	142.165
Sprettur 27-6-3+Selen	0,96	27	2,6	2,9	1,4	0,6	2	0,002			92%	135.700	139.897
Sprettur+OEN 27-8-3+Poly+Selen+Sweet Grass	0,78	27	3,5	2,5	2,6	0,8	4	0,002	3,7		92%	139.900	144.227
Sprettur 16-15-12	0,56	16	6,5	10	1,3	0,5	2,5				92%	139.900	144.227
Sprettur+ OEN 20-18-15+Polysulphate	0,68	20	7,8	12	1,3	0,4	3				92%	154.900	159.691
Sprettur 12-11-20+AV+Polysulphate+Bór	0,47	12	4,8	17	4,3	1,2	6,7			0,02	92%	139.900	144.227
Sprettur DAP	0,70	18	20								92%	169.900	175.155
Calciprill	0,24				36,4	0,1						54.900	56.598

NUTRI-CO2OL er kolefnisspor Spretts áburðar gefið upp sem kg af vöru og nær yfir alla þætti framleiðslunnar, umbúða og flutninga til bænda á Íslandi. Kolefnisspor framleiðslunnar hefur verið staðfest af óháðum aðila, ADAS samkvæmt PAS 2050.

Öll verð eru í íslenskum krónum pr. tonn og án vsk. - Birt með fyrirvara um prentvillur - Verðlisti getur breyst án fyrirvara.

Við erum um land allt og þjónustum þig með ánægju



Sölustjóri
Lúðvík Bergmann
Sími: 444 3009 / Gsm: 840 3009
bergmann@skeljungur.is



Austurland og Austfirðir
Jón Björgvin Vernharðsson
Gsm: 862 0166
jonbvernhards@gmail.com



Dalir og Reykhólasveit
Anna Berglind Halldórsdóttir
Magnússkógum, Búðardal
Gsm: 895 0559
annaoglolli@gmail.com



Norðausturland
Hallgrímur Hallsson
Sími: 464 1067 / Gsm: 893 4094
hallgrimurh@simnet.is



Borgarfjörður og Snæfellsnes
Sigurjón Helgason
Mel
Gsm: 867 8108
melursf@gmail.com



Vestur Húnavatnssýsla
Jón Benedikts Sigurðsson
Böðvarshólum, Hvammstanga
Gsm: 697 5717
jbs2101@gmail.com



Hornafjörður og Suðausturland
Eyjólfur Kristjónsson
Ási
Gsm: 840 8871
harpaey@simnet.is



Norðurland vestra
Þorgils Sævarssson
Gsm: 787 3994
1967duddi@gmail.com



Árnessýsla
Reynir Þór Jónsson
Gsm: 898 0929
reynirhurdarbaki@gmail.com



Eyjafjörður
Karl Heiðar Friðriksson
Brekku, Dalvík
Gsm: 867 6417
brekka80@simnet.is



Rangárvalla- og V-Skaftafellssýsla
Berglind Gunnarsdóttir
Ey1, Hvolsvöllur
Gsm: 899 9806
ey1@simnet.is



Eyjafjörður
Reynir Sverrir Sverrisson
Eyjafjörður
Gsm: 866 0921
reynirs68@gmail.com

Fylgstu með okkur á Facebook / Sprettur áburður

Sími 444 3000 / sala@skeljungur.is

Skelungur efh. | Sími 444-3000 | Skútuvogur 1 | 104 Reykjavík | skeljungur@skeljungur.is

Skeljungur
Traustur félagi!

Í DEIGLUNNI



Borgar Páll Bragason, fagstjóri á rekstrar- og umhverfissviði Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins.

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins:

Bændur áhugasamir um jarðrækt og betri nýtingu áburðar

Frá síðasta vori hefur á jarðræktarsviði Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins (RML) verið unnið að verkefni sem miðar að bættri áburðarnýtingu í landbúnaði á Íslandi. Unnið er að verkefninu með stuðningi matvælaráðuneytisins í kjölfar tillagna spretthópsins frá því í júní á síðasta ári, vegna alvarlegrar stöðu í matvælaframleiðslu á Íslandi.

RML fékk þannig hlutdeild í jarðræktarstuðningi stjórnvalda í febrúar á síðasta ári vegna hækkunar áburðarverðs, um 50 milljónir úr 700 milljóna króna potti til að leita leiða um bætta nýtingu áburðar og möguleika á því að draga úr notkun á tilbúnum áburði. „Við gerðum samning við matvælaráðuneytið um bætta áburðarnýtingu í landbúnaði síðasta vor.

Sá samningur byggir fyrst og fremst á meiri þunga á jarðræktarráðgjöf í okkar starfi og með markmiðum um meiri gögn, til dæmis með hey- og jarðvegssýnum, til að byggja á allar áætlanir um bætta nýtingu áburðarefna," segir Borgar Páll Bragason, fagstjóri á rekstrar- og umhverfissviði Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins.

Vegvísir um bætta nýtingu lífrænna efna

Borgar segir að í kjölfar undirritunar samningsins við ráðuneytið hafi þrír jarðræktarráðunautar verið ráðnir til starfa hjá RML, þau Elena Westerhoff, Baldur Örn Samúelsson og Sigurður Max Jónsson, sem bætast við reynslumikinn hóp sem er fyrir.

Teymið hafi farið í tvær umfangsmiklar hringferðir um landið með fræðslufundi um bætta nýtingu áburðar. Fyrst í apríl og svo aftur núna í nóvember.

> Við gerðum samning við matvælaráðuneytið um bætta áburðarnýtingu í landbúnaði síðasta vor. Sá samningur byggir fyrst og fremst á meiri þunga á jarðræktarráðgjöf í okkar starfi og með markmiðum um meiri gögn, til dæmis með hey- og jarðvegssýnum, til að byggja á allar áætlanir um bætta nýtingu áburðarefna."

„Samningurinn er til tveggja ára en skilar sér í raun til mun lengri tíma," segir hann.

„Við höfum einnig unnið talsvert í vegvísi um bætta nýtingu lífrænna efna sem er að fara í samráðsgátt stjórnvalda, undirbúið bændahóparáðgjöf í samstarfi við Anu Ellä, grasræktarráðgjafa hjá ProAgria í Finnlandi, og fyrstu tveir hóparnir byrja núna í febrúar. Þá hefur þátttakendum í Sprotanum fjölgað sem er ráðgjafarpakki hjá okkur í jarðrækt."

Aukinn áhugi bænda á jarðrækt

„Það er greinilegur aukinn áhugi bænda á jarðrækt og að leita leiða við að nýta allan áburð sem best og þá ekki síst búfjáráburðinn," segir Borgar. „Það sýnir sig meðal annars í aukinni þátttöku í Sprotanum sem meðal annars innifelur sýnatöku og áburðaráætlun, en þeim fjölgaði um tíu á síðasta ári og þar eru núna um 70 þátttakendur.

Bændur eru duglegri við að efnagreina hjá sér bæði hey og jarðveg sem nýtist vel til að leiðbeina sem best um kölkun og áburðargjöf. Í sumum tilfellum sjáum við tækifæri í því að draga úr áburðargjöf en oft þarf að huga að endurræktun, kölkun, viðhaldi framræslu og tækjabúnaði við dreifingu. Mikið til snýst þetta um að finna leiðir með bændum sem geta gengið upp fjárhagslega, án þess þó að verið sé að spara til skaða.

Þátttaka bænda á fundunum í haust var almennt mjög góð. Við hvöttum áburðarsalana til að koma á fundina sem og þeir gerðu sem var mjög gott fyrir umræður eftir fyrirlestrana. Við höfum fengið mjög jákvæð viðbrögð frá bæði bændum og áburðarsölum eftir þessa fundi og við stefnum á að endurtaka leikinn að ári."

Farvegurinn fyrir lífræna úrganginn

Að sögn Borgars verða stóru málin varðandi farveginn fyrir nýtingu á lífrænum efnum, til framleiðslu á lífrænum áburði, tekin til umfjöllunar í áðurnefndum vegvísi sem von er á fljótlega inn í samráðsgátt stjórnvalda.

„Þetta skýrist á næstu dögum, en RML hefur fyrst og fremst komið með faglegt innlegg í þessa vinnu sem hefur reynst mjög mikilvægt. Við höfum lagt áherslu á að lífræn efni sem eru auðnýtanleg sem áburðarefni í landbúnaði verði fyrst og fremst nýtt þar og hvatar verði þá frekar í þá átt að þau efni sem innihalda minni áburðarefni verði nýtt til landgræðslu."

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, þáverandi umhverfis- og auðlindaráðherra, lagði árið 2021 fram stefnu sína í úrgangsmálum, Í átt að hringrásarhagkerfi", fyrir árin 2021 til 2032. Nú starfar stýrihópur Guðlaugs Þórs Þórðarsonar umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra að því að vinna að framgangi stefnunnar. Borgar segir að þýðingarmikill hluti hennar sé að ná betri árangri við nýtingu á lífrænum efnum. Með lagabreytingu sem tók gildi um síðustu áramót er bannað að urða tiltekinn lífrænan úrgang, í þeim tilgangi að koma í veg fyrir myndun metans þegar úrgangurinn rotnar við urðunina, sem veldur skaðlegum loftslagsáhrifum.

Með því að minnka sóun lífrænna efna aukist möguleikarnir á nýtingu þeirra umtalsvert, sérstaklega til skemmri tíma í landgræðslu og til lengri tíma litið einnig í landbúnaði. */smh*

FISKRÆKTARSJÓÐUR
Salmonid Enhancement Fund

STYRKIR 2023

Fiskræktarsjóður starfar á grundvelli laga nr. 72/2008, með síðari breytingum. Meginhlutverk sjóðsins er að veita lán eða styrki til verkefna sem þjóna þeim markmiðum að efla fiskrækt, bæta veiðiaðstöðu, styðja við rannsóknir í ám og vötnum og auka verðmæti veiði úr þeim.

Umsóknarfrestur um lán og styrki úr Fiskræktarsjóði, sem koma til greiðslu árið 2023, er til og með 1.mars 2023. Þeir sem fengið hafa styrk úr sjóðnum og sækja aftur um vegna sama verkefnis, skulu skila inn framvinduskýrslu með nýrri umsókn.

Athugið breytt umsóknarferli
Sótt er um styrkveitingu úr Fiskræktarsjóði rafrænt á heimasíðu Fiskistofu í gegnum umsóknagátt. Umsóknina má finna á www.fiskistofa.is undir þjónusta og velja þar „Fiskræktarsjóður".

Einungis verður tekið við umsóknum í gegnum umsóknagáttina. Hvorki verður tekið við umsóknum í tölvupósti né á pappírsformi.

Á heimasíðu Fiskistofu má nálgast verklagsreglur sjóðsins. Einnig er hægt að hafa samband við Höllu Björk Garðarsdóttur, starfsmann Fiskistofu, í síma 569 7900.

Hrein íslensk fæðubót **frá Eylíf**

Eylíf vörurnar fást í öllum apótekum, Hagkaup, Krónunni, Heilsuhúsinu, Fjarðarkaupum og Nettó

Ókeypis heimsending á eylif.is ef keypt er fyrir 7000 kr eða meira



Einar Bárðarson

Active JOINTS frá Eylíf hefur gjörbreytt leiknum fyrir mig

„Ég, eins og aðrir sem komnir eru á minn aldur og stunda hreyfingu, var farinn að finna fyrir stirðleika í liðamótum og sting í hnjánum sem reynir oft mest á þegar klumpar eins og ég eru að reyna að skoppa. Svo varð mér til happs að ég sá auglýsingu þar sem mér eldri maður, en ágætis kunningi minn, hann Hartmann hjólari, talaði um hversu ánægður hann væri með bætiefnið **Active JOINTS** frá Eylíf. Í kjölfarið fór ég og keypti mér glas af **Active JOINTS** og hef eiginlega ekki sleppt úr degi, rúmlega hálfu ári síðar.“ Þetta segir Einar Bárðarson, framkvæmdastjóri Votlendissjóðsins og tónlistarmaður. „Ég fann eiginlega strax mun daginn eftir og keypti mér líka **Happier GUTS** frá Eylíf en bæði efnin hafa reynst mér mjög vel. Ég hef nú prófað eitt og annað í gegnum tíðina og konan mín myndi örugglega segja að henni fyndist fullmikið af nýopnuðum dósum af allskonar heima, því ég er alltaf að leita að einhverju sniðugu, sem svo virkar sumt en flest ekki, en þetta virkar svo sannarlega vel og ég gæti ekki verið ánægðari með vöruna,“ segir Einar. Hann er mikið á faraldsfæti í lífi sínu og starfi. „Ég hjóla mikið og labba, passa að ganga upp og niður stiga í stað þess að taka lyftuna og finnst **Active JOINTS** hafa gjörbreytt leiknum fyrir mig. Fyrir mann eins og mig, sem er í yfirvigt, og þótt ég hafi oft verið í meiri yfirvigt en ég er í dag, þá fylgir mikilli hreyfingu áreynsla á hnén. Ég fann alltaf fyrir seiðingi og sting í hnénu en það er bara alveg farið. Því duga engar afsakanir lengur; bara gjöra svo vel að fara út að hreyfa sig og núna er það bara gaman.“

Einar fer fyrir Votlendissjóði og því fylgir bæði ferðalög og flakk

„Í vinnunni geng ég mikið úti í náttúrunni til að skoða mýrlendi og þá þyngist oft labbið í þýfnum og blautum jarðvegi og mikið um skröngl og brölt, en nú finn ég ekkert fyrir því. Áhugamálið felst svo í því að ég og smá hópur í kringum mig höldum íþrótta- og afþreyingamót fyrir fólk á miðjum aldri, svo sem hjólamót, utanvegahlaup og hitt og þetta, og því fylgir líka undirbúningur við að skoða leiðir og þvælast á vettvangi, því á einni slíkri keppnishelgi þarf að djöflast um og labba fleiri tugi kílómetra, og þá er ekki verra að vera með liðina vel smurða,“ segir Einar ánægður með árangurinn. „Þegar maður hefur glímt við óþægindi og er í yfirvigt er ríkt í manni að reyna að komast hjá því að hreyfa sig af því maður veit að því fylgir áreynsla og vont nudd á hnjám, en þegar hverfur, eins og hefur gerst hjá mér með **Active JOINTS**, þá tekur smá tíma að sannfæra hausinn um að kvíða því ekki lengur að hlaupa upp í móti eða skjótast það sem þarf. Hausinn þarf að venjast því að hafa ekki lengur áhyggjur af óþægindum en svo kemur að því að hann segir: „Þetta verður allt í lagi; óþægindin eru farinn. Gott! Hlaupum bara af stað!“ og þá gerir maður einmitt það,“ segir Einar kátur.

Mælir hiklaust með Active JOINTS og Happier GUTS

Einar segir mikinn lífsstílsléttti að finna ekki lengur seiðing né sting í hnjánum og hann er ekki frá því að **Active JOINTS** hafi góð áhrif á fleiri liði líkamans. „Svei mér ef ég er ekki líka orðinn fimari í fingrunum því ég er farinn að setjast oftar niður með gítarinn og kannski það sé **Active JOINTS** af þakka. Hver veit nema maður semji jólalag,“ segir hann glettinn og hlær. „Undanfarin ár hef ég verið heldur rólegri í tónlistinni en ég vildi, en nú er ég aðeins farinn að spá og spekúlera meira og í febrúar ætla ég að halda kassagítarstónleika hér og þar á landinu með þeim sem hafa gert flest lögin mín þekkt. Þar tökum við lagið ég og Gunni Óla, Magni, Skímó og kannski Klara í Nælon; fyrst og fremst okkur til skemmtunar og þeim sem hafa gaman af því að hlusta á okkur,“ segir Einar, fullur tilhlökkunar og létt að laus við óþægindin.

„Ég mæli hiklaust með **Active JOINTS** og **Happier GUTS** frá Eylíf og svo finnst mér ekki verra að vita til þess að bætiefnin frá Eylíf eru framleitt hér heima; úr íslenskum hráefnum úr hreinni, íslenskri náttúru.“

Vörulínan frá Eylíf

Vörulínan Eylíf býður upp á fimm vörur, **Active JOINTS, Stronger BONES, Smoother SKIN & HAIR, Happier GUTS** og nýjasta varan er **Stronger LIVER**, allt vörur sem hafa reynst fólki vel.

Vörurnar eru unnar úr hreinum, íslenskum hráefnum, engum aukaefnum er bætt við og framleiðslan er á Grenivík.

Íslensku hráefnin sem notuð eru í allar Eylíf vörurnar eru:

- Kalkþörungar frá Bíldudal
- Smáþörungar (Astaxanthin) frá Reykjanesbæ
- GeoSilica frá Hellisheiði
- Kollagen frá Sauðárkróki
- Kítósan frá Siglufirði
- Íslenskar jurtir handtíndar frá fjölskyldufyrirtæki í Hafnarfirði



Margrét Ágústsdóttir

65 ára og stundar þríþraut að kappi

Margrét Ágústsdóttir er ótrúleg ofurkona þegar kemur að hreyfingu. Hún stundar þríþraut af kappi og lætur það ekki á sig fá að hún verður 65 ára í haust. Til að verja liði tekur hún **Active JOINTS** frá Eylíf.

Margrét segist vera búin að stunda þríþraut í ellefu ár en því fylgir mikið álag á líkamann. „Á þessum aldri og eftir miklar líkamlegar æfingar í gegnum árin þurfti ég að finna eitthvað sem héldi liðamótunum góðum. Ég var búin að prófa ýmislegt þegar ég rambaði á **Active JOINTS** frá Eylíf fyrir svona tveimur árum. Síðan hef ég ekki fundið fyrir neinu í liðunum. **Active JOINTS** virkar svona vel fyrir mig. Þess vegna finnst mér í góðu lagi að mæla með því fyrir aðra.

Ég vil að fólk viti af þessu fæðubótarefni

„Ég var farin að finna fyrir eymslum í liðunum eftir strangar æfingar, sérstaklega á morgnana þegar ég fór fram úr. Ég finn ekki fyrir því lengur. Að keppa og æfa mikið fylgir meiðslahætta. Ef það gerist þarf að slaka aðeins á, ég fer til sjúkraþjálfara og passa upp á mig,“ heldur Margrét áfram. „Fyrir tveimur árum náði ég mér í beinmar í hné og þarf stundum að nota spelku frá Össuri ef ég finn mikið fyrir því. Liðirnir eru fínir og það þakka ég **Active JOINTS**.“

Margrét tekur þrjú hylki af **Active JOINTS** frá Eylíf á morgnana eins og mælt er með. „Ég fann mjög fljótlega eftir að ég byrjaði að taka **Active JOINTS** að liðleikinn var allt annar. Ég er því ákveðinn í að halda áfram að taka **Active JOINTS**. Mér finnst mikill plús að **Active JOINTS** er íslenskt fæðubótarefni með hreinum efnum úr okkar náttúruauðlindum.“

Hrein íslensk óerfðabreytt hráefni
Íslensk framleiðsla
Heilsan er dýrmætust

Fæðubótarefni kemur ekki í staðinn fyrir fjölbreytta fæðu. Ekki ætlað börnum eða barnshafandi konum. Ekki er ráðlagt að taka meira en ráðlagður dagskammtur segir til um. Geymist þar sem börn ná ekki til.



EYLÍF

NYTJAR HAFSINS

Framtíðarhorfur í fiskeldi



Guðjón Einarsson
gudjone3@gmail.com

Ef hugmyndir um stóraukið fiskeldi hér á landi á næstu 15-20 árum verða að veruleika er áætlað að útflutningsverðmæti eldisafurða geti orðið um 450 milljarðar króna á ári, sem er töluverð hærri upphæð en fæst fyrir allt útflutt sjávarfang frá Íslandi núna.

Þetta er mat Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) sem birti í síðustu viku greinargerð um framtíðarhorfur í fiskeldi hér á landi. Þar er ekki talið óraunhæft að horfa til þess að eftir tæpa tvo áratugi geti framleiðslan í sjó- og landeldi verið komin upp í 550 þúsund tonn á ári en til samanburðar má nefna að framleiðslan á síðasta ári nam 45 þúsund tonnum. Aukningin yrði þannig tólfföld á við það sem við þekkjum í dag.

Stjórnvöld boða stefnumörkun

Rétt er þó að minna á að stjórnvöld hafa enn sem komið er ekki lagt fram neinar áætlanir um umfang fiskeldis í framtíðinni en í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar er boðað að mótuð verði heildstæð stefna um uppbyggingu, umgjörð og gjaldtöku fiskeldis. Í tengslum við það hefur matvælaráðuneytið fengið ráðgjafarfyrirtækið Boston Consulting Group til þess að vinna að úttekt á stöðu og framtíð lagareldis á Íslandi.

Könnun: Hámark laxeldis í sjó

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi fengu nýlega ráðgjafarfyrirtækið McKinsey til að vinna greiningu á meðal annars tækifærum til uppbyggingar fiskeldis við Íslandsstrendur og var niðurstaðan kynnt á ársfundi SFS í fyrravor. Við greiningarvinnuna var lagt mat á fræðilegt hámark laxeldis í sjó við Íslandsstrendur með því að draga saman þá landfræðilegu eiginleika sem einkenna góð sjókvíasvæði við Noregsstrendur og leita samsvarandi svæða við Íslandsstrendur. Niðurstaðan varð sú að fræðilega gætu þessi svæði staðið undir framleiðslu á 4,4 milljónum tonna af eldisfiski.

Ekki hagnýtanleg svæði í reynd

Þó var tekið skýrt fram að því færi fjarri að þessi svæði væru öll hagnýtanleg í reynd. Fyrst þyrfti að undanskilja friðlýst náttúrusvæði og staðsetningar sem ekki hentuðu vegna skipaumferðar, nálægðar við hafnarsvæði og árósa þar sem laxagengd væri til staðar og bannsvæða sem lokuð væru fyrir eldi frjórra laxa í sjó á grundvelli villtra nytjastofna. Að þessu undanskildu stæðu eftir svæði sem gætu staðið undir 1,1 milljónar tonna heildarframleiðslu, að mati skýrsluhöfunda.

1,1 milljón tonn óraunhæft markmið

Í greinargerð SFS segir að þrátt fyrir að tilgreind svæði kunni að teljast hagfelld út frá fyrrgreindum viðmiðunum, þá megi ætla að heildarframleiðsla upp á 1,1 milljón tonn sé óraunhæft markmið ef horft sé til skemmri eða meðallangs tíma. Fjárfestingin yrðu of áhættusöm og hraðinn of mikill fyrir fyrirtæki, stjórnsýslu og þjónustu, auk þess sem taka yrði tillit til mögulegra áhrifa á hrygningar- og veiðisvæði helstu nytjastofna.

Að teknu tilliti til þess sem að framan greinir telur SFS ekki óraunhæft að horfa til þess að á næstu 15-20 árum megi byggja upp atvinnugrein í fiskeldi með um 550 þúsund tonna framleiðslu á landi og í sjó, eins og áður kom fram, sem gæfi um 450 milljarða króna í útflutningsverðmæti.

Sjókvíaeldi umdeilt

Ekki þarf að fara mörgum orðum um það að sjókvíaeldi á Íslandi er umdeilt. Þeir sem meðmæltir eru eldinu benda á að fiskeldið hafi verið lyftistöng efnahagslega og atvinnulega í viðkomandi byggðarlögum. Þeir sem gagnrýna sjókvíaeldið segja á móti að villtum laxastofnum standi hætta af eldislaxi sem sleppi úr kvíum, sjávarmengun og sjónmengun fylgi sjóeldinu, dýravelferðar sé ekki gætt sem skyldi og eignarhald stærstu fyrirtækjanna sé að mestu í höndum útlendinga.

Er landeldi lausnin?

Á síðustu árum hefur áhugi manna, bæði hérlendis og erlendis, aukist á laxeldi á landi sem kannski gæti leyst eitthvað af þeim vandamálum sem fylgja sjóeldi.

Samkvæmt upplýsingum SFS stefna fimm fyrirtæki að framleiðslu á laxi í landeldi. Þau eru Landeldi ehf. í Ölfusi, GeoSalmo í Ölfusi (einnig með áform í Vogum), Fiskeldi Ölfuss í Ölfusi, Sjálfbært fiskeldi í Vestmannaeyjum og Samherji fiskeldi á Reykjanesi (sem er nú þegar einnig í Öxarfirði). Gróft á litið eru fyrirtækin í Ölfusi með áætlanir um 20.000 tonna framleiðslu hvert, fyrirtækið í Eyjum með 10.000 tonn og Samherji með 40.000 tonn.

Í samantekt SFS segir að áform um landeldi séu mislangt á veg komin en ef öll verkefnin gangi eftir gæti ársframleiðsla á eldisfiski numið hátt í 160 þúsund tonnum.

Kjöraðstæður á suðvesturhorni landsins

Bent er á að það sé engin tilviljun að áform um uppbyggingu landeldis sé mestmegnis á suðvesturhorni landsins, þ.e. í Ölfusi og á Reykjanesi, auk Vestmannaeyja. Á þessum stöðum er að finna gott aðgengi að jarðsjó og á Reykjanesi er jarðhiti sem gefur af sér heitt affallsvatn, bæði úr Reykjanesvirkjun og úr orkuveri í Svartsengi sem nýta má við eldið.

Aðrir jákvæðir þættir eru aðgangur að ferskvatni, umhverfisvæn orka og nálægðin við höfnina í Þorlákshöfn og Keflavíkurflugvöll. Á þessum svæðum er líka mikil þekking á vinnslu sjávarfangs.

Laxeldi nær eingöngu sjókvíaeldi núna

Í skýrslu sem Leó Alexander Guðmundsson, líffræðingur á Hafrannsóknastofnun, birti í september síðastliðnum um landeldi á laxi er bent á að laxeldi í heiminum sé nær eingöngu stundað í sjókvíum og sé það víða umdeilt vegna umhverfisáhrifa. Í sumum löndum hafi hægt á vexti í framleiðslu af þeim sökum. Landeldi hafi verið kynnt sem möguleg lausn á helstu umhverfisvandamálum laxeldis en skoðanir hafi verið skiptar um framtíðarmöguleika þeirrar aðferðar.

Landeldi laust við sjúkdómsvalda

Leó segir að aðstæður til landeldis séu einstakar á Reykjanesskaga (Reykjanes/Ölfus) vegna jarðsjávar sem þar sé að finna. Einn af kostunum við að nota jarðsjó í eldi sé sá að hann geti verið laus við alla sjúkdómsvalda. Því skapist möguleikar á að sleppa dýrum hreinsibúnaði og bólusetningum. Hin hliðin á jarðhitaauðlindinni (raforka/heitt affallsvatn) sé hættan af eldgosum. Talið er að eldgosatímabil geti mögulega verið hafið á Reykjanesi og orkuverið í Svartsengi jafnvel í hættu.

Stóraukinn áhugi á landeldi á heimsvísu

Í skýrslu Leós kemur fram að á nokkrum árum hafi áhugi á landeldi á laxi stóraukist í heiminum. Samkvæmt samantektum greiningaraðila og annarra um framtíðaráform fyrirtækja í landeldi á laxi námu þau 150.000 tonnum árið 2017 en sú tala var komin upp í tvær milljónir tonna árið 2021. Leó segir að flestir sérfræðingar séu þó sammála um að framleiðsla úr landeldi komi ekki í stað sjókvíaeldis heldur verði viðbót við sístækkandi markað fyrir lax.

Hvernig bregst markaðurinn við?

„Ef áætlanir um framleiðslu í landeldi ganga eftir, hvernig mun markaðurinn þá bregðast við?“ spyr Leó í grein sinni og heldur áfram: „Verður eldislaxinn auglýstur sem landeldislax (hérlendis er allur gangur á því) og reynt að aðgreina hann frá laxi úr sjókvíaeldi á grundvelli náttúruverndarsjónarmiða og seinna meir á grundvelli dýravelferðarsjónarmiða? Ef svo er mætti eins búast við samkeppni milli landeldislax frá ólíkum framleiðendum, þar sem þættir eins og hlutfall endurnýtingar vatns og losun næringarefna og gróðurhúsalofttegunda út í umhverfið gætu skipt máli.“

Þróunin er hröð en mörgum spurningum er enn ósvarað.



Seiðaeldi lax til sjókvíaeldis. Mynd / VH



Tölvugerð mynd af fyrirhugaðri landeldisstöð Samherja á Reykjanesi, sem byggja á í áföngum upp í 40 þúsund tonna framleiðslugetu. Mynd / Af vef Samherja

Stórtæk áform í Noregi

Fiskeldi í Noregi hefur vaxið hröðum skrefum á undanförnum áratugum og er fyrir löngu farið að skila margfalt meiri verðmætum en veiðar á villtum fiski í sjó.

Á nýliðnu ári fór útflutningsverðmæti á eldislaxi í Noregi í fyrsta sinn yfir 100 milljarða norskra króna, eða sem svarar 1.500 milljörðum íslenskra króna. Það jafngildir ríflega fjórföldum útflutningsverðmætum íslenskra sjávarafurða á árinu 2022.

Norsk stjórnvöld hafa sett sér það markmið að auka framleiðslu á laxi og regnbogasilungi í samanlagt 5 milljónir tonna fyrir árið 2050 sem jafngildir ríflega þreföldun á núverandi framleiðslu.




limtrevirnet.is

STEINULLAR-EININGAR

Hagkvæm íslensk lausn







- Íslensk, CE vottuð framleiðsla
- Hægt að afhenda með hönnun og teikningum til samþykktar hjá byggingafulltrúa.
- Henta vel í útveggi, þök og hvers konar milliveggi.
- Henta vel t.d. í fjós, reiðskemmur, íþrótta- og iðnaðarhús.
- Hagstætt verð og fljótleg uppsetning.
- Samþykktar fyrir EI60 milliveggi.

LímtréVirnet

ÍSLENSKT gjörið svo vel

Aðalnúmer: 412 5300 | Söludeild: 412 5350 | Netfang: sala@limtrevirnet.is
Söluskrifstofur: Lynghálsi 2, 110 Reykjavík | Borgarbraut 74, 310 Borgarnesi

HAGTÖLUR LANDBÚNAÐARINS




Samband neysluverðs og framleiðsluverðs í matvælum


Bændur og hinn almenni neytandi hafa lengið staðið bökum saman við að tryggja sanngjarnt verðlag á Íslandi með aðhaldi við endursöluaðila.

Ósanngjarnt þætti ef hógvært framleiðsluverð bænda myndi enda sem sífellt minni hluti af endursöluverðinu vegna álagningar milliliða.

Þó erfitt sé að fullyrða um álagningu heildsala og endursöluaðila er hægt á góðan hátt hægt að fylgjast með fylgni framleiðsluverðs og neysluverðs matvæla og er hughreystandi að sjá hversu mikil fylgnin er þar á milli, bæði í tilfelli verðhækkana og -lækkana.

Allt frá árinu 2015 hafa vísitölur framleiðsluverðs og neysluverðs matvæla haldist mjög þétt að. Ef rýnt er betur í þróun síðastliðins árs sést að sambandið þarna á milli er enn þá sterkt.







Einnig er þess virði að rýna í breytingar á afurðaverði til bænda í samhengi við þróun neysluverðs og framleiðsluverðs.


Ef skoðaðar eru breytingar á milli ára á vísitölu neysluverðs matvæla og framleiðsluverðs matvæla og þær bornar saman við breytingar á afurðaverði til bænda á dilkakjöti, nautgripakjöti og mjólkur, sést að þótt sveiflurnar séu oft og tíðum miklar þá jafna þær sig út og meðalfrávikið er lítið.




Á undanförnum sex árum hefur afurðaverð til bænda í þessum þremur vöruflokkum hækkað að meðaltali um 0,4% umfram vísitölu framleiðsluverðs matvæla og 0,1% umfram vísitölu neysluverðs matvæla.

Það hafa því vissulega komið tímar þar sem endursöluverð hefur hækkað umfram afurðaverð og svo hefur það leiðrétt sig.

Sambandið er nokkuð jafnt þegar horft er til lengri tíma og bendir það til þess að samband framleiðsluaðila og endursöluaðila hafi haldist tiltölulega óbreytt á tímabilinu sem um ræðir, þ.e. verð er ekki að hækka né lækka umfram afurðaverð nema til skamms tíma, sem getur þó hlaupið á árum, sem hefur síðan fengið leiðréttingu.





Markaðir

Evra
€
156,1 kr

USD
$
143,76 kr

Pund
£
176,65 kr

95 okt bensín
323,1286 kr

Díesel
332,2662 kr

Mjólk (USD/100 pund)
19,43 USD

Korn (USD/sekkur)
6,8 USD

Kartöflur (EUR/100 kg)
29,7 EUR

Ull (AUD/100 kg)
1339 AUD

Ostur (USD/pund)
1,98 USD

Smjör (EUR/tonn)
5000 EUR

Njóttu lífsins í góðum félagsskap.

Porsche Cayenne Platinum E-Hybrid.

Eigum bíla til afhendingar.



Porsche Cayenne E-hybrid Plug-in: **Hestöfl:** 462 | 700 Nm | **Hröðun:** 5.1 sek. 0-100 km klst. | **Fjórhjóladrif:** Læstur millikassi | **Afturdrif:** Læst | **Dráttargeta:** 3,5 tonn

PORSCHE

Bílahúð Benna

Porsche á Íslandi | Krókhálsi 9 | 110 Reykjavík | S: 590 2000 | porsche.is | Opið virka daga frá 9:00 til 17:00 | Opið laugardaga frá 12:00 til 16:00

FRÉTTASKÝRING

Bannað að urða lífrænan úrgang frá síðustu áramótum:

Verðmæt næringarefni fara inn í hringrásarhagkerfið

– Fá sveitarfélög hafa þegar innleitt löggjöfina í sína sorphirðu

Bann við urðun á niðurbrjótanlegum úrgangi tók gildi hér á landi 1. janúar síðastliðinn. Frumvarp Guðmundar Inga Guðbrandssonar umhverfis- og auðlindaráðherra þess efnis var samþykkt á vorþingi 2021.

Hin nýja löggjöf er innleiðing Evróputilskipana frá 2018 sem eiga að skapa skilyrði fyrir myndun hringrásarhagkerfis. Þær tilskipanir kveða meðal annars á um sérsöfnun á lífrænum úrgangi, til að koma í veg fyrir að verðmæti í formi næringarefna hverfi úr hagkerfinu sem úrgangur og til að minnka losun gróðurhúsalofttegunda.

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is



Í nýju lögunum er hugtakið „lífúrgangur“ notað um þann lífræna úrgang sem flokka þarf sérstaklega til moltugerðar. Lífúrgangur er þannig fyrst og fremst matar- og eldhúsúrgangur, sem brotnað getur niður fyrir tilstilli örvera. Hugtakið „lífrænn úrgangur“ er víðfeðmara og nær yfir úrgangsflokka eins og timbur, húsdýraáburð, sláturúrgang, pappír, pappa og ýmislegt fleira sem ekki er lífúrgangur, en er einnig óheimilt að urða.

Fá sveitarfélög innleitt löggjöfina

Fá sveitarfélög hafa innleitt löggjöfina í sína sorphirðu. Þó hefur almenningi og lögaðilum verið skylt að flokka lífúrgang sérstaklega frá áramótum.

„Sveitarfélög eru um þessar mundir að innleiða nýjar flokkunartunnur og það er við því að búast að það taki einhvern tíma. Þangað til það gerist höldum við auðvitað áfram að flokka úrgang í þær tunnur sem bjóðast eftir bestu getu. Við erum öll í þessu saman. Einhver sveitarfélög eru nú þegar langt komin eða jafnvel búin að innleiða nýjar flokkunartunnur sem er frábært. Önnur sveitarfélög eru að detta inn á næstu mánuðum en engin sveitarfélög ættu að vera mikið seinni en það. Nú eru flest sveitarfélög bara að bíða eftir tunnum,“ segir Jóhannes B. Urbancic Tómasson, sérfræðingur á sviði loftslagsmála og græns samfélags hjá Umhverfisstofnun.

Skylda sveitarfélaganna að ákveða fyrirkomulag söfnunar

„Aðkoma Umhverfisstofnunar er fyrst og fremst að greiða fyrir innleiðingu laganna. Við höfum gefið út handbók fyrir sveitarfélög um úrgangsmál og höldum uppi fræðslu fyrir almenning og fyrirtæki.

Umhverfisstofnun fer með eftirlit með framkvæmd laga um meðhöndlun úrgangs þannig að aðkoma okkar er líka í eftirfylgni með lögunum, ekki bara innleiðingunni,“ segir Jóhannes.

Hann játar því að almenningi sé óheimilt að henda lífúrgangi í óflokkaða ruslatunnu, en hvað ef engar tunnur eru í boði fyrir þennan úrgang í sveitarfélögum?

„Það er skylda sveitarfélaganna að ákveða fyrirkomulagið á söfnun úrgangsins í sveitarfélaginu og sjá um flutning heimilisúrgangs. Sveitarfélögin hafa sömuleiðis skyldu til að ná tölulegum markmiðum í úrgangsmálum, til dæmis hvað varðar að lágmarka urðun lífræns úrgangs og urðun heimilisúrgangs.

Svo bera sveitarfélögin ábyrgð á grettistaki í endurvinnslu heimilisúrgangs sem við ætlum að ná upp í 55 prósent árið 2025. Nú erum við á milli 25-30 prósent.“

Innleiðing á hringrásarhagkerfi

Að sögn Jóhannesar er forsendan fyrir lagabreytingunum að greiða fyrir innleiðingu hringrásarhagkerfis. „Breytingarnar hafa ýmsa aðra snertifleti eins og að minnka losun gróðurhúsalofttegunda og vinna að sjálfbærni Íslands. Með því að farga úrgangi í stað þess að endurnýta hann tapast auðlindir sem annars væri hægt að nota. Þegar kemur að lífrænum úrgangi eru næringarefni og kolefni þær auðlindir sem er hægt að nýta áfram, til dæmis sem áburð, eldsneyti og moltu.

Með breytingunum færum við okkur í átt að því að úrgangsmál geti haft samverkandi áhrif með öðrum málaflokkum eins og orkumálum, loftslagsmálum, landgræðslu, skógrækt og landbúnaði.“

Farvegurinn fyrir hinn verðmæta úrgang

En hvað verður svo um allan þennan lífúrgang, sem hingað til hefur verið urðaður? Jóhannes segir að hann muni fara í endurvinnslu í gegnum jarðgerðarferli og metanvinnslu.



Jóhannes B. Urbancic Tómasson, sérfræðingur á sviði loftslagsmála og græns samfélags hjá Umhverfisstofnun. Mynd / Aðsend

„Ég geri ráð fyrir því að stór hluti af þessum úrgangi fari í gegnum Jarðgerðarstöðina GAJA í Álfsnesi, víða að frá landsbyggðinni líka. Svo eru fleiri stórar móttökustöðvar fyrir þennan úrgang, til dæmis á Akureyri.

Afurðirnar úr ferlinu eru yfirleitt molta og metangas. Hvað moltuna varðar þá skiptir miklu máli að lífúrgangi sé sérsafnað því óhreinni úrgangur getur mengað moltuna.

Það er strax komin fjölbreytt flóra fyrirtækja hér á Íslandi sem endurvinna úrgang í verðmætar vörur þrátt fyrir að sá vettvangur sé almennt frekar nýr á Íslandi. Metan er dæmi um það sem er unnið úr lífrænum úrgangi og mikil eftirspurn er eftir sem eldsneyti.

Við vinnum svo moltu sem er gagnlegur jarðvegsbætir og úti í hinum stóra heimi eru fyrirtæki sem ná fosfórnum úr lífrænum úrgangi til að vinna í fosfórríkan áburð. Ég held við munum sjá þennan vettvang vaxa og þroskast á næstu árum,“ segir hann og bætir við að í næsta innleiðingarpakka muni fosfór væntanlega verða skilgreindur sem þýðingarmikið hráefni sem verði bannað að sóa.

Vandasamur úrgangur dýraafurða

Lagabreytingarnar sem tóku gildi 1. janúar hafa ekki í för með sér neina breytingu á því hvernig meðhöndla þarf dýrahræ og aukaafurðir úr dýrum sem eru ekki ætlaðar til manneldis. Eftir sem áður verður óheimilt að urða þennan úrgang, en Jóhannes telur að staðan í þeim málum sé ekki nógu góð.

Úrgangur sem fellur til hjá sláturleyfishöfum, kjöt- og fiskvinnslum er staðbundinn, einsleitur að samsetningu og yfirleitt í miklu magni. Jóhannes segir að þess vegna sé að vissu leyti auðveldara að meðhöndla hann.

Það þurfi þó að huga sérstaklega

Lífræn hreinsistöð



• Fyrirferðalítil fullkomin sambyggð skolphreinsistöð
• Uppfyllir ýtrustu kröfur um gæði hreinsunar
• Engin rotþró eða siturlögn 25 ára ábyrgð
• Tæming seyru á þriggja til fimm ára fresti
• Engir hreyfanlegir hlutir
• Stærðir frá 6 – 55 persónueiningar


WPL Diamond

IÐNVER
Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík
Sími 517 2220 - petur@idnver.is





Jarðgerðarstöðin GAJA í Álfsnesi sem Sorpa bs. rekur. Jóhannes gerir ráð fyrir því að stór hluti af þeim lífræna úrgangi sem hefur verið urðaður, fari í gegnum Jarðgerðarstöðina GAJA í Álfsnesi, einnig víða að frá landsbyggðinni. Miklu máli skiptir að lífúrgangi sé sérsafnað því óhreinni úrgangur getur mengað moltuna. Mynd / Sorpa



að úrgangi frá dýraafurðum, enda séu takmörk á því hvernig megi nota hann vegna smitvarna.

„Þessum aðilum ber að flokka sinn úrgang og sjá til þess að hann komist til viðeigandi meðhöndlunar í samræmi við forgangsröðun úrgangsþríhyrningsins þannig að komið sé í veg fyrir að úrgangur sé urðaður, en hann sé frekar endurunninn og að sem allra minnst endi í förgun. Það er ekkert nýtt þótt það hafi verið skerpt á því í nýlegum lagabreytingum. Því miður er staðan í þessum málaflokki ekki nógu góð því það fer talsvert magn af nothæfum úrgangi í urðun.“

Áhættuúrgangur aldrei að enda í urðun

„Það er aðeins mismunandi hver réttur farvegur fyrir þennan úrgang er. Í flestum tilvikum er hægt að vinna nýjar afurðir úr aukaafurðum dýra hvort sem það er kjötmjöl, fóður, eldsneyti eða aðrar vörur.

Undantekningartilvikin eru áhættuúrgangur sem kemur frá dýrum, til dæmis smitandi dýr, sjálfdauð dýr, gæludýr og allur heila- og mænuvefur. Áhættuúrgangur þarf að fara í brennslu eða þrýstisæfingu, sem er sótthreinsun undir þrýstingi. Þessi úrgangur ætti aldrei að enda ómeðhöndlaður í urðun,“ segir Jóhannes.

„Búfjárskítur er ekki tekinn sérstaklega fyrir í nýju reglunum. Um hann gilda sömu lögmál og um aðrar aukaafurðir dýra, við eigum að leita leiða til að koma þeim í sem besta nýtingu þannig að ekki sé hætta á að heilsa eða umhverfi verði fyrir skaða,“ segir Jóhannes enn fremur um lífrænan úrgang frá landbúnaðinum.

Aðilar bera sjálfir mengunarkostnaðinn

Ætla má að breytingin á fyrirkomulagi sorphirðu sé kostnaðarsöm, en hverjir munu bera þann kostnað? „Það má segja að kostnaðurinn við breytingarnar sé tvískiptur. Annars vegar er það innleiðingin, eins og að skipta um tunnur, setja upp endurvinnslufarvegi og fleira í þeim dúr. Sá kostnaður fellur að miklu leyti á sveitarfélögin,“ segir Jóhannes.

„Hins vegar mun kostnaðarskipting í úrgangsmeðhöndlun breytast til frambúðar með nýju lögunum. Það má segja að kjarninn í breytingunum sé mengunarbótareglan (polluter pays principle) sem felur í sér að aðilar bera kostnað af þeirri mengun sem þeir valda.

Með breytingunum munu sveitarfélögin þurfa að aðlaga sínar gjaldskrár þannig að þau innheimti sem næst raunkostnaði fyrir meðhöndlun úrgangs.

Þannig verður sveitarfélögum ekki heimilt nema að vissu marki að niðurgreiða urðun á úrgangi eins og hefur tíðkast. En urðun er óumhverfisvæn og kostnaðarsöm, en því miður algeng. Í staðinn geta heimili og fyrirtæki sparað sér talsverða peninga með því að lágmarka þann úrgang sem fellur til hjá þeim og með því að koma endurvinnsluefnum í endurvinnslufarveg.“

Rík eftirlitsskylda Umhverfisstofnunar

Sem fyrr segir hafa lögin sem um ræðir nú þegar tekið gildi.



Nýjar flokkunarleiðbeiningar hafa verið gefnar út fyrir lífrænan úrgang. Hægt er að sækja þær í gegnum vefinn fenur.is. Mynd / fenur.is

En hvaða stofnanir bera ábyrgð á því að farið sé að lögum? „Eftirlit með framkvæmd laganna er margvíslegt og dreift. Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga annast eftirlit með meðhöndlun á úrgangi og með atvinnurekstri sem sveitarfélögin gefa út starfsleyfi fyrir, en Umhverfisstofnun fer með eftirlit með rekstri þeirra starfsemi sem stofnunin gefur út starfsleyfi fyrir. Umhverfisstofnun fer með eftirlit með því að sveitarfélög setji sér svæðisáætlanir og leggur mat á hvort áætlanirnar séu í samræmi við lög og reglugerðir. Auk þess fer stofnunin líka með eftirlit með ýmsum vöruflokkum eins og rafhlöðum og rafgeymum, raftækjum og rafeindaúrgangi sem skiptir sérstöku máli að leiti í réttan úrgangsfarveg.

Úrvinnslusjóður og Skatturinn sinna eftirliti með innflutningi og markaðssetningu plastvara. Annað tilfallandi eftirlit með lögunum er svo í höndum Umhverfisstofnunar,“ segir Jóhannes að lokum.

Lumar þú á ljúffengri hugmynd?

Auglýst er eftir umsóknum í Matvælasjóð fyrir árið 2023.

Hlutverk Matvælasjóðs er að styrkja þróun og nýsköpun við framleiðslu og vinnslu íslenskra matvæla og hliðarafurða þeirra úr landbúnaðar- og sjávarafurðum.

Upplýsingar á **matvaelasjodur.is**
Opið verður fyrir umsóknir **1.–28. febrúar 2023**

Matvælasjóður
Stjórnarráð Íslands
Matvælaráðuneytið

FRÆÐSLA

Noregur:

Kræklingur nýttur í fóður fyrir kjúklinga og varphænur

Til að auka hlut Norðmanna í kjarnfóðri er stöðugt unnið að því að finna próteinríkan staðgengil soja í kjarnfóðri. Samstarfsverkefnið BlueMusselFeed í Noregi, byggir á að koma á fót nýju hráefni í fóður með nýtingu á kræklingi.

Samstarfsverkefnið sprettur út frá átaksverkefninu „Land mætir hafi“, þar sem markmiðið er að skapa meira samstarf milli bláa og græna geirans, þar sem veðjað er á ný hráefni fóðurs. Hugmyndin er að framleiða staðbundið prótein úr kræklingum til að minnka innflutning á sambærilegum vörum. Þannig er verið að skipta út innfluttum próteingjafa og öðrum fóðurefnum ásamt því að koma á fót nýjum iðnaði í kringum kræklingsem fóðurhráefni í Noregi.

„Kræklingur er náttúruleg hreinsivél. Þeir sía sjó og gleypa á áhrifaríkan hátt kolefni, köfnunarefni og fosfór. Bæði skelin og innmaturinn innihalda verðmæt næringarefni. Kræklingapróteinið getur meðal annars komið í stað innfluttra próteinríkra fóðurhráefna eins og soja og maísglútens,“ segir Elise Sæle Dahle, hjá Land mætir hafi.

Í stað soja, fiskimjöls og maísglútens

Í dag er soja um það bil 10 prósent af norsku kjarnfóðri alifugla. Soja er flutt inn frá Brasilíu og Kanada. Að sögn Elise mun notkun kræklings sem hráefnis í fóður draga úr innflutningi á próteinhráefnum eins og soja, fiskimjöli og maísglúteni.

„Kræklingur sem hráefni í fóður getur lagt mikið af mörkum til að auka sjálfsbjargarviðleitni í norskri matvælaframleiðslu. Hingað til hefur kræklingur að mestu verið nýttur til manneldis í Noregi. Það er mun meira krefjandi sé hugsað til flutninga, þörungaeiturs og vörugæða heldur en framleiðsla til fóðurs. BlueMusselFeed getur verið fyrsta skrefið að nýjum norskum fjárfestingum í iðnaðarframleiðslu á kræklingi,“ segir Elise.



„Það á að búa til norskan mat úr norskum auðlindum. Það er svo mikill lífmassi í Noregi að við getum orðið útflytjendur í stað innflytjenda á hráefni,“ segir Hilde Schøyen, verkefnastjóri og fagstjóri hagræðingar og hráefnis í Fiská Mølle.



„Prótein úr kræklingum getur meðal annars komið í stað innfluttra próteinríkra fóðurvara eins og soja og maísglútens,“ segir Elise Sæle Dahle, verkefnastjóri hjá Land mætir hafi.

Verkefnið mun ríma vel við yfirlýst samfélagsverkefni ríkisstjórnar Noregs um að allt fóður fyrir búfé og eldisfisk verði að vera sjálfbær.

Útflytjendur frekar en innflytjendur

Að sögn verkefnastjóra og fagstjóra hagræðingar og hráefnis í Fiská Mølle, Hilde Schøyen, á að búa til kjúklingafóður úr kræklingi.



Bæði skelin og innmaturinn í kræklingi innihalda mikilvæg næringarefni en í dag vinna Norðmenn að því að framleiða prótein úr kræklingum til notkunar í fóður meðal annars fyrir kjúklinga- og eggjabændur. Mynd / Unsplash

„Í gegnum BlueMusselFeed verður þróuð besta vinnslutækni fyrir kræklingtil að framleiða hágæðaprótein sem hentar dýrum á landi og í vatni. Rannsóknir á sláturkjúklingum munu sýna notagildi og gildi í norskri matvælaframleiðslu. Þannig á að búa til markað sem tryggir árangur í að byggja upp nýja hráefnisframleiðslu í Noregi,“ útskýrir Hilde.

Fiská Mølle, Lerøy, Eide Fjordbruk, Animalia og Nortura hafa sameinast um samstarfsverkefni til að stuðla að aukinni sjálfsbjargarviðleitni í norskri matvælaframleiðslu. BlueMusselFeed hefur hlotið stuðning frá norska rannsóknarráðinu um prófanir og framleiðslu kræklings sem nýtt hráefni í fóður fyrir kjúklinga.

„Mikilvægt er að búa til norsk matvæli úr norskum auðlindum. Noregur hefur svo mikinn lífmassa að við ættum að geta orðið útflytjendur frekar en innflytjendur hráefna. Kræklingur veitir okkur slíkt tækifæri og við erum ótrúlega ánægð með að komast í gegnum nálarauga Rannsóknarráðsins,“ segir Hilde.

Samvinna þvert á greinar

Fyrirtæki úr bláa og græna geiranum sameinast í nýsköpunar- og samstarfsverkefninu BlueMussel-Feed. Norska rannsóknarráðið auglýsti eftir tillögum um „sjálfbært fóður fyrir fisk og landdýr – frá hugmynd til markaðar“ og þar með kviknaði hugmyndin að nýta kræklingtil þess. Aðilar, sem vanalega sitja hvor sínum megin við borðið, koma inn með sín mál og sjónarmið í verkefnið þannig að saman geti þeir fundið sjálfbærar lausnir.

„Samvinna er lykillinn að nýsköpun. Þegar við skiljum þarfir allra hinna aðilanna í virðiskeðjunni náum við að dreifa áhættu um leið og við finnum ný svör við sameiginlegum áskorunum,“ segir Elise Sæle Dahle.

Getur verið byrjun á nýjum iðnaði

Elise bendir á að nú standi Norðmenn frammi fyrir stórfelldum áskorunum þegar kemur að því að kynna nýtt fóðurhráefni í fiskeldi. Meðal annars vegna þess að það krefst mikils magns. Ef kræklingur verður fóður fyrir meðal annars kjúkling og varphænur, er hægt að stofna markað um það í Noregi.

„Ef hægt er að stofna markað hér í Noregi er einnig hægt að koma á fót markaði í Danmörku og Svíþjóð. Á þann hátt getur landbúnaður orðið til þess að stækka enn frekar nýjar atvinnugreinar,“ segir Elise.

[Þýtt úr tímaritinu Fjørfe, nr. 9 2022, sem gefið er út af Norsk Fjørfelag. Höfundar eru ***Siri Steinsland, Myldring & Karianne Fuglerud Ingerø.*** *Þýðing: Erla Hjördís Gunnarsdóttir.]*

Kostir kræklings sem hráefnis í fóður

- Kræklingur getur komið í staðinn fyrir fiskimjöl, maísglúten og sojafóðurefni sem er flutt inn í dag til Noregs.
- Óuppfyllt árleg þörf fyrir prótein fyrir einmaga landdýr (svín og alifugla) er um það bil 42 þúsund tonn af próteinhráefni. Það þýðir að við þurfum að rækta yfir 800 þúsund tonn af kræklingi ef hægt á að vera að skipta út öllu innflutta próteininu fyrir kræklingaprótein.
- Í Noregi gefst kostur á að safna miklu magni af næringarefnum fyrir tilstuðlan kræklings og hann er hægt að uppskera á hverju ári.
- Kræklingur hreinsar vatnið af til dæmis kolefni, köfnunarefni, kalsíum og fosfór.
- Kræklingaskelin samanstendur af kalsíumkarbónati, sama efni og er í kalksteini. Verkefnið miðar að því að leysa af hólmi kalksteinsmjöl með möluðum kræklingaskeljum. Skelin inniheldur kolefni sem hefur farið í hringrás, ólíkt kalksteini, sem er steingervingur.
- Kræklingur inniheldur þó nokkuð af fitu, allt eftir árstíma og þroskastigi skeljarinnar. Hann inniheldur mikið af hollri, fjölómettaðri fitu.
- Kræklingur inniheldur litarefni sem gefa gulan lit sem gæti komið sér vel við eggjaframleiðslu til að fá fallega gular eggjarauður.
- Kræklingurinn er próteinríkur og hefur gott innihald nauðsynlegra amínósýra. Meltanleiki er mikill. Próteinið hefur hátt líffræðilegt gildi sem fóður og fæða.
- Tilraunir á svínum í Danmörku hafa sýnt að kræklingaprótein er jafn gott eða betra en fiskimjöl.
- Tilraunir með varphænur í Svíþjóð hafa sýnt að hænurnar standa sig jafn vel eða betur þegar soja og fiskimjöli er skipt út fyrir kræklingaprótein.
- Í verkefninu mun kræklingaprótein í kjúklingafóðri vera prófað og gert er ráð fyrir að matarlyst, vöxtur, fóðurnýting og kjötgæði verði í takt við árangur hjá svínum og kjúklingum. Þetta á þó eftir að staðfesta.
- Nokkrir aðilar vinna þvert á verkefnið þar sem gert er mat á fæðuaðgengi í viðkomandi byggðarlögum fyrir kræklingarækt.
- Aðskilja þarf líkama kræklingsins frá skeljunum til að verða stöðugt til geymslu og nothæft prótein. Verkefnið miðar að því að þróa þessa vinnslutækni.
- Hafið tekur við meiri næringarefnum en við vinnum í formi fiskveiða og virkni í dag. Atvinna manna valda næringarefnarennsli frá landi og aukið magn kolefnis í lofti. Með því að fara með krækling á land og nota hann í kjarnfóður, færir það þessi næringarefni aftur inn í hringrásina.

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir





- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli
Iðnaðarhurðir
Iðnaðarhurðir með gönguhurð
Bílskúrshurðir
Hurðir í trékarma
Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VB HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is



Látum það gerast

Við fjármögnum flest milli himins og jarðar

Þegar kemur að fjármögnun atvinnutækja er reynslubankinn okkar sneisafullur. Við tökum þátt í uppbyggingu lítilla og stórra fyrirtækja í öllum atvinnugreinum, hvort sem við rýnum í vinnuvélar eða fólksbíla, flugvélar eða röntgentæki.

Aðalmálið er að aðstoða þig við að auka afkastagetuna og hagkvæmnina svo þú getir nýtt tækifærin sem best.

Hafðu samband og við hjálpum þér að láta hlutina gerast.

MENNING

Landssamband eldri borgara kynnir til leiks öldungalandslið leikara!

Leiksýningin Marat/Sade, sem frumsýnd var föstudagskvöldið 20. janúar í Borgarleikhúsinu, markaði tímamót, enda stigu á svið margir af elstu og ástsælustu leikurum þjóðarinnar í einni og sömu sýningunni. Þau yngstu um sjötugt og þau elstu komin fast að níræðu!



Mynd / gunnlod jona

Sýningin, sem heitir öðru nafni Ofsóknin og morðið á Jean Paul Marat, sýnt af vistmönnum geðveikrahælisins í Charenton undir stjórn De Sade markgreifa ... er eitt af öndvegisverkum 20. aldarinnar – marglaga og margslungið í efni og formi. Bæling og losti, kúgun og uppreisn, hinir jaðarsettu gegn valdinu!

Margrét Guðmundsdóttir (89 ára) leikur Charlotte Corday, sem er hvað þekktust fyrir að hafa ráðið Jean Paul Marat af dögum í frönsku byltingunni. Margrét lék sama hlutverk í uppfærslu Þjóðleikhússins árið 1967, eða fyrir tæpum 56 árum síðan. Hún hefur sannarlega engu gleymt!

Næstu sýningar eru **fimmtudaginn 26. janúar kl. 20, föstudaginn 27 jan. kl. 20 og svo 5. febrúar kl. 20** – en miða er hægt að nálgast á vefsíðu Borgarleikhússins. Þarna er um einstakt tækifæri að ræða, upplifun og sjónarspil sem gleður okkur ekki á hverjum degi. */SP*



Málþing um Leiklistarskóla SÁL – kyndilberar á Kyndilmessu

Um þessar mundir er því fagnað að 50 ár eru liðin frá því að Leiklistarskóli SÁL hóf göngu sína, en SÁL skólinn var settur á stofn í kjölfar þess að áður höfðu samtök áhugafólks um leiklistarnám, SÁL, verið stofnuð til þess að þrýsta á ríkisvaldið að stofna leiklistarskóla.
Leiklistarskóli SÁL var rekinn af nemendum sem stunduðu nám við skólann. Merkilegt framtak sem vert er að halda á lofti.

Þessara merku tímamóta hefur verið minnst með margvíslegum hætti, m.a. hefur gögnum um sögu samtakanna og skólans verið safnað og þau afhent Leikminjasafni Íslands til varðveislu. Sýning með hluta þessara gagna var opnuð í Landsbókasafni 13. október og stendur fram í mars 2023.
Í tengslum við sýninguna er nú í undirbúningi málþing um tilurð og sögu SÁL skólans með þátttöku margra þeirra sem komu við sögu, bæði nemenda og kennara sem tengdust skólanum.

Málþingið verður haldið **2. febrúar kl. 16** í Landsbókasafni/Þjóðarbókhlöðu.

Öllum er boðið að koma hlusta og njóta.

Leikdeild Eflingar Breiðumýri:

Gauragangur í Þingeyjarsveitinni

Liðsmenn Leikdeildar Eflingar heldur úti leiklistarstarfi í Reykjadal í Þingeyjarsveit en nú í nóvember hófu þau æfingar á verkinu Gauragangi eftir Ólaf Hauk Símonarson.

Sagan gamalkunna fjallar um hetjuna hann Orm Óðinsson, nemanda á síðasta ári í gagnfræðaskóla, lífsviðhorf hans, upplifanir og öflugt félagslíf.

Kitlar taugar margra

Var bókin um Orm útgefin í fyrsta skipti árið 1988 og naut mikillar hylli enda kitlaði söguhetjan taugar margra. Á það við jafnt ungra sem aldinna og geta eflaust einhverjir enn þann dag í dag sett sig í spor þessa gæðings sem er að feta fyrstu spor sín í átt til fullorðinsáranna. Ólafur Haukur gaf í kjölfarið út sjálfstætt framhald sögunnar, Meiri gauragangur, sem einnig átti vel upp á pallborðið hjá lesendum. Er leikverkið sem slíkt einnig afar vinsælt og verður gaman að sjá tilþrifin sem Leikdeild Eflingar býður upp á nú í febrúar.

Þarna stíga á svið bæði gamalreyndir meðlimir áhugaleikhússins auk nokkurra nemenda framhaldsskólans, en að verkinu koma upp undir 20-30 manns sem bæði vinna fyrir framan og bak við tjöldin, og leikstjóri er hún Jenný Lára Arnardóttir.

Stefnt er á frumsýningu fyrstu eða aðra helgina í febrúar og því mikil spenna í lofti, bæði hjá þeim sem bregða sér í hlutverkin svo og þeim er munu á horfa.

Setið í hring

Skemmtilegt er að segja frá því að í stað hefðbundins leiksviðs verður uppsetningin á nýstárlegan hátt, sitja gestir í hring, við borð – kvenfélagið býður upp á vöfflukaffi – en leikendur láta ljós sitt skína inni í hringnum.

Sýnt verður á Breiðumýri að venju, og áætlaðar eru um tíu sýningar. Miða er hægt að kaupa í gegnum tölvupóst og síma og verður auglýst þegar nær dregur og um að gera að festa sér einn slíkan sem allra fyrst. */SP*







Hér að ofan má sjá svipmyndir frá æfingum leikaranna og greinilegt er að mikið fjör er í mannskapnum. Við sjáum bregða fyrir þeim Hrólfi Jóni Péturssyni, Arndísi Ingu Árnadóttur, Guðrúnu Kolbrúnu Gabríelsdóttur, Valdemar Hermannssyni, Eyhildi Ragnarsdóttur, Arneyju Dagmar Sigurbjörnsdóttur, Eyþóri Kára Ingólfssyni, Sigurbirni Árna Arngrímssyni, Önnu Kristjönu Guðbergsdóttur, Benedikt Guðbergssyni, Dagrúnu Ingu Pétursdóttur og Kristrúnu Kristjánsdóttur í hlutverkum sínum.



Nú fer hver að verða síðastur!

Eins og kom fram í 17. tölublaði Bændablaðsins þann 22. september síðastliðinn, setti Leikfélag Hveragerðis upp verkið um hann Benedikt búálf í tilefni 75 ára afmælis félagsins og var frumsýnt við mikinn fögnuð þann 24. september síðastliðinn.



Þennan káta svein þekkja margir, en höfundur sögunnar er Ólafur Gunnar Guðlaugsson, tónlistin í höndum Þorvalds Bjarna Þorvaldssonar, söngtextana sömdu þau Andrea Gylfadóttir og Karl Ágúst Úlfsson og leikstjóri er Gunnar Gunnsteinsson.

Fjallar sagan um samskipti þeirra Benedikts búálfs og mannabarnsins Dídíar sem tengjast vinaböndum ásamt því að lenda í alls kyns ævintýrum.

Verkið hefst á því að Dídí mannabarn rekur augun í Benedikt, þar sem hann stendur með handklæði um sig miðjan, á baðherberginu hennar, nýkominn úr baði. En búálfar eru aðeins sýnilegir mannabörnum þegar þeir eru blautir!

Örlög búálfa eru með þeim ósköpum að þegar þeir lenda í þeim hremmingum að verða mannabörnum sýnilegir, þá ráða mannabörnin hvað verður um þá. Benedikt og Dídi verða góðir vinir og lenda í miklum ævintýrum og mikilli hættu í Álfheimum, en allt fer þó vel að lokum.



Svo skemmtilega vill til að sýningin er enn í gangi og því um að gera að næla sér í miða. Fer miðasalan fram á tix.is og auglýstar sýningar verða helgina 28.-29. janúar og svo 4.-5.febrúar næstkomandi en sýnt er í Leikhúsinu í Hveragerði að Austurmörk 23. */SP*



BÚGREINAÞING 2023

HÓTEL NATURA REYKJAVÍK
ÞINGSETNING: MIÐVIKUDAGINN 22.FEBRÚAR
KLUKKAN 11

DAGSKRÁ

22.febrúar

KL 11:00
Þingsetning - Gunnar Þorgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands
Ávarp - Guðlaugur Þór Þórðarson, Umhverfis-, orku og loftslagsráðherra
Kynning Náttúruhamfaratrygginga Íslands

KL 11:30
Hádegismatur
Kynning á samstarfsvettvangi BÍ og SAFL

KL 12:30
Sameiginlegur fundur allra búgreinadeilda

KL 17:00
Fundum búgreinadeilda lýkur

23.febrúar

KL 9:00
Fundum fram haldið í deildum sauðfjár- og nautgripabænda

Vigdís Häsler Framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands stýrir fundinum

Nánari upplýsingar má finna á bondi.is

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

LÍF & STARF

Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni:

Félagslíf og hagsmunir í forgrunni

Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni (FEB) er opið öllum þeim sem náð hafa 60 ára aldri, sem og mökum þeirra, yngri jafnt sem eldri. Er um stóran og skemmtilegan hóp að ræða, félagatal alls 14.600, sem bæði nýtur lífsins til hins ýtrasta við hin ýmsu skemmtilegheit auk þess að gæta hagsmuna sinna og kjaramála í samvinnu við Landssamband eldri borgara. Dýrleif Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri FEB, segir hér lítillega frá starfsemi félagsins, en hún hefur undanfarið verið með kynningu á því á starfslokanámskeiðum sem haldin eru á vegum fyrirtækja, þá ætlað þeim sem eru að stíga fyrstu skrefin í hóp eftirlaunaþega.

Sigrún Pétursdóttir
sigrunpeturs@bondi.is



„Hluti af þessum námskeiðum er kynning á okkar starfsemi og sú staðreynd að fólk eldist ekkert við að ganga í félagið þó heitið vísi á háan aldur. Aldursfordómar viðgangast því miður enn þá, ekki síst innra með okkur sjálfum og vill fólk oft ekki fá stimpilinn „eldri borgari“.

En við hækkum öll í aldri og þarna er einungis verið að bjóða upp á félagsskap með jafnöldrum. Fólki sem er á svipuðum stað í lífinu og hefur svipuð áhugamál,“ segir Dýrleif.

Í Félagi eldri borgara Reykjavíkur og nágrennis er í raun þverskurður af þjóðfélaginu. „Fólk er á aldrinum sextíu ára til hundrað og því í raun um þrjár kynslóðir að ræða. Við getum stuðlað að því sem við viljum gera í félaginu, nýjum hugmyndum er vel tekið og því einskorðast félagslífið ekki að öðru en því sem okkur hugnast. “

Minnkandi virkni? Eða hvað?

Orðasambandið eldri borgari, eins og Dýrleif bendir á, er oft og tíðum bendlað við minnkandi virkni sem þjóðfélagsþegn en sú hugmynd er sem betur fer á undanhaldi. Að stíga skrefið frá vinnumarkaðinum þykir æ oftar vera aðlaðandi hugmynd, fremur en hitt, þar sem hægt er að njóta lífsins við hin ýmsu hugðarefni.

Landssamband eldri borgara eru svo regnhlífarsamtök sem standa að hagsmunamálum eldri borgara og eru meðlimir Félags eldri borgara í Reykjavík um helmingur þeirra eins og staðan er núna. Rennur ákveðinn hluti félagsgjalda allra félaga eldri borgara til Landssambandsins, sem á móti þjónustar þau á landsvísu.

„Baráttumál kjara og hagsmunir eru hátt á baugi enda minnka oft, því miður, réttindi þeirra sem stigið hafa af vinnumarkaðnum sökum aldurs.



Salur félagsins er bæði rúmur og vel útbúinn fyrir hvað sem er.



Dýrleif Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni.

Landssambandið stýrir slíkri baráttu, enda eiga félögin þarna sameiginlegt málefni sem vinna þarf með og sem varðar þau eðlilega afar mikið. Nokkrir fulltrúar sem koma frá okkur hér hjá FEB, svo og stærri félaganna á landinu, hafa staðið sem ein rödd ásamt Landssambandinu þegar kemur að hagsmunabaráttunni, enda af svo mörgu að taka þegar kemur að skerðingum,“ segir Dýrleif.

Landssambandið heldur svo ársfundi þar sem fulltrúar félaganna koma saman og bera saman bækur sínar, um 160 manns talsins.

„Rétt er að benda á að vefsíða þeirra veitir miklar og greinargóðar upplýsingar og má þar einnig finna afsláttarbók sem í boði er fyrir félaga á landsvísu.“

Öflug mæting, virkt félagslíf

Dýrleif segir, að á meðan faraldri Covid veirunnar stóð, hafi fulltrúar þó hafið að nýta sér fjarfundi Teams – yfir netið – og hefur það fundaform haldist, enda stundum auðveldara en að fara á staðinn og hentar gjarnan betur þeim sem búa utan byggðar. Hefur það orðið til fjölgunar funda og öflugri mætingar.

Öllum er frjálst að ganga til liðs við Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni og einnig mega allir landsmenn skrá sig í hvaða félag sem er, hvar sem þeir eru staðsettir á landinu. Að sama skapi má sækja félagsstarf og skemmtanir á landsvísu – félagsmenn fái þó afslátt á uppákomum og öðru innan síns félags vegna ársgjaldsins.

Sumir kjósa að vera í fleiri en einu félagi – borga ársgjald og fá þá afslætti á því sem í boði er. Félagsgjöld Félags eldri borgara í Reykjavík eru 5.000 krónur en vanaleg ársgjöld félaga á landsvísu eru á bilinu 2–3.000 krónur

Rétt er að taka fram að mikill rekstrarmunur er á félögunum þar sem önnur félög fá langflest mikinn styrk frá sínu bæjarfélagi meðan FEB fær enga reglulega rekstrarstyrki frá Reykjavíkurborg.

Öll eldumst við nú

Á vefsíðu Landlæknisembættisins kemur fram að einmanaleiki og tómarúm eiga ekki að vera fylgifiskar þess að eldast. Mikilvægt er að vera vakandi fyrir merkjum um versnandi geðheilsu eldra fólks, svo sem minnisskerðingu, pirringi, svefnvanda, kvíða, depurð eða vanvirkni.

Í nútímasamfélagi eru umskipti ævistarfsins og fyrstu skrefin í heim eldri borgara oft vandmeðfarin, þó þessi þáttaskil séu óumflýjanleg. Fyrir suma eru skrefin kvíðvænleg og full óvissu, margir finna fyrir einmanaleika og depurð, jafnvel reiði.

Upplifunin um að vera eða verða byrði, gagnslaus og án tilgangs getur skotið upp kollinum, en ekki er óeðlilegt að finna fyrir slíkri vanlíðan við þessa breytingu.
Við langvinna vanlíðan er þó mikilvægt að leita sér aðstoðar enda hvorki þunglyndi né kvíði eðlilegir förunautar ef um viðvarandi ástand er að ræða.

Þeir sem bera titilinn eldri borgari bera það þó oft með sér að nú séu bestu árin eftir og sjá fyrir sér að njóta þeirra til hins ýtrasta.
Margir takast á við ný viðfangsefni, kynna sér eða læra eitthvað sem hefur lengi blundað í þeim og láta drauma rætast.

Að finna lífi sínu tilgang á jafnt við á öllum aldursskeiðum og felst farsæl öldrun meðal annars í því að rækta hæfileika sína, leggja áherslu á þau lífsgæði sem eru og tækifæri sem fylgja efri árum.
Einhverjir sakna félagsskapar, enda tengsl við vinnufélaga rofnað að nokkru en þá er um að gera að líta sér nær og brydda upp á nýjum tengingum.

Samkvæmt Hagstofunni eru tölur þjóðarinnar á þá vegu að þegnar landsins, sextugir og eldri, eru alls 77.332 talsins. Vert er því að geta þess að víða um land má finna félög eldri borgara.
Á landsvísu eru þau skráð alls 55 talsins og nokkuð mikil virkni er í þeim allflestum.
Þar má sækja félagsskap jafnaldra, kynnast nýju fólki og e.t.v. læra nýtt tómstundagaman.

Rúmur helmingur eldri borgara í Reykjavík í FEB

Dýrleif kemur inn á fjölda félagsmanna í FEB, mót hlutfallslegum fjölda íbúa höfuðborgarinnar.

Það er nokkuð hátt, eða 14.600 af þeim 26 þúsundum sem eru sextíu ára gamlir -og eldri, á Íslandi.

Stærstur prósentufjöldi félagsins eru einstaklingar á aldrinum 70–80



Þeir eru ábúðarfullir höfðingjarnir í eldhúsinu þeir Bjarni Hjartarson, Sigmundur Stefánsson, Baldur Einarsson auk kennarans og áhugakokksins, hans Kristjáns E. Guðmundssonar. Einnig glittir í Ingólf Antonsson.



Landssamband eldri borgara á Íslandi

Félagið var stofnsett árið 1989 og á sér því rúmlega þrjátíu ára sögu. Stofnun þess var að norrænni fyrirmynd en nokkrir í félögum eldri borgara á Íslandi höfðu átt í góðum samskiptum við samtök eftirlaunafólks Norðurlanda; Norrænu samvinnunefndina. Þótti samheldni og samstarf meðal félaga eldri borgara á landsvísu eftirsóknarverð og úr varð stofnun Landssambandsins hérlendis.

Sambandið hefur vissulega mótað réttindi og velferð eldri borgara yfir tíðina en á vefsíðu þess kemur fram að þarna er um að ræða sjálfstætt starfandi samtök sem vinna að „hagsmuna-, velferðar- og áhugamálum aldraða og kemur fram fyrir hönd aðildarfélaganna gagnvart Alþingi, ríkisstjórn, stjórnvöldum og öðrum sem sinna málefnum aldraðra fyrir landið í heild“.

Gætt er fyllsta hlutleysis er kemur að trú og stjórnmálum og stuðlar sambandið að „samvinnu félaga eldri borgara og að slík félög séu starfandi í öllum sveitarfélögum landsins“.

Til viðbótar er Grái herinn, sem áður var stofnaður sem deild innan Félags eldri borgara í Reykjavík, nú baráttuhópur mannsæmandi kjara með hagsmuni eldra fólks í forgrunni, enda ættu allir hópar þjóðfélagsins að geta notið bæði reisnar og virðingu til jafns.

Hagsmuna og kjara er þó ekki einungis gætt auk samþættrar félags- og heilbrigðisþjónustu, heldur er eldri borgurum boðið upp á öflugt félagslíf.

Sitjandi formaður í dag er mörgum kunnur, Helgi Pétursson að nafni, oft kenndur við hljómsveitina Ríó tríó. Aðspurður um stöðu félagslífs eldri borgara telur hann árið sem nú nýverið gekk í garð lofa góðu og mikið um að vera nú þegar atgengi Covid-veirunnar fer hallandi.

Áhugaverðar vefsíður:
www.leb.is (Landsamband eldri borgara) www.lifdununa.is (varðar líf og störf þeirra sem komin eru yfir miðjan aldur) www.graiherinn.is (Grái herinn)

ára, eða nálægt 80% Reykjavíkurbúa á því aldursbili. Félagsleg virkni er öllum þörf og skemmtileg aukningin þarna, enda aldurshópurinn á undan, 60–70 ára, oft enn á vinnumarkaði en þar eru tæp 20% sem hafa gengið til liðs við félagið.

„Heimasíða félagsins er afar aðgengileg og sýnir m.a. það félagsstarf sem er í boði, hvaða námskeiðsnýjungum við höfum bryddað upp á auk almennra upplýsinga. Kór, klúbbar og ferðalög auk viðburðadagatalsins.“

Matreiðslunámskeið fyrir alvöru karlmenn

„Það er gaman að segja frá því að fyrir áramót héldum við í fyrsta sinn matreiðslunámskeið sem einungis var ætlað karlmönnum. Þeir eru þó nokkrir sem sjaldan eða aldrei hafa stigið fæti inn fyrir eldhúsdyrnar, en vegna breyttra aðstæðna þurfa nú að taka sér sleif í hönd.

Vel var mætt og fengu þátttakendur að velja hvað þá langaði að læra að matbúa. Kennarinn var Kristján E. Guðmundsson, áhugakokkur á sama reki og nemendurnir, og gekk þetta framar öllum vonum auk þess sem neytt var dýrindis málsverðar í hvert sinn. Við verðum með annað námskeið sem hefst núna 30. janúar og um að gera að skrá sig fyrir þá sem langar að spreyta sig við einfalda íslenska matseld,“ segir Dýrleif brosandi.

Ferðalög og gistingar á næstunni auk fjölbreytts félagslífs

„Árlega er farið í nokkrar dagsferðir. Einnig aðrar þar sem við gistum nótt og nótt. Við erum meira að segja með ferðaskrifstofuleyfi og getum því sett saman ferðir eftir hentugleika. Það eina sem á strandar er gistingin. Eins og staðan er núna lítur út fyrir að næsta gistipláss sé laust árið 2024,“ segir Dýrleif hlæjandi.

„Nú er reyndar stór hópur á leið til Færeyja í tengslum við Íslendingasöguklúbbinn sem fer á söguslóðir í takt við efnið sem er verið að lesa – í þessu tilviki Færeyingasögu.

„Þegar kemur að ferðaskrif stofunni okkar, FEB-ferðum (sem er hjáheiti fyrir ferðaskrifstofu FEB) fórum við í vel á annan tug innan- og utanlandsferða yfir síðasta ár, bæði lengri og styttri ferðir – og á síðasta ári voru það u.þ.b. 500 félagsmenn sem fóru í ferðirnar með okkur, enda afar skemmtileg dægradvöl.

Auk annars félagsstarfs er það sem helst stendur upp úr, spænskunám, kór, gönguferðir og svo vikulegir dansleikir, en á hverju sunnudagskvöldi klukkan átta flykkjast hingað dansunnendur og sletta úr klaufunum. Þetta er fastur punktur hjá okkur og alltaf jafn vinsæll.

Við erum svo heppin að eiga húsnæðið hérna að Stangarhyl 4 og höfum því nægt rými er kemur að skemmtunum, Zumba-dans, stólaleikfimi eða öðrum uppákomum, og svo hefur reyndar salurinn verið leigður út fyrir fermingar eða annað.

En það er um að gera að drífa sig af stað ef áhugi er fyrir hendi, endilega að kíkja,“ lýkur Dýrleif máli sínu.



VIÐTAL

Landbúnaður og hugvíkkandi efni:

Plöntur, heilsa og hugur

Blaðamaðurinn og rithöfundurinn Michael Pollan var einn af gestum ráðstefnunnar „Psychedelics as Medicine“ í Hörpu á dögunum. Pollan hefur lengi haft áhuga á næringarfræði og matnum sem við borðum. Síðustu tvær bækur hans fjalla aftur á móti um hugvíkkandi plöntur og áhrif þeirra á mannshugann.



Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is

Pollan er prófessor við Berkeley háskóla í Kaliforníu og leiðir þverfaglegar rannsóknir vísinda og umhverfismála. Auk þess sem hann er höfundur Netflix-seríunnar *How to Change Your Mind*.

Möguleikar hugvíkkandi efna

Í máli Pollan kom meðal annars fram að hann telji að hugvíkkandi efni geti falið í sér mikla möguleika til lækninga á alvarlegum geðsjúkdómum eins og þunglyndi og fíkn sem eigi möguleg upptök í áföllum. Hann sagði líka að það væri því sjálfgefið að leyfa rannsóknir á efnunum.

Pollan sagði einnig að fólk ætti að fara varlega þegar kæmi að notkun hugvíkkandi efna og að fólk ætti ekki að nota þau of snemma á ævinni og alls ekki nema að það teldi sig tilbúið til þess.

Stríðið gegn eiturlyfjum

Hann rifjaði einnig upp að rannsóknir á hugvíkkandi efnum væru ekki nýjar og að þær hafi verið stundaðar allt frá þarsíðustu aldamótum og reyndar enn lengur, væri neysla á þeim meðal forfeðra okkar tekin með í reikninginn. Að hans sögn blómstruðu rannsóknir í Bandaríkjunum upp úr 1950 og allt þar til Nixon bannaði efnin árið 1971, í kjölfarið hættu rannsóknirnar.

Á sínum tíma var ástæðan sögð vera sú að Nixon vildi draga úr skaðlegum áhrifum efnanna á ungt fólk og samfélagið í heild. Í seinni tíð hefur aftur á móti verið bent á að gagnrýni ungs fólks í Bandaríkjunum á Víetnamstríðið hafi verið tengt hippum og neyslu á hugvíkkandi efnum, því þóttu þau stríðsrekstrinum í óhag.



Michael Pollan hefur gefið út fjölda áhugaverðra bóka. Myndir / af vefsíðu



Michael Pollan segist lengi hafa haft áhuga á plöntum og áhrifum þeirra á meðvitundina. Myndir / VH

Garðyrkjumaður að ástríðu

Í samtali við Bændablaðið sagði Pollan að hann hafi allt frá því að hann var barn haft áhuga á plöntum og að fyrstu bækurnar hans hafi fjallað um plöntur og matvæli.

„Afi minn átti garð og sem pjakkur eyddi ég miklum tíma með honum í garðinum. Garðyrkja hefur alltaf verið mín ástríða og þar sem plöntur hafa áhrif á öll skilningarvit okkar ræktaði ég bæði plöntur fyrir munninn og magann og skraut- og ilmplöntur. Ég ræktaði grænmeti í þremur upphækkuðum beðum og svo er ég með alls konar ávaxtatré og í öðrum hluta skrautplöntur.“

Nánast hættur á borða kjöt

Pollan segir að í dag borði hann lítið sem ekkert kjöt enda blöskri honum meðferðin á dýrum sem alin eru upp til slátrunar og að hann vilji einfaldlega ekki borða kjöt af dýrum sem fái slíka meðferð.

„Ég borða aftur á móti einstaka sinnum kjöt af dýrum sem eru alin á litlum býlum þar sem vel er hugsað um dýrin og dýravelferð er í fyrirrúmi og þeim slátrað á réttan hátt. Umræða um kjöt, meðhöndlun þess og innihaldsefni er vaxandi í Bandaríkjunum og víða um heim og ekki að ástæðulausu þar sem kjötframleiðsla var lengi vel fólki ósýnileg og margir héldu að kjötið yrði til í kjötborði stórmarkaðanna. Margt af því sem hefur verið og er í boði er hreinlega skelfilegt og ekkert tekið tillit til dýravelferðar í framleiðsluferlinu og margt enn ógert til að bæta ástandið.

Ég taldi í barnaskap mínum að upplýsingar gætu breytt heiminum og að ef fólki væri sagt hvernig maturinn sem það borðaði yrði til þá mundi það breyta neyslumunstri sínu en ég hafið rangt fyrir mér. Í flestum tilfellum er það verðið og bragðið sem stjórna innkaupum fólks en ekki gæði og dýravelferð. Satt best að segja olli þetta mér talsverðum vonbrigðum.“

Plöntur eru ótrúlegt lífsform

Smám saman, eftir að hafa fjallað mikið um plöntur, landbúnað og næringu, færðist áhersla Pollan yfir á plöntur sem hafa hugvíkkandi áhrif. „Áhugi minn á plöntum hefur alltaf tengst heilsu á einhvern hátt og með því að skoða hugvíkkandi plöntur er ég að skoða áhrif plantna á hugann en ekki bara líkamann.

Umfjöllunarefnin eru því ekki ótengd og ein áhugaverðustu áhrif plantna og sveppa á menn eru hugvíkkandi og ég hef lengi haft áhuga á þeim samhliða áhuga mínum á næringargildi plantna.

Plöntur eru einfaldlega ótrúlegt lífsform og ótrúlegt hvaða áhrif þær geta haft og áhugavert að velta fyrir sér af hverju sumar þeirra hafa þróast í þá átt að hafa hugvíkkandi áhrif.

Mín skoðun er sú að plöntur sem fullnægja þörfum okkar vegni betur í lífsbaráttunni og það gera þær með því að veita okkur fegurð, mat og með því að breyta meðvitund okkar. Ég hef því ekki bara áhuga á hugvíkkandi plöntum því ég hef áhuga á öllum plöntum sem hafa áhrif á vitund okkar og kaffi er gott dæmi um það.“

Í nýjustu bók sinni, *This is Your Mind on Plants*, fjallar Pollan um áhrif kaffeins, ópíum og meskalíns á mannshugann en það eru allt mjög ólík efnasambönd.

Meðvitundin

Pollan segir að hann ætli að taka sér langþráð frí á næsta ári en að hugsanlega sé í pípunum framhald á myndinni *Food Inc.* sem hann vann, ásamt fleirum, og var gefin út árið 2008.

„Mig langar síðan að skrifa bók um meðvitundina út frá mörgum sjónarhornum. Hvað við vitum um hana, hvar hún er staðsett, hvernig hún virkar og til dæmis hvaða áhrif hugvíkkandi efni hafa á hana.“

> „Ég hef því ekki bara áhuga á hugvíkkandi plöntum því ég hef áhuga á öllum plöntum sem hafa áhrif á vitund okkar og kaffi er gott dæmi um það.“



Michael Pollan sat fyrir svörum hjá Karen Kjartansdóttur og tók við spurningum úr sal á ráðstefnunni um hugvíkkandi efni til lækninga sem fór fram í Hörpu fyrir skömmu.


VELFERÐARMOTTUR

Við bjóðum nú sérsniðnar gúmmímottur í ýmsum gerðum fyrir allar gerðir gripahúsa

Flestir eru sammála að steypt undirlag er ekki náttúrulegt fyrir kýr og getur valdið því að þeim líði illa og framleiði þar af leiðandi minna magn af mjólk.

Motturnar eru sérskornar fyrir hvert verkefni fyrir sig og fer því nánast ekkert til spillis auk þess sem fljótlegt er að leggja þær á gólfið.

Hafðu samband:
bondi@byko.is



byko.is

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN




GRÓÐURHÚS - GLERSKÁLAR

Gróðurhús og glerskálar. Mikið úrval gróðurhúsa og glerskála. Fjölmargar stærðir í boði. Sérsmíðum vegghús og stærri skála.

Verð og stærðir á vefsíðunni!





BJÁLKAHÚS - GARÐHÚS

Bjóðum fjölmargar gerðir garðhúsa. Þök, skýli, lítil og stór bjálkahús. Pallaefni, girðingar og sauna tunnur.

Bjóðum mjög góð verð og stuttan afhendingartíma.








BK HÖNNUN
MANNVIRKJAHÖNNUN - BYGGINGAVÖRUR

www.bkhonnun.is - sala@bkhonnun.is - Sími 571-3535

LÍF & STARF

Nýsköpun:

Smáforrit sem mælir kolefnisbindingu trjáa

Íslenska nýsköpunarfyrirtækið Orb vinnur að hugbúnaði sem mælir og áætlar kolefnisbindingu skóga á einfaldan hátt. Íris Ólafsdóttir, stofnandi og framkvæmdastjóri félagsins, segir hugbúnaðinn geta aukið gegnsæi kolefnisverkefna.

„Smáforritið Orb er notað til að skanna tré í ákveðnum reitum í skógi. Mælingarnar ásamt gervihnattamyndum eru notaðar til að áætla kolefnisbindingu skógarins. Hugbúnaðurinn er þróaður með það að markmiði að mælingar inni í skóginum verði það einfaldar að ekki þurfi sérfræðiþekkingu til að framkvæma þær, einfalda ferlið og lækka kostnað við að búa til vottaðar kolefniseiningar með skógrækt. Við viljum gera ábyrga kolefnisskógrækt aðgengilega svo sem flestir geti tekið þátt í baráttunni við loftslagsvána," segir Íris. Hún hefur fengið styrki úr frumkvöðlasjóðum Íslandsbanka og Kviku, auk Fræ styrks úr Tækniþróunarsjóði til að þróa grunnvirkni smáforritsins.



Íris Ólafsdóttir er stofnandi og framkvæmdastjóri nýsköpunarfyrirtækisins Orb.
Myndir / Aðsendar

Tæknilega skemmtileg áskorun

„Smáforritið nýtir tölvusjón og gervigreind til að mæla tré og getur nú mælt þvermál trjáa í brjósthæð sem er einn mikilvægasti mælikvarðinn á rúmmál og þar með kolefnisbindingu trjáa. Nú erum við í fjármögnun til að geta þróað og gefið út fyrstu útgáfu hugbúnaðarins í sumar."

Íris segir hugmyndina að verkefninu hafa kviknað í kringum 2020 þegar símar fóru að bjóða upp á aukna rýmisgreiningu, t.d. LiDAR myndavélar sem byggja á að mæla endurvarp ljóss til að reikna dýpt og fjarlægð hluta frá myndavél.

„Ég fór að skoða í hvað mætti nota tæknina og þar voru skógmælingar áberandi. Eftir skemmtilega fundi með Kolefnisbrúnni, Skógræktinni og ýmsum aðilum sem koma að skógrækt, kolefnismörkuðum og umhverfismálum fannst mér orðið mjög skýrt að þarna væri þörf á tæknilausn til að einfalda mælingar og ferlana við kolefnisskógrækt. Verkefnið tikkar í öll boxin; er tæknilega skemmtileg áskorun, í því liggja mikil tækifæri á ört vaxandi kolefnismörkuðum og svo hefur það jákvæð áhrif á náttúruna, stuðlar að skógrækt og endurheimt vistkerfa."

Samlífi sveppa og trjáa heillandi

Íris segist sjálf elska tré og skóga. Hún er þó sérstök áhugamanneskja um sveppi.

„Ég hangi öll haust úti í skógi, mikið í Borgarfirðinum, að tína sveppi. Kóngsveppi, kantarellur, gulbrodda, kempur, hneflur. Fyrir norðan og austan kemst maður svo í lerkisveppaparadísir. Svo er þetta samlífi svepprótarsveppa og trjáa líka svo heillandi, þar sem samlífið við sveppina eykur lifun trjánna og hraðar vexti þeirra."

Hugbúnaðinum er einnig ætlað að auka gegnsæi kolefnisverkefna.

„Þannig geta kaupendur kolefniseininga fylgst með þróun verkefnisins og mælingum, en gegnsæi eykur líka verðmæti hverrar kolefniseiningar. Að auki eru fleiri þættir en kolefnisbinding farnir að skipta máli og aukin áhersla er á endurheimt vistkerfa og að stuðla að líffræðilegri fjölbreytni. Þegar mælingar eru framkvæmdar með síma inni í skógi opnast ótal möguleikar við að safna gögnum, bæði hljóði og myndgögnum sem gefa til kynna hvernig lífið í skóginum er að þróast," segir Íris.

Vefsíða verkefnisins er orb.green/is. */ghp*

BÚFJÁRFLUTNINGAVAGNAR
frá Ifor Williams

Ifor Williams Trailers



Eigum hina vinsælu vagna frá þessum
þekkta framleiðanda til afgreiðslu Strax

VÍKURVAGNAR EHF.

Víkurvagnar ehf. - Hyrjarhöfða 8. - 110 Reykjavík
Sími 577-1090 - www.vikurvagnar.is - sala@vikurvagnar.is



Dinu Cristian, ræðismaður Íslands í Moldavíu, Ágúst Andrésson, Árni Þór Sigurðsson sendiherra, Ilona Vasilieva viðskiptafulltrúi og Vasile Luca, framkvæmdastjóri Radacini.
Myndir / Aðsend

Ræðismaður skipaður í Moldavíu

Moldavía er landlukt land í Suðaustur-Evrópu og liggur milli Úkraínu og Rúmeníu. Landið, sem í dag er Moldavía, hefur í gegnum tíðina tilheyrt Rúmeníu, Póllandi, rússneska keisaradæminu, Sovétríkjunum en frá hruni þeirra hefur landið verið sjálfstætt.

Snemma á síðasta ári afhenti Árni Þór Sigurðsson, sendiherra Íslands í Moskvu, forseta Moldavíu trúnaðarbréf sem sendiherra Íslands í landinu og er það í fyrsta skipti í 15 ár sem það er gert. Þann 1. desember sl. var formlega opnuð ræðismannsskrifstofa, fyrsta ræðismanns Íslands í Moldavíu. Með sendiherra í för voru Ilona Vasilieva, viðskiptafulltrúi sendiráðs Íslands, og Ágúst Andrésson, sem fulltrúi úr íslensku viðskiptalífi.

Moldavía er með skráðan íbúafjölda upp á um 3,5 milljónir en um ein milljón þeirra eru farandverkamenn sem vinna í öðrum löndum og nema heimgreiðslur þeirra um fimmtungi af þjóðarframleiðslu landsins.

Ræðismannsskrifstofa í Kisínev

Ræðismaðurinn heitir Dinu Cristian og er með skrifstofu í Kisínev, höfuðborg landsins. Hann er fæddur 1990, kvæntur og á tvö börn. Cristian er menntaður í viðskiptum og stjórnunarfræðum og starfar sem sölustjóri Radacini, eins af stærstu vínframleiðendum Moldavíu.

Ágúst segir landið áhugavert og bjóða upp á ýmis viðskiptasambönd fyrir Íslendinga. „Í ræðu sinni við opnunina benti Árni á að samskipti Íslands og Moldavíu væru smám saman að aukast. Hann minnti á að utanríkis- ráðherrar landanna hafi átt fund í Póllandi fyrir skömmu og að forsetar landanna hefðu hist í nóvember á síðasta ári. Auk þess sem forsætisráðherra Íslands og forseti Moldavíu hafi hist í Prag í október síðastliðinn."

Mikið mætt á Moldavíu

„Það hefur mikið mætt á Moldavíu vegna móttöku flóttafólks frá Úkraínu og íslensk stjórnvöld hafi ákveðið að veita landinu stuðning með fjárframlögum. Það að skipa ræðismann fyrir Ísland í Moldavíu er eitt skrefið í að efla tengsl þjóðanna.

Síðan átökin brutust út í Úkraínu hafa ríflega 600.000 flóttamenn flúið þaðan en flestir þeirra hafa ýmist haldið áfram til annarra landa í Evrópu eða snúið heim aftur. Engu að síður eru yfir 80.000 flóttamenn frá Úkraínu enn í Moldavíu."

Ágúst segir að Moldavía sé lítið land, eða um 1/3 af flatarmáli Íslands. „Landið er þekkt fyrir framleiðslu á góðum vínum og þar er stærsti vínkjallari heims, sem er um 200 kílómetra langur og telur um tvær milljónir flaskna."



Moldavía er þekkt fyrir framleiðslu á góðum vínum. Þar má finna stærsta vínkjallara heims, um 200 km langan, sem inniheldur um tvær milljónir flaskna.

Efla tengsl milli Íslands og Moldavíu

Í tengslum við opnun ræðismannsskrifstofunnar átti Árni Þór Sigurðsson sendiherra og íslenska sendinefndin fundi með fulltrúum stjórnvalda, þjóðþingsins, viðskiptalífs og rannsókna- og vísindasamfélags. Meðal annars átti sendiherrann fund með Veaceslav Dobîndă varautanríkisráðherra þar sem rætt var um samskipti ríkjanna, bæði á pólitísku sviði og eins að því er varðar viðskipti og menningarsamskipti.

Ágúst segir að farið hafi verið yfir stöðuna í viðræðum um fríverslunarsamning EFTA og Moldavíu, samstarf á sviði flugmála, málefni flóttafólks og áhrif stríðsreksturs Rússlands í Úkraínu á moldavískt samfélag.

„Sendiherrann heimsótti þingið og átti fundi með Igor Grosu, forseta þess, og Ion Groza, varaformanni utanríkismálanefndar og formanni sendinefndar Moldavíu á Evrópu- ráðsþinginu. Auk þess fundaði sendiherra með Constantin Borosan varaorkumálaráðherra og fulltrúum úr orkugeiranum um samstarf á sviði jarðhitamála og Ilona Vasilieva, viðskiptafulltrúi sendiráðsins, gerði grein fyrir þekkingu og möguleikum Íslands í því sambandi. Einnig var efnahagsráðuneytið heimsótt þar sem sérstaklega var rætt um starfsumhverfi lítilla og meðalstórra fyrirtækja, Rannsóknamiðstöð Moldavíu, fyrirtæki í landbúnaði og fyrirtæki í annars konar starfsemi. Nýskipaður ræðismaður, Dinu Cristian, tók þátt í allri dagskrá sendiherrans."

Sendinefnd væntanleg til Íslands

Ágúst segir að stefnt sé að móttöku viðskiptasendinefndar frá Moldavíu til Íslands í vor. „Í heimsókn okkar til landsins kom fram að þeir hefðu mikinn áhuga á kynna sér hvað Ísland og Íslendingar hafa upp á að bjóða. Ekki síst hvað varðar þekkingu á jarðhita og orkumálum." */VH*

Husqvarna®

HÁ verslun ehf tók við umboði Husqvarna byggingavörum á Íslandi þann 11. júní 2021.

- Steinsagir
- Kjarnaborvélar
- Jarðvegsþjöppur
- Sagarblöð
- Kjarnaborar



Husqvarna K3600 Vökvasög
Sögunardýpt 27 cm



Husqvarna K7000 Pre Cut
Sögunardýpt 14,5 cm



Husqvarna K7000 Ring
Sögunardýpt 32,5 cm



Husqvarna DM230 Kjarnaborvél
150mm Max



Husqvarna K970
Sögunardýpt 15,5 cm



Husqvarna K770 14" Steinsög/hellusög
Sögunardýpt 12,5cm



Husqvarna K4000 Rafmagnssög
Sögunardýpt 12,5cm

Þjónustuverkstæði og varahlutir

HÁ VERSLUN

Víkurhvarfi 4 - 203 Kópavogur
Opið mán. - fös. kl. 8-17.
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is

HÝSI

Atvinnuhúsnæði, Geymslur Skóla- og Frístundabyggingar



Límtrésbyggingar
Klæddar yleiningum. Heildarlausn í boði með hönnun, verkfræðiteikningum, gluggum og hurðum.



Trimo húseiningar
Vönduð lausn fyrir færanlegar skólabyggingar, skrifstofuhúsnæði og gistirými.



Bogahýsi frá Rundebuehaller
Færanleg eða varanleg. Hundruð húsa seld á Íslandi síðasta áratuginn og húsin eru því þrautreynd við íslenskar aðstæður.



Stálgrindarbyggingar
Klæddar yleiningum.



Trimo gámahús
Geymslur, WC eða vinnubúðir.



Yleiningar
Með steinullar- eða PIR kjarna.

Hýsi-Verkheimar ehf. | Smiðjuvegi 44-46, Kópavogi | Sími 497 2700 | hysi@hysi.is | **www.hysi.is**

UTAN ÚR HEIMI



Erfiðlega hefur gengið að koma allri lífrænni mjólk á markað sem framleidd er í Frakklandi. Mynd / Elisabeth Dunne

Umframframleiðsla á lífrænni mjólk

Franskir bændur framleiða um 250 milljónir lítra af lífrænni mjólk á ári hverju.

Kaup neytenda á lífrænum mjólkurvörum hefur dregist saman undanfarið og er því ekki markaður fyrir allri framleiðslunni.

Mjólkursamlagið Lactalis hefur brugðið á það ráð að selja allt að 40% lífrænu framleiðslunnar sem hefðbundna. Samlagið hefur hvatt sína innleggjendur til að hætta lífrænni framleiðslu og breyta yfir í venjulega.

Talsverður verðmunur er á þessum tveimur flokkum mjólkur – lítri af lífrænni kostar 2,8 evrur, á meðan lítri af hefðbundinni kostar 1,4 evrur. */ÁL*

Bandaríkin:

Kínverjar margfalda innflutning á nautakjöti

Útflutningur á nautakjöti frá Bandaríkjunum til Kína hefur margfaldast á síðustu tveimur árum.

Á síðastliðnum tveimur árum hefur útflutningur Bandaríkjanna á nautakjöti til Kína aukist úr um 20.000 tonnum á ári í 263.000 tonn. Írski landbúnaðarmiðillinn Irish Farmers Journal greinir frá. Þar er refsiaðgerðum og viðskiptahömlum í forsetatíð Donalds Trump kennt um en lausnin fólst í endurreisn viðskiptasambands milli landanna og samkomulag um aukin milliríkjaviðskipti.

Leiddi það m.a. til aukinnar sölu á nautakjöti og mun Kína nú vera þriðji stærsti innflytjandi bandarísks nautakjöts á eftir Japan og Suður-Kóreu. Á meðan hrundi innflutningur Kínverja á bandarísku svínakjöti, en það var 200.000



Grilluð tólg á kínverska vegu er talið lostæti. Mynd/ K Hsu

tonnum minna á fyrstu 11 mánuðum ársins 2022 en á sambærilegum tíma árið 2021. Ástæða minni eftirspurnar er endurreisn kínverska svínastofnsins sem varð illa úti í svínaflensunni árið 2019. */ghp*

Matvælasvik:

Mataráhöld upprætt í hundraðavís

Hundruð plastvara sem innihéldu fylliefni af jurtauppruna, s.s. bambus og maís, voru upprættar í átaksverkefni eftirlitskerfisins Food Fraud Network gegn óleyfilegri notkun á slíkum efnum í matarílát og mataráhöld.

Borðbúnaður sem markaðssettur er sem umhverfisvænn staðgengill plasts hefur á undanförnum árum vaxið mikið á markaði. Bambusvörur af ýmsu tagi, svo sem hnífapör og matarílát, eru til að mynda vinsælar meðal neytenda sem vilja vera vistvænni.

Hins vegar eru allmörg dæmi um að vörur, markaðssettar sem náttúrulegar bambusvörur, séu gerðar úr plastefni sem kallast melamín, bambus er síðan notað sem fylliefni. Evrópska matvælaöryggisstofnunin hefur ályktað að notkun á fylliefnum af jurtauppruna sem ætlað er að snerta matvæli þarfnist frekari rannsókna. Melamín-bambusvörur eru því bannaðar.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og Evrópska eftirlitskerfið Food Fraud Network ruddu úr vegi árið 2021 átaksverkefni með tollyfirvöldum sambandsþjóðanna sem miðaði að því að binda enda á ólöglegan innflutning og viðskipti með vörur sem innihéldu slík fylliefni.

Alls tók 21 land þátt í samræmdum aðgerðum og leiddi það til verulegrar aukningar á upprætingu ólöglegra vara. Alls voru 748 mál skráð í átakinu sem leiddu til upprætingar og innköllunar á 644 vörum á markaði innan Evrópusambandsins en 104 vörum var hafnað við landamæraeftirlit. Alls voru 580 af þessum vörum nær eingöngu seldar gegnum vefverslanir. Meirihluti ólöglegu varanna kom frá Kína.

Framleiðendur, innflytjendur og dreifingaraðilar viðkomandi vara voru krafðir um að taka þær tafarlaust af markaði.



Afurðir úr hreinum bambus eru leyfilegar og ágætis staðgengill plasts. Mynd / Unsplash



Dæmi um melamín-plastvörur sem upprættar voru í átaksverkefninu.

Eftirlit á Íslandi

Samkvæmt upplýsingum frá Herdísi M. Guðjónsdóttur, fagsviðsstjóra hjá Matvælastofnun, lét heilbrigðiseftirlitið hér á landi skoða íslenskan markað í tengslum við átakið. Voru þá fjarlægðar plastvörur sem innihéldu bambusduft.

Einnig komu nokkrar tilkynningar gegnum viðvörunarkerfi Evrópu, RASFF, um slíkar vörur sem fylgt var eftir. Eftirlit með íslenskum markaði er enn í gangi. Að sögn Herdísar var fjöldi slíkra vara hér á landi töluverður en í öllu falli settar á markað með góðri trú að vörurnar væru úr bambus, en ekki plast með bambusdufti.

Plastefni sem ætlað er að vera í snertingu við matvæli mega aðeins vera framleidd með efnum sem hafa tilskilin leyfi í samræmi við reglugerðir. Borðbúnaður sem eingöngu er úr melamíni eru leyfileg ef þau uppfylla tilteknar reglur.

Vörur úr melamíni sem inniheldur bambus er bannaður. Afurðir úr hreinum bambus eru leyfilegar og ágætis staðgengill plasts. */ghp*



Búvísindi:

Vísindamenn styðja kjöt- og búfjárrækt

Tæplega 700 vísindamenn um allan heim hafa undirritað yfirlýsingu til stuðnings mikilvægu hlutverki búfjárræktar í sjálfbæru matvælakerfi.

Samfélagslegt hlutverk búfjár og kjöts var rætt á tveggja daga alþjóðlegum leiðtogafundi í Dublin á Írlandi í október 2022. Þar komu saman fræðimenn og vísindamenn á sviði búfjárræktar til að fylgja eftir umræðum á leiðtogafundi Sameinuðu þjóðanna um matvælakerfi árið 2021. Mikilvægi kjöts í mataræði fólks, hlutverk þess í sjálfbæru umhverfi og menningarlegt gildi þess voru þrjú meginstef leiðtogafundarins.

Í ástralska landbúnaðarmiðlinum MLA er haft eftir forstjóra kjötafurðafyrirtækis að leiðtogafundurinn hafi þjónað mikilvægum tilgangi við að undirstrika mikilvægi búvísinda og faglegra rannsókna á sviði landbúnaðar. Búfjárrækt sé studd og grundvölluð af þekkingu og fræðum, rannsóknum sem hafa birst í þúsundavís í ritrýndum miðlum. Yfirgnæfandi niðurstaða vísindamanna er sú að rannsóknir styðja ekki nálgun þeirra sem reyna að heyja hugmyndafræðilegt stríð gegn búfjárrækt, segir Chris Taylor meðal annars í MLA.

Í framhaldi leiðtogafundarins var mótuð ályktun og stefna sem hefur fengið heitið Dyflinnaryfirlýsingin. Tilgangur hennar er að varpa ljósi á þau áreiðanlegu vísindi sem lagt hafa grunn að farsælum framförum í búfjárrækt og benda á mikilvægi kjöts í matvælakerfum mannkyns. Í yfirlýsingunni segir að búfjárrækt hafi þróast á grundvelli ströngustu vísinda, hún sé of dýrmæt til að verða fórnarlamb smættarhyggju, einföldunar og ofstækis.

Þar segir einnig að matvælakerfi heimsins standi frammi fyrir ærnum áskorunum sem felast í því að tryggja fæðuöryggi og næringu fyrir sífellt vaxandi mannfjölda heims. Um leið þurfi hún að mæta kröfum um bættar aðferðir í takt við þarfir umhverfisins.

Meðal þeirra sem hafa skrifað undir viljayfirlýsinguna eru 85 vísindamenn á Spáni, 72 í Bandaríkjunum, 52 á Ítalíu og 50 vísindamenn í Ástralíu en enn þá er hægt að styðja í gegnum vefsíðuna www.dublin-declaration.org.

Enginn vísindamaður með aðsetur á Íslandi hefur skrifað undir en yfir þrjátíu manns á Norðurlöndum hafa þegar stutt Dyflinnaryfirlýsinguna */ghp*

MHG VERSLUN

Husqvarna á Íslandi - allt til á lager



FS400
Gólfsög
Sögunardýpt 16,2cm



K770
Steinsög
Sögunardýpt 12,5cm



K970
Steinsög
Sögunardýpt 15,5cm



K3600 MK II
Steinsög
Sögunardýpt 27cm



K7000
Steinsög / forsög
Sögunardýpt 14,5cm



550XP MKII
Keðjusög - 4,2 hestöfl



Snjóblásari ST424T
8,6 HP, vinnslubreidd 61cm, hiti í handföngum, tveggja þrepa kerfi, framljós,belti, rafstart.



Snjóblásari ST424
8,6 HP, vinnslubreidd 61cm, hiti í handföngum, tveggja þrepa kerfi, framljós, extra stór dekk, rafstart.



Snjóblásari ST330
11,1 HP, vinnslubreidd 76cm, hiti í handföngum, tveggja þrepa kerfi, framljós, extra stór dekk, rafstart.



Snjóblásari ST327
9 HP, vinnslubreidd 69cm, hiti í handföngum, tveggja þrepa kerfi, framljós, extra stór dekk, rafstart.



Snjóblásari ST224
7 HP, vinnslubreidd 61cm, hiti í handföngum, tveggja þrepa kerfi, framljós, rafstart.



Snjóblásari ST124
7 HP, vinnslubreidd 61cm.



Traktor TC238T
Sláttutraktor - 18 hestöfl



Rider 320X AWD
Sláttutraktor - 20 hestöfl



RC320TS AWD
Sláttutraktor - 12.6 kW



LF75LAT
Jarðvegsþjappa - 95KG

MHG VERSLUN | Þjónustuverkstæði og varahlutir | **Víkurhvarf 8** | **203 Kópavogur** | S **544 4656** | **mhg.is**



Sérhannaðir gæðagluggar og hurðir frá Skanva.is

Skanva hefur yfi r 10 ára reynslu í Skandinavíu, þar sem gott og vandað gæðahandverk einkennir alla gluggaog hurðir Skanva. Þar að auki eru Skanva gluggar og hurðir vottaðir og slagveðursprófaðir fyrir íslenskar aðstæður. Skanva framleiðir glugga og hurðir í margvíslegum útfærslum, þar sem er lögð rík áhersla á efnisgæði, öryggi og fagurfræði.

10 ára ábyrgð







Skanva ehf. - Fiskislóð 73 - 101 Reykjavík - S: 558 8400 | Skanva.is

Í DEIGLUNNI

Prentmiðlakönnun Gallup:

Sterk staða á fjölmiðlamarkaðinum

– Bændablaðið er langmest lesna blað landsbyggðarinnar

Bændablaðið trónir yfir aðra prentmiðla í nýjum mælingum Gallup yfir lestur blaða á landsbyggðinni. Lestur Bændablaðsins á höfuðborgarsvæðinu hefur aukist og yngri lesendur bætast í hópinn.

Samkvæmt niðurstöðum lestrarkönnunar mælist lestur Bændablaðsins 37,6% á landsbyggðinni. Blaðið ber höfuð og herðar yfir aðra prentmiðla þar, eins og reyndar fyrri ár. En lestur dagblaða hefur dalað, er 16,7% hjá Fréttablaðinu, 14,3% hjá Morgunblaðinu og 3,6% hjá Viðskiptablaðinu.

Samdráttur í lestri prentmiðla

Lestur prentmiðla hefur verið að dragast saman á heimsvísu á undanförnum árum og áratugum. Prentmiðlar hér á landi fara ekki varhluta af því.


Þegar bornar eru saman niðurstöður hinnar nýju könnunar og niðurstöður sambærilegrar könnunar frá árinu 2021 sést að lestur Fréttablaðsins hefur dregist saman um 15,1% á landsvísu, lestur Morgunblaðsins hefur minnkað um 12,7% og hjá Viðskiptablaðinu er samdrátturinn 7,14%. Lestur Bændablaðsins dregst minnst saman, eða um 4,4%. Stundin er eini miðillinn sem eykur við sig meðallestur í könnuninni, var 8,1% á landsvísu árið 2021 en mælist 9,8% árið 2022.

Bændablaðið er næstmest lesna blað landsins samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar, með 26% lestur á landsvísu á meðan Fréttablaðið mældist með 28,2%.


Könnunin var framkvæmd á síðasta ársfjórðungi ársins 2022 en um áramótin breyttist dreifing Fréttablaðsins og er nú hætt að bera það út á heimili fólks og liggur þess í stað frammi á 120 stöðum á suðvesturhorni landsins. Bændablaðið liggur frammi á 420 stöðum, hringinn í kringum landið.

Aukinn lestur Bændablaðsins í höfuðborginni

Lestur prentmiðla sem útgefnir eru sjaldnar en vikulega auka við sig lestur á höfuðborgarsvæðinu á meðan lestur miðla sem gefa oftar út minnkar milli ára.



Blaðið ber höfuð og herðar yfir aðra prentmiðla á landsbyggðinni.



Þegar horft er til eldri aldurshópa er Bændablaðið mest lesið á landsvísu.



Bændablaðið er næst mestlesni prentmiðill landsins skv. könnuninni sem framkvæmd var á síðasta ársfjórðungi ársins 2022.



Aukinn lestur á höfuðborgarsvæðinu endurspeglar áhuga borgarbúa á efnistökum Bændablaðsins.

Stundin eykur lesturinn á höfuðborgarsvæðinu úr 8,8% í 10,8% og Bændablaðið úr 19 í 19,5%. Á meðan minnkar lestur Fréttablaðsins úr 36,9% í 34,6% og Morgunblaðið úr 20,9% í 19,7%.

Mest lesið meðal heldri landsmanna

Karlar eru enn líklegri til að lesa Bændablaðið en konur, en 31,1% karlmanna lesa blaðið og 20,8% kvenna. Athygli vekur þó að þegar yngsti aldurshópur lesenda er skoðaður, 12-19 ára, þá víxlast kynjamunurinn, en 33% fleiri stúlkur en drengir lesa Bændablaðið í þeim aldursflokki.

Eldri aldurshópar eru tryggustu lesendur blaðsins, en 50,6% lesenda á aldrinum 60-80 ára lesa Bændablaðið. Þegar aldursflokkurinn 51-65 ára er skoðaður þá er lestur Bændablaðsins mestur á landsvísu, alls 38,3%, á meðan lestur Fréttablaðsins er 36,6%.

Aukinn áhugi yngri lesenda

Lestur yngri aldurshópa á Bændablaðinu hefur einnig aukist verulega milli ára. Meðallestur á landsvísu í aldurshópnum 12 – 24 ára fór úr 7,2% í 8,7%. Á meðan dróst lestur Fréttablaðsins og Morgunblaðsins saman í sama aldursflokki.

Lestur vefsíðu Bændablaðsins hefur einnig aukist verulega á síðastliðnum sex mánuðum og ekki síst eftir að blaðið fór að miðla efni sínu á samfélagsmiðlinum Instagram. Má þar meðal annars sjá myndbönd sem tengjast efnistökum blaðsins sem vakið hafa verðskuldaða athygli.

Vinsælla en Mogginn í Kraganum

Athyglisvert er að skoða lestur miðlanna eftir kjördæmum. Bændablaðið er langvinsælasti prentmiðill Suðurkjördæmis, Norð-austurkjördæmis og Norðvestur-kjördæmis. Blaðið hefur enn fremur tekið fram úr Morgunblaðinu í Reykja-víkurkjördæmi suður og í Kraganum. Endurspeglar það aukinn áhuga borgarbúa og nærsveitunga á efni blaðsins.

Einstakt á heimsvísu

Það heyrir til undantekninga á heimsvísu að landbúnaðarmiðaður prentmiðill sé meðal stærstu fréttamiðla hjá einni þjóð. Niðurstöðurnar sýna, svo ekki verður um villst, að staða Bændablaðsins á íslenskum fjölmiðlamarkaði er sterk og stöðug.

Efnistök blaðsins ná til sífellt fjölbreyttari lesendahóps og er oft uppspretta annarra fjölmiðla, enda er blaðið leiðandi í umfjöllun um mikilvæg málefni sem tengjast búskaparháttum, matvælaframleiðslu og fæðuöryggi.

Í prentmiðlakönnun Gallup er lestur dagblaða mældur með samfelldum hætti. Um 30 svörum er safnað á hverjum degi, eða 2.500 svörum á ársfjórðungi.

Í úrtakinu eru Íslendingar á aldrinum 12–80 ára af landinu öllu.

/ghp

Límtré-Timbureiningar



STRÚKTÚR

Stálgrind
Yleiningar
PIR
Steinull





| Strúktúr ehf | www.struktur.is | struktur@struktur.is |
| Bæjarflöt 9 | 112 Reykjavík | Sími: 588 6640 |

Þú finnur Bændablaðið á bbl.is, Facebook & Instagram

Land og skógur:

Frumvarpsdrög í samráðsgátt

Drög að frumvarpi til laga um sameiningu Skógræktarinnar og Landgræðslunnar hafa verið birt í samráðsgátt stjórnvalda.

Í frumvarpinu er lagt til að sameiginlega stofnunin heiti Land og skógur. Skila má inn umsögnum um drögin til 1. febrúar.

Samkvæmt frumvarpsdrögunum á nýja stofnunin að hafa eftirlit með framkvæmd laga um landgræðslu og skógrækt og annast daglega stjórnsýslu í samræmi við þau lög og annan lagabókstaf sem stofnunin starfar eftir.



Land og skógur skal með starfsemi sinni vinna að landgræðslu og skógrækt og stuðla að eflingu, verndun og endurheimt á auðlindum þjóðarinnar.
Mynd / Myndasafn Bændablaðsins.

Stuðla að eflingu, verndun og endurheimt auðlinda

Í frumvarpsdrögunum segir að: „Land og skógur skal með starfsemi sinni vinna að landgræðslu og skógrækt og stuðla að eflingu, verndun og endurheimt á auðlindum þjóðarinnar sem fólgnar eru í jarðvegi, skógum og öðrum gróðri í samræmi við lög og stefnu stjórnvalda, bestu þekkingu og alþjóðleg viðmið.“ Aðdragandi frumvarpsins um sameininguna er að matvælaráðherra skipaði starfshóp til að greina rekstur stofnananna, eignaumsýslu og samlegð faglegra málefna og vinna áhættugreiningu. Skýrslu var skilað 3. október síðastliðinn með þeirri niðurstöðu að fagleg og rekstrarleg rök væru fyrir sameiningunni.

Ráðherra ákvað því að leggja sameiningu til og í frumvarpsdrögunum er lagt til að heiti nýrrar stofnunar verði Land og skógur. Aðalskrifstofa stofnunarinnar getur verið á hvaða starfsstöð hennar sem er samkvæmt frumvarpsdrögunum, en ekki er gert ráð fyrir að forstöðumaður hafi aðsetur á höfuðborgarsvæðinu. Drögin sem liggja fyrir að lögum um nýja stofnun, Land og skóg, eru til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda fram til 1. febrúar.

Ef lögin öðlast gildi er ráðherra heimilt að skipa forstöðumann nýrrar stofnunar sem hefur leyfi til að undirbúa starfsemi hennar í samráði við skógræktarstjóra og landgræðslustjóra, allt þar til stofnunin tekur til starfa við gildistöku laganna 1. janúar 2024.

/VH

NÝÁRSTILBOÐ

20% afsláttur af öllum garðhúsum og
15% afsláttur af völdum gestahúsum á meðan byrgðir endast*

Við bjóðum þér að geyma fyrir þig húsið að kostnaðarlausu til vors 2023.

Geymsluhús eða gestahús fyrir vorið á frábæru verði · Ekki missa af þessu



34 mm bjálki / Tvöföld nótun

GARÐHÚS 14,5 m²

45% afsláttur af flutningi á **GARÐHÚSUM og GESTAHÚSUM** á allar þjónustustöðvar Flytjanda.

GESTAHÚS og GARÐHÚS sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður

Sjá fleiri **GESTAHÚS og GARÐHÚS** á tilboði á heimasíðunni volundarhus.is

Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar volundarhus.is og í síma 864-2400.

*Afsláttur af uppgefnum verðum á heimasíðunni volundarhus.is

völundarhús.is
Vel valið fyrir húsið þitt

Staðgreiðslu lán | VISA Lán - hagstæðar afborganir



GARÐHÚS 4,4m²



GARÐHÚS 4,7m²



GARÐHÚS 9,9 m² án gólfs



GARÐHÚS 9,7m²

www.volundarhus.is

VH/23-01

Garðyrkja

Heildarlausnir fyrir garðyrkjuna



Allt frá fræjum til afurða

Frjó umbúðasalan, hluti af Samhentum síðan 2016

Suðurhraun 4a, 210 Garðabæ, 5758000
www.samhentir.is sala@samhentir.is

Samhentir

Í DEIGLUNNI



Þegar öll svínabú landsins verða búin að breyta húsunum hjá sér samkvæmt nýrri aðbúnaðarreglugerð sem tekur gildi í janúar 2025, mun íslensk svínarækt standa öðrum löndum framar hvað dýravelferð varðar. Hér má sjá nýja gotstíu í Laxárdal þar sem gyltan hefur gott rými til að athafna sig og grísirnir geta verið öruggir í sínu horni. Rétt eftir got er mikil hætta á að gylturnar leggist á grísina og eru hreyfingar þeirra því takmarkaðar í fimm daga með því að skorða þær milli grindanna sem sjást á myndinni. Myndir / ÁL

Búgrein á tímamótum

– Svínaræktin á Íslandi gengur í gegnum miklar breytingar

Svínakjöt er þriðja mest selda kjötið á íslenskum markaði og eru vinsældir þess stöðugt að aukast. Kjúklingakjöt trónir á toppnum og lambakjöt rétt þar á eftir. Þrátt fyrir að neytendur velji í síauknum mæli svínakjöt, þá stendur búgreinin fyrir miklum áskorunum, eins og ákalli um aukinn innflutning og hertum kröfum um aðbúnað. Tækifæri geta þó leynst í því síðarnefnda, því þegar öll svínabú landsins verða búin að breyta aðstæðum í samræmi við nýja aðbúnaðarreglugerð, verður íslensk svínarækt með forskot á nágrannalöndin hvað varðar dýravelferð.



Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is

Á Íslandi eru átta aðilar sem reka 18 svínabú samkvæmt upplýsingum frá Mast. Samþjöppun hefur orðið í greininni og eru nokkrir aðilar orðnir mjög stórir. Þar af er Stjörnugrís stærst með sjö bú og Síld og fiskur með þrjú. Síðarnefnda fyrirtækið markaðssetur sínar vörur undir vörumerkinu Ali. Svínabúin eru nokkuð mismunandi að stærð og gerð. Sum þeirra taka einungis á móti litlum grísum og ala fram að slátrun. Önnur eru með gyltur sem gjóta að jafnaði tvisvar á ári. Matvælastofnun skilgreinir fyrri gerðina sem eldisbú og þá síðari sem gyltubú og verður sú afmörkun einnig notuð hér. Greinin gengur í gegnum mikið breytingaskeið núna, en 1. janúar 2025 tekur í gildi ný aðbúnaðarreglugerð, eftir tíu ára aðlögunarferli. Ein veigamesta breytingin snýr að gyltunum, en hver og ein mun fá 40% meira gólfpláss og verða þær í lausagöngu í rúmgóðum gotstíum, í stað þess að vera lokaðar í þröngum básum. Reglugerðin mun einnig krefjast lausagöngu og meira rýmis fyrir gyltur og grísi á flestum stigum ræktunarinnar.

Fjölskyldubú í Laxárdal

Í Laxárdal í Skeiða- og Gnúpverjahreppi er Grís og Flesk ehf. með meginhluta sinnar starfsemi. Það er eitt af þeim búum sem eru komin hvað lengst í að aðlagast nýrri aðbúnaðarreglugerð. Grís og Flesk er fjölskyldufyrirtæki og eru tvær kynslóðir sem standa saman í rekstrinum, annars vegar Hörður Harðarson og María Guðný Guðnadóttir og hins vegar Björgvin Þór Harðarson og Petrína Þ. Jónsdóttir. Feðgarnir Hörður og Björgvin sátu fyrir svörum og leiddi Björgvin blaðamann í gegnum byggingarnar. Laxárdalur er eitt af fimm búum á landinu sem er bæði gyltu- og eldisbú. Gylturnar eru 200 og er stærstur hluti grísanna alinn



Búið í Laxárdal er fjölskyldubú. Hér sjást Hörður Harðarson, María Guðný Guðnadóttir og Björgvin Þór Harðarson. Petrína Þórunn Jónsdóttir, eiginkona Björgvins, sér um kjötvinnsluna og allt sem að henni snýr.

Neytandinn þarf að vita hvaðan kjötið kemur

Ingvi Stefánsson, formaður deildar svínabænda hjá Bændasamtökunum og svínabóndi í Teigi í Eyjafjarðarsveit, telur mikil tækifæri liggja í því að innleiða upprunamerkingar.



Ingvi Stefánsson, svínabóndi í Teigi.

Þá getur neytandinn tekið upplýst val hvort keypt sé innlend eða erlend matvara. Heilnæmi afurða og dýravelferð segir hann vera tvennt af því sem geri íslenskt svínakjöt að sam- keppnishæfri vöru. Varðandi fyrrnefnda atriðið, þá er það takmörkuð sýklalyfjanotkun sem skiptir máli. Síðarnefnda atriðið snýr annars vegar að sérstöðu Íslands varðandi geldingar og hins vegar aðbúnað gripanna þegar öllum húsum hefur verið breytt samkvæmt nýrri reglugerð.

„Það er örstutt í það að aðbúnaðurinn okkar verði mjög góður þegar kemur að dýravelferð – og þá betri en gengur og gerist í Evrópu," segir Ingvi.

Ísland er sérlega heppið þegar kemur að litlu sjúkdómaálagi. Fjölónæmu bakteríurnar MSRA, einnig nefndar MÓSA bakteríur, eru landlægar í svínarækt í mörgum af þeim löndum sem við berum okkur saman við, á meðan þær hafa ekki náð fótfestu á Íslandi. MÓSA getur borist yfir í fólk og valdið miklum skaða. „Sem dæmi má taka að kollegum okkar í Danmörku ber að tilkynna að þeir umgangist svín ef þeir þurfa að leita inn á heilbrigðisstofnanir," segir Ingvi.

Breytingar miklar

Eins og komið hefur fram, þá tekur ný aðbúnaðarreglugerð gildi eftir tvö ár. „Þetta eru það miklar breytingar að oft borgar sig ekki að taka eldri hús og uppfæra þau," segir Ingvi.

Hann og fleiri hafa því brugðið á það ráð að byggja ný hús, og hafa sumir viljað byggja á nýjum stað. Það hefur valdið miklum töfum vegna skipulagsmála og andstöðu nágranna. „Það held ég að hafi verið okkar stærsti flöskuháls og maður hefur áhyggjur af því hvort greinin verði búin að ná þessu [í tæka tíð] þar sem þetta er ekki byggt á einum degi," segir Ingvi.

Hvað lyktarmengun varðar, þá segir Ingvi að hún sé algjörlega óhjákvæmileg. Hins vegar sé margt hægt að gera til að halda henni í lágmarki. Með réttum aðferðum getur lyktarmengunin verið sambærileg því sem fylgir almennum búrekstri.

Fóðurkostnaður vegur þungt

Fóðurkostnaðurinn er langstærsti útgjaldaliður íslenskra svínabænda. „Þar sem fóðrið hjá okkur er að mestu leyti innflutt þá er búinn að bætast mikill flutningskostnaður ofan á hráefnisverðið þegar það er komið í sílóið okkar." Þetta atriði segir Ingvi að veiki samkeppnisstöðu íslenskra svínabænda gagnvart innflutningi á kjöti. Hann kallar því eftir því að aukin áhersla verði lögð í að efla kornrækt. Eins og staðan er í dag segir Ingvi að ræktunarstyrkir frá hinu opinbera séu minni en erlendis og við það bætist að uppskerumagnið á hvern hektara er mun minna.

„Ég hef mjög mikla trú á framtíð svínaræktarinnar hérna innanlands. Þrátt fyrir allar áskoranirnar þá á framtíðin að geta verið björt," segir Ingvi. „Maður er búinn að fara mikið utan og maður sér hvað stjórnvöld þar eru að þrengja að bændum. Ekki síst vegna þess hvað jarðvegur víða er orðinn mettaður af lífrænum áburði og einingarnar orðnar gríðarlega stórar. Við erum svo ótrúlega lánsöm að hafa allt þetta landrými og hreinu orkuna – svo ekki sé nú talað um hvað hún er orðin ódýr í samanburði við útlönd

Mér dettur ekki í hug að halda því fram að það sé allt í volli í svínarækt erlendis og allt vont sem þaðan kemur, en það er samt staðreynd að við höfum ákveðna hluti sem við erum að gera með betri hætti," segir Ingvi.

upp í sláturstærð. Vegna plássleysis þurfa þeir þó að selja öðrum eldisbúum hluta sinna grísa.

Nýtt gyltuhús

Í Laxárdal var nýlega byggt nýtt gothús. Samkvæmt Herði var kostnaðurinn mjög hár og hefðu bændurnir ekki haft bolmagn til að leggjast í svo dýrar framkvæmdir nema með stuðningi frá ríkinu. Hann segir að ríkið hafi tileinkað 400 milljónum króna í framkvæmdastyrki sem áttu að nýtast til endurbóta á svínabúum. Hörður segir að nú sé þessi sjóður tómur og enn eigi margir eftir að ljúka við sína aðlögun.

Björgvin segist sjá talsverðan mun á gyltunum eftir að betri aðstaða var tekin í gagnið. Þær mjólka betur, eru almennt hraustari og grísirnir stækka hraðar. Fóðrunin hefur jafnframt aukist, þar sem gylturnar hreyfa sig meira og aukin hætta er að þær mjólki af sér holdin. Aðstaða gripanna hefur ekki einungis stórlagast, heldur er öll vinnuaðstaða starfsfólksins orðin betri, en svínarækt krefst mikillar umhirðu.

Gotstían er ferningslaga. Eitt hornið er stúkað af þannig að grísirnir einir komast þar að og er þar afdrep þar sem þeir geta legið undir hitalampa. Í kringum got er mikil hætta á að gylturnar leggist á grísina. Þess vegna eru stíurnar útbúnar þannig að hægt er að leggja grindur að gyltunum og hreyfingar þeirra takmarkaðar í fimm daga. Annars er rými gyltunnar þannig að hún getur snúið sér í allar áttir og verið í öllum stellingum án þess að þrengt sé að henni. Hver gylta gýtur að jafnaði tvisvar á ári og gefur hvert got af sér á bilinu 12-17 grísi, sem skilar sér í 1,8 tonnum af kjöti á ári. Gylturnar geta sjaldnast hugsað um fleiri en 14 gríslinga hverju sinni og því eru þeir oft færðir á milli gyltna ef þess þarf. Eftir got eru grísirnir í fjórar vikur í stíu með móður sinni. Álagið dreifist jafnt yfir allt árið, en í Laxárdal eru 18 gyltur sem gjóta aðra hverja helgi.

Stutt skott minnkar nart

Eftir got eru vígtennurnar slípaðar og klippt aftan af skottinu á grislingunum. Ástæðan fyrir því að betra er að stytta halann er sú að annars fara grísirnir að naga hver annan, sem veldur sársauka og leiðir til sýkingarhættu. Laxárdalsbændur hafa prófað að sleppa skottklippingum með áðurgreindum afleiðingum. Björgvin segir mun meiri dýravelferð í því að stytta skottið, en að gera það ekki.

Grísirnir fá verkjalyf áður en halarnir eru styttir og er klippingin framkvæmd með heitri töng, sem stöðvar blæðingu, og eru grísirnir fljótir að jafna sig. Feðgarnir telja að sársaukinn sé minni en lömb finna þegar þau eru mörkuð.

Geldingar alfarið hættar

Hér áður tíðkaðist að karlkyns grislingar væru geltir þremur dögum



Gyltur í fangdeild. Hér sjást gyltur í lausagöngustíu sem búið er að breyta skv. nýjum kröfum, en áður voru þær hafðar á einstaklingsbásum. Oft er hægt að breyta gömlum húsum þar sem gyltur eru í fangdeild, en stundum er ekki komist hjá því að byggja nýtt.

eftir got, en annars kom óbragð af kjötinu – ekki ósvipað hrútabragði. Sú meðferð fékk mikla gagnrýni og var alfarið hætt að gelda grísi á Íslandi árið 2016. Björgvin segir að nú séu þeir bólusettir gegn galtalyktinni með próteinefni sem hægir á vexti eistnanna. Ekki er hægt að kalla þessa meðferð lyfjageldingu þar sem áhrifin ganga til baka að ákveðnum tíma liðnum.

Hörður segist ekki vita af öðru landi en Íslandi þar sem geldingum hefur alfarið verið hætt. „Þeir sem tala mest um dýravelferð minnast aldrei á þessa byltingu sem varð þegar við hættum að gelda. Ísland ber af hvað þetta varðar. Innflutt svínakjöt kemur frá löndum þar sem ekki hafa verið settar sambærilegar reglur og hér gilda um geldingar.“

Grísaeldið og tilhleypingar

Eftir fráfærur er grísunum komið fyrir í stíum þar sem þeir fá að vaxa í sex til tíu vikur. Þeim er slátrað 150 til 160 daga gömlum. Þá hafa þeir náð nálægt 100 kílóa þunga, sem gefur 80 kílóa fallþunga. Nýju aðbúnaðarreglurnar gera kröfu um aukið rými á hvern grís. Bændur munu einnig þurfa að vera með þéttari gólfgrindur og á hluti stíanna að vera með lokuðu gólfi.

Gylturnar fara í tilhleypingadeild eftir fráfærur. Til að örva kynlöngunina er göltur hafður í sama rými, en gylturnar hafa ekki beinan aðgang að honum, heldur eru þær allar sæddar eftir fimm daga. Þaðan fara þær yfir í fangdeild og fara í sónarskoðun eftir fjórar til sex vikur. Ef þær reynast ekki hafa fest fang, þá fara þær aftur í tilhleypingadeildina. Hafi sæðingin heppnast, þá dvelja þær áfram í fangdeildinni þangað til viku fyrir got. Meðgangan tekur 116 daga, eða þrjá mánuði og þrjár vikur. Fyrsta gotið er oftast þegar gylturnar eru eins árs gamlar og ná þær sex til átta meðgöngum.

Hingað til hafa gylturnar verið látnar dvelja meðan á meðgöngunni stóð í einstaklingsbásum – sambærilegum þeim og í básafjósum. Í nýju aðbúnaðarkröfunum er farið fram á að þær séu hafðar í lausagöngu með öðrum gyltum og hefur fangdeildin í Laxárdal verið að hluta til aðlöguð samkvæmt því.

„Við finnum mun á gyltunum sem eru lausar og þeim sem eru á básum. Þeim líður flestum betur og þær eiga auðveldara með að hreyfa sig þegar við erum að reka þær á milli húsa,“ segir Hörður. Hann segir þó sumar gyltur þrífast illa í hóp og greinilega líða betur í bás.„Það sem skiptir máli fyrir okkur er að við getum haldið áfram á þessari vegferð, að auka og bæta velferð dýranna,“ segir Hörður, en bætir við að til þess þurfi fjármagn frá hinu opinbera. „Markaðurinn stendur ekki undir þessari fjárfestingu.“

Vilja bæta samkeppnisstöðu

Svínabændur fá ekki beingreiðslur frá ríkinu. „Enda er ég á því að við viljum ekki fá svoleiðis. Ef þú ætlar að fá styrk frá ríkinu, þá verða það að vera peningar sem eru settir í einhver ákveðin verkefni. Verkefnagreiðslurnar eiga að snúast um það að gera búgreinina samkeppnishæfari við innflutning,“ segir Björgvin.

Aðspurður telja feðgarnir að 20-30% af því svínakjöti sem neytt sé hérlendis sé innflutt. „Síðurnar eru ábyggilega stærsti hlutinn af þessum innflutningi,“ segir Hörður, en þær fara í beikon.

Fúkkalyf

Björgvin segir að íslensk svínakjötsframleiðsla hafi þá sérstöðu að notkun sýklalyfja er í algjöru lágmarki. Víða erlendis tíðkast að fúkkalyfjum sé sprautað í allan hópinn að staðaldri, eða að lyfjum sé blandað í fóðrið til að fyrirbyggja sýkingar. Hérlendis er hins vegar ekki gripið til lyfjanna nema gripirnir séu sannarlega veikir og þurfi á þeim að halda. Gyltur þurfi stundum pensillín eftir got en eldisgrísir fá slíkt nær aldrei.



Björgvin segir að í nýja húsnæðinu sé aðstaða gripanna ekki einungis betri, heldur hafi vinnuaðstaða starfsfólksins batnað til muna.



Ungir grísir í eldi – hér verða litlar breytingar þegar nýjar aðbúnaðarkröfur taka gildi, fyrir utan auknar kröfur um rými fyrir hvern einstakling.

Neysla eykst – innlend framleiðsla ekki

Bændablaðið setti sig í samband við Geir Gunnar Geirsson, forstjóra Stjörnugríss hf., sem eins og áður segir er stærsti aðilinn í svínarækt á landinu, með samtals 1.900 gyltur og eldi á sjö búum, ásamt sláturhúsi og kjötvinnslu á Kjalarnesi. Hann segir fyrirtækið sitt róa öllum árum að því að vera búið með allar framkvæmdir áður en breyttar kröfur um aðbúnað taka gildi. Mikið skrifræði og heimsfaraldur hafa þó valdið töfum. Geir Gunnar sagði að stjórnvöld hafi verið með mjög ójafna skiptingu á framkvæmdastyrkjunum sem veittir voru ef horft er á hvern grip, en hver gylta hjá honum fékk minni styrk samanborið við aðra svínaræktendur.

Hann segir að æskilegast væri ef sem mest af svínakjöti væri framleitt hér innanlands, en vegna samninga við Evrópusambandið, þá mun alltaf eitthvað vera flutt inn. Innlend framleiðsla hefur staðið í stað undanfarin 15 ár, en neyslan á svínakjöti hefur aukist – og er þeirri neysluaukningu svarað með innflutningi.

Stjörnugrís byrjaði með kjötvinnslu fyrir nokkrum árum og er hluti afurðanna sem fer þar í gegn innfluttur. Aðspurður af hverju fyrirtæki hans standi í innflutningi, segir Geir Gunnar að hann hafi engra kosta völ. Á hverju ári eru gefnir út tollkvótar og yrði þetta kjöt flutt inn hvort eð er. Með því að hluti afurðanna sé innfluttur náist betri nýting á kjötvinnslunni.

Svínabú landsins

Bær	Sveit	Rekstraraðili	Búgerð
Hagi	Gnúpverjahr. í Skeiða- og Gnúpverjahreppi	Úlfhéðinn Sigurmundsson	Eldi
Laxárdalur	Gnúpverjahr. í Skeiða- og Gnúpverjahreppi	Grís og Flesk ehf.	Eldi og gyltur
Norðurgarður	Skeið í Skeiða- og Gnúpverjahreppi	Grís og Flesk ehf.	Eldi
Sléttaból	Skeið í Skeiða- og Gnúpverjahreppi	Stjörnugrís hf.	Gyltur
Bjarnastaðir	Grímsnes í Grímsnes- og Grafningshreppi	Stjörnugrís hf.	Eldi og gyltur
Ormstaðir	Grímsnes í Grímsnes- og Grafningshreppi	Ormstaðir ehf.	Eldi
Þórustaðir	Undir Ingólfsfjalli í Sv.fél. Ölfus	Síld og Fiskur ehf.	Eldi
Minni-Vatnsleysa	Vatnsleysuströnd í Sv.fél. Vogum	Síld og Fiskur ehf.	Eldi og gyltur
Brimnes	Kjalarnes í Reykjavík	Stjörnugrís hf.	Gyltur
Vallá	Kjalarnes í Reykjavík	Stjörnugrís hf.	Gyltur
Brautarholt	Kjalarnes í Reykjavík	Stjörnugrís hf.	Eldi
Melar	Melasveit í Hvalfjarðarsveit	Stjörnugrís hf.	Eldi
Brúarland	Mýrar í Borgarbyggð	Búvangur ehf.	Eldi
Hýrumelur	Hálsasveit í Borgarbyggð	Stjörnugrís hf.	Eldi og gyltur
Skriðuland	Langidalur í Húnabyggð	Síld og Fiskur ehf.	Eldi
Hlíð	Hörgársveit	Hlíð ehf.	Eldi og gyltur
Teigur	Eyjafjarðarsveit	Teigur ehf.	Eldi
Pálmholt	Reykjadalur í Þingeyjarsveit	Arngeir Friðriksson	Eldi

LÍF & STARF

Hafrannsóknastofnun:

Rispuhöfrungar ráku á land í Hrútafjarðarbotni

Um miðjan júlí síðastliðinn rak á land í botni Hrútafjarðar tvo fremur óvenjulega smáhvali.

Í fyrstu var ekki ljóst hvaða tegund um ræddi og var talið út frá fyrstu lýsingum að þarna væri á ferðinni marsvín. Við nánari skoðun kom í ljós að um rispuhöfrunga, Grampus griseus, var að ræða og er þetta í fyrsta sinn sem tegundin er staðfest hér við land. Eftir að hræin höfðu verið greind lagði Hafrannsóknastofnun mikið upp úr því að safna sem mestum upplýsingum um dýrin og fór starfsmaður stofnunarinnar og sótti hræin.

Rispuhöfrungur skal það vera

Heiti tegundarinnar á ensku er Rissos´s dolphin, á norsku kallast hún arrdelfin, á færeysku Risso´s springari og á dönsku Risso´s delfin. Náttúrufræðistofnun og Hafrannsóknastofnun leggja því til að tegundin hljóti nafnið rispuhöfrungur, enda er það eitt aðaleinkenni hennar hve rispuð húð hennar er.

Ungtarfur og kýr

Við krufningu kom í ljós að dýrin tvö sem ráku á land í Hrútafirði voru ungur tarfur og kýr, og ekki fullvaxin. Bæði dýrin voru mjög horuð, með mjög þunnt spiklag, og líklegt er að þau hafi örmagnast sökum sultar. Sýnum var safnað fyrir ýmis verkefni, til dæmis fyrir Evrópuverkefni um vistfræði miðsjávarlaga (SUMMER) sem Hafrannsóknastofnun er hluti af, einnig fyrir rannsókn á vistfræði tannhvala við landið, verkefni á sníkjudýrum í sjávarspendýrum, auk rannsókna á veirum í sjávarspendýrum.

Ein stærsta höfrungategundin


Samkvæmt því sem segir á vef Hafrannsóknastofnunar er rispuhöfrungur ein stærsta tegundin í ætt höfrunga. Þeir verða 3 til 4 m langir og geta orðið allt að 500 kíló að þyngd og eru náskyldir grindhvölum. Tegundin er algeng í bæði tempruðum hafsvæðum sem og í hitabeltinu í öllum heimshöfum.

Í Norður-Atlantshafi er aðal útbreiðslusvæði þeirra, í Miðjarðarhafi og við strendur Íberíuskaga og Frakklands, en finnst þó allt norður til Færeyja. Tegundin kýs nokkuð mikið dýpi, og finnst oft í landgrunnsköntum á 400 til 1000 metra dýpi. Fæða tegundarinnar er aðallega kolkrabbar og smokkfiskar. Kjörhitastig hennar er 15 til 20 °C en finnst þó stundum í kaldari sjó, þó mjög sjaldan undir 10 °C.

Því er ljóst að hafsvæðið í kringum Ísland er á mörkum þess að vera of kalt fyrir tegundina, sérstaklega fyrir norðan land þar sem hvalirnir fundust.

Beinagrindur dýranna verða varðveittar á Náttúrufræðistofnun.

/VH



Rispuhöfrungar, Grampus griseus, draga nafn sitt af því hve rispuð húð þeirra er. Mynd / wikipedia



María Dís Ólafsdóttir og Leonard Jóhannsson eru ungir og öflugir frumkvöðlar sem fengu nýlega 20 milljóna króna styrk frá Tækniþróunarsjóði Rannís. Myndir / Aðsendar

Akureyri:

Þróa fyrsta samsetta fiskileðrið á Íslandi

Nýsköpunarfyrirtækið AMC hlaut nýverið Sprotastyrk frá Tækniþróunarsjóði Rannís upp á samtals 20 milljónir króna til næstu tveggja ára. Styrkurinn verður notaður til að þróa samsett fiskileður.

„Vinnan hingað til hefur að mestu leyti verið að afla upplýsinga um sútunaraðferðir, lestur á rannsóknum og spá fyrir um aðgang að hráefni í framtíðinni.

Við gerum ráð fyrir nokkrum árum í rannsóknir og tilraunir áður en fyrsta varan verður klár. Hvað hráefni í tilraunir varðar þá hef ég fengið það í litlum skömmtum frá fiskvinnslum.

Mig langar þó að komast í samband við fleiri vinnslur og fá fleiri tegundir af roði, t.d. vantar mig enn þá bleikjuroð," segir María Dís Ólafsdóttir, annar eigenda nýsköpunarfyrirtækisins AMC.

María Dís, sem er lífverkfræðingur, og unnusti hennar, Leonard Jóhannsson vélfræðingur, eru með vinnuaðstöðuna heima hjá sér á Akureyri við Spítalaveg 1.

Nanna Lín

Verkefni Maríu og Leonards hlaut Norðursprotann í hugmyndasamkeppni síðastliðið vor og hefur verið stutt af fyrirtækjastyrknum Fræ hjá Rannís.

Verkefnið fékk nýverið endanlegt nafn og ber heitið Nanna Lín. Nanna Lín er leður gert úr afgangsroði og mun lokaafurðin að sögn Maríu verða sterkt og gott leður í metravís.

„Með því að nýta hliðarafurðir til leðurgerðar má til dæmis leysa ýmis gervi-textílefni af hólmi og draga með því úr mengun og losun vegna þeirra. Varan er til að mynda ætluð húsgagnaframleiðendum, bólstrurum og öðrum hönnuðum sem vinna með textíl," segir María og bætir við:

„Þetta er mjög stórt og spennandi verkefni sem við eigum fyrir höndum. Með því að bjóða upp á stóra fleti af leðri má ná mun betri nýtni í framleiðslu á vörum, samanborið við leður sútað með hefðbundnum hætti." */mhh*



Upphengt roð sem búið er að skola og vatnið er að renna af. Það getur þurft að snyrta roðið þegar það kemur frá vinnslunum, því bein og uggar geta verið enn á því. „Ég hef alltaf haft óendanlegan áhuga á hliðarafurðum og því púsli sem því fylgir. Fyrir mér er þetta eitthvað sem þarf að gera og þarf að fullreyna," segir María Dís.

T-MAX
MAXIMUM OFF-ROAD RECOVERY

Frábært úrval af vörum frá T-max!

Aukahlutataska
19.980 kr.

Loftdæla 72 l.
26.450 kr.

Dekkjaviðgerðasett
7.980 kr.

Drullutjakkur
48" 18.900 kr.
60" 23.900 kr.

Birt með fyrirvara um mynd- og textabrengl.

Festing
4.980 kr.

Jeppaspil
Frá 198.900 kr.

Eldsneytisbrúsar
10 ltr. 8.980 kr.
20 ltr. 9.980 kr.

Loftdæla 160 l.
36.980 kr.

Rúlluvarnir
Frá 4.980 kr.

Spilvagga
19.900 kr.

Fjórhjólaspil
Frá 54.900 kr.

Bílabúð Benna - verslun
Tangarhöfða 8 - 12
590 2000

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

Þú finnur Bændablaðið á www.bbl.is, Facebook & Instagram



Hér eru starfsmenn Öldunnar að sækja ullargalla í kaupfélagið fyrir pakkann. Á myndinni eru, frá vinstri, Helga Rósa Pálsdóttir kaupfélagsstjóri, Guðmundur Stefán Guðmundsson og Ölver Þráinn Bjarnason frá Öldunni. Mynd / Aðsend

Borgarbyggð:

Fagnar nýburum með veglegum gjöfum

Það er gaman að segja frá því að Borgarbyggð fagnar öllum nýburum sveitarfélagsins með veglegum gjöfum, sem kallast Barnapakki.

Verkefnið hófst árið 2019 en það ár fengu 35 börn pakka, árið 2020 voru þau 41 talsins, árið 2021 fengu 39 börn pakka. Á nýliðnu ári voru afhentir „Barnapakkar" til 39 barna og fjölskyldna þeirra.

Aldan hæfing, sem er verndaður vinnustaður sveitarfélagsins, sér um að taka pakkana saman og fara með á heilsugæsluna. Foreldrar og börnin fá svo pakkann í fyrsta ungbarnaeftirlitinu.

„Það er ótrúlega mikil ánægja með þetta verkefni og foreldrar himinlifandi þegar þau fá þessa veglegu gjöf. Að mörgu er að hyggja þegar foreldrum fæðist barn og ýmislegt sem barnið þarf á að halda.



Barnapakkinn inniheldur ýmsar nauðsynjavörur, sem koma sér vel á fyrstu mánuðum barnsins.

Pakkinn inniheldur ýmsar nauðsynjavörur fyrir fyrstu mánuðina, sem kemur sér afar vel. Innihaldið í pakkanum í fyrra var til að mynda þvottastykki, taubleiur, húfur, vandaður ullargalli, blautþurrkur, snuð og krem fyrir móður og barn svo fáein dæmi séu tekin," segir María Neves, samskiptastjóri Borgarbyggðar.

/mhh

Ingersoll Rand

LOFTPRESSUR
Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI

Við bjóðum upp á allar stærðir
og gerðir af **Ingersoll Rand** loftpressum.

Mjög hjóðlátar og einfaldar í viðhaldi.

Bjóðum upp á þjónustusamninga og leggjum mikla áherslu á að veita góða viðgerðar- og varahlutaþjónustu.

Gerðu kröfur - hafðu samband við Gunnar
í síma **590 5135** og kynntu þér þína möguleika.



KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / **KLETTAGARÐAR 8-10**
104 REYKJAVÍK / **590 5100** / klettur.is

KLETTUR



LÍF & STARF



Árið 1962 var Hólmar Bragi Pálsson fenginn til að grafa lagnaskurð á fyrstu Massey Ferguson traktorsgröfu landsins úr Hvanneyrarskál ofan við Siglufjörð. Til þess að grafan myndi ekki hrapa niður hlíðina þurfti að festa í hana kapla sem tengdir voru við jarðýtu uppi í skálinni. Mynd / ÁL

Saga vélar:

Við skurðgröft í snarbrattri hlíð

Hólmar Bragi Pálsson, áður búsettur á Minni-Borg í Grímsnesi en nú á Selfossi, vann árið 1962 á Massey Ferguson 702, sem var fyrsta traktorsgrafan sem kom til landsins frá þessum framleiðanda.

Þessi vél var frumsýnd á skeiðvellinum í Víðidal í byrjun júní árið 1961 og vakti þar mikla athygli. Á þessum árum voru gröfur með vökvakerfi ekki búnar að ná almennri dreifingu og var þetta því ný tækni.

Verktakafyrirtækið Fjöliðjan í Kópavogi var fyrsti eigandi þessarar traktorsgröfu og vann Hólmar á vélinni þegar hann var starfsmaður þeirra. Helstu verkefni hans sumarið 1962 var vinna við endurbætur á símalögnum Landsímans á ýmsum stöðum, allt frá Borgarfirði norður á Siglufjörð. Þá var Hólmar 22 ára.

Húsið á vélinni var tvískipt. Að framan settu eigendurnir ökumannshús af veghefli og að aftan var örlítið hús sem setið var í þegar unnið var á bakkóinu. Þegar Hólmar var einn á gröfunni þá þurfti hann að hlaupa á milli húsanna tveggja í hvert skipti sem hann færði vélina. „Síminn setti þau skilyrði að það væru strákar með mér – þeim gekk ekkert mjög vel að grafa, en það var ógurlegur flýtir af því að þeir væru frammi í vélinni," segir Hólmar, en þeir gátu þá séð um að færa vélina á meðan hann sat við bakkóið.

Misjafnt var hvernig Hólmar fór á milli svæða. Ef um stuttan veg var að fara, þá keyrði hann gröfuna – annars var vörubíll á vegum Landsímans sem gat tekið vélina upp á vagninn. Sumarvinnan byrjaði við endurnýjun símastrengja við Gljúfurá í Borgarfirði, en þaðan fór Hólmar með traktorsgröfuna á vörubílspalli norður á Blönduós.

Vann 91 tíma á viku

Aðsóknin í gröfuna var mjög mikil og vann hann flestar helgar í aukaverkefnum, þegar ekki var unnið fyrir Símann. Hann var fenginn í að grafa fyrir húsgrunnum og lögnum, bæði í sveit og þéttbýli. Eftir 17 vikna útgerð, eða rétt rúma fjóra mánuði, hafði hann notað vélina 1.550 vinnustundir, eða að jafnaði 91 tíma á viku.

„Ég var með skrúfstykki á horninu á henni og helstu slöngur sem gætu farið í poka. Það sprungu þrjár, fjórar," segir Hólmar, en að öðru leyti var vélin mjög áreiðanleg og laus við bilanir allt sumarið.

Jarðýtustjórinn lagði ekki í brekkuna

Eftir að hafa verið á Blönduósi um hríð var Hólmar fenginn í verkefni á Siglufirði. Þar stóð til að grafa breiðan lagnaskurð fyrir fjarskiptabúnað í Hvanneyrarskál. Þá var þegar kominn slóði sem fór í sneiðingum upp fjallshlíðina. Lagnaskurðurinn átti ekki að fylgja slóðanum, heldur að fara í miklum bratta niður hlíðina og var lagt upp með að jarðýta færi niður fyrst til að undirbúa jarðveginn. Ýtustjórinn guggnaði hins vegar á verkefninu þegar á hólminn var komið.

„Þá voru góð ráð dýr. Ég ákvað að við skyldum bara reyna þetta en við yrðum með taug í ýtuna sem héldi í mig þegar ég færði mig. Þetta var svo mikill halli," segir Hólmar. Til að rétta traktorsgröfuna þá setti hann lappirnar að aftan eins lítið niður og hann gat, en ámoksturstækin eins langt niður og mögulegt til að hún spenntist upp að framan. „Maður náði ekki að gera hana lárétta nema stöku sinnum."

Eins og áður segir þá var Hólmar oftar en ekki með einhvern með sér sem sá um að færa gröfuna. Aðstoðarmaðurinn var þó svo lofthræddur að þetta verkefni féll í hendur Hólmars á verstu köflunum. Ef þeir voru báðir í vélinni, þá reyndi Hólmar að halda í með arminum.

Lögregla vaktaði grjóthrun

Vökvakerfið var ekki öflugt í þessari MF traktorsgröfu. Því þurfti Hólmar að passa sig sérstaklega að lyfta bakkóinu ekki hátt með fulla skóflu, því þá verkaði þyngdaraflið á það þannig að það skall til hliðar í vinkil. Stundum þurfti að rétta bakkóið með spotta. „Það var á ákveðnum kafla sem ég náði arminum ekki alltaf til baka."

Nokkurt grjót kom upp við skurðgröftinn sem hrundi niður fjallshlíðina. „Um tíma þurfti að vera með lögreglu niður á vegi fyrir ofan byggðina af því að krakkar voru að forvitnast," en Hólmar segir hnullungana hafa getað náð talsverðri ferð í þessari löngu brekku. Ekki var talið mögulegt að fylla ofan í skurðinn með vinnuvélum og segir Hólmar að unglingaflokkar hafi gert það með handafli eftir að hann var farinn.

Í dag er eigandi vélarinnar Jón Árnason, sem rekur verktakafyrirtækið Verktækni. Unnið er að uppgerð hennar á Blikastöðum í Mosfellsbæ og er stefnt að því að koma henni í upprunalegt ástand. */ÁL*

Handverksbrugghúsin á Íslandi:

„Þetta getur varla verið svo flókið"

Höskuldur og Stefán
hoskuldur@bondi.is





Eftir áhugaverðar umræður var ákveðið að bræðrahópur óskyldur skyldi brugga saman bjór fyrir veitingastað í Vestmannaeyjum. Viðtökurnar voru vonum framar.

„Þetta getur nú ekki verið svo flókið, við hljótum að gera gert þetta." Hver hefur ekki látið svona setningar falla á góðri stundu í sumarbústað án frekari afleiðinga?

Tveir félagar skoða miða á bjórflösku og sjá að það eru bara fjögur hráefni listuð á þessum Erdinger bjór sem þeir voru að drekka. Þar af er vatn eitt af þeim og ger annað, þannig að raunverulega eru þetta tvö hráefni sem þarf að hafa áhyggjur af. Sósan með matnum var með átta hráefnum. Alla jafna er það ekki fréttnæmt að svona samtal eigi sér stað, nema þegar félagarnir eru Kjartan Vídó og Jóhann Guðmundsson, Vestmannaeyingar í húð og hár.

Það hefur nefnilega löngum verið sagt að í Vestmannaeyjum hafi aldrei ríkt sérstakt áfengisbann og fæstir þar kannast við að bjór hafi ekki verið leyfður. Það var því eðlilegt framhald af þessum bústaðarumræðum að láta reyna á fullyrðinguna og félagarnir hóuðu í bræður sína, Davíð og Hlyn, fjárfestu í frumstæðum bruggtækjum og hófu að prófa sig áfram með bjórframleiðsluna. Nafnið kom þannig hálfpartinn af sjálfu sér, Brothers Brewery var fætt í sinni fyrstu mynd árið 2012.

Fljótlega datt þó einn bróðir úr skaftinu og annar kom í staðinn, Hannes Eiríksson, og þrátt fyrir að sá héti hvorki Vídó né væri Guðmundsson að þá átti hann bæði bílskúr og var stálsmiður, sem átti heldur betur eftir að koma sér vel.

Lítið sást af brugglaunum

Upphaflega var framleiðslan öll til einkanota. Félagarnir voru þó gjafmildir á framleiðsluna og töldu sig ekki of góða til að leyfa öðrum að njóta framtaksins, við misgóðan orðstír. Þannig vildi það til að Einar Björn Árnason matreiðslumeistari datt í skúrinn til þeirra eitt kvöldið og upp hófust umræður um að framleiða bjór til að para með mat. Þurr Saison í góðu jafnvægi var við hönd og niðurstaðan varð sú að slá til, bræðrahópurinn óskyldi skyldi brugga bjór fyrir veitingastaðinn Einsa kalda og veitingastaðurinn skaffa aðstöðuna til verksins. Veitingastaðurinn fékk leyfi til að framleiða bjór og voru tæki og tól sem Hannes hafði endurbætt flutt í eitt hornið þar sem þeir brugguðu.

Upphaflega var markmiðið að brugga um 150 lítra, þar sem að þriðjungur átti að ganga í brugglaun og þar með til einkanota, en strax varð ljóst að lítið sást af þeim, þar sem viðtökurnar voru vonum framar. Gekk það svo langt að félagarnir áttu sjaldnast eigin bjór og ef þeir ætluðu að fá sér eigin framleiðslu þurfti að greiðast fyrir það á barnum. Fyrst um sinn var ástandið þannig að erfiðlega gekk að hafa smakkbakka frá þeim í sölu, því bjórinn var oft búinn þannig að ljóst var fljótt í hvað stefndi. Til viðbótar við þetta mættu þeir svo á Bjórhátíðina á Hólum sumarið 2016 þar sem Brothers Brewery brugghúsið vann til fyrstu verðlauna í samkeppni um bjór hátíðarinnar það árið, en það eru gestir bjórhátíðarinnar sem greiða atkvæðin í þeirri keppni. Skemmst er frá því að segja að varla var aftur snúið, þeir gengu í það að panta sér bruggtæki að utan, einir fyrstu til að kaupa tæki sem síðar áttu eftir að rata í ansi mörg brugghús, útvega húsnæði sem þeir fengu í nóvember sama ár og loks fengu þeir starfsleyfi fyrir bjórgerð 16. desember 2016.



Hlynur, Hannes, Kjartan og Jóhann eru upphafsmenn Brothers Brewery.

Bera nöfn heimamanna

En í upphafi skyldi endinn skoða. Upphaflega markmiðið var í sjálfu sér ekki að framleiða bjór fyrir aðra en þá sjálfa, þannig að nafngiftin tók mið af því en ljóst er af framansögðu að það sprakk fljótlega í andlitið á þeim. Síðar hafa þeir félagar sagt frá því að ef þá hefði órað fyrir þeim árangri sem brugghúsið myndi ná hefðu þeir alltaf valið því annað nafn, meira lýsandi fyrir paradísareyjuna Vestmannaeyjar, meðan hitt vísaði til upphafsins. Þess í stað tóku nafngiftir á bjórunum frá Brothers Brewery meira frá heimaslóðunum. Bjórana 23.1.73 og Eldfell t.d., sem voru með fyrstu bjórunum í almennri sölu, þarf vart að útskýra, verðlaunabjórinn Togari var bjór sem gerður var fyrir sjómannadaginn upphaflega en svo fóru sumir bjórarnir að bera nöfn heimamanna. Sá langlífasti af þeim er Gölli IPA sem nefndur var eftir sjómanninum Árna Valdasyni, sem var svo annálaður fyrir hreystimennsku, bæði á sviðum vinnu og skemmtana, að hann lifir enn í vísnaminni Vestmannaeyja. Heimir Pale ale og fleiri góðir hafa litið dagsins ljós, en óljóst er og ósagt látið í hvaða eyjabúa IPA bjórinn „Dirty Julie" vísar í.

Vatnið betra og sólin skærari

Eftir að hafa stækkað við sig enn frekar árið 2018, þá hafa þeir félagar núna haldið úti bjórhátíðum síðustu sumur sem hafa verið virkilega vel sóttar hátíðir og hafa færri komist að en vilja. Þessi bjórhátíð hefur haft



Bjórhátíðin í Vestmannaeyjum eru vel sóttar.



Bruggtækin eins og þau voru í horninu í eldhúsinu hjá Einsa kalda.



Þegar bugghúsið vann til fyrstu verðlauna í samkeppni um bjór hátíðarinnar á Hólum var ekki aftur snúið.



yfir sér sama anda og öll starfsemin hingað til, fjölskylda og vinir hafa tekið höndum saman til að láta hana ganga upp og ef þú ert með millinafnið Vídó eru afar góðar líkur á því að finna þig einhvers staðar í kringum þessa hátíð eða í kringum starfsemina ef út í það er farið.

Í dag rekur Brothers Brewery bruggstofu í hjarta Vestmannaeyja, eru með 15 manns í vinnu og samhentur hópur vina og vandamanna lætur dæmið ganga upp. Bræður, konur, mæður, eiginmenn, afar og börn hlaupa til og frá og ganga þar í öll verk. Matur er seldur af nærliggjandi veitingastöðum og stríður straumur heimafólks og ferðamanna liggur á barinn. Ástríðan fyrir verkefninu og velvild nærsamfélagsins má hverjum vera ljós þegar komið er til Eyja en oft getur reynst erfitt að fá sæti, slík er ásóknin.

Einhvern tíma varð öðrum greinarhöfundi það á að spyrja ónefndan forkólf úr eigendahópnum hvort þeim hefði í ljósi eftirspurnar ekki dottið í hug að færa sig á stærri markað, t.d. til Reykjavíkur. Eftir langa ræðu um kosti paradísareyjunnar Vestmannaeyja þar sem meira að segja vatnið bragðaðist betur, eftir að því hafði verið dælt frá landi, sólin skini skærar og allt a.m.k. helmingi betra en á norðureynni var ljóst að spurningin var greinilega móðgandi. Vestmannaeyjar voru það, Vestamannaeyjar eru það og Vestmannaeyjar skyldi það vera: Þar slær hjarta Brothers Brewery.

EIGNAMIÐLUN



Hólagerði 561 Varmahlíð

Jörð/lögbýli/sumarhús/skemma/hesthús ⟷ 62 ha

109.900.000



Lárus Ómarsson
Löggiltur fasteignasali
larus@eignamidlun.is
824 3934

Grensásvegi 11 108 Reykjavík | Sími **588-9090** | **eignamidlun.is**

Viltu taka þátt í grænni framtíð?

Skógræktin óskar eftir að ráða starfsfólk í fullt starf við starfstöðvar sínar í Hvammi Skorradal, Vaglaskógi, Hallormsstaðaskógi og Tumastöðum Fljótshlíð. Leitað er að öflugu fólki sem er tilbúið að takast á við fjölbreytt störf við ræktun og umhirðu skóga.

Starfsfólk í þjóðskógunum

Hlutverk og markmið:

- Þátttaka í skipulagi, framkvæmd, úttektum og skýrslugerð vegna grisjunar- og gróðursetningarverkefna
- Ýmis störf við úrvinnslu á viðarafurðum
- Ýmis viðhaldsverkefni tengd vinnuvélum
- Á Tumastöðum er vinna við ræktunarstöð
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur:

- Próf í skógtækni, skógfræði eða garðyrkju æskilegt
- Almenn tölvukunnátta
- Enskukunnátta æskileg
- Vinnuvélaréttindi æskileg
- Þekking á viðhaldi véla
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum
- Metnaður, skipulag, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

NÁNAR Á
skogur.is/atvinna



Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna. Um starfskjör, réttindi og skyldur gilda að öðru leyti lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr 70/1996.

Umsóknarfrestur er til og með 10. febrúar nk.

Nánari upplýsingar um störfin er að finna á Starfatorgi og á vef Skógræktarinnar, **skogur.is/atvinna**.

Markmið Skógræktarinnar er að stofnunin sé eftirsóttur vinnustaður fyrir starfsfólk með fjölbreytta menntun og bakgrunn, starfsfólki búin góð vinnuaðstaða, greiður aðgangur að upplýsingum og fjölbreyttir möguleikar á símenntun sem stuðli að starfsþróun og verðmæta-sköpun innan Skógræktarinnar og alls skógræktargeirans.

Skógræktin hefur hlotið jafnlaunavottun, innleitt styttingu vinnuvikunnar og græn skref í ríkisrekstri. Þá hefur stofnunin sett sér um-hverfis- og loftslagsáætlun með tímasettum markmiðum ásamt áætlunum um réttindi, vernd og ábyrgð starfsfólks, s.s. áætlanir um áreitni og einelti ásamt viðbrögðum við slíku.

skógræktin

LÍF & STARF

Hugvíkkandi efni til lækninga:

Breyttir tímar



Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is

Dagana 12. og 13. janúar var haldin í Hörpu ráðstefnan „Psychedelics as Medicine“. Markmiðið með ráðstefnunni, sem var á vegum Eden stofnunarinnar, var að upplýsa og fræða um hugvíkkandi efni og þau tækifæri sem felast í að leyfa og hefja geðmeðferðir með hjálp slíkra efna.

Á ráðstefnunni kom fram, svo ekki verður um villst, að viðhorf manna, ekki síst vísindamanna, til hugmynda um hugvíkkandi efni og notkun þeirra er að breytast. Í tengslum við ráðstefnuna komu til landsins nokkrir af þekktustu alþjóðlegum sérfræðingum og vísindamönnum heims á sviði rannsókna og meðferða með hugvíkkandi efni og héldu erindi.

Fyrirlesararnir fjölluðu um störf sín og rannsóknir á fjölbreytilegan hátt og kynntu niðurstöður sem gefa vísbendingar um árangur við notkun hugvíkkandi efna í baráttunni við geðheilbrigðisbresti á borð við þunglyndi, kvíða, áföll, fíkn og tengda sjúkdóma og raskanir.

Um tuttugu erlendir gestir voru meðal fyrirlesara, auk þess sem nokkrir Íslendingar tóku þátt í pallborðsumræðum. Meðal þeirra sem tóku þátt voru rithöfundurinn Michael Pollan, dr. Julie Holland, dr. Sherry Walling, dr. Páll Matthíasson og Héðinn Unnsteinsson.

Auk þess fóru sex fyrirlesarar af ráðstefnunni, Ben Sessa, Danielle Schlosser, Will Siu, Rick Doblin, Páll Mattíasson, Haraldur Erlendsson og lögreglufulltrúinn Sarko Gergeria á fund fulltrúa dómsmála- og heilbrigðisráðherra og Gríms Grímssonar yfirlögregluþjóns.



Frá fyrirlestri dr. Sergio Pérez Rosla þar sem hann fjallaði um innleiðingu hugvíkkandi efna í læknisfræði, meðferð, þjálfun og vöxt.



Sara María Júlíudóttir, stofnandi The Eden Foundation, prófaði hugvíkkandi efni árið 2017 og segir að það hafi breytt lífi hennar.

Einstök ráðstefna

„Við sem stóðum að ráðstefnunni vorum búin að vera að skipuleggja hana í rúmt ár,“ segir Sara María Júlíusdóttir, stofnandi The Eden Foundation, sem stóð fyrir „Psychedelics as Medicine“ ráðstefnunni.

„Viðbrögð fyrirlesaranna við að koma til Íslands og taka þátt í ráðstefnunni voru ótrúlega jákvæð og nánast allir sem við töluðum við og gátu komið komu. Fyrir utan það að vera á Íslandi er ráðstefnan einstök að því leyti að í henni tóku ýmsir ráðamenn í þjóðfélaginu, lögreglumenn og fólk frá dómsmála- og heilbrigðisráðuneytinu og Fangelsismálastofnun þátt og það er nánast óþekkt á svipuðum ráðstefnum erlendis. Fyrir erlendu fyrirlesarana er það mikil viðurkenning og einstakt tækifæri til að koma rannsóknum sínum á framfæri.“

Alltaf haft áhuga á plöntum

Sara segir að áhugi sinn á plöntum nái allt til þess þegar hún var barn og var að hjálpa mömmu sinni að vökva pottaplöntur. „Ætli áhugi minn á að nota efni úr plöntum sem hugvíkkandi komi ekki upprunalega þaðan og að ég hef alltaf verið opin fyrir mystíkinni í kringum okkur og því sem við sjáum ekki.“

Það sem leynist í plöntum

„Árið 2017 fór ég til Gvatemala til að prófa eitthvað nýtt í lífinu og þá tók ég hugvíkkandi efni, sveppi og peyote-kaktus, í fyrsta sinn. Fyrir þá reynslu var ég með mikla fordóma fyrir öllu slíku en reynslan breytti lífi mínu og þá skildi ég á dýpri hátt en mig hefði getað órað fyrir hvað leynist í plöntum.“

Í framhaldinu hefur Sara lagt stund á nám í sál- og sálmeðferðarfræði með hugvíkkandi efnum.

Mín reynsla tónar við það sem fyrirlesararnir segja

„Síðasta ár var mér erfitt og ég er að tjasla mér saman,“ segir Þórarinn Ævarsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Ikea og Spaðans.

„Næsta skref hjá mér er heilsuhælið í Hveragerði enda ætla ég að nýta mér allt sem er í boði til að ná heilsu á ný, hvort sem það eru leirböð, heilun, nudd eða notkun á hugvíkkandi efnum.“



Þórarinn Ævarsson.

Þórarinn er himinlifandi yfir ráðstefnunni. „Fyrirlesararnir eru breiður hópur og mjög vel valdir og þeir tala til margra ólíkra hópa. Að mínu mati eru tvö áberandi sjónarmið sem koma fram. Annars vegar sjónarmiðið um varúð og hins vegar þeirra sem hafa stundað rannsóknirnar og þau stangast á við hræðsluáróðurinn sem oft er áberandi í umræðunni um hugvíkkandi efni.“

Þunglyndi og lyfjafíkn

„Mín saga er sú að ég var þungt haldinn af þunglyndi og var haldinn nýtilkomnum fíknisjúkdómi á læknaávísuð lyf og leið hreint út sagt hræðilega illa. Ég ákvað því að prófa hugvíkkandi efni, sveppi, MDMA og DMT, og losnaði við þunglyndið og lyfin nánast samstundis í framhaldinu og mín saga því hálfgerð kraftaverkasaga án þess að ég geti né vilji fullyrða nokkuð um reynslu annarra.“

Þórarinn segir að kosturinn við DMT sé að virkni þess sé stutt, um það bil tíu mínútur, og það því hraðvirkt. „Líkaminn framleiðir sama efni og þekkir það og efnið fer því hratt inn og hratt út og líkaminn þarf ekki að brenna DMT upp í lifrinni eins og til dæmis áfengi.“

Vonandi búinn með mitt

„Ég tel að það sem ég hef gert dugi fyrir mig og ég sé mögulega búinn með mín ferðalög á hugvíkkandi efnum og þurfi ekki meira. Löngunin til að halda þessu áfram er ekki til staðar, ólíkt því sem var þegar ég hætti að drekka áfengi á sínum tíma. Þá langaði mig í drykk, alveg eins og eftir að ég hætti að reykja, þá langaði mig í sígarettu.

Satt besta að segja er reynslan af hugvíkkandi efnum ekkert sérlega skemmtileg meðan á henni stendur og meira að segja erfið þegar maður er að takast á við áföll. En eftir á er hún mjög góð og satt best að segja æðisleg í minu tilfelli. Mín reynsla tónar við það sem fyrirlesararnir eru að segja.“

Enduruppgötvun



Þorsteinn Úlfar Björnsson rithöfundur.

Þorsteinn Úlfar Björnsson rithöfundur hefur í fjöldamörg ár bent í ræðu og riti á fáránleika þess sem hefur verið kallað stríðið gegn eiturlyfjum.

Hann segir að þrátt fyrir að ráðstefnur af þessu tagi séu að mörgu leyti endurtekningar fyrir þá sem hafa kynnt sér málið sé hann himinlifandi og það sé alltaf hægt að læra eitthvað nýtt.

„Hér er ekki allt nýtt fyrir mér þar sem ég hef lesið mér mikið til um margar þessar rannsóknir og kynnt mér niðurstöður þeirra.

Ég hef einnig kynnt mér sögu hugvíkkandi efna í gegnum tíðina og í mínum huga er því ekkert nýtt að fólk hafi notað þau og allt tal um að við séum að uppgötva eitthvað nýtt vitleysa. Það voru allir á þessu fyrir 4.000 árum.“

Efnin sem slík lækna ekki öll sár



Olivia Onyeador leggur stund á klínískar rannsóknir.

„Ég kom til Íslands sérstaklega til að taka þátt í ráðstefnunni og ég sé ekki eftir því. Fyrirlesararnir hafa sett rannsóknir sínar vel fram og fyrirlestrarnir því áhugaverðir og góðir,“ segir Olivia Onyeador.

„Hér er eitthvað fyrir alla, fræðileg umfjöllun, persónulegar reynslusögur, pallborðsumræður og spurningar úr sal og þeir sem eru hér sem áheyrendur koma víðs vegar að og úr mörgum þrepum samfélagsins.“

Olivia er frá Maryland-ríki í Bandaríkjunum þar sem hún starfar við klínískar rannsóknir á lungum en vonast til í framtíðinni að leggja meiri áherslu á starf tengt sálfræði og sálfræðimeðferðum. „Eitt af því sem vakið hefur athygli mína er sú skoðun margra fyrirlesaranna að hugvíkkandi efni ein og sér komi ekki til með að lækna öll sár.

Til að efnin gagnist að fullu er því nauðsynlegt að taka þau undir leiðsögn manneskju sem hefur til þess þjálfun og getur stýrt reynslu þess sem efnið tekur þannig að hún verði jákvæð og nýtist á jákvæðan hátt.“

Full ástæða til að fara varlega

„Að mörgu leyti er þetta góð ráðstefna. Hér eru saman komnir margir af helstu forkólfum í vísindarannsóknum á sviði hugvíkkandi efna í heiminum til að ræða um hvað er nýjast í þessum fræðum og það er bæði fróðlegt og gagnlegt í mínum huga, segir dr. Páll Matthíasson geðlæknir.

„Það sem erindi þeirra sýna hefur komið fram í ýmsum fræðigreinum og er að rannsóknir á notkun hugvíkkandi efna samþætt við sérsniðna viðtalsmeðferð getur hjálpað í glímunni við marga alvarlega geðsjúkdóma, eins og til dæmis þunglyndi sem ekkert annað hrín á.

Efnin ásamt viðtalsmeðferð virðast einnig geta hjálpað til í baráttunni við fíknisjúkdóma og áfallastreituröskun sem er gott.



Dr. Páll Matthíasson, geðlæknir.

Við verðum samt einnig að horfa til þess að margar þessara rannsókna eru enn í gangi og því ekki lokið og ekki enn komið í ljós hver áhrif þessara efna eru í stórum hópum sem eru ekki sérvaldir. Það er til dæmis enn erfitt að segja til um hverjar aukaverkanirnar geta orðið til lengri tíma og það er það sem rannsóknirnar sem nú eru að hefjast eiga að leiða í ljós. Ég tel að enn sem komið er sé ekki hægt að fullyrða neitt um hversu gagnleg þessi efni eru. Til þess þarf að bíða þar til niðurstöður úr þeim rannsóknum liggja fyrir,“ segir Páll.

MDMA leyft sem geðlyf

Á ráðstefnunni kom fram að MDMA verður leyft sem geðlyf í ákveðnum tilfellum í Bandaríkjunum árið 2024. Páll segir að eftir að lyfið verði leyft þar gefi það tóninn fyrir önnur lönd og telur að niðurstaðan verði á sama veg annars staðar. „Ég vil þó benda á að það eru alltaf að koma fram nýjar rannsóknir og þær geta haft áhrif á leyfisveitinguna.“

Væntingar geta haft áhrif á niðurstöður

„Að mínu mati er full ástæða til að fara varlega. Við vitum að eftir því sem rannsóknum fjölgar og að þeir sem eru að framkvæma þær eru ekki allir jafntrúaðir á ágæti meðferðanna og þeir sem þær fá heldur ekki sannfærðir um ágæti þeirra, að þá dregur úr þeim miklu áhrifum sem sjást í fyrstu litlu rannsóknunum.

Ég tel líka að jákvæðar væntingar þeirra sem taka þátt í fyrstu rannsóknunum geti haft jákvæðar niðurstöður á þær, enda slíkt vel þekkt úr öðrum rannsóknum.“

Leit að nýjum vopnum

„Ég held að leiðin til að ná árangri með þessum efnum sér sú sem þeir rannsakendur sem hér eru nota, það er að segja með rannsóknum og að afla upplýsinga.

Við erum að leita að nýjum vopnum ef svo má segja í baráttunni við illvíga sjúkdóma sem við þurfum betri meðferðir við.

Ég vara eindregið við því að fólk sé að nota þessar meðferðir einhvers staðar úti í bæ.

Í fyrsta lagi veit fólk ekki hvaða efni það er að fá og taka og í hvaða magni og hins vegar hefur komið fram í rannsóknum að við inntöku þessara efna geta komið fram miklar tilfinningar og vanlíðan.

Því er nauðsynlegt að slíkar meðferðir fari fram í umsjón fagfólks sem hefur fengið til þess þjálfun og í vernduðu umhverfi,“ segir Páll.

Ekki hvort, heldur hvenær?

„Skoðanir mínar á umfjöllunarefni ráðstefnunnar litast af bakgrunni mínum," segir Héðinn Unnsteinsson, formaður Geðhjálpar, sem tók þátt í pallborðsumræðum á ráðstefnunni og setti fram skoðanir sínar á ákveðinn hátt.

„Ég hef starfað í fimmtán ár í stjórnsýslunni hér á landi og þar áður í fimm ár hjá Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni og þar sem ég hætti um áramótin get ég leyft mér að tala nokkuð frjálslega um skoðanir mínar."

Fundur með Compass Pathways

Fyrir tveimur árum átti sér stað hér á landi samtal við Compass Pathways, sem vinnur að rannsóknum á sílósíbín til lækninga. „Ég og félagi minn buðum fulltrúum félagsins hingað og þeir funduðu meðal annars með Lyfjastofnun, formanni geðlæknafélagsins, DeCode, heilsugæslunni og fóru á fund forsetans og forsetafrúarinnar.

Hugmyndin var að fá Compass Pathways til að setja af stað slíka rannsókn hér á landi. Því miður varð ekkert úr því."

Ný reglugerð nauðsynleg

Ein af þeim spurningum sem Héðinn varpaði fram í pallborðsumræðu á ráðstefnunni var hvað þyrfti til svo að þessi efni yrðu leyfð í lækningaskyni. Bændablaðið spurði Héðin sömu spurningar og hvað þyrfti til að þau yrðu leyfð hér á landi í sama tilgangi.

„Það sem þarf til, eins og staðan er í dag, er að fara með í gegn reglugerð sem heilbrigðisráðherra og ráðuneyti hans er tilbúið með og beðið er með að fari inn á samráðsgáttina.

Tillagan kemur til með að vera þar í tilsettan tíma og fá komment og síðan fer hún fyrir þingið og verði hún samþykkt opnast mögulega fyrir notkun í samúðarskyni, til dæmis í tilfellum alvarlegs krabbameins. Önnur leið er að bæta mögulega við



Héðinn Unnsteinsson, formaður Geðhjálpar.

einhverjum tilraunaverkefnum inn í geðheilbrigðisáætlun sem liggur fyrir heilbrigðisráðherra og þarf helst að fara fyrir ráðherranefnd, fjármála-, heilbrigðis-, félagsmála- og forsætisráðherra, um samræmingu mála. Þar þarf tillagan að fá umfjöllun og fjármagn og helst þarf að bæta við hana einhverjum tilraunaverkefnum í þessum fræðum.

Í þriðja lagi þurfum við að bíða eftir að heimurinn klári þessar rannsóknir og komi þessu í gegn og að lyfjaeftirlit samþykki notkun efnanna og það eru enn tvö til þrjú ár í það. Að mínu viti er ekki lengur spurning um hvort þessi lyf verða leyfð, heldur hvenær, enda gríðarleg framþróun sem á sér stað í rannsóknum á þessi sviði."



Dr. Rick Doblin, dr. Will Siu og dr. Ben Sessa voru með erindi á ráðstefnunni.

Frumkvöðlastarf og breytingar

Meðal þeirra sem héldu erindi á ráðstefnunni voru dr. Ben Sessa, dr. Will Siu og dr. Rick Doblin.

Ben Sessa sagði að að hans mati væri eitt það besta við þessa ráðstefnu að hún væri sú fyrsta af sínu tagi á Íslandi og að það gerði hana og það sem gerðist í framhaldinu gríðarlega spennandi. „Hér er um að ræða frumkvöðlastarf og það liggur í loftinu hugmynd um að hér sé eitthvað nýtt, spennandi og að það skipti máli um leið og það vekur vonir.

Ég átti, ásamt nokkrum öðrum, fund með fulltrúum stjórnvalda og lögreglunnar. Aðilarnir hlustuðu á það sem við höfðum að segja, spurðu góðra spurninga en pössuðu sig á að tjá sig ekki mikið sjálfir. Slíkir fundir með ráðamönnum eru sjaldgæfir og fundurinn vekur von um breytta stefnu stjórnvalda og vilja til breytinga."

Fjórða sinn sem ég heimsæki Ísland

„Ég var mjög spenntur fyrir ráðstefnunni og að koma til Íslands," segir Will Siu. Þetta er í fjórða sinn sem ég heimsæki landið og það á sér sérstakan stað í hjarta mínu enda hluti af þroskaferli mínum. Það er eitthvað verulega sérstakt og kraftmikið við landið og fólkið og fólkið er fylgið sér á jákvæðan hátt. Í mínum huga er Ísland land nýrra hugmynda og breytinga."

Will segist vera sannfærður um að hugvíkkandi efni eigi eftir að hafa í för með sér gríðarlega breytingar á því hvernig við meðhöndlum geðsjúkdóma í náinni framtíð. „Ráðstefnan sýnir, svo að ekki verður um villst, að hugmyndir fólks eru að breytast og að framtíðin er björt."

Aukinn kraftur í umræðuna

Rick Doblin segist ekki efast um að ráðstefnan eigi eftir að hafa gríðarleg áhrif á umræðuna hér á landi og annars staðar í heiminum.

„Ég var einn þeirra sem sat fund með fulltrúum stjórnvalda og við ræddum meðal annars um hvernig hægt væri að koma með leiðbeinendur til Íslands til að þjálfa í meðferð með hugvíkkandi efnum. Fulltrúarnir á fundinum voru jákvæðir og sýndu meðal annars mikinn áhuga á því sem Sarko Gergeria lögreglufulltrúi hafði að segja og eftir fundinn finnst mér að á Íslandi ríki skilningur á því að það þarf að gera eitthvað róttækt til að fólk fái þá bestu þjónustu sem völ er á. Mitt mat er að ráðstefnan muni hleypa auknum krafti í umræðuna um hugvíkkandi efni og á sama tíma leiði hún af sér auknar rannsóknir."

Vekur von



Lovísa Ólafsdóttir viðskiptafræðingur.

„Það sem hefur komið fram á ráðstefnunni er lýðheilsumál og vekur hjá mér von ef rannsóknirnar standast. Auk þess sem það getur orðið verulegur efnahagslegur ábati af betri meðferðunum," segir Lovísa Ólafsdóttir viðskiptafræðingur.

„Ég geri fastlega ráð fyrir og held reyndar að ráðstefnan sé nú þegar búin að opna fyrir aukna umræðu hér á landi um möguleika hugvíkkandi efna til lækninga þegar kemur að geðsjúkdómum og ekki síst þunglyndi og alvarlegum áföllum.

Á ráðstefnunni hefur komið fram að ef niðurstöður rannsóknanna standast megi búast við að meðferðartími sjúklinga styttist og sé það rétt er af því verulegur efnahagslegur ábati. Hér er fólk úr öllum stigum samfélagsins, heilbrigðisgeiranum, prestar, viðskiptageiranum og frá lögreglunni að kynna sér málið og þá möguleika sem eru í boði."

Lögleiðing lyfjahamps mögulega aftur á dagskrá

Halldóra Mogensen, þingmaður Pírata, lagði fram þingmál um lögleiðingu lyfjahamps á sínum tíma.

„Þegar ég fór með málið í þingsal voru móttökurnar ótrúlega dræmar og nánast engin þekking til staðar og skilningurinn á málinu samkvæmt því og þingfulltrúar á móti því án þess að gefa sér tíma til að skoða það nánar."

Halldóra segir að í framhaldinu hafi hún á þeim tíma sannfærst um að hugmyndin um lögleiðingu lyfjahamps væri vonlaus barátta og í framhaldinu hafi hún snúið sér að því að fá CBD lögleitt.

Viðhorf fólks að breytast

„Ég setti mig í þá baráttu og að fá það löglegt að rækta iðnaðarhamp og hugsaði með mér að það væri fyrsta skrefið. Í dag finnst mér að viðhorf fólks hafi breyst og því mögulega kominn tími til að taka málið aftur á dagskrá.



Halldóra Mogensen, þingmaður Pírata.

Upprunalega tillaga mín um lögleiðingu lyfjahamps gekk út á að almenningur mætti rækta hann til einkanota en það þótti ansi langt gengið. Persónulega er ég enn á þeirri skoðun. Jurtir og lyf sem geta reynst okkur vel og hafa lækningargildi og lina þjáningar eiga að vera almenningi aðgengileg. Ég tel að á sama tíma sé það glæpsamlegt ef við erum of sein að bregðast við ákalli fólks um aðgengi að úrræðum sem gætu reynst þeim vel."

Örugg, ekki eitruð eða ávanabindandi

„Geðheilbrigðismál á Íslandi eru í mjög alvarlegu ásigkomulagi," segir dr. Haraldur Erlendsson geðlæknir, „stór hluti fólks sem þarf á þjónustu að halda fær hana en þrátt fyrir það svarar hluti þess fólks ekki meðferð og á hreint út sagt ömurlegt líf."

Haraldur segir að komin séu fram á sjónarsviðið lyf, MDMA og sílósíbín sem eru örugg, ekki eitruð og ekki ávanabindandi.

„Rétt notkun á þessum lyfjum er hreinlega að valda byltingu í líðan fólks frá því að vera með áratuga þunglyndi í að vera í lagi. Samkvæmt því sem kom fram á ráðstefnunni er nýlokið síðustu rannsóknunum á virkni MDMA á áfallastreitu í Bandaríkjunum og verður efnið komið á markað þar eftir rúmt ár."

Haraldur lærði í Bretlandi og rak þar í sjö ár þjónustu fyrir konur með alvarlega áfallastreitu,



Dr. Haraldur Erlendsson geðlæknir.


auk þess sem hann hefur starfað á heilsuhælinu í Hveragerði og rekið eigin stofu.

„Í framhaldinu á að vera hægt að bjóða fólki sem á við geðraskanir að stríða upp á nýja gerð af meðferð, nánast kraftaverkameðferð, og ekki lengur stætt á því að veita alvarlega veiku fólki ekki þjónustu.

Mín skoðun er því sú að við verðum að hefja þessa meðferð sem fyrst og til þess að það sé hægt þarf að gera breytingar.

Helst vil ég sjá að þessi svokölluðu ofskynjunarlyf eða hugvíkkandi efni hverfi af lista yfir ólögleg efni. Í öðru lagi þurfum við að fá leyfi til að meðhöndla fólk með þeim og við bíðum eftir að fá ráðleggingu frá landlækni um undanþágumeðferðir, enda nú þegar til staðar hér á landi meðferðaraðilar og geðlæknar sem geta sinnt slíkum tilfellum.

Ef allt gengur vel er vel mögulegt að hefja þessar meðferðir hér á þessu ári."



Hilltip Icestriker 900–1600L
Salt og sanddreifari í tveim stærðum fyrir stóra pallbíla og minni vörubíla. Rafdrifinn 12V.



Hilltip Icestriker 380–550L
Salt og sanddreifarari í tveim stærðum, fyrir minni pallbíla. Rafdrifinn 12V.



Hilltip Icestriker 600 TR
Rafdrifinn kastdreifari fyrir dráttarvélar m/öflugum efnisskömmtunarbúnaði.



Hilltip Snowstriker VP
Fjölplógur fyrir pallbíla, minni vörubíla og jeppa. Fáanlegur í 185–240 cm breidd.



Hilltip Snowstriker SP
Snjótönn fyrir pallbíla, minni vörubíla og jeppa. Fáanleg í 165–240 cm breidd.



Hilltip Fjölplógur MVP
Fjölplógur fyrir ameríska pallbíla t.d. RAM 3500, GMC 3500 og FORD 350.

Wendel
Stofnað 1957

A Wendel ehf.
Tangarhöfða 1, 110 Reykjavík,
S:551 5464 - wendel@wendel.is
www.wendel.is

Í DEIGLUNNI

Ístex:

Annar ekki eftirspurn eftir prjónabandi

– Ullarinnlegg hefur dregist saman en tekjur aukist

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is



Jón Haraldsson og Sigurður framkvæmdastjóri við kembivélina.



Sigurður með grænlitaða ull, en fyrirtækið er með meira en 4.000 uppskriftir í sínum fórum til að vinna með. Myndir / smh



Ásgeir Þór Ingason er hér að hnýta hespur.



Sunna Jökulsdóttir gæða- og þróunarstjóri og Rebekka Kristjánsdóttir sölustjóri. Mynd / Ístex

Starfsemi Ístex hefur nú stóraukist eftir lægð á tímum faraldursins og annar fyrirtækið ekki lengur eftirspurn eftir Lopa – prjónabandi sínu. Þó svo að ullarinnlegg hafi dregist saman um 25 prósent á síðustu fimm árum er til næg ull með bættri ullarflokkun þannig að hún nýtist betur í handprjónaband og aðrar ullarvörur.

Á þessu sama tímabili, samhliða samdrætti í ullarmagni, hafa tekjur fyrirtækisins aukist verulega.

Aukin eftirspurn í Lopaprjónaband

Sigurður Sævar Gunnarsson, framkvæmdastjóri Ístex, er afar þakklátur fyrir góðar viðtökur við lopavörum Ístex. „Prjónarar eru að leita meira og meira í náttúruleg og sjálfbær efni, eins og lopa. Ístex og Lopi hafa jafnframt spennandi sögu þar sem bændur og Ísland spila stórt hlutverk. Það er ekki á mörgum stöðum í heiminum þar sem bændur eiga þvottastöð og spunaverksmiðju. Til þess að tryggja aukna bandvinnslu og mæta eftirspurn er þörf á frekari fjárfestingum á vélbúnaði," segir Sigurður, sem kom til starfa hjá Ístex árið 2017 þegar draga fór úr ullarinnleggi bænda inn í fyrirtækið.

„Það hefur háð okkur talsvert að hafa ekki undan í bandframleiðslu, sem hefur valdið skorti á handprjónabandi og verðarvoðum. Við höfum aukið framleiðsluna eins og unnt er miðað við tæki og tól. Hún gekk í raun ágætlega á síðastliðnu ári, þrátt fyrir svolítið af bilunum. Starfsfólki hefur fjölgað, en um 70 manns starfa nú hjá Ístex. Ljóst er að fjölga þarf enn meira starfsfólki og bæta við tækjabúnaði," segir hann.

Prjónaskapur jókst í faraldrinum

Rebekka Kristjánsdóttir, sölustjóri Ístex, segir að hjá fyrirtækinu sé úrval af fjölbreyttri hönnun og vönduðum uppskriftum fyrir prjónara, hún telur að árleg útgáfa Lopa prjónabókanna ásamt Lopidesign.is styðji við þennan mikla prjónaáhuga. Covid-19 hafði mikil áhrif og margir tóku upp prjónaskap.

„Það var sérstakt gleðiefni að ekki bara jókst prjónaáhugi, heldur tóku yngri prjónarar sérlega vel við sér. Lopinn er heppilegur að mörgu leyti fyrir byrjendur, hann fyrirgefur og uppskriftir Lopa eru skýrar og aðgengilegar.

Reynsla okkar er, að þegar fólk byrjar að prjóna, líkt og í efnahagshruninu, þá heldur það áfram. Ég tel frekari fjárfestingar sem geta hjálpað til við að auka framleiðslu mjög mikilvægar í ljósi síaukins áhuga á hráefninu um allan heim. Einnig má nefna að ferðamannaiðnaðurinn hefur tekið við sér sem hefur áhrif á enn meiri eftirspurn."

Eftir erfið ár í faraldrinum hefur rekstur Ístex verið sterkur síðustu tvö ár. Að sögn Sigurðar hefur salan á vörum Ístex numið meira en 1.200 milljónum og skilað góðum hagnaði. Á síðustu fimm árum hefur ullarmagnið sem Ístex hefur úr að spila minnkað um 25 prósent en sala aukist um 50 prósent, þökk sé handprjónabandinu og þróunarvinnu.

Vinsældir víða

,,Vinsældir Lopa teygja sig víða út fyrir landsteinana. Af erlendum prjónurum er mest sótt í það frá Norður-Evrópu, Norðurlöndunum, Þýskalandi, Hollandi og Bandaríkjunum. Ísland er í forgangi, en til að ná að framleiða sem mest band eru teknar stærri lotur með tiltekna vöru og því líður lengri tími á milli einstakra lita og tegunda í framleiðslunni," segir Sigurður, en Léttlopi er langvinsælasta vara Ístex.

Svo koma Álafosslopi og Plötulopi. Aðrar mikilvægar vörur í vörulínu Ístex eru sængurull og Lopiloft sem einangrun í úlpur.

„Í Finnlandi er mikill áhugi á okkar Lopavörum og sem dæmi um það má nefna að fimm lopaprjónabækur voru gefnar þar út á síðasta ári af finnskum útgefendum, þar af voru tvær frá okkur; Lopi 40 og afmælisbókin 41 eftir Védís Jónsdóttir," segir hann.

Öll ull í gegnum ullarþvottastöðina

Allri ull er safnað saman á Blönduósi þar sem hún fer í gegnum ullarþvottastöðina. „Um 50-60 prósent fer í spunaverksmiðju okkar í Mosfellsbæ, annað fer í sængurullarframleiðslu eða til aðila í gólfteppabandsvinnslu.

Af bandvinnslu í Mosfellsbæ fer um 60 prósent í útflutning. Við höfum engar bandverslanir og seljum bara til umboðsaðila. Hins vegar seljum við ullarsængurnar á vefnum Lopidraumur.is og uppskriftir á Lopidesign.is beint til neytenda.

Sala á ull í gólfteppabandsvinnslu hefur minnkað verulega. Áður fyrr skipti þessi sala Ístex og bændur miklu máli og var um 25 prósent



Hluti af starfsmannahópi Ístex við nýju dokkuvélina.

Afkoma Ístex og vörusala

Árið 2021 var hagnaður Ístex eftir skatta rúmlega 93 milljónir. Fyrir síðasta ár stefnir í að hagnaðurinn verði í kringum 60 milljónir.

Sala á hráull, sem er þvegin ull en ekkert unnin, nam alls um 80 milljónum króna, sem að langmestu leyti fer til útlanda. Áður var hlutdeild hráullar um 25 prósent í vörulínu Ístex.

Söluandvirði handprjónabands á síðasta ári var rúmar 800 milljónir, þar af eru um 500 milljónir vegna sölu út fyrir landsteinana.

af tekjum fyrir nokkrum árum. Nú erum við að nota mest af þessari ull í annað, til dæmis sængurull, Lopaloft og fleira. Þannig að í dag er þetta aðeins um 6,5 prósent af sölu og vöxtur ólíklegur. Magn af íslenskri ull hefur minnkað og við þurfum að fá sem mest fyrir hvert kíló. Þannig fá ullarinnleggjendur mest fyrir sitt. Í dag skiptir meira máli hversu áhugasamir prjónarar eru," segir Sigurður.

Talsverðar fjárfestingar

Að sögn Sigurðar hefur Ístex á undanförnum misserum ráðist í talsverðar fjárfestingar í tæknibúnaði til að reyna að mæta hluta þeirrar eftirspurnar sem hefur verið umfram afkastagetu þess.

„Við settum upp dokkuvél og mötunarkerfi fyrir kembivélar í Mosfellsbæ. Ný spunavél er nú í smíðum á Ítalíu. Það er áætlað að hún verði tilbúin í haust. Næsta verkefni er svo ný kembilína sem gæfi þann möguleika að auka framleiðslu um þriðjung. Þá er handprjónabandið að fá OEKOTEX 100-viðurkenningu, sem þýðir að það inniheldur engin hættuleg efni.

Umhverfismál og sjálfbærni eru að verða sífellt mikilvægari. Allt kostar þetta sitt, en tækifærin eru til staðar til að sækja á."

Á Blönduósi er líklega stærsti örbylgjuofn landsins

Ístex er að langmestu leyti í eigu íslenskra sauðfjárbænda. Það tekur við um 98–99 prósentum af allri íslenskri ull, frá bændum um allt land til að standa straum af sinni vöruframleiðslu og -þróun.

Í Ullarþvottastöðinni á Blönduósi, sem er í eigu Ístex, hefur einnig verið ráðist í fjárfestingar.

„Þar var skipt um þurrkkerfi í haust, þegar við skiptum út olíuofni fyrir þeytivindu og líklega stærsta örbylgjuofni á Íslandi. Orkusjóður styrkti þetta verkefni upp á 15 milljónir. Við þessa breytingu á Blönduósi sparast bæði rafmagn og tæplega 100 tonn af olíu á ári. Því miður tapaðist mikilvægur tími við uppsetningu á örbylgjuofninum vegna Covid-19 – bæði í vor og síðan aftur í haust.

Við erum með góðan hóp á Blönduósi og bjartsýn á framhaldið þegar allt verður komið á sinn stað," segir Sigurður.

Engin ull seldist í byrjun Covid-19

„Fyrir þremur árum, þegar faraldurinn byrjaði, seldist nánast engin ull og suma ull hefðum við ekki getað gefið. Þess vegna var verð lækkað til bænda á þeirri ull sem seld var beint erlendis. Hins vegar héldum við verði á þeirri ull sem notuð var í handprjónabandi óbreyttu, líkt og lambsull, hvítum fyrsta flokks og sauðalitum.

Í Noregi voru til dæmis öll þessi verð sett í núll krónu flokkinn. Verðið hefur hækkað síðan þá sem betur fer. Við reynum alltaf að greiða eins hátt verð til bænda og hægt er," segir Sigurður. Hann segir að sem fyrr sé langmest greitt fyrir hvíta ull, þar sem hún hafi mun meira notagildi. „Það er auðveldara að lita hana, en mislitu ullina. Ef þú færð of mikið af einhverju hráefni sem þú hefur ekki not fyrir þá lækkar afurðaverðið fyrir það."

Að sögn Sunnu Jökulsdóttur, þróunar- og gæðastjóra Ístex, þá hefur stór hluti af vöruþróun undanfarin ár snúist um að auka notagildi og verðmæti á annars flokks ull. „Hér hefur margt áunnist en aðallega höfum við einbeitt okkur að mislitum öðrum flokki. Nýlega bættum við við flokkum fyrir annars flokks sauðaliti. Þannig geta bændur flokkað frá sauðaliti sem standast ekki fyrsta flokks kröfur frá, en áður fór þessi ull í mislitan annan flokk. Bændur fá betur greitt fyrir og við fáum meira af því hráefni sem við þurfum í okkar framleiðslu. Þetta þarf allt að haldast í hendur."

Eignarhald Ístex að stærstum hluta hjá LS

Fyrir um einu ári síðan varð ákveðin breyting á eignarhaldi Ístex. „Boðið var upp á að bændur gætu keypt hluti í gegnum ullarkaup. Þá hefur félagið haft hlutabréf til sölu til áhugasamra. Það er margt fram undan hjá félaginu sem mikilvægt er að styðja og því ekki ólíklegt að frekari eignarhaldsbreytingar muni eiga sér stað til að tryggja fjármagn í frekari fjárfestingar," segir Sigurður spurður um eigendahópinn.

Sigurður segir að eignarhlutir í félaginu séu mjög dreifðir. Í dag séu alls 2.473 hluthafar skráðir í félaginu, þar af eru Landssamtök sauðfjárbænda með stærsta einstaka hlutann, en síðan einstaklingar eða félög tengd einstaklingum.



SERES 3
Luxury Rafmagnsbíllinn býður upp á ríkulegan staðalbúnað og frágang í hæsta gæðaflokki!

Allir litir komnir
Vetrardekk fylgja öllum nýjum bílum á meðan birgðir endast!

Verð 5.350.000,-
Við auglýsum svo sannarlega ekki "verð frá".

RAG import - export
Helluhraun 4, Hafnarfirði
sími 565 2727 & 892 7502
www.rag.is

VIÐ AUGLÝSUM ALDREI „VERÐ FRÁ"

AJ Power

ALLAR STÆRÐIR AF AJ RAFSTÖÐVUM

Opnar stöðvar | Stöðvar í húsi
Stöðvar í gám | Aukabúnaður eins og sjálfvirkur skiptirofi og fleira | **Öflug og góð þjónusta**



Gerðu kröfur - hafðu samband við Karl í síma **590 5125** og kynntu þér þína möguleika.

KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / **KLETTAGARÐAR 8-10**
104 REYKJAVÍK / **590 5100** / klettur.is

KLETTUR

EXIDE TECHNOLOGIES





Betra start
með Exide rafgeymum



Áreiðanlegir og sterkbyggðir rafgeymar fyrir flestar gerðir dráttarvéla. Veldu þaulreynda vöru frá gæðaframleiðanda.

Ráðgjafar Olís veita allar nánari upplýsingar í síma 515 1100 eða pontun@olis.is.

olís

Í DEIGLUNNI


Veiruskita:

Sóttvarnir á alla bæi

Berglind Kristinsdóttir, bóndi á Hrafnagili í Eyjafjarðarsveit, vakti máls á alvarleika veiruskitunnar sem gengur yfir landið með innleggi á Facebook í vikunni. Hún sagði í samtali við Bændablaðið að samanlagt tjón á fjórða degi væri minnst ein milljón króna, en þá var faraldurinn ekki genginn yfir. Hún kallar eftir að allir bændur taki sóttvarnir alvarlega.

Með myndunum sem Berglind deildi vildi hún sýna bændasamfélaginu hversu alvarleg veiruskitan er og koma af stað umræðu um viðbrögð. „Erum við raunverulega að fara að gera ráð fyrir svona í rekstraráætlunum kúabúa landsins?“ spyr Berglind, en henni finnst ekki eðlilegt að veiruskita sé árlegur viðburður á hverju búi – jafnvel oftar.

„Við erum kannski komin á þann tímapunkt að við þurfum að vera með sambærilegar sóttvarnir á sem flestum bæjum. Ég mun verða mér úti um þær eftir þessa bylgju en það er erfitt að verja sig með einhverjum bökkum og göllum því hún berst með tækjum og tólum líka. Við þurfum að lifa með þessari veiru, en spurningin er; hvernig ætlum við að umgangast hana og passa upp á hvert annað? Það þarf meira upplýsingaflæði og frekari rannsóknir,“ segir Berglind.



Alvarleg bylgja bráðsmitandi veiruskitu gengur nú yfir í Eyjafirði. Sjúkdómurinn smitast með saur og slími frá nösum. Blóð í grönum er meðal einkenna.
Mynd / Berglind Kristinsdóttir

Landslagið breytt

„Það er annað landslag í fjósum landsins en fyrir tíu árum. Þú ert að fá verktaka, þjónustumenn fyrir róbótinn og aðra, þannig að það er meiri umgangur í kringum kýrnar en var.“ Smitrakning sé sérlega erfið þar sem umferð utanaðkomandi er mikil. „Ég get engan veginn sagt til um það hvernig veiran kom til okkar.“

Fyrstu einkennin voru samdráttur í mjólkurframleiðslu og minnkað kjarnfóðurát sem Berglind sá í yfirliti fjóstölvunnar. Að hálfum sólarhring liðnum byrjuðu kýrnar að fá drullu. Fyrstu kýrnar veiktust 17. janúar og segir Berglind að fjórum dögum síðar hafi komið önnur bylgja og enn fleiri gripir sýkst. Á sjötta degi, þegar flestar kýrnar voru sjúkar, hafði meðalnyt bæjarins dregist saman um 37% miðað við það sem var fyrir faraldur.

Á flestum bæjum hafa komið faraldrar veiruskitu áður. Berglind segir pestina sem gengur yfir núna vera umtalsvert svæsnari en þær sem hún hefur kynnst. „Það var blóð í drullunni, það kom blóðhlaup úr grönunum og þú ert að heyra hósta. Það tala fleiri um að það sé meira af þessum einkennum núna,“ segir Berglind.



Berglind Kristinsdóttir.

Töpuðu allri lyst

Bændurnir hafa þurft að kalla til dýralækni í nokkur skipti, en önnur viðbrögð hafa verið að gefa kúnum þurran hálm til að róa vömbina og auka aðgengi að saltsteinum og steinefnum. Einnig slökktu þau á kjarnfóðurbásunum þegar þær voru sem veikastar þar sem kýrnar höfðu tapað allri lyst.

„Þær verða þrútnar í kringum augun, með köld eyru og kaldar á síðunni,“ segir Berglind um líkamleg einkenni mjólkurkúnna. „Maður fann til með þeim. Þær voru svo þreyttar, lágu, voru ámátlegar og þung þögn var yfir fjósinu.“ Hún óttast að nokkrar kýr gætu þróað með sér júgurbólgu.

Getur leitt til dauða

Berglind hefur heyrt af veirufaröldrum á mörgum bæjum í kringum sig og að sýkingin hafi sums staðar leitt kýr til dauða. Á Hrafnagili hefur engin kýr drepist að svo stöddu, en þar sem faraldurinn er ekki genginn yfir og eftirköstin óljós, vildi Berglind ekki hrósa happi enn sem komið er.

„Við erum búin að fá dýralækni í sumar kýrnar tvisvar – og við erum bara að bíða og vona að þær hjarni við,“ en hún segir umræddar kýr hafa verið mjög stutt frá burði og afar viðkvæmar fyrir.

/ÁL



Heilbrigðar kýr í fjósi.
Mynd / ghp

Meira um Parainfluensu í nautgripum

Eins og fram kom í grein sem birt var hér á heimasíðunni og í Bændablaðinu síðastliðið haust greindist Bovine Parainfluensa 3 veira í fyrsta sinn snemma haustið 2022 á einum bæ á Norðausturlandi. Þar höfðu kýr verið veikar af veiruskitu, en voru á sama tíma með einkenni frá öndunarfærum sem ekki pössuðu við hina venjulegu sjúkdómsmynd veiruskitu.



Sigurbjörg Ólöf Bergsdóttir.



Ólafur Jónsson.

Kýrnar voru að veikjast af skitu í annað sinn á einu ári, sem er óvanalegt. Þær urðu mun veikari í seinna skiptið og sýndu eins og áður segir einkenni frá öndunarfærum á sama tíma. Um var að ræða þurran hósta, mæði við áreynslu og blóðnasir. Einkennin fóru yfir allt fjósið en minna virtist vera um blóðnasir hjá kálfunum. Tekin voru sýni úr 6 kúm á bænum og sá Tilraunastöð HÍ í meinafræði að Keldum um að senda sýnin til erlendra rannsóknarstofa í viðeigandi rannsóknir miðað við sjúkdómseinkenni. Sýnin voru öll neikvæð m.t.t. mótefna gegn smitandi slímhúðarpest (BVD), smitandi barkabólgu (IBR (BHV1)) og smitandi öndunarfærabólgu (BRSV) en 5 sýni af 6 voru jákvæð hvað varðar mótefni gegn Bovine Parainfluensa 3 virus (BPIV3).

Um er að ræða veiru sem veldur vægri öndunarfærasýkingu í nautgripum. BPIV3 er landlæg í nautgripum víðast hvar í heiminum. Veikindi eru algengust í kálfum sem ekki hafa fengið næg mótefni í gegnum brodd. Sýkingin er yfirleitt væg. Helstu einkenni eru hiti, nefrennsli og þurr hósti. Í kjölfar BPIV3 sýkingar geta komið önnur smitefni, sem valda mun alvarlegri einkennum. Ekki varð vart við nein alvarlegri einkenni í kjölfar sýkingarinnar á umræddum bæ og hafa gripirnir allir náð sér og eru einkennalausir.

Þegar ofangreind niðurstaða barst var ekki vitað hvort um væri að ræða einstakt tilfelli eða hvort veiran væri dreifð í kúastofninum. Veiran veldur oftast vægum einkennum og sýking getur því hafa farið það dult að ekki hafi orðið vart við hana. Helst er álitið að BPIV3 veiran hafi náð sér á strik á umræddum bæ vegna þess, að hún var til staðar í gripahópnum og að kýrnar höfðu orðið fyrir ónæmisbælingu við ítrekaðar sýkingar með coronaveirunni sem veldur veiruskitu.

Til þess að komast að því hversu útbreidd þessi veira er í íslenska nautgripastofninum voru rúmlega 70 sýni send til rannsóknar á haustmánuðum. Niðurstaða þeirrar rannsóknar var að veiran finnst nú þegar í öllum landshlutum. Er því litið svo á að um sé að ræða dulda, landlæga sýkingu sem almennt er ekki að valda veikindum í nautgripum hérlendis. Miðað við umrætt tilvik virðist ákveðin ónæmisbæling vera forsenda þess að sýkingin magnist upp og fari að valda sjúkdómseinkennum.

Sigurbjörg Ólöf Bergsdóttir,
sérgreinadýralæknir nautgripa og sauðfjár,

Ólafur Jónsson,
héraðsdýralæknir í NA-umdæmi, bæði hjá Matvælastofnun.

Enn um veiruskitu

Veiruskita er bráðsmitandi sjúkdómur í nautgripum sem orsakast af kórónaveiru (bovine coronavirus, BCoV).



Sigurbjörg Ólöf Bergsdóttir.

Mótefnamælingar hafa sýnt að sýking er mjög algeng í mjólkurkúahjörðum hérlendis og blossar veikin upp á mismunandi svæðum á landinu nokkuð reglulega. Gengur nú alvarleg bylgja yfir í Eyjafirði.

Sjúkdómurinn smitast með saur og slími frá nösum. Smit berst mjög auðveldlega með fólki, dýrum og ýmsum hlutum, s.s. skófatnaði, múlum, fatnaði, tækjum, bifreiðum o.s.frv. Oftast smitast allir næmir gripir á búinu á nokkrum dögum og sjúkdómurinn gengur yfir á einni til tveimur vikum.

Veiruskitan smitast með saur frá sýktum nautgripum og þá sérstaklega fullorðnum gripum. Smit getur einnig borist með slími frá nösum.

Smit berst aðallega milli gripa með saurmenguðu fóðri. En allir saurmengaðir hlutir í umhverfi gripanna geta verið uppspretta smits.

Smit berst aðallega milli hjarða með þjónustuaðilum nautgripabúa svo sem sæðingamönnum, mjólkurbílstjórum, mjólkureftirlitsmönnum, dýralæknum og öðrum þeim sem eru á ferðinni milli fjósa, t.d. klaufskurðarmönnum, ráðunautum og viðgerðarmönnum. Nýir gripir í fjósi geta einnig borið með sér smit.

Breytingar í veðri hafa áhrif, – hitastigs- og þrýstingsbreytingar.
Lélegt fóður hefur einnig áhrif.

Meðgöngutíminn er yfirleitt 2-8 dagar, en getur í einstökum tilfellum verið lengri. Gripir veikjast mismikið og eru gripir í kringum burð og gripir í hárri nyt líklegastir til þess að veikjast mikið. Gripir skila frá sér smitefni frá því 2 dögum fyrir sýnileg einkenni og í allt að 3 vikur frá því einkenni sjást. Þekkt er að sumir gripir verða króníska smitberar sem skila frá sér smitefni óreglulega í fleiri vikur.

Mikilvægt er að bændur efli sóttvarnir á búum sínum, dragi úr flutningi gripa og tækja milli búa og lágmarki umgengni utanaðkomandi fólks. Nota ætti hlífðarfatnað og stígvél búsins eða einnota skó-/stígvélahlífar. Tæki sem notuð eru á búinu þarf að þrífa og sótthreinsa, áður en þau eru notuð á öðrum búum.

Nauðsynlegt er að kýrnar hafi góðan aðgang að drykkjarvatni og salti. Gott er að vatnið sé ekki ískalt, heldur ca 10 °C. Vökvameðferð, ýmist í æð eða um munn, getur reynst nauðsynleg til þess að koma í veg fyrir ofþornun. Vakta þarf kýr sem veikjast í kringum burð og bregðast strax við doðaeinkennum. Einnig þarf að vera vel vakandi gagnvart byrjunareinkennum júgurbólgu og annarra bakteríusýkinga.

Sums staðar erlendis þar sem þessi veira veldur alvarlegum einkennum og miklu tjóni (t.d. miklum kálfadauða) eru bóluefni notuð en virkni þeirra er takmörkuð og ekki langvarandi. Enn sem komið er eru engin virk bóluefni til við veiruskitu, auk þess sem þekking okkar á stofnafjölbreytileika er takmörkuð.

Virkar smitvarnir, hreinlæti og aðgerðir til að draga úr smitdreifingu og magni á búunum þegar veiruskita er í gangi eru sterkustu vopnin.

Sigurbjörg Ólöf Bergsdóttir,
sérgreinadýralæknir nautgripa og sauðfjár hjá Matvælastofnun.

LESENDARÝNI



„Hvers vegna eru smábátar, sem framleiða verðmætustu og eftirsóttustu sjávarafurðirnar, gagnrýndir varðandi meðferð á afla? Hvers vegna þarf að skerpa og endurskoða markmið strandveiða frekar en kvótakerfisins? Og af hverju eru grænustu og umhverfisvænstu veiðarnar teknar út fyrir sviga þegar rætt er um kolefnisspor?“ spyr Kjartan m.a. í grein sinni.

Mynd / VH

Lokaþáttur Verbúðarinnar?

Strandveiðifélag Íslands er uggandi yfir þeim bráðabirgðaniðurstöðum sem starfshópar í verkefninu Auðlindin okkar hafa skilað af sér til matvælaráðuneytisins.



Kjartan Sveinsson.

Skýrslan er stór og mikil, en breytingarnar á fiskveiðistjórnunarkerfinu virðast vera þeim mun minni. Okkur virðist sem hugmyndin sé einfaldlega sú að leggja auknar kvaðir á smábáta, á meðan kvótakóngarnir sleppa stikkfrí – eða standa styrkari fæti, ef eitthvað er. Kvótakerfið er sett á stall, en strandveiðiflotinn fær holskeflu af rógburði í andlitið.

Það er augljóst á lista viðmælenda að stærstu og frekustu aðilarnir hafi fengið greiðari aðgang að starfshópunum en litla fólkið, enda vekur það furðu að fjölmargar hugmyndir um strandveiðar séu nánast orðrétt apaðar upp eftir áróðursmaskínu LÍÚ. Hvers vegna eru smábátar, sem framleiða verðmætustu og eftirsóttustu sjávarafurðirnar, gagnrýndir varðandi meðferð á afla? Hvers vegna þarf að skerpa og endurskoða markmið strandveiða frekar en kvótakerfisins? Og af hverju eru grænustu og umhverfisvænstu veiðarnar teknar út fyrir sviga þegar rætt er um kolefnisspor? Ef trúverðugleiki starfshópanna á að vera nokkur förum við fram á fullt gagnsæi og að allur vitnisburður sem starfshópunum barst verði gerður opinber. Við verðum að fá botn í það hvernig komist var að þessum niðurstöðum.

Að sama skapi á Strandveiðifélagið erfitt með að treysta því að slaufun 5,3% kerfisins muni gagnast strandveiðimönnum. Skýrslan er mjög óljós hvað þetta varðar. Ekki liggur fyrir rökstuðningur fyrir afnám kerfisins og lítið er gefið í skyn varðandi hvert þær heimildir ættu að fara, annað en „í sértæka byggðakvóta og/eða strandveiðar“. Skýrasta hugmyndin sem sett er fram er að leggja eigi almennan byggðakvóta niður og færa hann yfir á sértækan byggðakvóta sem Byggðastofnun sér um að úthluta. Er það þá Byggðastofnun sem fær að ráða hvaða byggðarlög fái að lifa eða deyja? Þrátt fyrir að Byggðastofnun hafi úthlutað félögum tengdum starfsmönnum sínum 5.400 tonna aflamarki?

Strandveiðifélag Íslands gerir sér grein fyrir því að þetta eru bráðabirgðatillögur. Við gerum ráð fyrir því að viðbrögð smábátasjómanna við tillögunum geri það að verkum að starfshóparnir breyti snarlega um stefnu. Ráðherra hefur enn tækifæri til að breyta rétt. Þó að LÍÚ hafi efni á dýrustu lögfræðingunum, almannatenglunum og áróðurspésunum, þá telur strandveiðiflotinn um 700 báta. Langþreyta og reiði trillukarla og kvenna þýðir að þolinmæði okkar er að þrotum komin. Verði tillögurnar í þessari mynd að frumvörpum og svo lögum, þá hefur lokaþáttur Verbúðarinnar verið skrifaður. Trillukarlar og -konur munu berjast með kjafti og klóm til að það verði aldrei.

Kjartan Sveinsson,
f.h. Strandveiðifélags Íslands.

Veiðifélag Eystri Rangár
óskar eftir að ráða **stöðvarstjóra**

EYSTRI RANGÁ

Veiðifélag Eystri Rangár á og rekur seiðaeldisstöðina Eyjarland sem er staðsett við Laugarvatn. Þar eru framleidd gönguseiði til sleppinga í Eystri Rangá. Stöðin er nú að ganga í gegn um umbreytingar til hagræðingar og betri framleiðslu.

Menntun á sviði fiskræktar er kostur.
Reynsla á sviði fiskræktar er skilyrði.

Viðkomandi þarf að geta sýnt frumkvæði, metnað í starfi og lipurð í mannlegum samskiptum.
Laun skv. samkomulagi.

Upplýsingar gefur Birkir Tómasson í síma 897-8082.

Bílanaust
FYRIR FÓLK Á FERÐINNI

Skoðaðu vöruúrvalið á
www.bilanaust.is



VARAHLUTIR OG BÍLAVÖRUR
Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI

STÓRVERSLUN BÍLDSHÖFÐA 12 110 REYKJAVÍK S. 535 9000	STÓRVERSLUN BÆJARHRAUNI 12 220 HAFNARFIRÐI S. 555 4800	Hafnargata 52 260 Reykjanesbæ S. 421 7510	Hrísmýri 7 800 Selfossi S. 482 4200	Furuvöllum 15 600 Akureyri S. 535 9085	Sólvangi 5 700 Egilsstöðum S. 471 1244

Bændablaðið á Instagram & Facebook

Bændablaðið kemur næst út
9. febrúar
bbl.is



Þessi er **algjör nauðsyn** á öllum vinnusvæðum. Hentar fyrir nánast hvað sem er!

- 400 lítra
- 750 kg burðargeta
- Löggilt hífingaraugu
- Auðveldur í notkun

STARKE ARVID

NOTAÐU TÆKNINA

SPARAÐU ORKUNA

www.diapro.is | diapro@diapro.is | S: 6937700 | Stapahraun 7, 220 Hafnarfjörður

AF VETTVANGI BÆNDASAMTAKANNA

Vernduð afurðaheiti – áhrif á bændur og framleiðendur

Í öðrum pistli um vernduð afurðaheiti er aðallega horft til reynslu notenda kerfisins og merkjanna í ESB. Vernduð afurðaheiti skila fjölda kosta til hagaðila sem þau nýta, m.a. sanngjörnu endurgjaldi og viðskiptaumhverfi fyrir bændur og framleiðendur.



Hafliði Halldórsson.

Hafa skal í huga að vernduð afurðaheiti hafa ekki verið innleidd á kerfisbundinn hátt í öllum meðlimalöndum ESB, af þeim sökum er þekking og áhrif þeirra á neysluhegðun mismikil eftir löndum. Hins vegar er stóra myndin mjög skýr, að á sameiginlegum Evrópumarkaði hefur verndun afurðaheita aukið virði landbúnaðarafurða verulega, tryggt gagnsæi í viðskiptum með merktar vörur innan ESB og um leið samfelld vinnubrögð í viðskiptum með verndaðar vörur til landa utan Evrópu. Megnið af tölulegum upplýsingum koma úr ríflega ársgamalli samantekt um innleiðingu verndarinnar á um 3.200 verndaðra evrópskra afurðaheita í „evalutaion of GIs and TSGs protected in the EU".



Franskir alifuglar, vernduð afurðaheiti.



Upprunaverndað Echíré smjör.

Samvinnufélög verndaðra afurðaheita

Samvinnufélög um vernduð afurðaheiti nefnast „Consortium" og eiga við um félög hagaðila viðkomandi verndaðs heitis, frumframleiðenda s.s. bænda og afurðastöðva um rekstur og markaðssetningu sameiginlegs merkis sem einnig verndar sín afurðaheiti. Sala afurðanna er ekki hlutverk samvinnufélaganna, heldur keppa þau sín í milli á markaði. Gott dæmi er Parma Ham á Ítalíu sem má finna í öllum helstu verslunum á Íslandi.

Sameiginlegt merki samvinnufélagsins er gyllt kóróna sem undantekningalaust er mest áberandi á umbúðum í efra vinstra horni. Að auki ber Parma Ham ávallt „Protected Designation of Origin" merkið til marks um upprunavernd, ofan kórónunnar efst í vinstra horni.

Samvinnufélagið sinnir sameiginlegri markaðssetningu, setur staðal og gæðaeftirlit um framleiðsluna, stýrir framleiðslumagni og berst gegn matvælasvindli og fölsuðum útgáfum. En sjálf salan fer fram í hverju fyrirtæki fyrir sig, í samkeppni við hin fyrirtækin. Í samvinnufélagi Parma Ham eru nú 150 framleiðendur, um 3.600 svínabændur og 80 sláturhús, sem árið 2021 framleiddu 8 milljónir af heilum Parma Ham lærum, hvar 36% eru flutt út úr Evrópu. Samvinnufélögin tileinka sér hugarfarið „sameinaðir stöndum vér, sundraðir föllum vér".

Helstu þættir

Samkvæmt skýrslunni hafa vernduð afurðaheiti virkað vel, og jákvæð merki um notkun kerfisins komu fram í könnunum hjá hagaðilum sem það nýta.

Helstu ókostir við notkun merkjanna er mismikil þekking neytenda á þeim milli landa. Kostnaður hins opinbera, þ.e. ESB og meðlimalanda, af rekstri kerfisins er metinn á eingöngu 0,12% af virði heildarsölu merktrar vöru.

En meðaltal aukins virðis í sölu er margfaldur sá kostnaður fyrir merktar vörur í ESB. Kerfi verndunar var sett á fót til að skipta máli í viðskiptalegu tilliti fyrir einstaka hagaðila, frumframleiðendur og matvælaframleiðendur, auk opinberra aðila.

Áhrif kerfisins á sjálfbærni og dýravelferð hafa einnig farið vaxandi og munu þróast áfram innan kerfisins. Á árabilinu 2010-2020 fjölgaði skráningum í kerfið um 27%.

Sanngjarnt samkeppnisumhverfi fyrir bændur og framleiðendur

Jákvæð áhrif eru á viðskiptaumhverfi og verðmyndun á markaði. Lagaumhverfið tryggir sanngjarnt samkeppnisumhverfi fyrir bændur og matvælaframleiðendur sem nýta vernduð afurðaheiti. Samningsstaða notenda verndunarinnar er sterkari og virði afurða í kerfinu eykst.

Helstu þættir sem skýra þessa niðurstaða eru: Sama meðferð umsókna, sama hvaðan þær koma, og eftirlit á öllum stigum virðiskeðjunnar er það sama alls staðar.

Vernd hugverkaréttar

Innleiðing eftirlits með hugverkarétti í kerfi verndaðra afurðaheita hefur gengið að óskum, hugverkaréttur er algjört lykilatriði í vernd einstakra hefða og þekkingar.

Notendur kerfisins eru með þátttöku sinni tryggðir gegn svikum þeirra sem reyna að misnota vernduð afurðaheiti, með fölsuðum útgáfum og blekkingum gagnvart neytendum. Reglulegt aðhald á markaði er árangursríkasta vopnið í baráttu við svindl.

Viðskiptasiðferði og markaðshlutdeild

Samantektin sýnir að vernduð afurðaheiti hafa jákvæð áhrif á viðskiptasiðferði, bæði innan sameiginlegs Evrópumarkaðar, þar sem sameiginleg áhrif kerfisins nýtast öllum sem það nota, en líka í útflutningi verndaðra afurðaheita frá Evrópu sem er um 20% af heildarsölu merktra vara. Vernduninni eru þar þökkuð veruleg áhrif til aukinnar eftirspurnar frá löndum utan ESB.

Þegar sjö lönd innan ESB og vernduð afurðaheiti þeirra voru skoðuð m.t.t. heildarsöluandvirðis verndaðra afurðaheita þessara landa innan Evrópu árin 2019-2020 var samanlagt virði sambærilegt en öll samanlögð sala mat- og drykkjarvöru fimm ESB landa: Frakklands, Ítalíu, Portúgal, Spánar og Bretlands (sem endanlega gekk úr ESB um áramót 20-21). Markaðskannanir sýna einnig að mörg vernduð afurðaheiti njóta mikillar þekkingar neytenda utan framleiðslulandanna.

T.d. Champagne, Gouda Holland, Parmigiano Reggiano og Scotch Whisky, sem 50% neytenda fjölmargra landa í ESB segjast þekkja.

Skýr og áreiðanleg upplýsingagjöf til neytenda

Gagnsæi er lykilatriði í kerfinu, upplýsingar um vernduð afurðaheiti eru öllum aðgengileg á vefslóðum ESB. Síðan „GI View" er einföldust til notkunar við leit að einstökum vernduðum afurðaheitum, héruðum og löndum sem nýta verndina. Til að nálgast upplýsingar í dýptina má nálgast uppfærðan lista yfir vernduð heiti í „EU geographical indications register", auk þess sem útdráttur úr umsókn um hvert skráð heiti og þau sem eru í umsóknarferli má sjá á „eAmbrosia public module". Öryggi upplýsinga er tryggt með aðhaldi í öllum stigum virðiskeðjunnar og á vernduðum heitum á markaði. Markaðsrannsóknir um þekkingu

Agangspeningur og uslagjald

Á dögunum birti dómsmálaráðuneytið úrskurð þar sem kærð var sú ákvörðun lögreglustjórans á Vesturlandi að synja beiðni um smölun ágangsfjár úr afgirtu landi tiltekinnar jarðar.



Hilmar Vilberg Gylfason.

Í stuttu máli var það niðurstaða ráðuneytisins að það hefði verið röng ákvörðun hjá lögreglustjóranum að vísa málinu frá sem gert hafði verið með vísan til lagatæknilegra atriða. Þannig séu lög nr. 21/1986 um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. í fullu gildi og lögreglustjóranum hafi því borið að taka beiðni viðkomandi um smölun ágangsfjár til formlegrar meðferðar. Í úrskurðinum er hins vegar ekki vikið að því, né tekin afstaða til þess hvort grípa hefði átt til aðgerða.

Úrskurðurinn hefur vakið talsvert umtal og jafnvel kátínu hjá einhverjum sem hafa séð fyrir sér þá Geir og Grana úr Spaugstofunni að smala fé. Þó efalítið væri það hin besta skemmtun fyrir lögreglumenn landsins að fá tækifæri til að smala fé endrum og eins þá gera lögin ekki ráð fyrir að lögreglan sjái um slíkt, þótt henni sé gert að skipuleggja smölun verði ágangur búfjár með slíkum endemum að þess gerist þörf.



Það fylgja því skyldur bæði að eiga búfé og eiga land og á það bæði við þegar land er í landbúnaðarnotkun og nýtt til frístunda.
Mynd / Myndasafn Bbl.

Í fjórða kafla laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. eru nokkuð ítarleg ákvæði um hvernig eigi að bregðast við þegar vart verður ágangs búfjár. Í 31. og 32. gr. laganna er fjallað um ágang búfjár úr afrétti í heimahaga og í 33. gr. er fjallað um ágang búfjár úr einu heimlandi í annað. Sammerkt er í báðum þessum tilfellum að sveitarstjórn eða öðru yfirvaldi ber að hlutast til um smölun á kostnað eiganda búfjár. Í 2. mgr. 33. gr. sem bættist við lögin árið 1997 kemur síðan skýrt fram að sinni sveitarstjórn ekki skyldum sínum að mati lögreglustjóra skuli hann láta smala ágangsfénaði á kostnað eiganda.

Í 34. gr. laganna er fjallað um það þegar búfé gengur ítrekað óboðið í afgirt lönd, veldur þar tjóni og eigandi búfjárins sinnir ekki boði um að afstýra frekara tjóni. Við slíkar aðstæður getur komið til greiðslu uslagjalds samkvæmt lögunum.

Margar ástæður geta verið fyrir því að búfénaður gengur inn í afgirt land og líklega er það sjaldnast ætlan búfjáreigandans að fénaðurinn leiti þangað. Girðingar sem hafa orðið fyrir skemmdum af völdum veðurs eða snjóa eru

og skilning á tilgangi verndaðra afurðaheita þeirra sýna mismikla þekkingu milli neytenda ESB landa, og gefa um leið vísbendingu um skilvirkni á viðkomandi mörkuðum. Þekking mælist t.d. hæst í Suður-Evrópu, 50-78% í Frakklandi, Spáni og á Ítalíu. Lægst mælist þekkingin 8-28% í Tékklandi, Þýskalandi, Ungverjalandi og Hollandi. Samkvæmt Gallup mælingum á Íslandi, þar sem kynning á merkjunum hefur engin verið, þekkja samt 10-15% neytenda vernduð afurðaheiti og eru tilbúnir að greiða 10-15% meira fyrir merktar vörur. Þessir íslensku neytendur mælast einnig með í hærri hluta tekjuskalans. En mörg vernduð afurðaheiti njóta vaxandi vinsælda á íslenskum matvörumarkaði, en eru enn sem komið allar innfluttar.

Sanngjarnt endurgjald fyrir bændur og framleiðendur

Bændur og framleiðendur matar- og drykkjarvara geta fengið hærra verð og bætt tekjur sínar með því að halda fram virðisaukandi og aðgreinandi þáttum og nota vernduð afurðaheiti. Það þýðir auðvitað ekki að notkun verndaðra afurðaheita sé töfra- eða skyndilausn, því aðrir þættir á markaði ráða sem fyrr líka miklu. Svo sem efnahagsástand, meðaltekjur á viðkomandi markaði, framkvæmd stjórnsýslu og framkvæmd markaðsaðgerða viðkomandi verndaðs heitis.

Rannsókn á verðmyndun verndaðra afurðaheita fyrir ESB (DG AGRI) 2019 sýndi að merktar vörur voru að jafnaði seldar á 2,07 sinnum hærra útsöluverði samanborið við ómerktar staðgönguvörur. Hærra söluverði fylgir alla jafna líka hærri framleiðslukostnaður sem þarf að taka tillit til þegar framlegð er metin.

Reynsla bænda og framleiðenda

Viðhorfsrannsóknir framleiðendahópa sameignarfélaga „Consortium“ um vernduð afurðaheiti sýna að skráning afurða hafði jákvæð áhrif á rekstur bænda og framleiðenda, samkvæmt svörun ríflega helmings, 52-54%. Árin 2010-2017 var marktæk aukning í sölu afurða samanborið við ómerktar vörur, 1,7 sinnum meiri hjá vernduðum afurðaheitum mælt í magni, 46% merktra afurða báru magnaukninguna uppi. En 64% merktra afurða juku virði sitt á tímabilinu.

Aðrir kostir sem bændur og framleiðendur tala um með þátttöku í kerfinu eru afar mikilvægir. 87% nefna bætta gæðastjórnun, 76% tala um betra aðgengi að markaði, 51% telja kerfið stuðla að auknu jafnvægi í verðmyndun, hafi jákvæð áhrif á verðteygni og stjórn á framboði á merktum vörum. Niðurstöður sem benda skýrt til þess að bændur sem vinna innan verndaðra afurðaheita njóti betri samningsstöðu en aðrir.

Áhrif á dreifbýli

Eitt markmiða verndaðra afurðaheita er að hafa bein jákvæð efnahagsleg áhrif á dreifbýli og stefnan hefur sýnt árangur með t.d. fjölgun starfa í dreifbýli, og sölu og virði afurða sem njóta verndarinnar. Reynslan sýnir að framleiðsla mikils meirihluta verndaðra afurðaheita skilar hærra hlutfalli vinnuafls á hverja framleidda magneiningu en í tilfelli staðgönguvöru á markaði. Verndin eykur tekjur fyrirtækja, gegn því að gæði séu sannarlega stöðluð og það eykur þörf fyrir hæft starfsfólk. M.ö.o., vernduð afurðaheiti styrkja samfélög og fyrirtæki í dreifbýli með auknum atvinnutækifærum. Sérstaða verndaðra afurðaheita kemur einnig afar sterkt fram í tilfelli beinnar sölu bænda til neytenda og ferðamanna í verslunum heima á sínu búi og eftir öðrum dreifileiðum.

Eiga íslensk stjórnvöld að styðja notkun upprunamerkja?

Auðvitað, hver úr ranni pólitíkur og stjórnsýslu vill ekki meiri tekjur í sameiginlega sjóði? Þegar íslensk stjórnvöld hafa innleitt lög, reglugerðir og gert milliríkjasamninga um upprunamerkingar til verndar landbúnaðar í Evrópu ber þeim einnig skylda til að skilja hvað hér hangir á spýtunni! Uppfræða hagaðila um kosti kerfisins jafnt sem ókosti og hvetja til notkunar þess. Frumframleiðendum og fyrirtækjum til gagns sem um leið getur aukið tekjur samfélagsins. Ég tel að vernduð afurðaheiti geti stórbætt afkomu margra frumframleiðenda og framleiðenda á Íslandi og haft jákvæð áhrif á atvinnuþróun í dreifbýli. En betur má ef duga skal því þekking á vernduðum afurðaheitum er enn afar takmörkuð hérlendis og stjórnsýsla í kringum þau í skötulíki.

Hafliði Halldórsson,
verkefnastjóri á markaðssviði BÍ

án vafa oft orsakavaldur. Í raun er eina skynsama lausnin við ágangsfé samvinna þeirra sem í hlut eiga. Það fylgja því skyldur bæði að eiga búfé og eiga land og á það bæði við þegar land er í landbúnaðarnotkun og nýtt til frístunda.

Það leynist engum að þeim jörðum fjölgar sem teknar hafa verið úr hefðbundinni landbúnaðarnotkun og eru þess í stað nýttar til frístunda. Bændasamtökin hafa vakið athygli stjórnvalda á þessari þróun og meðal annars bent á að erfitt eða ómögulegt geti verið að ná fram markmiðum um fæðuöryggi þjóðarinnar þegar sífellt stærri hluti ræktanlegs lands er að fara úr landbúnaðarnotkun. Aðgangur að góðu ræktunarlandi er þannig ein af forsendum þess að hægt sé að tryggja öfluga innlenda matvælaframleiðslu. En því má heldur ekki gleyma að úthaginn er þar einnig afar mikilvægur fyrir kjötframleiðslugreinar eins og sauðfjárrækt, hrossakjötsframleiðslu og nautgriparækt.

Hilmar Vilberg Gylfason,
yfirlögfræðingur
Bændasamtaka Íslands.







SKÓGRÆKT



Hraust skógarfura í Bæjarbrekkunum á Akureyri, á að giska 70 ára gömul, án allra merkja um furulús. Myndir / Pétur Halldórsson

Skógarfura *(Pinus sylvestris)*

***Silvestris* er latneskt lýsingarorð sem þýðir bæði „villtur“ og „úr skóginum“ eða eitthvað á þá leið.**

Silva er skógur á latínu, skrifað með -i- á klassíska tímanum en -y- er síðari tíma ritháttarbreyting. Auðvitað var hin villta náttúra víðast hvar í Evrópu skógur áður en maðurinn ruddi stóran hluta skóglendis álfunnar og sums staðar nær allt, svo sem á Íslandi. Skógur var því land hins óþekkta, dulúðuga og ógnvænlega. Íslenska heitið skógarfura hæfir vel tegundinni sem hér er rætt um því hún er eitt helstu einkennistrjáa í skógum um stóran hluta Evrópu og norðanverðrar Asíu. Rétt eins og við tölum um dýr merkurinnar gætum við kannski talað um skógarfuru sem tré merkurinnar enda merkti orðið *mörk* skógur fyrrum. Skógarfura var vonarstjarna í skógrækt á Íslandi um miðbik síðustu aldar en reyndist vonarpeningur.

Útbreiðslusvæði skógarfuru er gríðarstórt og nær frá Skandinavíu austur um Rússland og Síberíu allt að Japanshafi en líka suður um Mið- og Austur-Evrópu og í fjöll Suður-Evrópu, til Skotlands og víðar. Skógarfura er stórt tré og ætti að geta náð a.m.k. 25 metra hæð hérlendis en tegundin verður hæst um 35 metrar í upprunalöndum sínum. Hún leitast við að vaxa upp sem einstofna, beinvaxið tré með fremur mjóa krónu. Við erfiðari skilyrði, svo sem nærri sjó eða til fjalla, verða skógarfurutré gjarnan skemmtilega kræklótt og svipsterk.

Á greinum skógarfuru eru nálarnar tvær í knippi og könglar fremur smáir. Skógarfura er dugleg að kvista sig upp í villtum skógi og því eru skógarfuruskógar gjarnan bjartir og aðgengilegir með ríkulegum botngróðri. Hún er fallega græn og börkurinn fær með tímanum á sig einkennandi rauðan blæ sem þykir til mikillar prýði. Vaxtarhraði skógarfuru er fremur hægur á Íslandi en hún getur þrifist víða um land þar sem skilyrði eru fyrir hendi. Tegundin er ljóselsk, sem skýrir m.a. hvernig neðri greinar drepast og falla af þegar skógur hækkar og þéttist.

Einn helsti styrkleiki skógarfuru er að hún hefur gott frostþol og ætti frosthætta því ekki að vera sá þáttur sem hindraði vöxt skógarfuru helst hérlendis. Hún gefur líka góðan og eftirsóttan við og er oftast mjög beinvaxin þannig að skógarfura ætti að vera



Endurnýjun furuskógar í Norður-Svíþjóð. Hrímið dregur fram köngulóarvefinn sem ber vott um grósku vistkerfisins.

úrvalstré til timburnytja á Íslandi, ef ekki væri fyrir veikleika hennar sem nú skulu tíundaðir.

Meðal helstu veikleikanna eru hægur vöxturinn. Skógarfuru er líka hætt við nálakali í íslenskum vetrarnæðingi, einkum skara- og saltveðrum. Stærsti veikleikinn hefur hins vegar verið furulús *(Pineus pini)*. Lúsin sú varð til þess að gróðursetning skógarfuru lagðist nánast af með öllu á Íslandi þegar kom fram á sjöunda áratug síðustu aldar. Framan af hafði þessi trjátegund lofað mjög góðu og þrifist vel en laust fyrir 1950 barst furulúsin til landsins, líklega með innfluttum skógarfuruplöntum frá norskum gróðrarstöðvum. Það tók lúsina svo ekki nema áratug að breiðast út um allt landið. Afleiðingarnar voru í stuttu máli þær að bróðurparturinn af þeim skógarfurum sem gróðursettar höfðu verið, milljónir plantna, ýmist drapst úr lúsinni um og eftir 1960 eða var hreinsaður burt síðar, enda voru sýktu trén sem tórðu óásjáleg og uxu lítið.

Þó er fátt svo með öllu illt að ekki boði nokkuð gott. Hin harða atlaga furulúsarinnar kom af stað mjög hörðu náttúruvali sem hefur sýnt sig vel í kvæmatilraunum Skógræktarinnar síðustu árin. Þar hefur komið í ljós að afkomendur þeirra skógarfurutrjáa sem best þoldu ásókn lúsarinnar standa sig best. Af þeim mætti rækta sterkan íslenskan stofn skógarfuru sem í það minnsta gæti orðið verðmætt garðtré og til skrauts og aukinnar fjölbreytni í skógum. Ekki er gert ráð fyrir að skógarfura verði megintegund í nytja- og kolefnisskógum hérlendis á næstunni, hvað sem fjarlægari framtíð kann að bera í skauti sér.

Pétur Halldórsson.

Á FAGLEGUM NÓTUM



Um það bil 95% af mjólkinni sem framleidd er í Nígeríu kemur frá hirðingjum sem nota aðallega hvíta Fulani nautgripina.

Nígería:

Nota sólina til þess að kæla mjólkina

Snorri Sigurðsson
snorri.sigurdsson@outlook.com



Í mörgum löndum víða um heim spillist mjólk vegna þess að hún er ekki kæld nógu hratt eftir mjaltir en til að varðveita gæði mjólkurinnar, svo hún nýtist sem best og minnst fari til spillis, er mælt með því að kæling fari fram á fyrstu tveimur klukkustundunum eftir mjaltir.

Skortur á innviðum, skortur á köldu vatni, lélegt eða ekkert aðgengi að rafmagni er staðreynd sem margir bændur búa við og sérstaklega í þróunarlöndunum. Þetta takmarkar möguleika margra bænda til að kæla mjólkina niður skömmu eftir mjaltir og er ein megin ástæða þess að um allan heim spillast hundruð milljóna lítra af mjólk á hverju ári.

Mjólkurframleiðslan í Nígeríu

Ársframleiðsla mjólkur í Nígeríu er óvenju lítil miðað við stærð og mannfjölda landsins, en hún er ekki nema um fjórföld íslenska mjólkurframleiðslan. Um það bil 95% af mjólkinni, sem framleidd er í Nígeríu, kemur frá hirðingjum sem fara um með nautgripi sína eftir veðri og aðgengilegum gróðri. Þessir hirðingjar nota aðallega hvíta Fulani nautgripakynið, sem er aðalkynið ekki aðeins í Nígeríu heldur einnig í Tsjad, Gana, Níger og Tógó. Þetta nautgripakyn er einstaklega seigt og vel aðlagað að erfiðu umhverfi í hinu svokallaða Sahel belti suður af Sahara eyðimörkinni. Þetta svæði er alþekkt fyrir mikla þurrka og hitasveiflur, sem geta vissulega verið stórt vandamál fyrir kúabændur sem aðra bændur.

Hvítu Fulani nautgripirnir hafa aðlagast þessum aðstæðum á mörg hundruð árum og geta vel lifað af við þessar aðstæður en gallinn við gripina er aftur á móti afar slök afurðasemi. Algeng dagleg mjólkurframleiðsla kúa af þessu kyni er ekki nema 1,5-2,5 lítrar af mjólk og við kjöraðstæður, á tilraunabúum, gefa kýrnar ekki af sér nema þetta 5-7 lítra á dag! Vegna lítillar framleiðslu hvers grips er algengt að hirðingjarnir séu með margar kýr en oft er þó innlegg í afurðastöð ekki nema í kringum 10 lítrar af mjólk á dag.

> „Um það bil 95% af mjólkinni, sem framleidd er í Nígeríu, kemur frá hirðingjum sem fara um með nautgripi sína eftir veðri og aðgengilegum gróðri.“

Mjólkursöfnunin er áskorun

Ekki nóg með að hver kúabóndi sé að leggja inn lítið magn á hverjum degi þá fylgja því ýmis vandamál að kaupa mjólk af hirðingjum.

Eitt þeirra er að vegna eðli framleiðslunnar, þar sem þeir flakka um með gripi sína og fara um stórt landsvæði í leit að góðri beit og drykkjarvatni, þá er oft ekki beint einfalt að senda mjólkurbíla af stað að sækja mjólk.



Sérhæfður kælibúnaður fyrir mjólkurbrúsa.



Dæmi um einfalda lausn fyrir kælingu á 3-4 mjólkurbrúsum.



Myndir / SS

Þetta hefur leitt til söfnunarkerfis þar sem litlu magni af mjólk er safnað saman á nokkrum stöðum og mjólk frá mismunandi bændum er blandað saman við aðra mjólk.

Þessi mjólk er síðan flutt, oft á mótorhjólum, að sérstökum móttökustöðvum mjólkur.

Uppbygging á svona móttökustöðvum mjólkur hefur svo skapað ákveðið tækifæri til þess að kæla mjólkina, sem er annars alltaf afhent volg frá hverjum bónda. Fyrir okkur Íslendinga virkar það líklega frekar framandi að hægt sé að starfrækja móttökustöðvar mjólkur án þess að þar sé t.d. rafmagn en það er tilfellið í Nígeríu og langflestar móttökustöðvar eru einfaldlega staðsettar svo langt í burtu frá þéttbýli, að engin leið er að tengja þær við raflagnakerfi landsins.

Nota orku sólarinnar

Þrátt fyrir að reknar séu svona móttökustöðvar mjólkur er mjólkurmagnið í hverri stöð allt frá því að vera einungis nokkrir tugir lítra og upp í nokkur hundruð lítra. Að setja upp fullkomin kælikerfi fyrir mjólk hefur því reynst vandamál vegna orkuþarfar við kælinguna en með því að nota sólarorku til að knýja kælikerfi hefur tekist að búa til sveigjanleg kælikerfi þ.e. kerfi sem virka allt frá því að kæla lítið magn mjólkur upp í töluvert meira magn. Auk þess eru þessi kerfi nokkuð auðfæranleg og því hægt að fylgja hirðingjunum eftir, ef svo má að orði komast, og verða með einskonar færanlegar móttökustöðvar fyrir mjólk.

Í Nígeríu hefur því í tilraunaskyni verið komið upp þrenns konar kerfum sem nýta sólina við kælingu á mjólk. Það minnsta kælir einungis einn 40 lítra mjólkurbrúsa í einu! Næsta stærð fyrir ofan getur tekið 3-4 brúsa í einu og það umfangsmesta ræður við 7-8 brúsa í einu.

Með þessu móti hefur tekist að draga verulega úr magni ónýtanlegrar mjólkur og reyndar nánast eytt þessu vandamáli á söfnunarsvæðinu þar sem tilraunin fer fram!

Fyrir vikið hafa tekjur bændanna aukist, þar sem þeir fá eðlilega ekki greitt fyrir ónýtanlega mjólk, og um leið hefur matarsóunin snarminnkað þar sem vörurnar sem unnar eru úr mjólkinni hafa enn betra geymsluþol en áður.



Kælibúnaður sem tekur 7-8 brúsa í einu.





Hefur þú brennandi áhuga á vélum og vilt vinna í lifandi og skemmtilegu umhverfi? Vélfang leitar að öflugum og ábyrgum viðgerðamanni í fullt starf á vélaverkstæðið okkar í Reykjavík.

Hæfniskröfur:

- Reynsla af vélaviðgerðum er kostur.
- Menntun við hæfi kostur.
- Rík þjónustulund, jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Gott með að vinna í teymi.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem allra fyrst.
Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

Nánari upplýsingar veita Eyjólfur 8400 820
Umsóknir sendist á eyjolfur@velfang.is

VÉLFANG -VERKIN TALA

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • velfang.is
Óseyri 8 • 603 Akureyri • velfang@velfang.is

CLAAS FENDT Kverneland Schäffer JCB

Vélfang ehf. er sölu- og þjónustuaðili á sviði vinnu- og landbúnaðarvéla.
Hjá Vélfangi starfar hópur fólks sem hefur það að markmiði
að veita viðskiptavinum sínum framúrskarandi þjónustu.

Á FAGLEGUM NÓTUM



Orka í boði á Íslandi (sem rafmagn, heitt vatn og eldsneyti) kallast frumorka. Um 85% frumorkunnar er framleidd heima fyrir með endurnýjanlegum hætti. Þar af felast 60% í hitaveitum landsins en 25% er raforka frá vatnsafls- og jarðvarmavirkjunum. Mynd / ghp

Fróðleikur um orkumál og orkuskipti

– Hvað merkja fjölmörg, misalgeng hugtök?

Í þessu tölublaði Bændablaðsins, og næstu níu til viðbótar, birtast hugtök úr umræðu og skrifum um stöðu orkumála og full orkuskipti. Leitast er við að útskýra þau og setja í innra samhengi í þessum stórvægu og yfirgripsmiklu málaflokkum. Alls verður fjallað stutt og laggott um 48 hugtök, fjögur til fimm samtímis í grein í hverju tölublaði. Frumorka, Orkuspá, fjölnýting, stýrikerfi, glatvarmi, flutningstap, vetnisknúnar vélar, þolmörk, skerðanleg orka og metanól; þetta eru allt dæmi um fjölbreytt umfjöllunarefni Ara Trausta Guðmundssonar jarðvísindamanns, rithöfundar og fyrrum þingmanns sem skrifaði m.a. greinarflokk um umhverfismál í Bændablaðið fyrir allnokkrum árum.

1. hluti:

Þegar orka á í hlut

Frumorka er eitt en orkuframboð eða orkueftirspurn annað. Við hvað miðast orkuspá?

Frumorka

Orka í boði á Íslandi (sem rafmagn, heitt vatn og eldsneyti) kallast frumorka. Um 85% frumorkunnar er framleidd heima fyrir með endurnýjanlegum hætti. Þar af felast 60% í hitaveitum landsins en 25% er raforka frá vatnsafls- og jarðvarmavirkjunum.

Óendurnýjanlega orkan, 15%, á formi innflutts jarðefnaeldneytis, er notuð í samgöngum og atvinnurekstri á land, sjó og í lofti. Frumorkan nýtist misvel eftir því hvernig hún er notuð. Við bifreiðanotkun nýtist raforka allt að 90% frá rafhlöðu til að knýja ökutækið en 10% raforkunar verður að varma sem hitar umhverfið. Til samanburðar nær bensínvél að nýta um 30% orku eldsneytisins til að hreyfa bíl en 70% verða að varma til umhverfisins.

Orkuframboð

Orkuframboð birtst í varma þess heita vatns og gufu sem jarðvarmavirkjanir skila inn á lagnakerfi hitveitna og til landsmanna, enn fremur í raforkunni sem flyst með flutnings- og dreifikerfinu frá raforkuverum til kaupenda og loks í aðgengilegum birgðum jarðefnaeldsneytis, þ.e. olíu, bensíni, þotueldsneyti (svipað og steinolía) og kolum.



Ari Trausti Guðmundsson jarðvísindamaður mun í næstu blöðum útskýra hugtök sem birtast í umræðum um orkumál og orkuskipti.

Orkuframboð (eins og orkunotkun) er gefið upp í kWst (kílówattstundum), MWst (megawattstundum), GWst (gígawattstundum) eða TWst (terawattstundum).

Kíló: þúsund, mega: milljón, gíga: milljarður, tera: þúsund milljarðar, ein trilljón). Meðalársnotkun meðalheimilis er um 4.000 kWst á ári. Ársframboð á raforku á Íslandi er rúmlega 19 TWst.

Orkueftirspurn

Orkueftirspurn er sveiflukennd; háð allmörgum þáttum svo sem mannfjölgun, heilsu og heilbrigði í samfélaginu, efnahagsástandi, náttúrunytjum, nýsköpun, þróun þjónustu og alþjóðamálum. Meginþróunin í áratugi, hér og erlendis, hefur verið í átt til aukinnar orkueftirspurnar. Hraðar breytingar vegna stefnumörkunar, efnahagsáfalla eða mikils uppgangs í atvinnumálum, náttúruvár, eða vegna tækniþróunar geta kallað á aukna og/eða breytta orkueftirspurn (stundum nefnd orkuþörf).

Orkuspá

Áratugum saman hefur Orkuspárnefnd gefið út svonefnda Orkuspá. Hún áætlar notkun raforku, jarðvarma og jarðefnaeldsneytis á tilteknu tímabili, á almennum markaði og til stóriðjunnar. Raforkuspá fyrir almenna markaðinn, til 40 ára í senn, er unnin af undirhópi nefndarinnar.

Nú liggur fyrir gagnvirkt orkuskiptalíkan Orkustofnunar með innsýn í skipti jarðefnaeldsneytis í nýja orkugjafa og áhrifin á raforkuframboð (www.orkuskiptaspa.is). Gagnvirkt spálíkan Landverndar er líka aðgengilegt og þá á sérstakri vefsíðu sem vísað er til á www.landvend.is. Samtök iðnaðarins, Landsvirkjun, Samorka og Efla standa enn fremur að vefsíðunni www.orkuskipti.is þar sem unnt er að spá gagnvirkt í orkueftirspurn framtíðar.

/ATG



Mynd 1. HPS topplýsing (1000 W HPS lampa) og 0 ppm hjá tómataplöntum.




Mynd 2. HPS topplýsing (1000 W HPS lampa) og 600 ppm hjá tómataplöntum.

Tómatatilraun um CO_2 auðgunar


Eins og vitað er, er tilraunahús og starfsfólk á Reykjum flutt yfir til Fjölbrautaskóla Suðurlands (FSu). Hins vegar, þar sem Landbúnaðarháskóli Íslands (LbhÍ) fékk styrk fyrir tómatatilraun með CO_2 auðgun, var gerður samstarfssamningur milli LbhÍ og FSu til að framkvæma tilraunarverkefni.



Christina Stadler.



Börkur Halldór Bl. Hrafnkelsson.



Elías Óskarsson.

Verkefnisstjóri er Christina Stadler hjá LbhÍ. Börkur Halldór Bl. Hrafnkelsson og Elías Óskarsson hjá FSu hafa daglega umsjón með tilrauninni. Helgi Jóhannesson hjá RML sér um ráðgjöf á meðan tilraunin stendur yfir. Verkefnið er unnið í samstarfi við garð- yrkjubændur og verður þeim boðið í heimsókn. Tilraunin er styrkt af Matvælasjóði og Þróunarsjóði garðyrkjunnar

Fullnægjandi leiðbeiningar vegna vetrarræktunar á tómötum undir lýsingu við HPS lampa með rafeinda-straumfestu (electronic ballast) og mismunandi styrkleika af CO_2 auðgunar eru ekki til á Íslandi. Þess vegna hefur nú farið af stað tómatatilraun með CO_2 auðgun hjá FSu á Reykjum í vetur 2022. Þessi tilraun mun standa til vors 2023 og ætlum við sem störfum við tilraunina að kynna uppsetningu hennar.

Niðurstöður úr tómatatilraun sem gerð var veturinn 2021/2022 – sjá nánar í 19. tölublaði Bændablaðsins 2022 – voru hafðar til hliðsjónar við skipulagningu tilraunarinnar sem hér er lýst. Þar sem Hybrid topplýsing (454 µmol/m2/s, HPS: LED 2:1) var með jafn mikla uppskeru af tómötum eins og með eingöngu HPS topplýsingu (472 µmol/m2/s) og að enginn rafmagnssparnaður náðist þar sem bætt var afkoma HPS ljóssins með því að minnka ljósakostnað þar sem notað var 1000 W perur í staðinn fyrir 750 W perur verður síðarnefnda ljósmeðferðin (HPS topplýsing með 1000 W perum) notuð í öllum meðferðum í núverandi tómatatilraun.

Vitað er að auk lýsingar þá skiptir magn af CO_2 einnig máli þegar kemur að vexti plantna og uppskeru af tómötum.

Þar sem CO_2 kostnaður vegur þungt í heildarrekstrarkostnaði í tómataræktun er mikilvægt að finna út hvort CO_2 auðgun endurspeglist í framlegð miðað við uppskeruaukningu eða hvort frekar ætti að takmarka notkun af CO_2.

Tilraun með stöðugt vaxandi magn af CO_2 (0 ppm (mynd



Mynd 3. HPS topplýsing (1000 W HPS lampa) og 900 ppm hjá tómataplöntum.



Mynd 4. HPS topplýsing (1000 W HPS lampa) og 1200 ppm hjá tómataplöntum.

áhrif lýsingar og

1), 600 ppm (mynd 2), 900 ppm (mynd 3) og 1200 ppm (mynd 4)) mun gefa okkur skýr svör. Markmið tilraunarinnar er því að rannsaka samspil af áhrifum ljóss og mismunandi styrkleika CO_2 auðgunar á tómata og hagkvæmni aðferðarinnar.

Plönturnar fengu mismunandi styrkleika af CO_2 fyrstu daga eftir útplöntun, en þá kláraðist koltvísýringur í tanknum. Plönturnar voru án CO_2 í 2 vikur en það er tíminn sem það tók að fá áfyllingu.

Þó svo að komið hafi hlé á CO_2 auðgunina var það ekki æskilegt, gerði það okkur grein fyrir að mikið magn af CO_2 eftir útplöntun væri ekki endilega kostur og gæti því verið viðfangsefni í framhaldstilraun.

Eftir að mismunandi styrkleikar af CO_2 var aftur gefin, gefa fyrstu niðurstöður til kynna að vöxtur milli klefa er mismunandi.


Aukavöxtur virðist vera meiri með aukinni CO_2 notkun, en græn aldin virðast vera stærri.

Fyrsta uppskera er væntanleg í lok janúar og mun þá gefa til kynna hvort það endurspeglast í uppskerumælingum. Í lok tilraunar verða niðurstöður kynntar í Bændablaðinu.

__Christina Stadler__, lektor hjá LbhÍ, __Börkur Halldór Bl. Hrafnkelsson,__ ræktunarstjóri tilraunagróðurhúss hjá FSu __og Elías Óskarsson__, garðyrkjufræðingur hjá Fsu.

Bændasamtök Íslands
boða til
BÚNAÐARÞINGS 2023
á Hótel Natura Reykjavík
30.-31.mars
Nánari upplýsingar á bondi.is
BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

Veiðifélagið
VERZLUN
SEALSKINZ
Vatnsheldir sokkar, hanskar og húfur!
Frí póstsending fyrir allar pantanir yfir 9000kr-
Nóatúni 17 105 RVK
www.veidifelagid.is
S: 7751040



Veitulausnir
MÁLMSTEYPA Þorgríms Jónssonar ehf.
Miðhrauni 6, 210 Garðabæ, s. 544 8900
m@malmsteypa.is malmsteypa.is

LESENDARÝNI

Erfðafræði útlitseinkenna sauðfjár – annar hluti:

Myndun sauðfárkynja, útlitseinkenni

Núna skulum við fara yfir yfirlitsgreinina sem ég kynnti ytri umgjörð fyrir í síðasta tölublaði. Í byrjun greinarinnar fjalla höfundarnir um að hin ýmsu fjárkyn séu undantekningarlítið aðgreind eftir útliti og þá fyrst og fremst eftir lit, hornum og dindli.



Jón Viðar Jónmundsson.

Hugum aðeins að því hvar íslenska féð stendur í svona samanburði við önnur fjárkyn. Við getum sagt að einkenni íslenska fjárins í svona samanburði er einkennaleysi þess. Íslenska féð tilheyrir norður-evrópsku stuttrófukynjunum. Það er um leið fjárflesta kynið af þeim kynstofni öllum. Það er tiltölulega samstætt með tilliti til dindilstærðar og -lengdar eftir að öll einkenni erlendu kynjanna sem blönduðust því íslenska hafa ræktast úr íslenska kyninu. Það heyrir til hreinna undantekninga að finna fjárkyn sem sýna viðlíka fjölbreytni í lit og litaafbrigðum og finnast hjá íslenska fénu. Hjá öðrum fjárkynjum er nánast allt fé annaðhvort hyrnt eða kollótt svo að ekki sé talað um ferhyrnt sem er fáséð.

Ólík kyn myndast eftir að fé var tamið

Höfundarnir segja að ólík kyn hafi myndast eftir að fé var tamið sem húsdýr, annaðhvort með náttúruvali eða markvissu vali, oftast með tilliti til þessara nefndu eiginleka og oft fleiri þátta. Þannig benda þeir á að fituhalafé hafi myndast sem aðlögun að erfiðu umhverfi og tímabundnum fóðurskorti. Þeir benda á að mjódindilsfé hafi síðar þótt hagfelldara með tilliti til fjölmargra þátta eins og hreyfingar, æxlunar og fóðurnýtingar m.a.

Horn voru áður vopn gegn rándýrum og skiptu máli í baráttu hrútanna um ærnar á fengtíma en nú þyki það kollótta hagkvæmara til að losna við hornnám til að forða öðru fé og hirðinum frá slysum.

Litir geta haft áhrif á aðlögun að umhverfi og sem vörn gegn sníkjudýrum. Gildi hvíta litarins hjá fjölmörgum ullarframleiðslukynjum blasir einnig við. Telja þeir síðan fjölda gena fyrir þessa eiginleika sem hafa verið greind. Runur af heitum slíkra gena verða ekki þuldar hér en áhugasömum sem vilja læra slík erlend nöfn vísað til greinarinnar sjálfrar sem finna má í fyrsta hluta greinaflokksins.

Þeir ljúka innganginum með að segja að þeir vænti þess að uppgötvun nýrra gena sem ráða svipfari útlitseiginleika sauðfjár muni styrkja ræktunaráætlanir og erfðabundnar aðgerðir til hraðari framfara í framleiðslu og velferð sauðfjárkynja í heiminum.

Blessaður dindillinn

Það er ekki ráðist á garðinn þar sem hann er lægstur þegar höfundar byrja að fjalla um erfða- og svipfarsform mismunandi eiginleika heldur ráðist á sjálfan dindilinn. Vafalítið er það að hluta til vegna þess að sumir höfundanna munu heimsþekktir vísindamenn í þessum göfuga líkamshluta sauðfjár.

Ég ætla að leyfa mér að fara mjög léttilega yfir þessi vísindi og losa lesendur undan nafnaþulum um tugi gena sem ráða vexti og mismunandi þroska þessa líffæris.

Höfundarnir segja að þau gen sem mest áhrif hafi séu þau sem stjórna því hvort kindurnar séu með fituhala eða mjódindilsfé. Þá séu gen sem ráða lengd dindilsins þýðingarmikil en það stjórnist bæði af fjölda rófuliða auk lögunar og stærð liðanna. Til viðbótar séu áreiðanlega fjöldi áhrifaminni gena sem hafi áhrif á lögun dindilsins sem enn eru að meira og minna leyti óþekkt og órannsökuð.

Karakúlblendingar

Þó að íslenska féð sé í dag samstætt um dindil þá er reynsla frá fyrri hluta síðustu aldar af erlendum kynjum sem voru skrautlegri um dindillögun og dindilstærð og -lengd.

Þetta var fé af Border Leicester (BL) kyni, Svarthöfða- og Cheviotfé en allt eru þetta langrófukyn nema Karakúlféð (K) sem var fituhalafé. Af Svarhöfðum og Cheviot fékkst aðeins reynsla sem fyrsta kynslóð blendingsfjár. Af BLblendingunum og Kblendingunum fékkst miklu meiri reynsla. Kblendingana með einkenni sá ég aldrei sjálfur en hafði spurnir af þeim á tveim stöðum.

Brynjólfur Sæmundsson sagði mér af afkomendum hrútsins fræga sem Matthías í Kaldrananesi sökkti í Húnaflóa sem þjóðfrægt varð og taldi sig hafa bjargað Vestfjörðum frá mæðiveikinni með því. Brynjólfur sagði að afkomendur hrútsins hefði verið til norður í Kaldrananeshreppi fram yfir 1970 þegar því síðasta hafði verið eytt af þessu fé.

Hitt var fé í Öræfum sem þar er líklega enn til og miklu víðar vegna þess að bændur þar sem sögðu mér af þessu sögðu að allir hrútar sem stöðvarnar sóttu þangað í sveit um aldamótin væru afkomendur kinda sem þeir mundu eftir að sýndu einkenni þessarar blöndunar. Því miður nær ættrakning mín á nokkrum bæjum í Öræfum aðeins aftur til um 1940, vantar um hálfan áratug til að fanga Karakúlhrútinn sem góðu heilli olli engum skaða. Bændur í Öræfum voru sennilega þeir einu sem sóttu um undanþágu frá lögum til að setja á blendingsgimbrar. Lögin um innflutning Karakúlfjárins bönnuðu slíkan ásetning blendingslamba nema með undanþágu sem mátti veita til þess samkvæmt þeim. Öræfingar hafa alltaf verið gætnir og löghlýðnir.

Heimildarmönnum mínum á þessum tveim stöðum bar alveg saman um það að síðustu einkenni gripa af þessari blöndun hefði mátt sjá hjá fé fæddu um 1960.

Ekki spurði ég hver þessi einkenni hefðu verið, gekk út frá því að það hefðu verið einhverjar leifar af fituhalanum fræga.

Border Leicester blendingar

Mesta reynslan fékkst af BL-blendingunum. Þegar fjárskiptin um miðja síðustu öld voru afstaðin þá voru leifar frá blöndun þess að finna á þrem stöðum á landinu. Hvað flest mun þetta fé og gleggst einkenni sem tilkomið var frá sæðingum sem Hjörtur Eldjárn stóð fyrir þegar fjárskipti misgengust austan og vestan Eyjafjarðar. Þá fann hann tvo afgamla BLhrúta í Svarfaðardal og flutti úr þeim sæði austur yfir fjörðinn í nýkomið fjárskiptafé í Grýtubakkahreppi, Svalbarðsströnd og hluta Öngulsstaðahrepps. Þessu blendingsfé var viðhaldið þarna á nokkrum búum.

Halldór Pálsson varaði bændur strax við að þetta fé muni hratt úrættast væri farið að framrækta blendingana skipulagslaust og fækkaði þessu fé hratt af þeim sökum vegna þess að flestir sem áttu þessa gripi leiddust út í slíka ræktun. Aðallega á tveim búum á Svalbarðsströnd, Brautarhóli og Sigluvík var þessu fé viðhaldið með skyldleikarækt þar sem áhersla var lögð á viðhald kyneinkenna.

Hjörðin í Sigluvík taldi á sjöunda áratugina nokkra tugi kinda og dreifðust hrútar frá henni aðeins innan varnarhólfsins þar sem nokkrir bændur vildu reyna slíka hrúta til sláturlambaframleiðslu eins og féð var í upphafi flutt inn til. Virðist sem fé af þessari æð hafi nú verið með öllu eytt líklega mest sökum fjárfækkunar á þessu svæði.

Önnur æð kom út af hreinkynja hrúti í Holti í Þistilfirði sem var notaður til sláturlambaframleiðslu en bændur í Holti seldu sveitungum sínum hálfblendingshrúta. Þegar Keldhverfingar keyptu fjárskiptafé haustið 1944 í Þistilfirði seldu Holtsbændur og sumir sveitungar þeirra talsvert af BLblendingum. Þetta fé varð þekktast á búum í Austurgarðahverfinu. Þaðan dreifðist þetta fé sem fjárskiptagimbrar í sveitir eins og Svarfaðardal og Gnúpverjahrepp. Þar úrkynjaðist þetta fé og hvarf fljótt.

Ég minnist þessara kollottu stóru kinda með langan dindil sem komu ein eða tvær á marga bæi í Svarfaðardal. Þessar ær skiluðu oft vænum lömbum sem sælst var til að setja á en reyndist alveg vonlaust fé til framræktunar. Það sem ég hins vegar þekki að enn lifir af blöndun frá Skota í Holti er út af Grákolli í Laufási sem var BLblendingur.

Um og upp úr 1960 dreifðust margir gráir hrútar undan honum um flestar sveitir milli Skjálfandafljóts og Jökulsár á Fjöllum. Af þessum meiði var eini hrútur á sæðingastöð sem ég tel mig geta rakið með fullri vissu ættir til BLfjár, Lagður 07-847. Þriðja æðin barst með BLhrútum að fjárbúinu á Rangá og dreifðust hrútar þaðan víða austanlands fyrir miðja síðustu öld. Pétur Jónsson á Egilsstöðum mun hafa skyldleikaræktað lengi og viðhaldið þannig manna lengst BLeinkennum í sínu fé. Hrútar frá honum dreifðust einkum í sveitum sunnan til austanlands. Þessa blöndun má enn finna þar á svæðinu.

Hvernig héldust dindilseinkennin í íslenska fénu?


Þá er komið að dindillengdareinkennum BLblendinganna. Lentu þeir í óskipulegri framræktun hurfu þessi einkenni nánast alveg eftir fimm til sjö kynslóðir. Í hjörðum þar sem kyneinkennum var viðhaldið með skyldleikarækt hélst lengri dindill miklu lengur og sennilega lengst í fé ættuðu úr eða í hjörð Péturs á Egilsstöðum.

Í næsta hluta mun ég snúa mér að umfjöllun höfunda yfirlitsgreinarinnar þar sem þeir fara að fjalla um erfðir horna hjá sauðfé.

Jón Viðar Jónmundsson,
sjálfstætt starfandi búvísindamaður.



Fjögur mismunandi kínversk fjárkyn, tíbeskt fé, Hu fé, Tong fé, Svarta Turfan féð. Myndir / gsejournal.biomedcent.com



Fimm ólíkar dindilgerðir séðar frá hlið. Mjó langrófa, stuttrófa, Langur fituhali, stuttur fitudindill og fiturass.

Kolefnislosun sauðfjárræktar á Íslandi hefur dregist saman um tæpan fjórðung

Loftslagsbreytingar og áhrif þeirra eru í auknum mæli til hliðsjónar í öllum ákvörðunum sem stjórnvöld á Íslandi taka. Það er jákvæð þróun því vandamálið er margþætt og teygir sig í alla anga þjóðfélagsins.


Sveinn Rúnar Ragnarsson.

Vandinn er hnattrænn og af þeim sökum hafa þjóðir heims komið sér saman um að ríki haldi loftslagsbókhald til að þær aðgerðir sem ráðist er í séu mælanlegar og samanburðarhæfar á alþjóðavettvangi. Það er mikilvægt svo hægt sé að sannreyna að ríki heims séu að uppfylla þær skuldbindingar sem þau hafa undirgengist.

Losunarbókhald Íslands

Losun sem fellur undir beina ábyrgð Íslands er flokkuð eftir því hvaðan losunin á uppruna sinn. Það er gert í samræmi við leiðbeiningar Milliríkjanefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál (IPCC) sem Íslandi ber að fylgja. Flokkarnir eru: *(1) Orka, (2) Iðnaðarferlar og efnanotkun, (3) Landbúnaður, (4) Úrgangur, (5) LULUCF (Landnotkun, breytt landnotkun og skógrækt).*

Hvert ár skilar Umhverfisstofnun landsskýrslu um losun gróðurhúsalofttegunda til Evrópusambandsins og skrifstofu loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna. Samkvæmt síðustu landsskýrslu var losun frá landbúnaði 14% af heildarlosun Íslands árið 2020 (án LULUCF) og hafði dregist saman um 7% frá árinu 1990. Losuninni er skipt niður í eftirtalda flokka í losunarbókhaldi Íslands: *(1) Iðragerjun, (2) Meðhöndlun húsdýraáburðar, (3) Nytjajarðvegur, (4) Annað.* 59% af losun frá íslenskum landbúnaði mátti rekja beint til búfjárhalds (iðragerjun og meðhöndlun húsdýraáburðar).

Þegar tekið er tillit til þess hvernig losun frá landbúnaði er bókfærð í losunarbókhaldi Íslands þá er erfitt að draga verulega úr losun án þess að draga úr framleiðslu. T.d. að þrátt fyrir að íslenskur landbúnaður yrði eingöngu knúinn með endurnýjanlegum orkugjöfum þá yrði sá ávinningur sem af því hlytist færður sem samdráttur í losun í flokknum *Orka*. Mikilvægt er að átta sig á þessu þegar rætt er um losun frá landbúnaði. Það hlýtur því að vera lykilatriði að miða við hve mikið af afurðum er verið að framleiða á móti þeirri losun sem myndast í landbúnaði, í alþjóðlegum samanburði.

Kolefnislosun sauðfjárræktar á Íslandi

Umræðan um kolefnislosun sauðfjárræktar á Íslandi er oft og tíðum ósanngjörn í garð bænda. Með hliðsjón af ofangreindu er áhugavert að skoða þróun í losun frá íslenskri sauðfjárrækt (án LULUCF) sem fellur undir landbúnað í losunarbókhaldi Íslands. Frá árinu 2014, þegar flestar vetrarfóðraðar kindur voru í landinu á síðasta áratug, hefur fé fækkað um 24%.

Það leiðir af sér að losun af völdum sauðfjár (iðragerjun og meðferð húsdýraáburðar) hefur að öllum líkindum dregist saman um 24% frá árinu 2014 til dagsins í dag.


Sveinn Rúnar segir í greininni að gögn um fjölda og afurðir sauðfjár á Íslandi séu þau áreiðanlegustu í veröldinni.
Mynd / ghp

Þrátt fyrir það anna íslenskir sauðfjárbændur enn þá innlendri eftirspurn eftir kindakjöti.

Í Riti LbhÍ nr. 142 er að finna ítarlegar upplýsingar um sauðfjárrækt á Íslandi. Þar kemur fram að hérlendis er hæsta þátttaka í skýrsluhaldi í sauðfjárrækt á byggðu bóli, eða 96% ásettra áa. T.d. var einungis 52% af fjárfjölda Noregs í skýrsluhaldi árið 2020. Framleitt magn kindakjöts á ásetta kind á Íslandi árið 2019 var 23,4 kg. Næst á eftir kom Noregur með 18 kg eftir ánna. Af því má draga þá ályktun að gögn um fjölda og afurðir sauðfjár á Íslandi séu þau áreiðanlegustu í veröldinni. Auk þess að hver vetrarfóðruð kind sem losar gróðurhúsalofttegundir á Íslandi skilar talsvert meira af kjöti heldur en erlendar ær í sambærilegum framleiðslukerfum. Það hlýtur að teljast góður árangur og eitthvað sem íslenskir sauðfjárbændur ættu að vera stoltir af.

Landnotkun, breytt landnotkun og skógrækt (LULUCF)

Með tilkomu Parísarsamningsins bar ríkjum að standa skil á mun víðtækari upplýsingum um landnotkun. Stór hluti landnotkunar vegna búfjárhalds fellur undir þennan flokk því um er að ræða allt land sem er nytjað. Skuldbindingar ríkja vegna LULUCF eru í dag tvenns konar. (1) Annars vegar að tryggja að nettólosun verði ekki aukin vegna landnotkunar og skógræktar miðað við tiltekin viðmið til ársins 2030. (2) Hins vegar að mæta verulega auknum kröfum til gæða gagna, upplýsingagjafar og aðferðafræði við mat á losun. Kröfurnar voru auknar til að draga úr óvissu um mat á losun og bindingu vegna LULUCF og til að tryggja að gögn séu samanburðarhæf á alþjóðavettvangi. Því er t.d. mikilvægt að öll kortlagning á beitarsvæðum sé rétt og stærð þeirra ekki of- eða vanáætluð. Auk þess að þær skilgreiningar sem notast er við til að meta hvort land er nytjaland eða ekki séu bændum kunnar.

Ef nettólosun vegna LULUCF eykst til ársins 2030 þá þarf Ísland að greiða fyrir það með losunarheimildum líkt og fyrir aðra losun sem er á beinni ábyrgð Íslands. Aftur á móti ef það verður nettóbinding er Íslandi heimilt að telja hana á móti annarri losun en þó ekki meira en sem nemur 200 kt. CO_2ÍG.

Það eru 4,4% af heildarlosun Íslands árið 2020 sem var 4.510 kt. CO_2ÍG (án LULUCF). Íslandi er jafnframt heimilt að færa sama magn bindingar úr LULUCF yfir á aðildarríki ESB og Noreg til að aðstoða þau við að standast skuldbindingar sínar, og öfugt.

Frá árinu 2005 til ársins 2021 átti sér stað nettóbinding í flokki LULUCF upp á 237 kt. CO_2ÍG. Sú tala gæti vissulega breyst með betri gögnum og aðferðafræði við mat á losun úr þessum flokki og því mikilvægt fyrir bændur, forystumenn þeirra og leiðbeiningaþjónustuna að fylgjast vel með þróun þessara mála. Ekki síst í ljósi þess að krafa um samdrátt í losun frá LULUCF verður að óbreyttu innleidd í náinni framtíð þó ekki liggi fyrir hve mikið magn af CO_2 ígildum Ísland verður skuldbundið til að binda. Þegar þessi orð eru rituð er þó ljóst að beit búfénaðar í úthaga eða önnur landnotkun bænda hefur ekki valdið því að Ísland standist ekki skuldbindingar sínar í loftslagsmálum. Því er mikilvægt að halda til haga.

Að lokum

Það er nauðsynlegt að meta kolefnislosun frá sauðfjárrækt, og landbúnaði almennt, út frá því hvernig losunarbókhaldið fyrir Ísland er fært og leggja aðrar aðferðir til hliðar. Sérstaklega þegar um er að ræða ákvarðanir um ráðstöfun opinberra fjármuna.

Þá verður ávinningurinn mælanlegur, samanburðarhæfur á alþjóðvettvangi og aðgerðum beint þangað sem líklegast er að þær skili mestum árangri m.t.t. skuldbindinga Íslands.Það er hinn alþjóðlegi mælikvarði á árangur í loftslagsmálum. Íslenskir sauðfjárbændur hafa skilað miklum afurðum á móti því sem þeir losa af gróðurhúsalofttegundum samanborið við bændur í öðrum löndum. Það er mikilvægt að áframhald verði á því og um leið að menntun og vitund stéttarinnar um loftslagsmál verði efld því það er alltaf ráðrúm til bætinga.

Sveinn Rúnar Ragnarsson,
stjórnarmaður í deild sauðfjárbænda hjá BÍ.

RML
RÁÐGJAFARMIÐSTÖÐ LANDBÚNAÐARINS

Starf ráðgjafa hjá RML

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins auglýsir eftir ráðgjafa sem gæti sinnt fjölbreyttu ráðgjafar- og þróunarstarfi á sviði umhverfis og loftslagsmála.

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Starf í ráðgjafateymi RML.
- Þróunar- og ráðgjafavinna tengd loftslags- og umhverfismálum í landbúnaði.
- Þróun og sala á fjölbreyttri ráðgjöf á landsvísu í samstarfi við annað starfsfólk RML.
- Önnur tilfallandi verkefni.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun á sviði raungreina, náttúruvísinda, tækni eða umhverfismála æskileg.
- Reynsla tengd umhverfis og loftlagsmálum.
- Þekking á verkefnastjórnun er kostur.
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.
- Geta til að vinna undir álagi.
- Góðir samskiptahæfileikar.

Við leitum að einstaklingi með brennandi áhuga landbúnaði í sínum víðasta skilningi sem hefur metnað og frumkvæði til að vinna að ráðgjafarstarfsemi RML.

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins er ráðgjafarfyrirtæki í eigu bænda sem sinnir landbúnaðarráðgjöf um allt land. Starfsemin er dreifð um landið á 12 starfsstöðvum. Við bendum áhugasömum á heimasíðu fyrirtækisins www.rml.is þar sem sótt er um starfið, en þar er einnig hægt að kynna sér starfsemina enn frekar.

Umsóknarfrestur er til og með 15. febrúar næstkomandi. Nánari upplýsingar veita Karvel L. Karvelsson klk@rml.is og Borgar Páll Bragason bpb@rml.is.

RÁÐGJAFARMIÐSTÖÐ LANDBÚNAÐARINS

Niðurstöður skýrsluhaldsársins hjá mjólkurframleiðendum 2022

Niðurstöður skýrsluhaldsársins í mjólkurframleiðslunni 2022 hafa verið reiknaðar og birtar á vef Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins, www.rml.is. Hér verður farið yfir helstu tölur úr uppgjörinu.


Guðmundur Jóhannesson.


Sigurður Kristjánsson.

Þeir framleiðendur sem skiluðu einhverjum, en þó mismiklum, upplýsingum um afurðir kúa sinna á nýliðnu ári voru 507 en á árinu 2021 voru þeir 517. Niðurstöðurnar eru þær helstar að 25.031,9 árskýr skiluðu 6.313 kg nyt að meðaltali. Það er afurðaminnkun um 23 kg/árskú frá árinu 2021 en þá skiluðu 25.382,8 árskýr meðalnyt upp á 6.336 kg. Þetta eru þó einar mestu meðalafurðir frá upphafi vega og sjöunda árið í röð sem þær ná yfir 6.000 kg eftir árskú. Umreiknaðar í orkuleiðrétta mjólk (OLM) eru meðalafurðir síðasta árs 6.527 kg/árskú eða 17 kg minni en árið áður.

Meðalbústærð reiknaðist 51,2 árskýr á árinu 2022 en sambærileg tala var 50,0 árið á undan. Meðalbústærð reiknuð í skýrslufærðum kúm var nú 67,2 kýr en 2021 reiknuðust þær 66,8. Samtals voru skýrslufærðar kýr ársins 34.051 talsins samanborið við 34.553 árið áður.

Mestar meðalafurðir á Norðurlandi eystra

Svæðaskipting fylgir að segja má kjördæmum. Á árinu voru mestar meðalafurðir á Norðurlandi eystra, 6.387 kg, og síðan kemur Suðurland með 6.361 kg.

Stærst eru búin að meðaltali á Austurlandi, 53,3 árskýr, en næststærst eru þau á Suðurlandi, 52,9 árskýr.

Meðalbúið stækkar aðeins

Meðalbúið stækkaði milli ára þrátt fyrir samdrátt í innleggi mjólkur en í takti við fækkun innleggsbúa. Meðalinnlegg á bú með innlegg allt árið nam 298.655 lítrum samanborið við 288.088 lítra á árinu 2021.

Á sama tíma fækkaði innleggsbúum mjólkur um sextán og voru kúabú í framleiðslu 496 talsins nú í árslok 2022. Í ársbyrjun fækkaði þeim enn en fjögur bú hættu framleiðslu um áramót og í upphafi árs lögðu því 492 bú á brattann. Sú þróun að búnum fækki og þau stækki er því enn í fullum gangi og ekki séð fyrir endann á henni. Viðbúið er því að mjólkurframleiðendum fækki enn á komandi vikum og mánuðum.

Mikil vanhöld á kálfum

Vanhöld kálfa eru enn með þeim hætti að illa verður við unað. Einkum er þar um að ræða gríðarmikinn fjölda dauðfæddra kálfa við fyrsta burð en fjórði hver kálfur undan 1. kálfs kvígum fæðist dauður eða 24,9%. Þó þetta hlutfall hafi lækkað aðeins milli ára er þetta ástand allt annað en eðlilegt. Þrátt fyrir rannsóknir og athuganir á orsökum þessa hefur engin ein ástæða fundist.

Fyrir dyrum stendur rannsókn í samstarfi Landbúnaðarháskóla Íslands og RML þar sem reynt verður að greina hvort um erfðaþátt geti verið að ræða. Tekin verða sýni úr dauðfæddum kálfum til arfgreininga og mun þá koma til samstarfs við bændur. Það kæmi undirrituðum mjög í opna skjöldu ef bændur yrðu ekki fúsir til samstarfs um þennan þátt en reynslan hefur sýnt að bændur bregðast ætíð vel við þegar leitað er eftir samstarfi um hina ýmsu þætti.

Aldur kvígna við fyrsta burð mjakast hægt og bítandi niður á við, er nú 27,2 mánuðir. Þetta er of hár aldur og enn og aftur bendum við á að allar rannsóknir og athuganir sýna að hagkvæmast er að kvígurnar eignist sinn fyrsta kálf í kringum 23-24 mánaða aldur. Eftir allan þann tíma sem við höfum haldið þessu á lofti er kominn tími til aðgerða. Látið kvígurnar bera 24 mánaða!

Sparinautin, þau naut sem standa í stíum bænda um allt land, á að nota sem slík. Af fæddum kálfum á árinu 2022 voru 31% undan sparinautum. Það sama á við um þetta og burðaraldurinn, við höfum margsagt að spara eigi þessi naut og sæða sem allra flestar kýr og kvígur. Ástæðuna vita allir. Nú, þegar erfðamengisúrval er orðið að veruleika, er mikilvægara en nokkru sinni að notfæra sér sæðingar og þær miklu erfðaframfarir sem þær bjóða upp á. Úrval toppnauta í kútum frjótækna hefur aldrei verið meira eða betra en nú.

Mestar meðalafurðir á Stakkhamri á Snæfellsnesi

Á árinu 2022 reyndust kýr Laufeyjar Bjarnadóttur og Þrastar Aðalbjarnarsonar á Stakkhamri á Snæfellsnesi með mesta meðalnyt eftir árskú eða 8.910 kg. Hér er höggvið nærri Íslandsmeti Brúsastaða í Vatnsdal frá árinu 2016 sem er 8.990 kg/árskú. Á Stakkhamri er legubásafjós með mjaltaþjóni sem tekinn var í notkun veturinn 2021-22. Ekki er annað að sjá en kýrnar kunni þeirri breytingu vel en afurðir á búinu jukust um 845 kg/árskú milli ára. Þetta er í annað sinn sem Stakkhamar skipar efsta sæti lista yfir afurðahæstu bú á einu almanaksári en árið 2006 varð raunin einnig sú. Þá skiluðu kýrnar þar 7.896 kg mjólkur/árskú sem á þeim tíma var Íslandsmet.

Annað í röð afurðahæstu búa landsins er bú sem skipaði fjórða sæti þessa lista á árinu 2021. Þetta er Dalbær í Hrunamannahreppi en rekstraraðili þar er Dalbær 1 ehf. Kýrnar skiluðu 8.672 kg/árskú sem er 300 kg meira en árið áður. Í Dalbæ hefur verið legubásafjós með mjaltaþjóni um árabil og er búið vel þekkt í íslenskri nautgriparækt en þaðan eru t.d. hin kunnu kynbótanaut Laski 00010, Glæðir 02001 og Gyllir 03007.

Þriðja afurðahæsta bú ársins 2022 er búið á Göngustöðum í Svarfaðardal en þar reyndust kýrnar skila 8.596 kg mjólkur/árskú. Rekstraraðili búsins er Göngustaðir ehf. Á Göngustöðum er nokkurra ára legubásafjós með mjaltaþjóni og síðan það kom til nota hafa afurðir tekið stórstígum breytingum. Milli ára jukust afurðir á búinu sem nemur 561 kg/árskú.

Í fjórða sæti varð bú þeirra Jónínu Einarsdóttur og Gísla Haukssonar á Stóru-Reykjum í Flóa. Kýrnar á Stóru-Reykjum skiluðu 8.507 kg/árskú á nýliðnu ári eða 186 kg/árskú meira en árið á undan. Á þessu fyrirmyndarbúi ársins 2022 er að finna nýlegt legubásafjós með mjaltaþjóni. Fimmta búið í röð afurðahæstu búa ársins 2022 er gamalkunnugt á þessum lista. Bú þeirra bú Guðlaugar Sigurðardóttur og Jóhannesar Eybergs Ragnarssonar á Hraunhálsi í Helgafellssveit hefur oftsinnis áður komið fyrir meðal afurðahæstu búa landsins og árið 2022 er engin undantekning þar á.

Uppgjör fyrir tímabilið	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Landið allt
Fjöldi búa alls	70	13	86	121	18	187	495
Fjöldi búa með skil	70	12	84	121	18	184	489
Fjöldi kúa alls	3.467	370	4.463	6.388	993	10.075	25.756
Meðalbústærð, kýr	49,5	30,8	53,1	52,8	55,2	54,8	52,7
Fjöldi árskúa	3.342,1	393,4	4.321,6	6.278,6	958,8	9.737,6	25.031,9
Meðalbústærð, árskýr	47,7	32,8	51,4	51,9	53,3	52,9	51,2
Fjöldi 1. kálfs kúa	1.131	137	1.637	2.207	314	3.580	9.006
Fjöldi kvígna eldri en 24 mán	581	162	694	704	129	1.933	4.203
Endurnýjunarhlutfall	32,6	37,0	36,7	34,5	31,6	35,5	35,0
Hlutfall kúa með fögrunarástæðu	100,2	84,9	99,0	100,0	100,0	99,8	99,5
Mjólkurframleiðsla síð. 12 mán.							
Meðalbústærð, innlögð mjólk	262.814	175.385	303.360	310.569	312.182	309.723	298.655
Mjólk/árskú	6.128	5.198	6.356	6.387	6.252	6.361	6.313
Fita kg	259	202	261	276	269	265	265
Fita %	4,23	3,88	4,10	4,31	4,30	4,17	4,20
Prótein kg	210	167	215	223	216	215	215
Prótein %	3,42	3,21	3,37	3,50	3,46	3,37	3,41
Kg OLM/árskú	6.363	5.096	6.480	6.738	6.565	6.534	6.527
Mjólkurnýting	93	93	95	96	97	95	95
Frumutala (reiknuð)	269	259	248	252	279	262	259
Mjólkandi kýr							
Dagsnyt/kú	16	13	16	16	16	17	16
Dagsnyt OLM/kú	17	13	16	17	17	17	17
Kjötframleiðsla síð. 12 mán.							
Kýr							
Hlutfall með sláturgögn	89,4	76,1	82,7	85,2	88,2	87,5	86,1
Flokkun	2,52	3,04	3,30	2,47	2,61	2,77	2,74
Dagar frá burði við förgun	260,2	336,8	273,4	245,6	298,8	259,7	260,9
Meðalþungi, kg	198,1	209,5	211,1	202,7	211,8	207,2	205,7
Heilsufar síð. 12 mán.							
Hlutfall með sjúkdómaskráningu	12,3	23,0	11,8	35,7	17,3	16,7	20,1
Kýr							
Fjöldi sjúkdómstilfella á árskú	0,17	0,35	0,17	0,50	0,23	0,24	0,29
Júgurmeðhöndlanir á árskú	0,05	0,09	0,08	0,11	0,05	0,08	0,08
Geldstöðumeðhöndlanir á árskú	0,01	0,05	0,01	0,02	0,04	0,02	0,02
Bráðadauði/slys á árskú	0,01	0,01	0,01	0,01	0,01	0,01	0,01
Kálfar							
Hlutf. dauðra og dauðf. við 1. burð	22,5	20,5	27,3	27,8	25,3	23,0	24,9
Hlutf. dauðra og dauðf. aðrir burðir	8,1	9,5	9,2	9,0	8,2	8,2	8,6
Hlutf. dauðra á 1-180 daga	3,3	3,4	4,0	3,7	3,4	2,2	3,1
Frjósemi síð. 12 mán.							
Dagar frá burði til 1. sæðingar	66,2	105,7	71,0	69,8	59,8	68,6	69,2
Meðalaldur við 1. burð	27,6	28,7	27,1	26,6	27,8	27,4	27,2
Hlutfall kálfa undan sæðinganautum	67,3	69,8	65,0	68,5	71,6	71,2	69,0
Ending							
Kýr							
Meðaldur við förgun, dagar	1.884,5	1.896,4	1.867,6	1.839,1	1.972,5	1.880,5	1.871,2
Meðalfjöldi burða við förgun	2,92	2,65	2,88	2,93	3,03	2,93	2,92
Meðalæviafurðir fargaðra kúa	16.911,7	14.700,7	17.459,9	17.613,8	18.973,7	17.545,1	17.461,8
Annað							
Ný bú í skýrsluhaldi síð. mánuð	0	0	0	0	0	0	0
Bú sem hættu í síð. mánuði	0	0	0	0	0	1	1

Ársuppgjör afurðaskýrslna nautgriparæktarinnar 2022. Heimild og töflur / Ráðgjafamiðstöð landbúnaðarins

Árið 2022		Árs-	Prót-		
Kýr	Faðir	afurðir	ein	Fita	Bú
1665491-2106 Fata	12090 Sjarmi	14.739	3,29	3,40	870909 Skáldabúðir 2
0797 Stella	1441011-0494 Bessi	13.651	3,19	4,04	550104 Tannstaðabakki
1112	11051 Roði	13.578	3,30	3,49	871058 Hrepphólar
0273 Snotra	08041 Sigurfari	13.569	3,23	4,49	651150 Ytri-Villingadalur
1639761-0882 Ófeig	11023 Skalli	13.485	3,52	3,58	870650 Stóra-Ármót
1601161-0555 Lúsý	09003 Gustur	13.251	3,36	3,76	770190 Flatey
614	359	13.246	3,37	4,32	761412 Núpur
1665491-2131 Bella	13011 Jörfi	13.212	3,48	3,75	870909 Skáldabúðir 2
0775 Ísey	10081 Úranus	13.204	3,25	3,96	860326 Skíðbakki
2466 Bettý	2164	13.138	3,25	3,63	860718 Lambhagi
0928 Skvísa	818	13.127	3,14	3,26	560112 Brúsastaðir
0912 Valkyrja	0803 Blámi	13.070	3,60	3,73	570930 Efri-Ás
1461571-0481 Harpa	10081 Úranus	13.035	3,09	4,13	570624 Réttarholt
2457 Hríð	15040 Gnýr	13.033	3,36	4,01	860718 Lambhagi

Afurðahæstu kýrnar árið 2022. Hér birtast kýr fyrir ofan 13.000 kg. nyt.

Uppgjörssvæði	Bú - árslok 2022	Skýrsluhaldarar	Fjöldi árskúa	Afurðir kg/árskú
Vesturland	370132 Stakkhamar 2	Laufey og Þröstur	57,4	8.910
Vestfirðir	460128 Hvammur	Ólöf og Valgeir	38,0	7.706
Norðurland vestra	570508 Daufá	Efemía og Egill, Daufá	51,2	8.264
Norðurland eystra	650228 Göngustaðir	Göngustaðir ehf.	61,6	8.596
Austurland	761412 Núpur	Björgvin Rúnar Gunnarsson	113,2	7.637
Suðurland	871077 Dalbær 1	Dalbær 1 ehf.	60,3	8.672

Afurðahæstu kúabúin eftir landshlutum. Uppgjörssvæðin eru nú sex.

Kýrnar þar mjólkuðu 8.477 kg/árskú. Hraunháls sker sig úr að því leyti að þar er að finna básafjós með rörmjaltakerfi. Sjötta afurðahæsta bú ársins 2022 var svo bú Guðrúnar Marinósdóttur og Gunnars Þórs Þórissonar á Búrfelli í Svarfaðardal en það skipaði efsta sæti þessa lista árin 2020 og 2021. Á nýliðnu ári skiluðu kýrnar á Búrfelli 8.374 kg/árskú en á búinu er nýlegt legubásafjós með mjaltaþjóni.

Þessum búum til viðbótar náðu tíu bú yfir 8.000 kg meðalafurðum eftir árskú eins og sjá má í meðfylgjandi töflu. Það er einu búi færra með yfir 8 þús. kg meðalafurðir en á árinu 2021.

Fata 2106 hjá Gunnbirni ehf. mjólkaði allra kúa mest

Nythæsta kýr landsins árið 2022 reyndist vera Fata 2106 á búi Gunnbjörns ehf. í Gunnbjarnarholti í Eystrihreppi, undan Sjarma 12090 og móðurfaðir hennar er Þrymur 02042. Fata mjólkaði 14.739 kg með 3,40% fitu og 3,29% próteini. Burðartími hennar féll nokkuð að almanaksárinu en hún bar sínum fimmta kálfi 29. janúar 2022.

Hæsta dagsnyt Fötu á nýliðnu ári var 55,6 kg og hún var enn í yfir 45 kg að áliðnu sumri eða um mánaðamót ágúst og september. Nú um áramótin var dagsnytin komin í 28 kg sem verður að teljast harla gott, 11 mánuðum eftir burð. Fata er fædd í júní 2015 og bar fyrsta kálfi 7. október 2017. Skráðar æviafurðir hennar voru 56.924 kg um síðustu áramót og á yfirstandandi mjólkurskeiði eru afurðir hinar sömu og ársafurðirnar eða 14.739 kg mjólkur.

Önnur í röðinni á nýliðnu ári var Stella 797 á Tannstaðabakka við Hrútafjörð, undan Bessa 494 og því sonardóttir Myrkva 14007. Stella mjólkaði 13.651 kg á árinu með 4,04% fitu og 3,19% próteini. Hún bar sínum öðrum kálfi 22. desember 2021. Hæsta skráða dagsnyt Stellu var 45,3 kg og um nýliðin áramót var hún enn í kringum 20 kg. nyt. Stella fæddist 14. október 2018 og átti sinn fyrsta kálf 26. nóvember 2020. Skráðar æviafurðir við lok síðasta árs voru 20.575 kg mjólkur.

Þriðja í röðinni árið 2022 var kýr númer 1112 í Hrepphólum í Hrunamannahreppi, undan Roða 11051 og móðurfaðir er Slagur 14082. Þessi kýr mjólkaði 13.578 kg á árinu með 3,49% fitu og 3,30% próteini en sínum öðrum kálfi bar hún 20. febrúar 2022. Hæsta dagsnyt hennar var 51,3 kg og hún var enn í 37,4 kg dagsnyt um síðustu áramót. Þetta er ung kýr, fædd á nýársdag 2019 og fyrri kálf sinn fram að þessu átti hún 14. febrúar 2021. Skráðar æviafurðir hennar um síðustu áramót voru 22.660 kg.

Fjórða nythæsta kýrin var Snotra 273 í Villingadal í Saurbæjarhreppi hinum forna í Eyjafirði. Snotra telst orðið til heldri kúa, fædd í nóvember 2010 og er því á sínum 13. vetri. Hún bar fyrsta kálfi 22. janúar 2013 og sinn 9. kálf eignaðist hún 22. janúar á nýliðnu ári. Nyt hennar á árinu var 13.569 kg með 4,49% fitu og 3,23% próteini. Snotra er dóttir Sigurfara 08041 og móðurfaðir er Ljúfur 05040. Hún fór hæst í 54,0 kg dagsnyt á árinu 2022 og skráðar æviafurðir hennar um áramótin voru 76.661 kg.

Fimmta afurðahæsta kýrin að þessu sinni var Ófeig 882 á Stóra-Ármóti í Flóa, dóttir Skalla 11023 en móðurfaðir hennar var Bolti 09021. Ófeig er fædd 17. október 2018 og átti sinn annan kálf þann 16. nóvember 2021. Fyrsta kálfi bar hún 5. október 2020. Ófeig mjólkaði 13.485 kg á síðasta ári og hæsta skráða dagsnyt hennar var 47 kg. Um nýliðin áramót var hún enn í 25,6 kg dagsnyt. Nú um áramótin hafði Ófeig skilað samtals 24.038 kg mjólkur.

Alls skiluðu 158 kýr afurðum yfir 11.000 kg og þar af 45 yfir 12.000 kg. Árið 2021 náðu 143 kýr nyt yfir 11.000 kg.

Tvær kýr í hóp 100 tonna kúa

Á árinu 2022 náðu tvær kýr þeim sjaldséða árangri hérlendis að mjólka 100 þús. kg mjólkur á æviskeiðinu. Sú fyrri er Gullbrá 357 á búi Þorleifs Kristins Karlssonar á Hóli á Upsaströnd. Gullbrá er fædd á Hrafnsstöðum í Svarfaðardal í apríl 2004 en var seld að Hóli sem smákálfur. Þessi kýr er dóttir Hvítings 96032 og móðurfaðir er Klinton 1513611-0921 Búandasonur 95027. Gullbrá bar fyrst í október 2006 og ellefta sinni í júní á nýliðnu ári. Um áramótin síðustu stóðu æviafurðir Gullbrár í 102.557 kg. Hún er ákaflega sterkbyggð og endingargóð kýr, hlaut á sínum tíma 85 stig í útlitsdómi.

Undir lok ársins eða á u.þ.b. þriðja í jólum mjólkaði Bleik 995 á búi Péturs Friðrikssonar á Gautsstöðum á Svalbarðsströnd sínu 100 þúsundasta kg mjólkur og hafði um áramótin náð æviafurðum upp á 100.096 kg, Bleik er fædd 14. ágúst 2009 undan Grána 1528871-0890 Hersissyni 97033 og Stássu 873 Stássadóttur 04024. Bleik hefur borið tíu sinnum, síðast í janúar 2022 og hún á tal núna í apríl n.k.

Núverandi Íslandsmet í æviafurðum á Mókolla 230, dóttir Snarfara 93018, á Kirkjulæk 2 í Fljótshlíð, 114.635 kg.

Ár breytinga

Árið 2022 hlýtur að teljast ár breytinga í íslenskri nautgriparækt. Tekið var í notkun svokallað erfðamengisúrval en með því er horfið frá afkvæmaprófunum á nautum og nautin koma til notkunar á grunni arfgerðargreininga. Þessi breyting þýðir að þau koma til fullra nota strax og þau fara að gefa sæði u.þ.b. 13-14 mánaða gömul.

Ekki þarf að fjölyrða um hvílík bylting þetta er og hvað erfðaframfarir munu aukast stórkostlega, einkum með styttra ættliðabili. Áfram er og verður þó skýrsluhaldið kjölfestan sem allt ræktunarstarf byggir á.

Með erfðamengisúrvali er reyndin sú að gott og vel fært skýrsluhald er mikilvægara en nokkru sinni áður en tenging arfgerðanna við raunveruleg gögn er það sem skapar matið eða spána um hið raunverulega kynbótagildi gripanna. Þarna liggja því tækifæri til þess að gera enn betur, bæta reksturinn og hagræða svo um munar. Gott skýrsluhald er grunnur að góðri bústjórn og einn mælikvarði á gæði skýrslnanna er t.d. mjólkurnýting.

Með því er átt við það hlutfall af framleiddri mjólk samkvæmt skýrslum sem skilar sér sem innvegin mjólk. Því miður er í mörgum tilfellum of mikill munur þarna á og alveg ljóst að allmörg bú geta bætt sitt skýrsluhald og/eða rekstur með því að minnka þennan mun. Þetta á við um bæði þau bú sem skipa efstu sæti afurðalistanna og þau sem neðar eru. Munum að gott skýrsluhald er gulli betra!

Mjólkurframleiðendum öllum, en ekki síst ábúendum á Stakkhamri á Snæfellsnesi, Gunnbjarnarholti í Eystrihreppi, Hóli á Upsaströnd og Gautsstöðum á Svalbarðsströnd óskum við til hamingju með glæsilegan árangur og þökkum gott samstarf á nýliðnu ári.

Guðrmundur Jóhannsson og Sigurður Kristjánsson,
starfsmenn RML.

Bú	Skýrsluhaldarar	Fjöldi árskúa	Afurðir kg/árskú
370132 Stakkhamar 2	Laufey og Þröstur	57,4	8.910
871077 Dalbær 1	Dalbær 1 ehf.	60,3	8.672
650228 Göngustaðir	Göngustaðir ehf.	61,6	8.596
870624 Stóru-Reykir	Gísli og Jónína	53,9	8.507
370179 Hraunháls	Guðlaug og Eyberg	26,0	8.477
650221 Búrfell	Guðrún og Gunnar	43,7	8.374
570508 Daufá	Efemía og Egill, Daufá	51,2	8.264
861037 Syðri-Hamrar 3	Guðjón og Helga	41,1	8.250
871024 Skipholt 3	Sæludalur ehf.	54,7	8.245
860292 Stóra-Mörk 1	Merkurbúið sf	39,9	8.146
871114 Drumboddsstaðir 1	Jórunn og Jón	62,2	8.105
550104 Tannstaðabakki	Guðrún og Óskar	49,9	8.075
871022 Kotlaugar	Kotlaugar ehf.	61,3	8.044
770190 Flatey	Birgir Freyr og Vilborg Rún	182,7	8.016
370103 Snorrastaðir 2	Snorrastaðabúið slf.	47,6	8.007
650720 Stóri-Dunhagi	Stóri-Dunhagi ehf	36,5	8.005

Afurðahæstu mjólkurbúin árið 2022. Búin sem náðu 8.000 kg eftir árskú eru sextán en voru sautján árið 2021.







www.bbl.is

RÁÐGJAFARMIÐSTÖÐ LANDBÚNAÐARINS

Niðurstöður skýrsluhaldsársins í nautakjötsframleiðslunni 2022

Niðurstöður skýrsluhaldsársins í nautakjötsframleiðslunni 2022 hafa verið reiknaðar og birtar á vef Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins, www.rml.is. Hér verður farið yfir helstu tölur úr uppgjörinu.


Guðmundur Jóhannesson.


Sigurður Kristjánsson.

Undir árslok 2018 var byrjað að birta uppgjör fyrir nautakjötsframleiðsluna og nær það uppgjör til þeirra búa þar sem haldnar eru holdakýr. Enn er þetta yfirlit þó þeim annmörkum háð að niðurstöður ná ekki yfir þær holdakýr sem eru á búum þar sem um er að ræða mjólkurframleiðslu. Þetta hefur sína kosti og galla. Kosturinn er sá að uppgjörið tekur til sérhæfðra búa með holdakýr en gallinn er á hinn bóginn sá að ekki eru allar holdakýr með í uppgjörinu.

Skýrsluhald nautakjötsframleiðslunnar árið 2022 nær til 126 búa og þar af er að finna holdakýr af erlendu kyni á 96. Búunum fjölgar um fjögur milli ára en búum þar sem er að finna holdakýr ef erlendu kyni fjölgar um fimm. Kýr á þessum búum voru við uppgjör ársins 3.352 talsins, sem er fjölgun um 191 kú frá árinu áður. Meðalfjöldi kúa á búi var 26,6 samanborið við 25,9 árið áður og reiknast þessar kýr yfir í 25,9 árskýr á bú en þær voru 23,7 árið 2021. Alls var um að ræða 2.910 burði á þessum búum á árinu 2022 sem jafngildir 0,87 burðum/kú. Þetta er fjölgun um 341 burð og samdráttur um 0,06 burði á kú milli ára.

Kjötframleiðsla og flokkun ársins 2022

Heildarframleiðsla ársins á þessum 126 búum nam um 885 tonnum sem er aukning um 201 tonn milli ára. Þetta þýðir að þessi bú framleiða nálægt 18% alls nautgripakjöts á landinu. Meðalframleiðsla á bú var 7.023 kg en heildarfjöldi slátraðra gripa var 3.557. Sambærilegar tölur frá fyrra ári eru 5.607 kg og 2.639 gripir. Meðalfallþungi kúa frá þessum búum var 214,0 kg, en hann reyndist 216,5 kg árið áður og meðalþungi ungneyta var 257,8 kg en þau vógu til jafnaðar 267,6 kg 2021. Til jafnaðar var ungneytunum fargað 727,8 daga gömlum eða 11,3 dögum yngri að meðaltali en á árinu 2021. Þetta jafngildir vexti upp á 335,6 g/dag, sé reiknað út frá fallþunga, en sambærileg tala frá fyrra ári var 347,6 g/dag. Til samanburðar var slátrað 10.166 (9.556) ungneytum á landinu öllu sem vógu 251,5 (255,6) kg að meðaltali við 747,7 (750,6) daga aldur. Tölur innan sviga eru frá 2021. Þessi sérhæfðu bú sem yfirlitið nær til ná því gripunum heldur þyngri við lægri aldur að jafnaði eins og verið hefur undanfarin ár. Heilt yfir eru ungneyti léttari en árið áður enda alin heldur færri daga.

Ef litið er á flokkun gripanna var meðalflokkun ungneyta á þessum búum 5,5 (5,6) á meðan meðalflokkun ungneyta yfir landið er 4,7 (4,6). Flokkun er því mun betri til jafnaðar á sérhæfðu búunum, rétt eins og árið áður. Rétt er að hafa í huga að meðalflokkun er reiknuð þannig að flokkunum er gefið tölugildi þar sem P = 2, O = 5, R = 8, U =11 og E = 14. Meðalgripurinn á búunum í yfirlitinu er því nálægt því að flokkast í O.

Frjósemi

Á árinu 2022 fæddust 2.910 kálfar á sérhæfðu kjötframleiðslubúunum og reiknast meðalbil milli burða 465 (452) dagar. Bil milli burða er því nálægt 15,5 mánuðum sem er töluvert lengra en svo að meðalkýrin nái einum burði á ári. Framleiðsla nautakjöts með holdakúm verður tæpast arðbær hérlendis nema að þessi þáttur taki breytingum til batnaðar. Við þetta bætist að hlutfall dauðfæddra kálfa við 1. burð er 16,7% (16,2%), 5,5% (5,0%) við aðra burði og vanhöld frá 0-6 mánaða 3,4% (3,0%) þannig að fjöldi kálfa til nytja verður töluvert langt innan við kálf á kú á ári. Tölur í svigum hér eru frá fyrra ári.

Sæðingum á þessum búum fækkar aðeins frá fyrra ári og eru þær undantekning en ekki regla. Þannig voru sæddar 512 kýr á árinu 2022 samanborið við 551 kú árið áður. Hlutfall sæddra kúa lækkar því í 15,3% úr 17,4%. Af þessum 512 sæddu kúm voru 292 af erlendu kyni. Til jafnaðar voru kýrnar sæddar 1,3 (1,4) sinnum og að meðaltali liðu 104,3 (121,0) dagar frá burði til 1. sæðingar.

Þær kýr sem eru sæddar þetta löngu eftir burð munu ekki bera með 12 mánaða millibili en þó hafa mál færst til betri vegar hvað þetta snertir. Tilkoma Angus-sæðis frá Naut- griparæktarmiðstöð Íslands jók notkun sæðinga milli 2020 og 2021 en nú virðist ákveðnum toppi náð. Spurningin er hvort notkun sona Angus-sæðinganautanna og þeirra sjálfra heima á búunum hefur ekki orðið umtalsverð áhrif.

Hlutfall fæddra kálfa undan sæðinganautum nær ekki nema 18,7% en hefur þó hækkað umtalsvert milli ára en á árinu 2021 var hlutfall þeirra 15,3%.

Það er þó ljóst að erfðaefnið úr Angus nær meiri dreifingu en þessar tölur segja til um enda hlýtur greinin að horfa til meiri vaxtarhraða, betri flokkunar auk betri móðureiginleika. Við val nauta fyrir fósturvísaflutningana frá Noregi hefur verið horft sérstaklega til þessara þátta enda hafa þeir hvað mest áhrif á afkomu greinarinnar.

Ef framleiðsla nautakjöts með holdakúm á að verða arðbær hérlendis verður að gera verulegt átak varðandi frjósemi og notkun sæðinga. Bil milli burða er alltof langt en grundvallarforsenda þess

Uppgjör fyrir síð. 12 mán.	Vesturland og Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra og Austurland	Suðurland	Landið allt
Fjöldatölur					
Fjöldi búa með kýr til kjötframleiðslu	25	36	20	45	126
Fjöldi búa með holdakýr af erl. kyni	19	28	18	31	96
Fjöldi kúa	733	895	397	1.327	3.352
Meðalfjöldi kúa á bú	29,3	24,9	19,9	29,5	26,6
Árskýr á bú	31,1	24,3	18,7	27,3	25,9
Fjöldi burða	552	782	325	1.251	2.910
Meðalfjöldi burða á bú	22,1	21,7	16,3	27,8	23,1
Fjöldi 1. kálfs kúa	175	275	130	368	948
Fjöldi kvígna eldri en 24 mán	244	147	59	291	741
Endurnýjunarhlutfall	23,9	30,7	32,7	27,7	28,3
Hlutfall kúa með förgunarástæðu	98,5	100,0	98,1	97,4	98,3
Kjötframleiðsla síð. 12 mán.					
Fjöldi slátraðra gripa	890	884	555	1.228	3.557
Hlutfall með sláturgögn	98,3	93,6	94,2	91,8	94,2
Meðalframleiðsla á bú	8.341,3	6.707,9	6.751,5	6.663,0	7.022,9
Meðalþungi					
Kýr	208,1	225,2	213,0	210,9	214,0
Ungneyti	239,6	284,8	250,0	255,3	257,8
Meðalflokkun					
Kýr	4,1	4,4	3,1	3,6	3,8
Ungneyti	5,0	6,4	4,8	5,7	5,5
Meðalaldur við slátrun					
Kýr	1.745,1	2.557,4	2.798,5	2.096,7	2.229,1
Ungneyti	726,1	751,7	732,7	708,2	727,8
Vaxtarhraði, g/dag	309,4	364,2	321,7	341,3	335,6
Öll bú Ungneyti 12 - 30 mán.					
Fjöldi	1.716	1.809	2.843	3.798	10.166
Meðalflokkun	4,3	5,4	4,3	4,8	4,7
Meðalþungi	232,8	270,2	254,4	248,9	251,5
Meðalaldur	746,7	762,2	741,4	745,9	747,7
Heilsufar síð. 12 mán.					
Hlutfall með sjúkdómaskráningu	28,3	1,0	10,8	6,6	10,1
Kýr					
Fjöldi sjúkdómstilfella á árskú	0,1	0,0	0,0	0,0	0,0
Bráðadauði/slys, hlutfall	0,5	0,2	0,5	1,9	1,0
Kálfar					
Hlutf. dauðra og dauðf. við 1. burð	9,9	21,4	12,2	17,7	16,7
Hlutf. dauðra og dauðf. aðrir burðir	3,1	4,4	7,3	6,9	5,5
Hlutf. dauðra á 1-180 daga	2,9	3,3	6,5	2,8	3,4
Frjósemi síð. 12 mán.					
Fjöldi fæddra kálfa	552	782	325	1.251	2.910
Bil milli burða	452	433	448	498	465
Aldur við 1. burð	32,5	26,8	29,6	29,8	29,6
Fjöldi sæðinga	73	174	101	333	681
Fjöldi sæddra kúa	48	141	80	243	512
Fjöldi sæddra holdakúa	16	67	57	152	292
Sæðingar á kú	1,5	1,2	1,3	1,4	1,3
Dagar frá burði til 1. sæðingar	109,6	97,7	131,9	97,2	104,3
Hlutfall kálfa undan sæðinganautum	8,9	19,9	20,3	21,7	18,7

Tafla 1: Ársuppgjör nautakjötsframleiðslunnar 2022, Heimild og töflur / Ráðgjafamiðstöð landbúnaðarins



Þyngsta ungneytið sem slátrað var á árinu var naut nr. 1204 í Nýjabæ undir Eyjafjöllum. Þessi gripur var holdablendingur, 63% Angus, 33% íslenskur og 4% Limousine, undan Vísi-ET 18400 sem hér sést ásamt Jóni Erni Ólafssyni, bónda í Nýjabæ, í hópi kúa. Mynd / ghp

Tafla 2. **Þyngstu ungneyti á árinu 2022 (yfir 470 kg fall)**

Gripur	Bú	Faðir	Stofn	Aldur, mán.	Þungi, kg	Flokkun
1204 (naut)	Nýibær	Vísir-ET 18400	AA x IS x Li	22,0	502,2	UN U+3-
1180 (naut)	Hofsstaðasel	Vísir-ET 18400	AA x IS x Li	27,5	501,1	UN U2+
1166 (naut)	Hofsstaðasel	Draumur-ET 18402	AA x IS x Li	25,2	497,4	UN U3-
0474 (naut)	Stóra-Fjarðarhorn	Lindi 95452	Li x AA x IS	24,2	492,7	UN U3
1338 (naut)	Breiðaból	Arður 95402	AA x IS	29,2	491,2	UN U3
1143 (naut)	Nýibær	Draumur-ET 18402	AA x IS x Li	23,6	482,9	UN U3+
1344 (naut)	Breiðaból	Arður 95402	AA x IS	28,4	481,5	UN U3-
0319 (naut)	Saurbær	Draumur-ET 18402	AA x IS	30,0	481,1	UN U2
0012 (naut)	Mýrar	Álfur 95401	AA x IS	30,0	479,9	UN U3-
0636 (naut)	Minni-Akrar	Rúgur 84666	Ga x AA x Li	27,2	477,4	UN U3
1200 (naut)	Hofsstaðasel	Draumur-ET 18402	AA x Ga x Li	27,2	470,1	UN U3-

Tafla 3. **Ungneyti með mestan daglegan vöxt á árinu 2022 (tíu efstu)**

Gripur	Bú	Faðir	Stofn	Aldur, mán.	Þungi, kg	Flokkun	Vöxtur, g fall/dag
1204 (naut)	Nýibær	Vísir-ET 18400	AA x IS x Li	22,0	502,2	UN U+3-	729,5
0938 (naut)	Svertings-staðir 2	Draumur-ET 18402	AA x Li x IS	20,2	453,4	UN U3-	708,2
0065 (naut)	Reykir	Draumur-ET 18402	AA x IS	19,1	405,4	UN U2+	673,8
1143 (naut)	Nýibær	Draumur-ET 18402	AA x IS x Li	23,6	482,9	UN U3+	654,7
0474 (naut)	Stóra-Fjarðarhorn	Lindi 95452	Li x AA x IS	24,2	492,7	UN U3	652,0
1166 (naut)	Hofsstaða-sel	Draumur-ET 18402	AA x IS x Li	25,2	497,4	UN U3-	630,6
0689 (naut)	Lækjartún	1653062-0654 (IS x Li x Ga x AA)	Ga x Li x AA x IS	16,9	335,1	UN U2+	622,7
1350 (naut)	Hvammur	Draumur-ET 18402	AA x IS	20,4	399,8	UN U3+	620,6
1126 (naut)	Nýibær	Angi 95400	AA x IS	23,9	464,8	UN U3+	620,4
1321 (naut)	Hvammur	Draumur-ET 18402	AA x IS	21,5	418,1	UN U3+	618,2



að þessi grein geti náð meiri arðsemi hlýtur að vera sú að hver kýr skili sem næst einum lifandi kálfi á hverju ári.

Þá eru ónýttir möguleikar til þess að auka vaxtarhraða og kjötgæði með meiri og markvissari notkun sæðinga og tækifæri til að gera betur en nú er. Þá eiga menn að varast mjög að nota hvert og eitt naut í mjög langan tíma á hverju búi. Tvö til þrjú ár hlýtur að teljast hámarksnotkunartími hvers nauts á hverju og einu búi.

Mestur þungi og vöxtur

Þyngsta ungneytið sem slátrað var á árinu var naut nr. 1204 í Nýjabæ undir Eyjafjöllum. Þessi gripur var holdablendingur, 63% Angus, 33% íslenskur og 4% Limousine, undan Vísi-ET 18400 og vó 502,2 kg er honum var slátrað við 22 mánaða aldur. Hann flokkaðist í UN U+3-. Í töflu 2 má sjá þau ungneyti sem náðu yfir 470 kg fallþunga á árinu 2022 en þau voru ellefu talsins og frá sjö búum. Í þessu sambandi er rétt að minna á að ungneyti eru gripir sem fargað er við 12-30 mánaða aldur.

Allir þessir gripir hafa náð sérlega miklum vexti og þar með þunga og athygli vekur að þarna skila bæði Vísir-ET 18400 og Draumur-ET 18402 ákaflega góðu.

Guðrmundur Jóhannsson og Sigurður Kristjánsson,
starfsmenn RML.

Hörgársveit

Dalvíkurlína 2, Hörgársveit , reiðleiðir og göngu- og hjólaleiðir, auglýsing aðalskipulagstillögu

Sveitarstjórn Hörgársveitar samþykkti á fundi sínum þann 15. desember 2022 að vísa aðalskipulagstillögu fyrir strengleið Dalvíkurlínu 2 í auglýsingu skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Í aðalskipulagstillögunni felst að strengleið Dalíkurlínu 2 innan marka Hörgársveitar ásamt helgunarsvæði hennar eru færðar inn á aðalskipulag Hörgársveitar og jafnframt eru reiðleiðir og göngu – og hjólaleiðir uppfærðar. Skipulagstillagan tekur til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021

Skipulagstillagan og umhverfismatsskýrsla Dalvíkurlína 2 – 66 kv jarðstrengur á milli Akureyrar og Dalvíkur eru aðgengilegar á sveitarskrifstofu Hörgársveitar, Þelamerkurskóla 604 Akureyri, milli 26. janúar 2023 og 6. mars 2023 sem og á heimasíðu sveitarfélagsins, horgarsveit.is. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á gera athugsemdir við skipulagstillögurnar til mánudagsins 6. mars 2023. Athugasemdir skulu vera skriflegar og skulu berast til Skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðar, Skólatröð 9, Hrafnagilshverfi, 605 Akureyri, eða í tölvupósti á netfangið sbe@sbe.is.

Skipulagsfulltrúi

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN
Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001
Áhugaverðar jarðir
JARDIR.IS
fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is

Þorrablót og skemmtanir um allt land

Davíð og Stefán eru syngjandi veislustjórar
stefanhelgi@gmail.com eða s. 896-9410.


NÝ VERSLUN VAGNHÖFÐA 7
Opnum 1. febrúar
VINNUPALLAR EHF
Vagnhöfða 7, 110 Reykjavík - s. 787 9933
vpallar@vpallar.is - www.vpallar is

EYJALIND
GRAMMER
Sæti og varahlutir í
- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta

Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Á slóðum Hróa hattar:

Bændaheimsóknir í Englandi nóvember 2022 – seinni hluti

Í nóvember síðastliðnum sóttu sex ráðunautar RML sauðfjárræktarráðstefnu í Bretlandi. Ráðstefnan nefnist Sheep breeders round table, eða hringborð sauðfjárræktenda, og koma þar saman ráðunautar, dýralæknar, vísindafólk og sauðfjárbændur og fara yfir þau mál sem eru efst á baugi hverju sinni.


Guðfinna Harpa Árnadóttir.

Í tengslum við þá ráðstefnu, sem sagt verður frá síðar, gafst tækifæri til að heimsækja bændur um miðbik Bretlands, nálægt Skírisskógi, sem er Íslendingum kunnur sem heimkynni Hróa hattar og einnig höfuðstöðvar British wool í Bradford. Í síðasta tölublaði var sagt frá þremur heimsóknanna, til British wool og tveggja sauðfjárbænda, en hér verður sagt frá heimsóknum til bænda með nautgripi.

Kúabúið Gleadthorpe

Við heimsóttum stórt kúabú með um 750 Holstein kýr í nágrenni Mansfield, um 100 km sunnan við Bradford. Búið er rekið af fjölskyldu, daglegur rekstur er fyrst og fremst hjá bræðrunum David og Will og systur þeirra Mörthu, en auk þeirra koma faðir þeirra og föðurbróðir að fjármögnun, uppbyggingu og daglegum verkum. Auk þess eru á búinu tveir til fjórir starfsmenn sem mest eru í mjöltum og þrifum. Búið og öll aðstaða hefur verið byggð upp ný frá árinu 2008 þegar eldri bræðurnir keyptu jörðina en þar var áður tilraunabú fyrir breskan landbúnað. Kýrnar á búinu eru fóðraðar á heilfóðri í fjórum um 190 kúa hópum þar sem skipt er í hópa eftir stöðu á mjaltaskeiði og nyt. Hver hópur er fóðraður á viðeigandi heilfóðurblöndu og fá kýrnar kjarnfóður til viðbótar í mjöltum. Mjaltir fara fram í mjaltahringekju með 36 plássum og er mjólkað þrisvar á dag. Tveir starfsmenn sjá um mjaltirnar í hvert sinn en hringekjan býður þó upp á þann möguleika að aðeins einn sé við mjaltir. Búið er með beinan samning um mjólkursölu við stóra verslunarkeðju, Sainsbury's, og samkvæmt þeim samningi er borgað fyrir magn en ekki sérstaklega fyrir efnainnihald öfugt við það sem t.d. Arla gerir, en það er stærsta afurðastöð fyrir mjólk í Bretlandi.

Á búinu er mikil áhersla lögð á einsleitni fóðurs, samloðun og fóðurgæði til hámarksafurða. Heilfóðrið var að mestu samsett úr heimaræktuðu fóðri, maísheilsæði, súrheyi og lítils háttar refasmára fyrir ódýrt viðbótarprótein. Kúnum er ekki beitt vegna jarðvegsgerðar og veðurfars á svæðinu en búið er staðsett á svæði þar sem jarðvegur er sandkenndur og lítil rigning. Helstu áskoranir á búinu eru tengdar frjósemi og heilbrigði, s.s. júgurbólgu og helti, og hafa bændur leitað leiða til að takast á við þessar áskoranir. Allar kýr eru með tvenns konar hreyfiskynjara, annan á ökkla og hinn í eyra, til að meta aukna hreyfingu sem bendir til beiðsla eða minnkaða hreyfingu sem bendir til veikinda eða helti. Hreyfiskynjarar í eyra meta auk þess jórturtíma með því að skynja mismunandi mynstur í hreyfingum á eyrunum. Auk þessa eru kýrnar með svokallaðan skafmiða á mölum sem byrja gráir en ef aðrar kýr riðlast á kúnni nuddast gráa húðin ofan af og appelsínugult merki merkir þær kýr sem standa undir. Þessar lausnir þekkja bændur hér á landi. Einnig höfðu þau gripið til margra lausna til að berjast við júgurbólgu, m.a. að halda kúm sér í litlum stíum í lok geldstöðu í stað þess að hafa þær í hópi svo og nákvæmar sótthreinsiaðferðir og við upphaf og lok mjaltaskeiðs.


Mjaltir í hringekju fyrir 36 kýr.


Kýr á Gleadthorpe búinu.


Ungkálfaaðstaða, Martha skammtar hverjum kálfi mjólk.

Þessar aðferðir hafa skilað árangri en eitthvað er þó enn um fyrirbyggjandi sýklalyfjagjöf á geldstöðu fyrir þær kýr sem eru í vandamálum á mjaltaskeiði. Húsakostur er nokkuð ólíkur því sem við eigum að venjast hér heima þar sem um var að ræða steypt plön undir einföldu þaki en bara smákálfarnir fengu fjóra veggi í kringum sig. Skýli sem þetta var fyrir hvern fóðrunarhóp, legubásaraðir í miðju skýli en fóður gefið úr heilfóðurblandara á fóðurganga utan með hverjum hóp. Mykja er hreinsuð undan kúnum á meðan þær eru í mjöltum. Þurrefnið úr mykjunni er skilið frá í nokkurs konar skilvindu og er það að stærstum hluta selt til gasgerðar en hinu er dælt í lón og notað til áburðar.

Ungkálfar á Gleadthorpe voru yfirleitt 2-3 saman í stíum úr plastplötum sem er smellt saman á hornunum. Hálmur er undir þeim og einnig ofan á grindum yfir stíunum hjá minnstu kálfunum. Í hverri stíu er mjólkurfata sem skammtað er í fjórum sinnum á dag og að auki vatn og frjálst aðgengi að kjarnfóðri. Ungkálfarnir voru gæfir, glansandi og fallegir og mjög þrifalegt í kringum þá. Sérstaklega er gætt að sóttvörnum inn í ungkálfafjósið, t.d. með því að sótthreinsa skó í hvert sinn sem farið er þangað inn.

Kýrnar á Gleadthorpe eru nythár og unnið að fagmennsku að því með fóðrun, sem og að því að bæta frjósemi og þá heilbrigðisþætti sem hafa verið áskorun. Að tryggja velferð kúa á búi af þessari stærð í þessu framleiðslukerfi er svo önnur áskorun.

Holdanautaeldi

Síðast en alls ekki síst heimsóttum við Tim Phipps sem býr með holdanaut af Stabiliser kyni. Stabiliser kynið er samsett kyn, upphaflega frá Bandaríkjunum, sem búið var til með því að rækta saman bestu gripina af nokkrum mismunandi holdakynjum. Bestu gripir hvers kyns eru valdir út frá kynbótamati og svo er kynjum blandað þar til kemur fram Stabiliser kynið, sjálfstætt samsett kyn þar sem bestu eiginleikar upphaflegu kynjanna eru orðnir stöðugir í framræktun. Helstu eiginleikar kynsins eru góð skapgerð, skjótur þroski, hraður vöxtur, mikil kjötgæði, góð fóðurnýting og góðir mæðraeiginleikar svo eitthvað sé nefnt. Góðri fóðurnýtingu hefur meðal annars verið náð fram með að rækta frekar smáar kýr án þess að það komi niður á vaxtarhraða afkvæmanna. Tim hafði minnkað kýrnar úr 700 kg fullorðinsþunga niður í 600 kg og haldið flokkun, fallþunga og aldri nautkálfa við fullan þroska óbreyttum.

Hjörðin telur um 200 holdakýr. Búrekstrarkerfið er blanda af eldi á heilfóðri undir þaki og beit á fjölærum túnum, túnin eru um 120 ha. Gripirnir eru úti á beit eins og landstærð og veðurfar leyfir en þurrkatímar og rigningartímar henta ekki til útibeitar á þessu svæði vegna jarðvegsgerðarinnar. Eldi kálfanna fer fram inni eða í óyfirbyggðum hálmstíum eftir að þeir eru teknir undan. Gefið er í fóðurtrog með útvegg í lokaeldinu. Þegar búið er að gefa er hálmi blásið í stíurnar aftan við gripina af miðgangi. Hann er líka notaður þegar þarf að vinna með gripina svo og flokkunargangur með meðhöndlunarbás sem settur var upp við byggingu aðalhússins. Fyrsti hluti eldisins fer fram í eldri byggingu og þar er fóðrað á hefðbundinn miðgang og hálmi blásið inn yfir gripina. Byggingar eru óeinangraðar og útveggir stundum ekki til staðar svo byggingarkostnaður er ólíkur því sem hér gerist. Gefið er úr heilfóðurblandara og lögð áhersla á einsleitt kraftmikið fóður. Tim elur sína nautkálfa í sláturstærð á um 12 mánuðum með 350 kg fallþunga í E-U-R flokka. Kjötið er selt beinum samningi í Morrison-verslunarkeðjuna. Í samstarfinu við Morrison felast hvatar til kolefnishlutleysis og náttúruverndar. Allar kvígur eru aldar á búinu til 14 mánaða aldurs og þá heldur hann þeim bestu eftir en selur hinar til framræktunar. Það var mjög áberandi hvað gripirnir á búinu voru gæfir og greinilega gagnkvæm virðing í umgengni gripa og bændanna. Gripir á útibeit svöruðu kalli bóndans og gripir á öllum eldisstigum nálguðust okkur óhræddir.


Stabiliser beef kýr í inniaðstöðunni.

Bændur taka þátt í mörgum umhverfisverkefnum sem styrkt eru með grænum greiðslum s.s. viðhald gamals þjóðgarðs sem að hluta er á jörðinni, skógrækt, vernd og endurheimt villiblómaengja og fuglaverndarverkefnum. Til að ná árangri þarf að taka áhættur og prófa nýja hluti, sagði Tim sem hefur keypt þessa jörð í samstarfi við föður sinn, flutt sig til af annarri bújörð og skipt um búfjárkyn og er nú að hella sér í umhverfisvænan landbúnað. Er það ekki bara tilvalið?

Ekki hefði verið hægt að ná jafn góðum, lærdómsríkum og skemmtilegum heimsóknum án þess að hafa góða leiðsögn og þar nutum við kynna Eyjólfs Ingva við Bob Blanden, landbúnaðarverktaka og stjórnarmann í British wool. Hann hefur starfað í þjónustu við landbúnaðinn alla starfsævina, lengst í fósturtalningum en líka rúningi og ómmælingum og hans staðkunnátta, tengslanet og innsýn hjálpaði okkur mjög, auk þess sem hann var skemmtilegur ferðafélagi og vel að sér um málefni landbúnaðarins.

Ef bændur hafa áhuga á að fræðast frekar um þær heimsóknir sem hér hefur verið fjallað um er velkomið að vera í sambandi við eitthvert okkar og finna tíma til þess.

Guðfinna Harpa Árnadóttir,
ráðanautur hjá RML.

Aðrir ferðafélagar voru Ívar Ragnarsson, Kristján Óttar Eymundsson, María Svanþrúður Jónsdóttir, Eyjólfur Ingvi Bjarnason og Sigríður Ólafsdóttir.



Tim Phipps fer yfir búreksturinn á býli sínu. Ungar kvígur með kálfa í bakgrunni.



Ungir holdakálfar á eldistímanum.







VÉLABÁSINN

Gerir allt með sóma

– Prufuakstur á Kia Niro EV



Kia Niro EV er einn besti rafmagnsbíllinn á íslenskum markaði. Mikil akstursdrægni, fallegt útlit og praktísk stærð gerir þetta að vænlegum kosti á markaði þar sem samkeppnin er mikil. Myndir / ÁL



Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is

Að þessu sinni tók Bændablaðið til prufu hinn nýja Kia Niro EV. Forveri þessa bíls var einn af fyrstu almennilegu rafmagnsbílunum sem komu á markaðinn og hefur því notið nokkurra vinsælda, þrátt fyrir að vera ekki fríður sýnum.

Nú hafa hönnuðir Kia vandað sig sérstaklega vel og er hinn nýi Niro ekki bara praktískur og með góða drægni, heldur gullfallegur. Ólíkt því sem var fyrir nokkrum árum, þá er samkeppnin á þessum markaði orðin mjög mikil og þarf Niro að keppa við afbragðsgóða rafmagnsjepplinga eins og Nissan Ariya, Skoda Enyaq, Toyota bZ4X og ótal fleiri.

Ef á að grípa til einhverra lýsingarorða, þá er hægt að segja að þessi bíll sé mjög látlaus á að líta. Þeir sem ekki vita betur myndu líklegast ekki einu sinni taka eftir þessum bíl úti á götu. Það er vel hægt að telja það til kosts, því ekki vilja allir láta mikið bera á sér. Þeir sem vilja krydda útlitið aðeins geta pantað bílinn með öðrum lit á aftasta gluggapóstinum.

Niro fæst bæði bensín og rafmagns

Bifreiðin í þessum prufuakstri var 100% rafmagnsbíll, en Niro bílar eru líka framleiddir með bensínvél – ýmist tvinn- eða tengiltvinn. Líklegast gefur það framleiðandanum möguleika á að nýta verksmiðjuplássið betur og bjóða betra verð. Ókosturinn er hins vegar sá að gólfið í bílnum er ekki alveg flatt, eins og í bílum sem hannaðir eru frá grunni sem rafmagnsbílar og ekkert annað. Sérstakan gólfhalla má m.a. finna í fótarými við framsætin og í skottinu. Fyrrnefnda atriðið getur flækst fyrir ökumönnum í stórum skóm, á meðan það síðarnefnda má leysa með þili sem hækkar skottgólfið.

Innrarýmið er að miklu leyti í stíl við þemað að utan – smekklegt og tilgerðarlaust. Hér er ekkert sem kemur á óvart, heldur er allt sem hægt er að vænta af nýjum bíl til staðar og auðfundið. Í mörgum bílum hefur tökkum verið fórnað í þágu naumhyggju, og öllu stjórnað í gegnum snertiskjá – sem krefst oft fullmikillar fyrirhafnar. Í Kia Niro EV er helstu tækjum stjórnað með klassískum hnöppum, eins og miðstöð, útvarpi, sætis- og stýrishitara og hefur náðst gott jafnvægi milli notkunar takka og snertiskjás. Allt virðist vera vel skrúfað saman og úr góðum efnum. Þegar kemur að því að nota margmiðlunarskjáinn, þá virkar hann almennt vel. Boðið er upp á Android Auto og Apple CarPlay. Þeir sem vilja nýta sér þá möguleika þurfa að muna eftir snúru í símann – því tengingin er ekki þráðlaus.

Þessi bíll var útbúinn með rafmagni í sætum, sem eru nokkuð þægileg og var áklæðið úr mjúku leðri. Þar sem Kia Niro er jepplingur, þá mun mörgum finnast aðgengið í bílinn auðveldara en almennt í fólksbílum, þar sem sætin eru nokkuð hátt frá götunni. Framsætin eru rúmgóð og munu hávaxnir ökumenn komast vel fyrir. Aftursætin eru með mjög gott fótapláss, en höfuðrýmið þar lægra en æskilegt er fyrir fullorðna.



Samkvæmt framleiðanda á akstursdrægnin að vera 460 km á einni hleðslu. Þó þeim tölum beri að taka með fyrirvara ættu flestir ökumenn að vera lausir við drægnikvíða í almennum akstri.



Ekki eru allar skipanir í snertiskjánum og því fljótlegt að hækka í útvarpinu og kveikja á sætishitaranum. Mikið fóta- og höfuðpláss gerir flestum ökumönnum kleift að koma sér vel fyrir. Einkennilegur halli á gólfinu gerir notkun fótstiga í stórum skóm klunnalega.



Aftursætin eru rúmgóð. Höfuðplássið mætti vera meira.



Skottið er 475 lítrar að stærð.

Ljúfur í akstri

Akstursupplifunin er heilt yfir mjög fyrirsjáanleg og er erfitt að benda á vankanta. Bíllinn er hljóðlátur og þegar kveikt er á akstursaðstoð, eins og sjálfvirkum hraðastilli og akreinaaðstoð, er álagið á ökumanninn í algjöru lágmarki. Aflið er gott – hann er fljótur að komast upp í þjóðvegahraða, en hröðunin er ekki þannig að maður fái fiðring í magann.

Samkvæmt framleiðandanum á rafhlaðan að skila akstursdrægni upp á 460 kílómetra. Eins og alltaf ber að taka þessum tölum með fyrirvara og draga frá 50-100 kílómetra við eðlilegar aðstæður – og jafnvel meira í miklu frosti. Auðvelt er hins vegar að fullyrða að akstursdrægnin sé ríkuleg fyrir hinn almenna notanda og munu þeir ekki þjást af drægnikvíða.

Þrátt fyrir að Kia Niro sé markaðssettur sem jepplingur, þá er hann einungis framhjóladrifinn og alls enginn jeppi. Í þessum prufuakstri gafst smá tækifæri til að reyna á eiginleika bílsins í ófærð og sást strax að litlir skaflar geta reynst mikil fyrirstaða.

Tölur

Grunnverð Kia Niro EV Urban er 6.990.777 krónur, en bíllinn í þessum prufuakstri var af gerðinni Kia Niro EV Style og er verðið á þeim bíl 7.490.777 krónur.

Helstu mál eru: lengd 4.420 mm; breidd 1.825; hæð 1.570.

Þyngd er frá 1.682 kg, en heildarþyngd með farmi og farþegum 2.200 kg. Rafhlaðan er 64.8 kWst og getur tekið allt að 100 kW hraðhleðslu.

Afl mótors er 150 kW (204 hö).

Í stuttu máli

Kia Niro EV gerir allt sem hægt er að væntast til af honum með sóma og á samkeppnishæfu verði.

MENNING



Frá þjóðbúningahátíðinni Skotthúfunni. Mynd / Sumarliði Ásgeirsson

Söfnin í landinu:

Líf og fjör

– Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla

Byrjað var að safna menningarminjum í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu árið 1956 er Ragnar Ásgeirsson fór um sveitirnar og safnaði munum, alls 500 gripum.

Ragnar var þá ráðunautur Búnaðarfélags Íslands og var það í tengslum við það starf sem hann hóf að safna þjóðlegum minjum í sveitum landsins. Árið 1969 fór svo Magnús Gestsson svipaða söfnunarferð um svæðið og safnaði 500 gripum í viðbót. Magnús skráði munina 1.000 og ritaði formála að skránni. Magnús var frá Ormsstöðum í Dalasýslu og gerðist kennari og safnvörður í Dölum. Hann sinnti alla tíð söfnun og safnvörslu. Þetta söfnunarátak, sem skilaði 1.000 safngripum, markar upphaf Byggðasafns Snæfellinga og Hnappdæla en stofnárið telst vera 1956.

Safnkostur í heild telst nú vera um 6.000 gripir, aðallega frá fyrri hluta 20. aldar. Sérstök áhersla er lögð á að safna gripum af svæði safnsins og ekki síst þeim er tengjast verslun, sjósókn og eyjabúskap. Einnig er öllu safnað er varðar Norska húsið og íbúa þess á 19. og 20. öld.

Árið 1970 ákvað sýslunefnd Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu að festa kaup á Norska húsinu í Stykkishólmi með það fyrir augum að færa húsið til upprunalegs horfs og koma þar upp byggðasafni sýslunnar. Viðgerðir á húsinu stóðu yfir í 36 ár, en Norska húsið er í sjálfu sér merkur safngripur, viðirnir fluttir tilsniðnir frá Noregi og húsið reist 1832. Það var Árni Thorlacius kaupmaður, útgerðarmaður og bóndi, sem lét reisa húsið og bjó þar ásamt fjölskyldu sinni. Sveitarfélögin á Snæfellsnesi, Stykkishólmsbær og Helgafellssveit, Grundarfjarðarbær, Snæfellsbær og Eyja- og Miklaholtshreppur mynda samlag um reksturinn.

Árið 2022 fagnaði Byggðasafn Snæfellinga því að Norska húsið varð 190 ára. Það var margt um að vera á safninu í tilefni þess.

Um páskana voru haldnir tónleikar með hljómsveitinni Bergmál og jafnframt var opnuð listsýningin *Is it inside my body – or is it outside*, þar sem Sara Gillies sýndi málverk.

Sýningin Sparistellið var opnuð á þjóðbúningahátíðinni Skotthúfunni og fjallaði um bollastell í fortíð og nútíð. Undanfarin ár hefur safnið eignast Mávastell til að nota á Skotthúfunni og varð það kveikjan að hugmyndinni að sýningunni. Að fjalla um þá hefð að safna stelli. Hvers vegna safna nánast bara konur stellum, hvenær byrjaði sá siður að eignast heil matar- og kaffistell? Einnig var leitað til íbúa og þeir fengnir til að lána og segja frá sínum stellum. Sýningarstjóri var Anna Melsteð.

Á Norðurljósahátíð, sem er menningarhátíð í Stykkishólmi, var tímamótunum líka fagnað með nokkrum dagskrárliðum, m.a. með erindi um Norska húsið, kaffikynningu í tilefni bollasýningar og fleiru. Það var einnig margt um að vera í desember á safninu. Þá var sýningin Sparistellið sett í jólabúning, haldnir voru matar- og handverksmarkaður og tónleikar svo eitthvað sé nefnt.

Fram undan á safninu árið 2023 er uppsetning á nýrri grunnsýningu en verið er að vinna í að taka niður sýninguna *Heldra heimili í Stykkishólmi á 19. öld*, sem staðið hefur síðan árið 2001.

Ný grunnsýning verður opnuð á safninu næstkomandi sumar. Þar verður fjallað um Snæfellsnes á 20. öld og til okkar dags, út frá ákveðnu þema. ***Hjördís Pálsdóttir.***

Nú er ekkert mál að steypa í frosti og gera alla jarðvinnu!
Þíðir 40-80cm niður í frost á dag



WWW.FRERI.IS
419-0120 FRERI@FRERI.IS

Led lýsing í allar Landbúnaðarbyggingar og Iðnaðarhúsnæði
Tri-proof ljós - Ufo ljós 60° og 90° fyrir meiri lofthæð.



KAUPLAND
www.kaupland.is
sími 8449484


KROSSGÁTA Bændablaðsins



189	PASSI	TOR-TRYGGJA	INN-KÖLLUN	ÖFUG RÖÐ		TÝNA	SAGGA	VIÐBÓT	
BURSTA									MATJURT
FOK-VONDUR					FRÍR / SKÁRRI				
TANGAR-HALD / Í RÖÐ				HÖRFA / BRIGSLA					
	TRAUÐUR	TVEIR EINS	ÖFUG RÖÐ / SKADDIST		FARRÝMI / BYLGJAN				STAGL
FANTALEG					NÆÐA / AUÐLINDIN			ÁTT / VIÐUR-EIGNA	
KRAFTA				RÆKI-LEGAR			HEFUR / FYRIRFERÐ		
ÓREIÐA		SKARPUR / ÆRINN				HIRSLA / VESKI			HREKKJA-LÓMUR
SJÚK-DÓMUR				FÆÐA / AÐGÆTA					
	REIÐAR-SLAG		ÞESSA / TVEIR EINS			YRKJA / TIL-FINNING			
MERKING					GLUFA / TALA			FORÐUM	
ÞJÁLFUN					KAPPSEMI / LEYNI			Í RÖÐ / ÁÐGÆTNI	
ÓVILD			SÍÐDEGI / TVEIR EINS				OFSA-REIÐA / TVEIR EINS		
ÓGOTT				INNBYRÐI		TRÍTILL			
	RÍKI Í EVRÓPU						ÝFI		

HÖFUNDUR BH • BRAGI@THIS.IS • KROSSGATUR.GATUR.NET

Lausn á krossgátu í síðasta blaði



188	STRÍÐNI	ÓHLJÓÐI	VERÐ-SKULDUÐ	ÖFUG RÖÐ		MULDRA	FISKUR	FLJÓT-FÆRNI	
LOSTÆTUR	G	Ó	M	S	Æ	T	U	R	SKAKKT
STÆLIR	A	P	A	R	MJÖG / RUSL	A	F	A	R
TJARA / Í RÖÐ	B	I	K	HASTA / ÖNUG-LYNDI	S	U	S	S	A
N	B	B	LOKAÐI / ÁHERSLU	L	U	K	T	I	MÓTA	N
SVIPUR	Á	S	Ý	N	D	ÞURRKA / SKRÁMA	Þ	E	R	R	A	Í RÖÐ / BRESTA	F	G
ÓVÆTTUR	M	A	R	A	SEFA / Í RÖÐ	H	U	G	G	A	FÚI / TJÚTTA	R	O	T
ÖFUG RÖÐ	U	T	BAND / SKJÓTAST	G	A	R	N	NEÐAN / LIÐ-LANGAN	U	N	D	I	R	AÐGÆSLA
STÍGUR	R	Í	S	SIGRAR / FLÖKTI	B	U	G	A	R	EYÐA / LÝKT	A	F	M	Á
FJALLS-NÖF	E	N	N	I	EFTIRSÓKN / AÐ-KALLANDI	F	A	L	RAÐTALA / FUGLAR	A	N	N	A	R
K	MEGIN / STUND	A	Ð	A	L	VOPN / YFIRGEFA	L	E	N	S	A	FLÆÐI	V
LÍNA	S	T	R	I	K	GRÍPA / GORGEIR	F	A	N	G	A	NÓTA / BÓK	R	E
SPIL	T	Í	A	RÍKI Í AFRÍKU / SKYLDIR	Ú	G	A	N	D	A	HRAKTI / FEN	R	A	K
HERKVÍ	U	M	S	Á	T	U	R	SNÚINN	U	N	D	I	N	N
FUGL	R	I	T	A	HRIKT	M	A	R	R	ÁGENGNI	Ý	T	N	I

HÖFUNDUR BH • BRAGI@THIS.IS • KROSSGATUR.GATUR.NET

www.bbl.is

BÆRINN OKKAR

Á Árbakka búa hjónin Hulda Gústafsdóttir og Hinrik Bragason ásamt syni sínum, tengdadóttur og dætrum þeirra í góðu yfirlæti og reka m.a. útflutningsfyrirtækið Hestnes, sem hefur flutt út hesta í yfir þrjátíu ár.

Býli: Árbakki.

Staðsett í sveit: Í gömlu Landsveit, nú Rangárþingi ytra.

Ábúendur: Hulda Gústafsdóttir og Hinrik Bragason ásamt syni sínum, Gústafi Ásgeiri Hinrikssyni og sambýliskonu, Jóhönnu Margréti Snorradóttur og tveimur dætrum þeirra, Huldu Sif, þriggja ára og Ásu Malen, eins árs. Hér höfum við búið síðan 1. júní 2005, bráðum 18 ár.

Fjölskyldustærð (og gæludýra): Við búum í sitthvoru húsinu, við tvö hjónin og barnafjölskyldan í öðru. Svo eru hundurinn Líra og kötturinn Nebbi líka til heimilis á Árbakka.

Stærð jarðar? Jörðin er um 300 hektarar, þar af um 45 hektarar ræktað land. Mest graslendi, eitthvað votlendi, grasgefið og gott beitiland fyrir hross.

Gerð bús? Hér eru eingöngu hross, hryssur og folöld, tryppi í uppeldi og svo hross í hesthúsi í



Jóhanna Margrét og Bárður frá Melabergi, Íslandsmeistarar í fjórgangi 2021 og 2022 og sigruðu einnig fjórganginn á Landsmóti 2022. Mynd / Jón Björnsson



Fjölskyldan á Árbakka haustið 2021, þarna vantar tvö yngstu barnabörnin sem fæddust árið 2022.

þjálfun fyrir sýningar og keppni sem og í söluferli. Að auki rekum við hrossaútflutningsfyrirtækið Hestvit ehf. sem hefur flutt út hross síðan 1989 og verið stórt á þeim markaði. Það hefur flutt yfir 12.500 hross úr landi á þessum tíma.

Fjöldi búfjár og tegundir?Á Árbakka eru ca 150 hross samanlagt, í hesthúsi og utandyra.

Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Það er gefið í hesthúsinu kl. 7.30. Svo hefst vinnan í hesthúsinu, það þarf helst að hreyfa öll hross á hverjum virkum degi, sem tekur drjúgan tíma.

Að auki þarf að gefa útigangi og dytta að því sem mögulega bilar. Við kennum mikið, svo það kemur hingað fólk með hestana sína í reiðkennslu auk þess sem við förum erlendis að kenna, öll fjögur.

Flestar vikur ársins er hrossaútflutningur, þá fer Hulda til Reykjavíkur og gerir þau hross klár. Svo koma erlendir og íslenskir hestakaupmenn að skoða hross hingað. Hestamannamótin taka einnig góðan tíma, bæði æfingar og keppnin sjálf.

Svo það er sjaldan tími til að láta sér leiðast. Og svo auðvitað ræktunarstúss, koma hryssum undir stóðhesta, taka á móti hryssum sem koma



Loftmynd af Árbakka, tekin snemma vors 2022.



Hinrik sýnir gæðingshryssuna Telmu frá Árbakka á Landsmóti 2022. Mynd / Jón Björnsson

hingað undir okkar hesta, klippa hófa, gefa ormalyf og allt sem hrossahaldi fylgir.

Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Það er gaman þegar folöldin fæðast á vorin og líka þegar verið er að keppa á hestum og uppskeran er góð. Leiðinlegast er þegar hross veikjast, slasast eða deyja, hryssur missa fyl og svo framvegis.

Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár? Við sjáum ekki fyrir okkur miklar breytingar í rekstrinum sjálfum en planið er að yngra fólkið taki smám saman meira yfir.

Hvað er alltaf til í ísskápnum? Held að stutta svarið sé ostur og Pepsi Max.

Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu? Ætli það sé ekki nautasteik með tilheyrandi, helst lund úr góðri kjötbúð, annaðhvort héðan af Hellu eða úr bænum. Eða beint frá býli.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? Við byggðum reiðhöll hér á Árbakka og tókum í notkun 2015. Það var alger bylting í vinnuaðstöðu og í dag nauðsynlegt til að vera samkeppnishæfur í þjálfun og keppni hrossa. Ætli það verði ekki að teljast mjög eftirminnilegt.

MATARKRÓKURINN

Vannýtt hráefni úr hafinu

Hafliði Halldórsson
hafliði@icelandiclamb.is



Öll gætum við sennilega aukið fiskneyslu okkar, en hún hefur mikið dregist saman hjá Íslendingum á undanförnum áratugum og um leið þekking á því hvenær ársins er rétt að leita eftir ákveðnum tegundum og vörum, svo hollustan sé nú ekki einu sinni nefnd.

Persónulega finnst mér úrval í íslenskum fiskbúðum vera afar takmarkað, oft bara 5-6 tegundir af fiski í boði, plús auðvitað allar sósurnar frá þýska eða hollenska fyrirtækinu sem gjarnan er sullað yfir. Er ekki rannsóknarefni að úrval í fiskverslunum þjóða sem eiga mun minna undir fiskveiðum í afkomu sinni en við, sé oft tvöfalt eða þrefalt meira en hér?

Samt er gott að sjá að einhverjir muna enn eftir árstíðunum, en í hafinu bjóða árstíðir mismunandi afurðir eftir tíma árs og gæðamun á mörgum fisktegundum. Nú og fram í mars er eini tíminn fyrir þorskhrogn sem eru algjört lostæti.

Eldri kynslóðin heldur tryggð við hefðina og veit að þennan stutta tíma eru hrognin í boði og eldar þau oftast með soðningu af þorski eða ýsu, nú eða t.d. þorskkinnum, en kinnfiskur er að margra mati besti hlutinn af fiskinum. Margir nota með ögn af þorsklifur og kúttmaga. Svo er ágætt að muna að allur fiskur er bragðmeiri og safaríkari ef hann er eldaður með beinunum, rétt eins og kjöt. En það er líka hægt að gera mun fleira með þetta góða hráefni sem vonandi höfðar til breiðari aldurshóps.

Allt er gott með smjöri segja Frakkar og það gleymdist langt í frá í þessum uppskriftum, og ekki vantar heldur rjómann.

Fyrst er tillaga að forrétti með þorskhrognum, fyrst soðin varlega, síðan brúnuð á pönnu og borin fram með brúnuðu smjöri, lauk, kapers, sítrónu og steinselju. Brúnað smjör kallast hnetusmjör „beurre noisette“ á frönsku og hefur ljúfan hnetukeim sem á vel við flestan fisk.



Þorskkinnar sem við eldum á beini grunar mig að eigi sér færri aðdáendur ár frá ári vegna vanþekkingar, kinnarnar eru frábær matur sem við berum fram með smjörsósu og rjómasoðnum blaðlauk auk kartaflna.

Steikt þorskhrogn með brúnuðu smjöri

Forréttur fyrir fjóra
400 g þorskhrogn
1 l vatn
1 ½ tsk. salt
2 msk. edik
1 lárviðarlauf
4-5 hvít piparkorn
2 msk. olía
30 g smjör

Þorskhrogn, soðin og pönnusteikt
Setjið vatn edik og krydd í pott og sjóðið upp á, slökkvið undir og látið kólna niður í 60-70 °C. Skolið hrognin í köldu vatni, setjið í pottinn og látið vera á lágum hita, undir suðu í um 30 mínútur, eða þar til þau stífna. Fyrir þá sem eiga kjarnhitamæli er tilvalið að nota hann og miða við 60-70 °C vatnshita. Kælið eftir suðu, skerið í 2 cm þykkar sneiðar, léttsteikið



á pönnu á báðum hliðum í olíu og smjöri og berið fram með brúnuðu smjöri. Fyrir þá sem vilja spreyta sig á eldun í sous vide vatnsbaði, mæli ég með 30-40 mínútum á 55 °C, munið að salta og krydda hrognin fyrir eldunina.

Brúnað smjör með skallottulauk, kapers, sítrónu og steinselju

300 g smjör
3-4 skallottulaukar, fínt saxaðir
3 msk. kapers
2 msk. fersk steinselja, söxuð
1 sítróna
Salt

Setjið smjörið í góðan þykkbotna pott á meðalhita, fylgist vel með og passið að brenni ekki! Eftir nokkrar mínútur má búast við að freyði í smjörinu sem er merki um að það sé á réttri leið. Skoðið reglulega hvort smjörið hefur dökknað, það má verða gullinbrúnt og hafa mildan hnetukeim, en það er mjög stutt þaðan yfir í brunalykt og brunabragð. Þegar þið teljið smjörið tilbúið bætið lauk, kapers og steinselju í. Rífið ögn af sítrónuberki yfir og smakkið til með sítrónusafa og salti.

Brúnað smjör má geyma vikum saman í kæli, og nota eftir þörfum.

Soðnar þorskkinnar með rjómasoðnum blaðlauk, smælki og smjörsósu

Aðalréttur fyrir fjóra
12 þorskkinnar á beini
1 stór blaðlaukur
3 dl rjómi
800 g kartöflur
Salt
Sítróna

Þorskkinnarnar mega vera ferskar eða léttsaltaðar, við suðuna þarf bara að huga að saltmagni eftir því hvort verður fyrir valinu.

Setjið þorskkinnar í stóran pott, bætið köldu vatni við svo fljóti yfir, saltið eftir þörfum og setjið á meðalhita. Þegar vatnið hitnar, passið að láta ekki sjóða í pottinum, heldur haldið hitastiginu undir suðu í um 10-12 mínútur og takið svo úr pottinum. Kartöflur eru soðnar þar til mjúkar. Skerið blaðlauk í fína strimla og leggið í kalt vatn til að skola sand og mold burt, sigtið og þerrið. Sjóðið rjóma niður um helming, bætið blaðlauk við og sjóðið í 2-3 mínútur. Smakkið til með salti og sítrónusafa.

Smjörsósa
3-4 skallottulaukar, saxaðir gróft
2 hvítlauksrif, söxuð gróft
2 msk. olía
1 msk. hvítvínsedik
2 dl hvítvín
2 dl rjómi
300 g smjör, kalt og skorið í bita
Salt
3 msk. graslaukur, fínt saxaður
Sítróna

Setjið pott á meðalhita, bætið olíu, lauk og hvítlauk í og mýkið í olíunni í 3-4 mínútur. Hellið ediki í pottinn sjóðið niður, hvítvíni er því næst bætt við og soðið niður um helming. Hellið rjómanum í og sjóðið niður um helming. Takið af hita og pískið smjöri saman við. Smakkið til með salti og sítrónusafa, bætið graslauk í rétt áður en rétturinn er borinn fram.

HANNYRÐAHORNIÐ

Lambhúshetta fyrir kalda daga

Lambhúshettan er yfirleitt prjónuð á barnabörnin mín sem eru á leikskóla fyrir veturinn. Hálskragi og húfa í einu stykki sem nýtist svo vel börnum.



DROPS Design: Mynstur ai-007-by

Stærðir: 0/1 (1/3) 6/9 (12/18) mánaða 2 (3/4) ára

Höfuðmál í cm ca: 34/38 (40/42) 42/44 (44/46) 48/50 (50/52)

Garn: DROPS AIR (fæst í Handverkskúnst)

- 50 (50) 50 (50) 50 (100) g litur á mynd nr 10, þoka

Prjónar: Hringprjónn 80 cm nr 5 og 40 cm nr 4. Sokkaprjónar nr 4.

Prjónfesta: 17 lykkjur x 22 umferðir = 10x10 cm.

Garðaprjón (prjónað fram og til baka):Lykkjurnar eru prjónaðar slétt í öllum umferðum.

Útaukning: Öll útaukning er gerð frá réttu. Aukið út um 1 lykkju með því að slá einu sinni uppá prjóninn. Í næstu umferð er uppslátturinn prjónaður snúinn brugðið, svo ekki myndist gat.

Úrtaka: Öll úrtaka er gerð frá réttu.

- Prjónið 2 lykkjur saman í byrjun umferðar þannig: Lyftið 1 lykkju af prjóni eins og prjóna eigi slétt, prjónið 1 lykkju slétt, steypið óprjónuðu lykkjunni yfir.

- Prjónið 2 lykkjur slétt saman í lok umferðar.

HÚFA - STUTT ÚTSKÝRING Á STYKKI:

Stykkið er prjónað í hring á hringprjóna, neðan frá og upp. Lykkjum er fækkað mitt að framan og stykkið heldur áfram fram og til baka. Að lokum er prjónaður tvöfaldur kantur í kringum op fyrir andlit.

Fitjið upp 88 (96) 104 (108) 124 (128) lykkjur á hringprjón nr 4 með DROPS Air. Prjónið 1 umferð slétt. Prjónið síðan stroff (2 lykkjur brugðið, 2 lykkjur slétt) alls 2 (2) 3 (3) 4 (4) cm.

Í næstu umferð eru allar 2 lykkjur brugðið prjónaðar saman í 1 lykkju brugðið = 66 (72) 78 (81) 93 (96) lykkjur. Stroffið heldur áfram með 1 lykkju brugðið, 2 lykkjur slétt. Þegar stykkið mælist 6 (6) 7 (8) 10 (12) cm frá uppfitjunarkanti, prjónið allar 2 lykkjur slétt saman í 1 lykkju slétt = 44 (48) 52 (54) 62 (64) lykkjur. Skiptið yfir á sokkaprjóna nr 4. Stroffið heldur áfram með 1 lykkju brugðið, 1 lykkja slétt. Þegar stykkið mælist 8 (8) 9 (10) 12 (14) cm frá uppfitjunarkanti, skiptið yfir á hringprjón nr 5 og prjónið fram og til baka þannig: Fellið af fyrstu 6 (6) 6 (8 10 (10) lykkjur, prjónið 1 kantlykkju í garðaprjóni, 17 (19) 21 (21) 24 (25) lykkjur slétt, sláið 1 sinni uppá prjóninn, 1 lykkja slétt, setjið 1 prjónamerki á prjóninn (mitt að aftan), 1 lykkja slétt, sláið einu sinni uppá prjóninn, 17 (19) 21 (21) 24 (25) lykkjur slétt og 1 kantlykkja í garðaprjóni = 40 (44) 48 (48) 54 (56) lykkjur. Stykkið er prjónað í sléttu prjóni fram og til baka með 1 kantlykkju í garðaprjóni í hvorri hlið (í næstu umferð er uppslátturinn prjónaður snúinn, svo ekki myndist gat). JAFNFRAMT í næstu umferð frá réttu er lykkjum fækkað hvoru megin við op mitt að framan og lykkjur eru auknar út mitt að aftan þannig:

Prjónið 1 kantlykkju, prjónið 2 lykkjur saman (= 1 lykkja færri) – sjá ÚRTAKA, prjónið þar til 1 lykkja er eftir á undan prjónamerki mitt að aftan, aukið út um 1 lykkju – sjá ÚTAUKNING, 2 lykkjur slétt, aukið út um 1 lykkju, prjónið þar til 3 lykkjur eru eftir í umferð, prjónið 2 lykkjur saman (= 1 lykkja færri) og endið með 1 kantlykkju í garðaprjóni.

Fækkið lykkjum svona hvoru megin við miðju að framan í hverri umferð frá réttu alls 3 sinnum.

Aukið svona út hvoru megin við prjónamerki í hverri umferð frá réttu alls 7 (7) 7 (7) 7 (8) sinnum (meðtalin útaukning sem var gerð þegar lykkjur voru felldar af mitt að framan).

Þegar allar útaukningar og úrtökur hafa verið gerðar til loka eru 48 (52) 56 (56) 62 (66) lykkjur á prjóninum. Haldið áfram í sléttprjóni með 1 kantlykkju í garðaprjóni í hvorri hlið.

Þegar stykkið mælist 10 (10) 11 (11) 11 (12) cm frá þar sem lykkjur voru felldar af mitt að framan, setjið ystu 18 (19) 21 (20) 22 (24) lykkjur í hvorri hlið á sitt hvorn sokkaprjón nr 5, þ.e.a.s. það eru eftir 12 (14) 14 (16) 18 (18) lykkjur á hringprjóni. Klippið þráðinn frá.

Lykkjur á sokkaprjónum í hvorri hlið eru prjónaðar saman með ystu lykkju í hvorri hlið á hringprjóni í lok hverrar umferðar þannig:

Frá réttu: Prjónið slétt þar til 1 lykkja er eftir á hringprjóni, lyftið síðustu lykkju af hringprjóni eins og prjóna eigi slétt, prjónið 1 lykkju slétt af sokkaprjóni og steypið lyftu lykkjunni frá hringprjóni yfir lykkjuna sem var prjónuð (= 1 lykkja færri á sokkaprjóni). Snúið stykkinu.

Frá röngu: Prjónið 1 lykkju snúið brugðið (þ.e.a.s. prjónað er í aftari lykkjubogann), prjónið brugðið þar til 1 lykkja er eftir á hringprjóni, lyftið 1 lykkju af hringprjóni eins og prjóna eigi brugðið, prjónið 1 lykkju brugðið frá sokkaprjóni og steypið lyftu lykkjunni frá hringprjóni yfir lykkjuna sem var prjónuð. Snúið stykkinu.

Prjónið og fækkið lykkjum svona þar til fækkað hefur verið um allar lykkjur af sokkaprjónum í hvorri hlið. Nú eru 12 (14) 14 (16) 18 (18) lykkjur á hringprjóni.

Prjónið nú tvöfaldan kant í kringum opið þannig: Prjónið upp ca 52 til 68 lykkjur (meðtaldar lykkjur á hringprjóni) innan við 1 kantlykkju á sokkaprjóna nr 4 eða stuttan hringprjón. Stillið af að lykkjufjöldinn sé deilanlegur með 2 og að kanturinn dragist ekki saman / verði of laus.

Prjónið stroff (1 lykkja slétt, 1 lykkja brugðið) í 5 cm. Fellið af með hringprjón nr 5.

Brjótið uppá kantinn þannig að hann verði tvöfaldur að innanverðu á húfu og saumið affellingarkantinn við þar sem lykkjur voru prjónaðar upp í kringum op fyrir andlit. Til að koma í veg fyrir að kanturinn dragist saman og beygist út, er mikilvægt að saumurinn sé teygjanlegur.

Prjónakveðja,og gleðilegt nýtt ár
Stelpurnar í Handverkskúnst, www.garn.is



SUDOKUÞRAUTIR Bændablaðsins

Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.

Létt

	9	3	7	8			6	
					1	5		
6	4			3			7	2
8	1	4	6					7
9								3
7					8	6	4	5
4	5			9			2	8
		8	3					
	2			4	5	7	1	

Miðlungs

6	8			9			2	5
3		4				6		1
		8	4		3	9		
5								4
		1	9		5	2		
7		6				5		9
9	1			8			3	2

Þung

			8	5				7
						2	5	4
			4		7		1	
			2	7				6
		9				4		
3				6	5			
	5		3		9			
7	2	8						
9				1	8			

Þyngst

	5		9			7		
3						4	8	
			6					
			7					1
	7	8		2		5	3	
5					3			
					2			
	4	9						5
		1			4		6	

ERFINGJAR LANDSINS

Finnst gaman að teikna

Svandís Ósk er hress og kát ung stúlka sem þykir skemmtilegast að hitta ættingjana í Danmörku.



Nafn: Svandís Ósk Svansdóttir.

Aldur: 12 ára.

Stjörnumerki: Naut.

Búseta: Kjós Hvalfirði.

Skóli: Klébergsskóli.

Skemmtilegast í skólanum: Íþróttir.

Áhugamál: Spila tölvuleiki og teikna.

Tómstundaiðkun: Engin eins og er.

Uppáhaldsdýrið: Hundur.

Uppáhaldsmatur: Sviðasulta pabba, pasta og pitsa.

Uppáhaldslag: Another love með Tom Odell.

Uppáhaldslitur: Fjólublár.

Uppáhaldsmynd: Friends þættirnir.

Fyrsta minningin: Þegar ég veiddi minn fyrsta fisk 4 ára.

Hvað er það skemmtilegasta sem þú hefur gert: Að hitta ömmu og ættingja í Danmörku.

Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór: Vinna með börnum.

Við hvetjum sem flesta til að hafa samband ef ykkur langar að vera með!
sigrunpeturs@bondi.is

FRÆÐSLA



Gráþröstur eru algengir varpfuglar um Skandinavíu og austur um Evrópu og Asíu. Hér á Íslandi eru þeir mjög reglulegir haust- og vetrargestir. Þeir fuglar sem dvelja hérna á Íslandi yfir vetrarmánuðina halda mest til í görðum þar sem fuglum er gefið. Þeir sækja mjög mikið í epli en einnig aðra ávexti ásamt feitmeti. Fyrir utan þessar matargjafir sem þeir þiggja á veturna þá er fæðuvalið þeirra mjög svipað og hjá skógarþröstum. Þegar þeir komast í garða þar sem fuglum er reglulega gefið, verða þeir nokkuð frekir og eiga það til að hrekja í burtu aðra fugla. Þessir árekstrar verða aðallega við fugla af svipaðri stærð eins og skógarþresti og svartþresti. Frá 1950 hafa gráþrestir orpið hérna óreglulega og stundum myndast litlir staðbundnir stofnar. Um nokkurt skeið hefur verið lítill staðbundinn stofn á Akureyri þar sem örfá pör verpa. En þrátt fyrir það virðist þeim hvorki fjölga né breiða úr sér.
Mynd og texti / Óskar Andri Víðisson

Þvottavélar í viðbragðsstöðu:

Örplast ætlar alla að drepa

Eitt af mörgum vandamálum heimsins er víst örplastið. Þessar litlu agnir sem finnast hvarvetna núorðið, bæði í neysluvatni, skolpi og jafnvel svífandi um loftið, þökk sé gerviefnum teppa, sófa eða annars ófagnaðar sem okkur þykir nauðsynlegur.

Taka skal þó fram að neysluvatn víðast á Íslandi er úr lindum sem síast hafa í gegnum jarðlög á löngum tíma. Er því afar ólíklegt að slíkt vatn innihaldi plastagnir eða aðrar trefjar enn sem komið er.

Við viljum auðvitað að allt sé sem hreinast og fínast hjá okkur og á meðan við drekkum okkar (enn þá) tiltölulega örplasts- og trefjalausa lindarvatn stingum við gjarnan í þvottavélina. Setjum svo í þurrkarann. En þarna leynast akkúrat þessir smágerðu óvinir. Til dæmis, ef þvottavél er fyllt þvotti úr gerviefni (einum versta mengunarvaldinum) leysast rúmlega 700.00 þúsund örtrefja út í skolvatnið.

Að minnsta kosti samkvæmt rannsókn sem framkvæmd var af teymi Plymouth-háskólans í Bretlandi fyrir um fimm árum. Þvottur sem settur er í þurrkara er svo enn frekari skaðvaldur, en loftið sem kemur úr því er jafnan gegnsósa af þessum litlu óvinum okkar.

Og hvað getum við gert?

Með þetta í huga hafa framleiðendur þvottavéla og þurrkara reynt að haga hönnun sinni og þróun tækja í þá átt að okkur muni ekki beinlínis lifandi drepa.



Nýja þvottavélin hefur hlotið nafnið AI Ecobubble og ef vel er leitað hérlendis má sjálfsagt finna þann grip.

Nýverið kynnti fyrirtækið Samsung nýstárlega þvottavél fyrir neytendum sínum, nefnilega þvottavél sem á að draga úr þessum örplastsfaraldri. Segir svo í fréttatilkynningu:

„Snemma á síðasta ári hittust yfirmenn frá Samsung og fatafyrirtækinu Patagonia til að hefja viðræður um þróun lausnar með það fyrir augum að minnka losun örplasts úr fötum við þvott. Örplast hefur mikil og skaðleg áhrif á umhverfið og ógnar ekki aðeins vistkerfi hafsins heldur einnig heilsu manna. Talið er að á hafsbotninum einum séu yfir 14 milljónir tonna af örplasti, þar sem 35 prósent af örplasti sjávar koma úr þvotti fatnaðar gerviefna. Vísindamenn hafa einnig komist að því að menn neyta jafngildis eins kreditkorts af örplasti vikulega úr loftinu sem við öndum að okkur og vatninu sem við drekkum". (Þá bandarískir borgarar, ekki við íslensku).

Tæknilegur sannleikur

Til viðbótar við samstarf fyrirtækis Patagoniu komu að hönnuninni umhverfisverndarsamtökin Ocean Wise Plastics Lab. Þau tóku sig til og gátu sannreynt þróun tæknideildar Samsung þegar kom að prófunum er vörðuðu árangursríkustu þvottaaðferðina til að draga úr úthellingu örplasts – sem og staðalinn til að mæla hversu áhrifarík lækkunin var.

Forsvarsmenn Samsung vilja svo minna fólk á að í stað þess að þvo lítið magn af fötum oft er skynsamlegra að þvo mikið magn fatnaðar í einu og velja lægra vatnshitastig fyrir föt sem eru ekki of skítug, en slíkt getur sparað bæði orku og vatnsmagnið sem notað er.

En þetta vita nú margir.

Drögum úr mengun, notum minna þvottaefni ...

Að auki, og einnig sem margir vita, minna hinir sömu forsvarsmenn á að ekki er ráðlegt að nota of mikið þvottaefni við þvott og segja stoltir frá því að þvottavélar Samsung séu með gervigreindarþvottastillingu sem mælir þyngd þvottarins og óhreinindi til að nota sjálfkrafa rétt magn af þvottaefni. Til viðbótar við það að draga verulega úr örtrefjamengun.

Með framleiðslu IFA 2022 sýndu forsvarsmenn Samsung ekki aðeins hversu framarlega þeir eru er kemur að tækninýjungum, heldur hvaða áherslur þeir hafa á framtíðarsýn sína í þágu umhverfisins.

Í stefnu fyrirtækisins kemur fram að þeir muni halda ótrauðir áfram að gera jörðina heilbrigðari og hjálpa notendum að gera slíkt hið sama með samstarfi sem flestra og þá nýstárlegum vörum. */SP*

Svampur.is

Bjóðum uppá sérsniðnar svampdýnur og bólstrun fyrir:

● Tjaldvagninn ● Fellihýsið
● Húsbílinn ● Bátinn
● Hjólhýsið ● Sumarhúsið
● Heimilið o.m.fl!

Fljót og góð þjónusta

Svampur.is ● Vagnhöfða 14 Reykjavík
Símar 567 9550 og 858 0321

Smáauglýsingar

Skráning smáauglýsinga er á vefslóðinni: www.bbl.is/smaauglysingar

Verð: Textaauglýsing kr. 2.650 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 6.250 texti + mynd.
Skilafrestur: Fyrir kl. 15.00 á mánudegi fyrir útgáfu.
Sími: 563-0300 Netfang: augl@bondi.is

Jesús sagði:

„Ég er brauð lífsins. Þann mun ekki hungra sem til mín kemur og þann aldrei þyrsta sem á mig trúir."

Jóh. 6.35

biblian.is



2ja manna infrarauður saunaklefi
Stærð 120x100x200 cm. (BxDxH)
Kr. 260.000,- fyrir einfasa rafmagn.



Rafmagnspotturinn HYDRO
Stærð 200x200x95cm.
Kr. 850.000,- m/loki, tröppu, síu o.fl.

GODDI.IS
Auðbrekka 19, 200 Kópavogur
s. 5445550



Afmælistónleikar
Fjallabræðra
verða í Háskólabíó
þann 18. mars.
Miðasala á Tix.is



Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Förum með þær í aðalskoðun. Pantið tíma. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is.



Rúlluvagnar – Löndunarvagnar. Stærð palls 2,55 x 9,0 m. Kr. 3.220.000 – m/vsk. Kr. 2.597.000 +vsk. H. Hauksson ehf., S. 588-1130, E-mail hhauksson@hhauksson.is, www.hhauksson.is



Tianli traktorsdekk í úrvali - Búvís s. 465-1332.



Kia Niro plug in hibrid Luxury. 6/202, ek. 29.000. Dráttarkr. sd+vd skynvæddur hraðastillir, akgreinavari, rafm. í bílstjórasæti, bakkmyndavél. Tilboðsverð þessa viku kr. 4.600.000. Uppl. í s. 893-2621.



Toyota Land Cruiser 150 series, árg. 2021, 4x4, dísel, sjálfskiptur, ekinn 29.000 km. Verð kr. 10.990.000. notadir.benni.is – s. 590-2035.



MetalFach traktorsskóflur wwwbuvis.is. Búvís S. 465-1332.



Til sölu Tinger Armor 8x8 torfærutæki. Skráður fyrir 6 en 4 á vatni. Með eða án belta. Upplýsingar í s. 842-1314.



Hakkavélar, matvinnsluvélar, töfrasprotar, grænmetiskvarnir, áleggshnífar og þurrkofnar. Ný tæki, frábært verð. Uppl. í s. 822-8844.

HATZ DIESEL

Vélavit ehf. er nú umboðsaðili fyrir Hatz- díselvélar á Íslandi. Sala, varahlutir og viðgerðarþjónusta hjá okkur í Skeiðarási 3, Garðabæ. Upplýsingar í s. 527-2600.



Öflugt göngu- og hlaupabretti á kr. 175.000. Hraði 0,8 til 15 km klst. Stillanlegur halli. S. 661-1902. Nánar á topphjol.is.



Gólfhitafræsing fyrir 16 mm rör. Erum staðsettir bæði á Suður- og Norðurlandi. Mætum hvert á land sem er, en fer þó eftir verkefni. Uppl. í s. 892-0808.

CFMOTO



CFORCE 520

Glænýtt útlit, meiri beygjuradíus, þægilegri áseta fyrir farþega, hærra loftinntak, stærri bensíntankur, meira geymslupláss og það er hærra undir hjólið. Fjórgengis, eins cylindra, 495cc, 34 hestöfl. Bein innspýting, rafmagnstýri, spil, dráttarkrókur. Hátt og lágt drif með læsingu, CVT kúpling.17 l. bensíntankur, 12" álfelgur, 361 kg.Tveggja manna. Traktorsskráð.

1.289.516,- án Vsk

NITRO

Nitró - Urðarhvarfi 4 - 557 4848 - nitro.is

Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá

Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma **510-3500** og **615-1020** eða á netfangið **bjorgvin@eignatorg.is**

Eignatorg
Skipholt 50b, 105 Reykjavík

NÝI ÖKUSKÓLINN

Íslensk námskeið mánaðarlega
Ensk námskeið 4 - 6 sinnum á ári

Skráning á námskeið er inni á síðunni meiraprof.is
Fyrirspurnir sendist á meiraprof@meiraprof.is

Réttindin gilda í Evrópu

Auknir atvinnumöguleikar
Íslensk og ensk námskeið

Klettagörðum 11 - 104 Reykjavík - meiraprof.is - meiraprof@meiraprof.is C-CE-D-C1-C1E-B/Far

Margar gerðir af þýskum eins og tveggja öxla kerrum.

Úrvalið hefur aldrei verið meira.

AL-KO QUALITY FOR LIFE
UNSINN
Schmidt FAHRZEUGBAU



Hestakerrur fyrir 2, 3 og 5 hesta.

Viðgerðir á kerrum og mikið úrval vara- og aukahluta.
Skoðaðu úrvalið á www.brimco.is eða kíktu í heimsókn.

BRIMCO

EFRIBRAUT 6 - 270 MOSFELLSBÆ
SÍMI: 894 5111 - www.brimco.is

ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD

Ökukennsla í 50 ár



BILPROF.IS

Aukin ökuréttindi

Fjarnám í rauntíma
07. febrúar 2023
Hraðnámskeið - Staðnám
16. febrúar 2023

Endurmenntun
atvinnubílstjóra

Febrúar 2023

01. feb. 17:00 - 20:30 / Vöruflutn. - hluti 1
02. feb. 17:00 - 20:30 / Vöruflutn. - hluti 2
04. feb. 09:00 - 16:00 / Umferðaröryggi
06. feb. 17:00 - 20:00 / Lög og regl. - hlt. 1
07. feb. 17:00 - 21:00 / Lög og regl. - hlt. 2

Skráning á bilprof.is

08. feb. 17:00 - 20:30 / Vistakstur - hluti 1
09. feb. 17:00 - 20:30 / Vistakstur - hluti 2
11. feb. 09:00 - 16:00 / Skindihjálp
13. feb. 17:00 - 20:30 / Farþegafl. - hluti 1
14. feb. 17:00 - 20:30 / Farþegafl. - hluti 2
15. feb. 17:00 - 20:00 / Lög og regl. - hluti 1
16. feb. 17:00 - 21:00 / Lög og regl. - hluti 2
18. feb. 09:00 - 16:00 / Vistakstur
20. feb. 17:00 - 20:30 / Umf.öryggi - hluti 1
21. feb. 17:00 - 20:30 / Umf.öryggi - hluti 2
22. feb. 17:00 - 20:30 / Vöruflutn. - hluti 1
23. feb. 17:00 - 20:30 / Vöruflutn. - hluti 2

Ökuskólinn Mjódd - Þarabakka 3 - 109 Reykjavík - S: 567 0300 - mjodd@bilprof.is

EYJALIND Varahlutir í Bobcat





Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

SMÍÐUM FRÁ GRUNNI OG GERUM VIÐ

ALLAR GERÐIR

TJAKKA



VHE

VHE • Melabraut 27 Hafnarfjörður • Hraun 5 Reyðarfirði
Sími 843 8804 • Fax 575 9701 • www.vhe.is • sala@vhe.is



LÆKKAÐ VERÐ!

Volvo 2016 XC90 inscription t8.
Keyrður 112.000 Km. Hvít leðurklæðning.
Hiti í fram- og aftursætum. Hiti í stýri.
Verð kr. 6.450.000,-
Staðsettur á höfuðborgarsvæðinu,
allar nánari upplýsingar í síma 842-7843.




Brettagafflar fyrir ámoksturstæki. Ásoðnar festingar- Euro. Euro + 3 tengi. Sérpöntun á öllum festingum. Burðargeta 2.500 kg. Lengd á göfflum 120 cm. Pólsk framleiðsla. Til á lager. Hákonarson ehf., s. 892-4163, hak@hak.is



Mercedes-Benz Sprinter 516. Árgerð 2019. Ekinn 13.000 km. Dísel með saltdreifara Epoke S2300H. Árgerð 2013. Nánari uppl. í s. 849-4044 og 696-0444.



Rafdrifinn Hilltip Icestriker 1100 L.Salt og sanddreifari fyrir pallbíla og minni vörubíla. Nánari upplýsingar í s. 849-4044.



Rampar fyrir frysti/kæligáma á lager. Burðargeta 10 tonn. Dekkplata 10 mm, L- 170 cm x B- 200 cm x hæð- 21 cm. Heitgalvaniserað stál. Lyftaratækur á þrjá vegu. Eigum einnig rampa fyrir hefðbundna sjógáma. Hákonarson ehf. S. 892-4163 www.hak.is hak@hak.is



Díselhitari 12v, 5-8kw. Verð kr. 48.900.- 2ja ára ábyrgð. Allir varahlutir. Orkubóndinn.is. Tranavogi 3, 104 Reykjavík. S. 888-1185.



Rafstöðvar með orginal Honda-vélum og Yanmar dísel á lager. Stöðvarnar eru frá Elcos Srl. á Ítalíu, www.elcos.net. Eigum einnig hljóðlátar stöðvar fyrir ferðavagna. Við bjóðum upp á allar gerðir af rafstöðvum. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf., www.hak.is, s. 892-4163, netfang- hak@hak.is



Vorum að fá nýja sendingu af plast-fjárhúsgrindunum. Stærð 40x60. Nánari upplýsingar í s. 897-3290 eða á netfangi haukur@samleid.is Samleið ehf, Holtagerði 8, 640 Húsavík.



Viltu lækka raforkukostnaðinn um 25-40%? Vindmyllur fyrir bændur og smáfyrirtæki til sölu. Kostir - lægri raforkukostnaður, einangrar kaupanda frá framtíðarverðhækkunum í 20 ár, 5 ára ábyrgð, hámarksvindálag 59,5 m/sek. Smáorka ehf, S. 773-5400, www.smaorka.is



Toyota Hilux 2018 sjálfskiptir. Nánari upplýsingar á www.bilo.is Höfðahöllin, Funahöfði 1, Reykjavík. S. 567-4840.



Innihrærur fyrir haugkjallara. Rafdrifnar (3 fasa) eða glussadrifnar. Vinnudýpt 130 cm eða meira. Einnig hægt að fá hrærurnar glussadrifnar með festingum fyrir gálga á liðléttingum. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is / www.hak.is



Díselhitari 24v, 5-8kw. Verð kr. 48.900.- 2ja ára ábyrgð. Allir varahlutir. Orkubóndinn.is. Tranavogi 3, 104 Reykjavik. S. 888-1185.



Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sérpöntunar-þjónusta. Sendum um land allt. Brimco ehf. s. 894-5111 www.brimco.is Opið frá kl.13-16.30.



Gámarampar á lager. Heitgalvaniserað stál. Burðargeta-8000 kg. Stærð- 130 cm x 210 cm x 16 cm. Lykkjur í dekki fyrir lyftaragaffla. Hákonarson ehf. hak@hak.is S. 892-4163.



Magnaðir gafflar í hirðinguna og önnur störf. Álskaft og plastgreiða, nær óbrjótanleg. 900 g að þyngd. Verð kr. 9.900 m/vsk. Sendum um land allt. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30.



Sliskjur úr áli fyrir vinnuvélar, fjórhjól o.fl. Lengdir- 1,6m,-2m-2,1m-2,5m-3m-3,5m-4m-4,5m-5m. Burður fyrir par- 1,5 tonn til 80 tonn. Einnig gúmmíklæddar að ofan fyrir valtara. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf. Netfang- hak@hak.is - s. 892-4163.



Volvo S40 árgerð 2005 til sölu, fallegur bíll, sami eigandi frá upphafi. Ekinn um 206.000 km. Leðurinnrétting. Ryðvarinn hjá Bílaryðvörn fyrir um 2 árum. Ný dekk frá því í vor. Reglubundið viðhald hjá umboðinu fyrstu ellefu árin, síðar hjá einkaaðila. Bíllinn fór í skoðun hjá Brimborg i september, vegna slæms vélargangs og aflleysis, kom í ljós að brotnað hafði úr ventli og þjappa því engin á einum sylinder. Þessi bíll hentar laghentum sem hefur aðstöðu og þekkingu til viðgerðar. Verð mjög sanngjarnt, skattskýrsla segir verðmætið kr. 482.711. Uppl. í s. 896-0600.



Timbur til sölu: 32 x 100 mm. Lengd= 3,9 m. kr. 395 lm. 38 x 100 mm. Lengd= 3,6-6,0 m. Kr. 470 lm. 25 x 150 mm. Lengd= 3,0-4,8 m. Kr. 330 lm. 48 x 198 mm. Lengd= 4,8m. Kr. 1.020 lm. H. Hauksson ehf., S. 588-1130, e-mail hhauksson@hhauksson.is, www.hhauksson.is



Kranzle þýskar háþrýstidælur, ýmsar stærðir www.buvis.is. Búvís s. 465-1332.



Vatnshitarar fyrir háþrýstiþvott. Hitar vatn í allt að 110 °C með gegnumstreymi. Max þrýstingur - 500 Bar. Hentar í margs konar verkefni. Gengur fyrir húsarafmagni eða 12 V. Til á lager. Hákonarson ehf., S. 892-4163 hak@hak.is, www.hak.is



Lely Discovery til sölu. Hann er í topplagi og er kominn með bluetooth. Fylgir einn varahlutaþjarkur með. Verð kr. 950.000. Staðsettur í Eyjafirði. S. 463-1253.



Glussaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og vinnuvélar. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf, s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Eigum ýmis ný tæki til matvælavinnslu, hakkavélar, töfrasprota, matvinnsluvélar, grænmetiskvarnir, þurrkofna, áleggshnífa, einnig ýmis notuð tæki. Uppl. í s. 822-8844 Bjarni.



Cf moto touring 625 árg. 2021. Bighorn 26" dekk. Krókur, hiti í þumli og handföng, box að aftan. Hækkað um 4 cm, breikkað um 4 cm, 2x 5l bensínbrúsar. Há rúða. Verð kr. 1.900.000. Uppl. í s. 899-7473.



Lyftaragafflar til að skrúfa fasta á skóflur. Burðargeta á pari- 680 kg Dufthúðað stál, þyngd á pari- 38 kg Lengd á göfflum- 80 cm. Heildarlengd- 121 cm. CE vottaðir og CE merktir. Öryggisstrappar fylgja. Passar á flestar skóflur. Hentar mjög vel fyrir liðléttinga. Hákonarson ehf / S. 892-4163 / netfang- hak@hak.is



SsangYong Rexton DLX, árg. 2021, bensín, sjálfskiptur, ekinn 26 þ.km. Tilboðsverð kr. 7.590.000. Verð áður kr.7.990.000. notadir.bennis.is – S. 590-2035.



Renault Trafic 04.2019. Ekinn 41 þús. kr. 3290 þús + vsk. Uppl. Kaldasel@islandia.is og s. 820-1071.



Brettagafflar með snúningi, 180°eða 360°. Festingar fyrir traktora og skotbómulyftara. Hliðarstuðningur fyrir trékassa og grindur. Burðargeta- 1.500 kg, 2.500 kg, 3.000 kg og 5.000 kg. Pólsk framleiðsla. Hákonarson ehf S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is www.hak.is.

Vélaskólinn

Talsett Vinnuvélanámskeið á netinu



www.velaskolinn.is



Rafdrifinn Hilltip Icestriker 550 L. Salt- og sanddreifari fyrir pallbíla og minni vörubíla. Árgerð 2018. Nánari uppl. í s. 849-4044 og 696-0444.



Gúmmírampar fyrir brettatjakka. Stærð- L 100 cm x B 50 cm x H 16 cm. Þyngd- 21 kg. Passa fyrir venjulega vörugáma. Burðargeta- 10 tonn. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is.



SsangYong Tivoli XLV DLX, árg. 2017, 4x4, sjálfskiptur, ekinn 79 þ.km. Verð kr. 2.390.000. - notadir.bennis.is – S. 590-2035.



Backhoe fyrir dráttarvélar og hjólaskóflur. Margar stærðir. Gröfudýpt- 1,3 - 4,2 metrar. Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Eigum til sterkar sænskar snjókeðjur frá Nyvab. Margar stærðir, gott verð. Búvís ehf., Grímseyjargötu 1, 600 Akureyri, buvis@buvis.is, www.buvis.is. S. 465-1332.



Þrýstisett fyrir neysluvatn. Til á lager-230 V, 12 V, 24 V. Einnig dælur með 3 fasa. Mjög öflug sjálfsogandi dæla. Dæluhjól og öxull úr ryðfríu stáli. 24 L eða 60 L tankur úr ryðfríu stáli. Stillanlegur þrýstingur. Hentar vel fyrir sumarhús, ferðaþjónustu og báta. Hákonarson ehf. S. 894-4163, netfang- hak@hak.is



Taðklær frá Metal Fach ogZagroda. 1,2m - 1,5m - 1,8m. Verð frá kr. 249.900 +vsk. Búvís - s. 465-1332 - buvis@buvis.is



Háþrýstidælur fyrir verktaka og iðnaðarmenn. Margar stærðir með bensín eða dísel. 500 Bar, flæði 21 L/mín. 700 Bar, flæði 15 L/mín. Vatnshitarar fyrir háþrýstidælur. Vandaður búnaður frá Comet - www.comet-spa.com. Hákonarson ehf. hak@hak.is - s. 892-4163.



Samasz snjótönn, 3,3 m, verð kr. 789.000 +vsk. Búvís - s. 465-1332 - buvis@buvis.is.



Kornvalsar frá Póllandi. Mismunandi útfærslur frá 3 framleiðendum. 2 eða 3 sterk kefli með riflum. Traktorsdrifnir valsar og fl. Hákonarson ehf. S. 892-4163 hak@hak.is, www.hak.is.



Lítillega útlitsgölluð Sæplast kör, 630 lítra á fótum, ekki með dregara, til sölu hjá framleiðanda. Ekki tappagat og henta til ýmissa nota. Verð kr. 24.000 m/vsk. S. 460-5000 og sales.europe@saeplast.com

Working Xtreme BY ELKA

Frábærir kulda-gallar frá Elka-Rainwear.

Við leggjum áherslu á góða þjónustu við landsbyggðina.



KH VINNUFÖT
Réttu fötin fyrir þig!

Vefverslun: Khvinnufot.is

Öryggi: Fyrst og fremst

Nethylur 2a, 110 Reykjavík | khvinnufot.is





3ja ára, lítið notuð loftræstinga-samstaða til sölu. Varmaskiptasamstaða. Rústfrítt element er í henni. Vatnshitari. Tvær hljóðgildrur fylgja. Var keypt í Hitatækni.

Nánari upplýsingar gefur Kristján Rúnar í s.898-4848.

ÁSCO

BÍLARAFMAGN

OKKAR ÆR OG KÝR

— STARTARAR OG ALTERNATORAR —



Einnig á lager: Hjómflutningstæki frá Alpine. *Varahlutir í startara.* Rafgeymar. Aðalljósaperur. LED perur. *Hátalarar. Tengi fyrir* togspil. Hleðslutæki. Útvarpsloftnet. *Rafhlöður. Fjarslæsingar.* Fjarstart í bíla. Radarvara. Startkaplar. *Áriðlar 12V og 24V í 240V.* Hljóðnemar fyrir rútur, voltmælar, ampermælar, *spennufellur 24V í* 12V, truflanaþéttar, loftnetsframleningar. *Kerrutenglar. Breytar* fyrir 13P kerrutengla. Öryggi. Sjálvirk öryggi *í bíla. Gleröryggi 20* og 32mm. Postulínsöryggi. Öryggjahöldur. *Stór öryggi uppí 250A.* Stefnuljós fyrir Landrover. Snúrusett fyrir bassakeulur. Bassakeilur. Öxulhosur. Spennustillar. *Díóur. Raftgeymaskór.* Jarðsamband. Díóðubrýr. Reimskífur fyrir alternatora. Kúplingstrissur. Startarskol. Legur í alternatora. *Kol í alternatora.* Viftuspaði 0,25kW uppí 25kW. Og margt margt fleira.

ÁSCO

Glerárgata 34b við Hvannavelli • S 461 1092 • asco.is BÍLARAFMAGN





Erum með varahluti og þjónustu fyrir allar JCB vélar



S: 527 2600

Vélavit
Sala - Þjónusta
www.velavit.is



VETRARTÆKI
- Mikið úrval á lager -



Fjölplógur PUV „M“ Diagonal
Með stjórnbúnaði. Án festiplötu
2,6m Verð: 1.290.000 kr.*
2.8m Verð 1.290.000 kr.*
3,3m Verð: 1.450.000 kr.*



Fjölplógur PUV – Heavy Duty
Með stjórnbúnaði. Án festiplötu
3,6m Verð: 1.650.000 kr.*
4,0m Verð: 1.749.000 kr.*

Festiplötur:
Verð frá 70.000 kr.*

Slétt plata	3-punkta
EURU/SMS	EURO stór
JCB 3CX hrað	CASE 580SR

Slitblöð
Eigum á lager slitblöð og bolta í flestar gerðir plóga



Salt- og sanddreifari
EPT15, 1,5 m3, rafstýrður, 12V
Verð: 1.650.000 kr.*

Tokvam®



Fjölplógar VT320 & VT380
Sterkir plógar fáanlegir með flotgrind fyrir mikinn hraða.
Fjöldi aukahluta í boði.
Verð frá 2.390.000 kr.*



Salt- & sanddreifari
SMA510 / 150cm - 590.000 kr.*
SMA800 / 200 cm - 655.000 kr*
SMA1100 / 200 cm - 740.000 kr.*
SMA1600 / 230 cm - 845.000 kr.*
3p tengi, Kat1/kat2. - 59.500 kr.*
Möguleiki á glussa yfirtengi.

Snjóblásari 241 THS Flex
Vinnslubr. 264 cm, 2* 12 cm vængir, glussastýring á túðuenda, 1.000 kg, 3p tengi. drifskaft (f/ framan á vél).
Fyrir +70hp vél.
Fjöldi aukahluta í boði

*Verð án virðisaukaskatts

AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3, 210 Garðabæ
Gagnheiði 35, 800 Selfossi
Baldursnesi 4, 603 Akureyri
Sími 480-0000 | www.aflvelar.is



Glussadrifnar gólfhrærur. Vinnudýpt- 1,9 m. Stærð á skrúfu- 48 cm. Rotor:- 12 kW. Glussaflæði- 75 L/mín. 20 m af glussaslöngum fylgja. Mesta hæð frá gólfi- 2 m. Burðarvirki- Heitgalv. / SS stál. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is



Nýr Kempf 2ja öxla malarvagn, Hardox 450 -8 mm botn og 5 mm hliðar. Alcoa Durabright felgur, skúffa og grind (tvöföld grind) heitsprautuzinkað, 6 þrepa sturtutjakkur sem gefur um 53 gr. halla, seglyfirbreiðsla, keðjur og festingar fyrir útdrátt. Th. Adolfsson ehf. S. 898-3612.



Sjálfsogandi dælur fráJapan (Koshin). Fyrir vatn, skolp, mjög óhreint vatn (trash). 2“ , 3“ , 4“. Orginal Honda vélar með smurolíuöryggi. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Iveco 35R16 sk. 11.2021. Ekinn 11.980 km. Uppl. Kaldaselislandia.is og s. 820-1071.



2" brunadælur á lager. Frá Koshiní Japan. Sjálfsogandi og mjög háþrýstar. Vigta aðeins 37,6 kg. Henta vel fyrir slökkvilið og í vökvun. Sköffum allar dælur. Hákonarson ehf. s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Klósettdælur fyrir kjallara. Inntak fyrir vask, sturtu og þvottavél. Mótor staðsettur fyrir utan votrými. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Frárennsli, 32 mm. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

Atvinna

Við erum að leita að starfsmanni í maí. Starfið felst í því að aðstoða í sauðburði þar sem eru 450 ær. Húsnæði, fæði og laun í boði fyrir dugnaðarfork og frábær félagsskapur. Sólrún og Ólafur, Helgustöðum Fljótum s. 862-6225 eða 892-0852.

Merle, 19 ára, frá Frakklandi óskar eftir vinnu í sveit á Íslandi frá 12. júní-31. júlí. Hefur reynslu af sveitastörfum og stundar nám í landbúnaðarstjórnun. Nánari uppl. á merlee.rathjen@gmail.com og í s. +33-749-12-5371.

Antonino Parrilla, frá Spáni, óskar eftir vinnu á sveitabæ á Íslandi. Talar ensku og er nú þegar kominn til landsins. Frekari uppl. á antoninoparrilla1@gmail.cm

Starfsmaður óskast. Óskum eftir starfsmanni á bú á Austurlandi. Starfið felst í að annast daglega umhirðu búpenings, sauðfé og nautgripi. Æskilegt er að starfsmaður hafi reynslu. Ferilskrá og upplýsingar sendist á hlid@centrum.is eða s. 893-9505 og 845-6605.

Einkamál

Hæ hæ, skvísur, þetta er ég aftur, Sigurður Borgar, 22 ára austfirski folinn, eins og vinir mínir kjósa að kalla mig. Ég hef ekki enn þá fundið fullkomnu kleinukonuna, ef þú heldur að þú getir fyllt í það skarð máttu endilega hafa samband í s. 856-4923 Kv. Ykkar heittelskaði, Siggi.

Rúmlega fertug ungfrú - búsett í Reykjavík - óskar eftir kynnum við karlmann á svipuðum aldri. „Dad-body“ týpur þykja mér heitar, heiðarleiki, kímni og fjárhagslegt sjálfstæði nauðsynlegt. Áhugasamir endilega látið í ykkur heyra og athugum hvort við eigum samleið. Netfang: joklarosin@gmail.com.

Óska eftir

Sárvantar stóran steðja til járnsmíða. Liggur einn slíkur og rykfellur í geymslunni? Sendið skilaboð á bumenn@gmail.com

Óska eftir gömlum Fender lampamagnara og eða gömlum Fender stratocaster rafgítar. Má vera bilað. Jón s. 898-6020.

Ég leita að stórri ritvél sem gengur ekki fyrir rafmagni. Lumir þú á slíkri sem er til sölu eða gefins máttu hafa samband í s. 822-5269 eða senda skeyti á netfangið astvaldurl@gmail.com

Til sölu

Plast í fjárhúsgólf og stíur. Básа- og drenmottur, útileiktæki, gúmmíhellur og gervigras. Heildarlausnir á leiksvæðum. jh@johannhelgi.is s. 820-8096.

Básamottur, 40% afsláttur núna. 12 mm þykkar básamottur, stærð 1,22 m x 1,83 m 40% afsláttur núna. Verð aðeins kr. 7.797 (var 12.995) Pantaðu á www.murbudin.is – sendum um allt land. Múrbúðin, gott verð fyrir alla – Alltaf. S. 412-2500 Netfang- sala@murbudin.is.

Fálki og himbrimi, uppstoppaðir, til sölu úr dánarbúi. Upplýsingar í s. 888-7900.

Tilkynningar

Veist þú af einhverju stórmerkilegu landbúnaðartæki, vinnuvél, bíl, flugvél, bát eða öðru tæki sem þarf að gera skil á síðum Bændablaðsins? Hafðu þá samband við Ástvald blaðamann í síma 822-5269 eða í gegnum netfangið astvaldur@bondi.is.

Þjónusta

Tek að mér viðgerðir á flestum tegundum sjálfskiptinga. Hafið samband í s. 663-9589 til að fá uppl. og tilboð. HP transmission, Akureyri. Netfang- einar.g9@gmail.com - Einar G.

Bændablaðið www.bbl.is



LAMBHELDU HLIÐGRINDURNAR KOMNAR

Áfram hagstætt verð þrátt fyrir hækkanir á heimsmarkaði
Lægsta verð 24.900 auk vsk ef keyptar eru fimm grindur eða fleiri

Lamasett og loka aðeins kr. 3.900 settið, auk vsk.
Breidd 420 cm. Hæð 110 cm. Möskvastærð 10 x 15 cm.

Verðskrá hliðgrindur:
1 stk. kr. **29.900 auk vsk.**
2-4 stk. kr. **27.900 auk vsk.**
5 stk. eða fleiri **24.900 auk vsk.**

Upplýsingar og pantanir í síma **669 1336** og **899 1776.**

Afgreitt á Hvolsvelli og í Sundahöfn án aukakostnaðar. Sent hvert á land sem er.

AURASEL
Meira fyrir aurinn

GRÆÐIR

Fyrir íslenskan jarðveg

GRÆÐIR 2023

Ný áburðarverðskrá á www.fodur.is



Skannaðu QR kóðann með myndavélinni í símanum þínum til að sækja **GRÆÐIR 2023.**

FÓÐURBLANDAN · Verslunin Eyri · KVH · BÚREKSTRARDEILD · Bústólpi

Íslenska ánægjuvogin

Ánægjan er öll okkar

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN

Sjóvá er efst tryggingafélaga samkvæmt Íslensku ánægjuvoginni — sjötta árið í röð.



Ingibjörg Óskarsdóttir
Þjónustustjóri

SJÓVÁ